


skoðun 12

**2 SÉRBLÖÐ**
í Fréttablaðinu
Fólk
Markaðurinn




## Er að deyja úr tilhlökkun

*Sigrún Eðvaldsdóttir er einleikari á tónleikum Sinfóníuhljómsveitar Íslands í hinum fræga fiðlukonsert númer 1 eftir Sjostakovitsj.*

menning 22




# FRÉTTABLAÐIÐ

Miðvikudagur
9. maí 2012
108. tölublað 12. árgangur
Sími: 512 5000

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Capacent Gallup janúar - mars 2012




## Greta flýgur út

*20 manna Eurovision-hópurinn heldur utan á laugardaginn og verður í Aserbaídsjan fram yfir keppni.*

popp 30

## Er íslenskan lykillinn?

*Aðlögun innflytjenda að íslensku samfélagi tekin til skoðunar.*

tímamót 18



## Fótboltinn númer eitt

*Ingó Veðurguð er búinn að setja fótboltann í fyrsta sæti en tónlistina í annað.*

sport 26

### veðrið í dag




**HÆGVIÐRI** Í dag verður hæg breytileg átt um allt land. Víða nokkuð bjart einkum um N-vert landið. Skúrir V- og S- til síðdegis. Hiti 0 til 8 stig yfir daginn.

VEÐUR 4

# Tvö prósent í bankanum fara í nýtt kaupaukakerfi

**Allt að tveggja prósenta hlutur í Landsbankanum mun fara í að mynda stofn að nýju kaupaukakerfi fyrir starfsmenn hans. Miðað við eiginfjárstöðu bankans er hluturinn um fjögurra milljarða króna virði.**

**VIÐSKIPTI** Starfsmenn Landsbanka Íslands munu eignast allt að tveggja prósenta hlut í honum þegar lokauppgjör fer fram á milli bankans og þrotabús gamla Landsbankans í lok þessa árs. Hluturinn á að mynda stofn fyrir nýtt kaupaukakerfi innan bankans. Miðað við að eigið fé Landsbankans var rúmlega 200 milljarðar króna um síðustu áramót er tveggja prósenta hlutur í honum um fjögurra milljarða króna virði.

Þegar uppgjör fór fram milli gamla og nýja Landsbankans í desember 2009 hélt þrotabú þess gamla eftir 18,7 prósenta hlut í nýja bankanum. Í staðinn gaf sá nýi út skilyrt skuldabréf sem á að gera upp í árslok 2012. Virði þess getur mest orðið 92 milljarðar króna, en það ákvarðast af frammistöðu ákveðinna eigna sem færðar voru inn í nýja bankann á mjög lágu verði. Verði það raunin mun nýi Landsbankinn greiða þrotabúi þess gamla þá upphæð sem í staðinn lætur frá sér eignarhlut sinn í nýja bankanum. 16,7 prósent hans myndi fara til íslenska ríkisins en tvö prósent eiga að renna í að mynda stofn nýs kaupaukakerfis starfsmanna bankans. Í svari Landsbankans við fyrirspurn Markaðarins um málið kom fram að það væri „umbunin fyrir árangurinn til starfsmanna“. Þar sagði enn fremur: „það hefur engin ákvörðun verið tekin um eitt né neitt í þessum efnum, enginn samningur verið kláraður og ekkert skipulag fastsett. Þetta var upphaflega hugsað til langs tíma og þá þannig að starfsmenn fengju hlutabréf sem þeir gætu ekki selt fyrr en eftir einhver ár. Það er bankans að útfæra þetta fyrirkomulag og það er í vinnslu.“

> **16,7%** prósenta hlutur í Landsbankanum rennur til ríkisins, en tvö prósent fara í kaupaukakerfi starfsmanna.

Í árslok 2010 var virði skilyrta skuldabréfsins bókfært á 26,5 milljarða króna í bókum Landsbankans. Um síðustu áramót hafði virði þess stóraukist og var nú bókfært á 60,8 milljarða króna. Miðað við þá stöðu er sá hlutur sem fer í að mynda stofn kaupaukakerfis starfsmanna Landsbankans þegar orðinn 1,32 prósent, og um 2,6 milljarða króna virði, miðað við eiginfjárstöðu bankans um síðustu áramót. Forsvarsmenn þrotabús gamla bankans telja virði þess þegar vera 92 milljarða króna og hafa leitað eftir því að gera skuldabréfið upp fyrr en upphaflega stóð til.

- þsj / sjá Markaðinn



**GLEÐI Á HRAFNISTU** Þórdís Hreggviðsdóttir var algerlega grunlaus um hátíðlega athöfn henni til heiðurs í gær eftir 45 ára starf hjá Hrafnistu. Þórdísi voru færð blóm og þriggja vikna ferð til Benidorm. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Táraðist við óvænta viðurkenningarathöfn eftir 45 ára óslitið starf á Hrafnistu:

## Flytur á Hrafnistu ef hún fær svítu

**FÓLK** „Geðshræringin var svo mikil að sjá allt þetta fólk að ég brast bara í grát,“ segir Þórdís Hreggviðsdóttir sem í gær hlaut viðurkenningu fyrir störf sín á Hrafnistu síðustu 45 árin.

Þórdís hóf störf á Hrafnistu þegar hún átján ára gömul missti vinnuna í mjólkurbúð sem lögð var niður. „Mér var bent á að sækja um á Hrafnistu og ég gerði það, var ráðin á staðnum og mætti daginn eftir,“ segir Þórdís sem ekki leist nema í meðallagi vel á blikuna til að byrja með. „Fyrsta daginn var ég sett inn á stofu með fjórum köllum sem ég átti að þrífa og raka. Þá féllust mér dálítið hendur.“

Fyrstu þrjú árin starfaði Þórdís við ummönnun en síðan við framreiðslu í borðsal. Hún var algerlega grunlaus þegar hún var við störf í gær og var veitt viðurkenning fyrir ævistarfið.

„Enginn kjaftaði af sér allan daginn svo ég hafði ekki hugmynd um þetta,“ segir Þórdís sem auk þess að fá fallegan blómvönd fékk gjafabréf upp á þriggja vikna sólarlandaferð til Benidorm.

Þótt Þórdís hafi starfað á Hrafnistu í 45 ár er hún aðeins 63 ára. „Maður heldur áfram á meðan heilsan leyfir og á meðan þeir vilja hafa mig,“ segir hún.

Aðspurð kveðst Þórdís ekki viss um hvort hún sjálf flytji inn á Hrafnistu í fyllingu tímans. „Kannski, ef ég fæ svítu þegar ég hætti!“

- gar

Selja kannski kjölfestuhlut:

## Vodafone fer á markað í haust

**VIÐSKIPTI** Ákveðið hefur verið að hefja undirbúning að skráningu Vodafone á markað í september eða október næstkomandi. Þetta staðfestir Þór Hauksson, stjórnarformaður Vodafone, í viðtali við Markaðinn, sem fylgir Fréttablaðinu í dag.



ÞÓR HAUKSSON

Óskað verður eftir því að hlutir í félaginu verði teknir til viðskipta að undangengnu útboði sem beina á að fagfjárfestum og almennum fjárfestum. Þór segir að ákvörðun um skráningu hafi verið tekin á síðasta stjórnarfundi Vodafone. Hann segir vel koma til greina að selja fyrst hlut í félaginu til kjölfestufjárfestis.

- þsj / sjá miðju Markaðarins







## SPURNING DAGSINS



*Jóhann, eru bæjaryfirvöld ekki bara raggeitur ef þau neita þér um leyfið?*

„Jú, það verður hneyksli á borð við Watergate.“

Jóhann Davíð Barðason sótti fyrir slysni um leyfi til geitahalds í Hafnarfirði. Ákvörðun hefur ekki enn verið tekin.



**FRANCOIS HOLLANDE** Ætlar sér ekki að sitja auðum höndum fyrstu vikurnar. NORDICPHOTOS/AFP

Hollande boðar til fundar:

# Ætlar að kynna hagvaxtarleið

**FRAKKLAND** Francois Hollande, nýkjörinn forseti Frakklands, hefur boðað leiðtoga Evrópusambandsríkjanna á óformlegan fund með sér þann 23. maí, þar sem hann ætlar að kynna þeim hugmyndir sínar um það hvernig koma eigi hagvexti í gang í Evrópu.

Hollande vill draga úr niðurskurði og verja fé til fjárfestinga í atvinnulífinu.

Að því búnu hefjast viðræður Hollandes og Angelu Merkel Þýskalandskanslara, sem hefur allt aðrar hugmyndir en Hollande um það hvernig evruríkin eigi að takast á við skuldavanda sinn. - gb

Skógareigendur ósáttir:

# Eigum kolefnin í trjánum okkar

**UMHVERFISMÁL Félag skógareigenda á Suðurlandi segir að í frumvarpi um loftslagsmál sé gert ráð fyrir að kolefnisbinding í skógum verði eign ríkisins. „Skógareigendur telja að þar sé vegið nærri eignarréttinum og ekki gefið að það standist stjórnarskrá.“ segir í ályktun félagsins sem einnig hefur athugasemdir við lagafrumvarp um mat á umhverfisáhrifum. „Sá kostnaðarauki sem frumvarpið hefur í för með sér getur hæglega valdið því að aðeins sterkefnaðir aðilar hafi tök á að hefja nytjaskógrækt.“** - gar

Gæslan fann hvalshræ í Fljótavatni í eftirlitsflugi um friðlandið á Hornströndum:

# Fundu hvalshræ en ekki björn

**LANDHELGISGÆSLAN** Engin verksummerki voru sjáanleg um ferðir hvítabjarna í friðlandinu á Hornströndum, en þyrla Landhelgisgæslunnar fór nýverið í eftirlitsflug um svæðið. Með í för var lögreglumaður frá Ísafirði og sérfræðingur frá Umhverfisstofnun en tilgangur leiðangursins var meðal annars að kanna hvort ummerki væru um ísbirni á þessum slóðum.

Ekki reyndist svo vera en hins vegar sáust merki um að vélsleðar hefðu verið þar á ferð. Bæði sáust för eftir sleða á snjó en einnig þar sem enginn snjór er lengur. Umferð vélsleða eða annarra vélknúinna farartækja í friðlandinu er með öllu óheimil.



**HVÍTABJÖRN Í HÆLAVÍK** Nokkrir birnir hafa gengið á land hérlendis á síðustu árum. MYND/LHG

Í Fljótavík sást stórt hvalhræ langt uppi í Fljótavatni og vakti það undrun eftirlitsmanna hve langt hræið var komið upp í vatnið.

Eftir nánari athugun er talið að um sé að ræða hval sem rak á fjörur í Fljótum síðastliðið haust og hefur færst inn í vatnið í vetur. Þetta er hnúfubakur, 8 til 10 metra langur, segir á vef LHG.

Talið er víst að ef ísbjörn væri á svæðinu þá hefði hann líklega verið í námunda við hvalshræið. Er nú í athugun hver verða næstu skref í málinu og hvernig best sé að fjarlægja hræið. - shá

Leiðindanöfnin sameina:

# Dull og Boring nú systurþorp

**BRETLAND** Tvö þorp, annað í Skotlandi og hitt í Oregon í Bandaríkjunum, ætla að taka höndum saman og stofna til vináttutengsla.

Skoska þorpið heitir Dull en það bandaríska Boring. Bæði nöfnin geta þýtt „leiðinlegur“. Nafn skoska bæjarins er líklega komið úr gelísku og þýðir „engi“, en bandaríski bærinn er nefndur í höfuðið á manni sem bjó þar áður.

Þorpin eru reyndar of lítil til að geta formlega orðið vináttubæir, og þess vegna hafa menn ákveðið að tala um „systratengsl“. - gb

# Vill afnema framlag til húsmæðraorlofs

**Formaður Orlofsnefndar húsmæðra í Hafnarfirði tekur ekki þátt í því með bænum að skerða lögbundin framlög til orlofsnefndarinnar. Varaþingmaður boðar endurflutning frumvarps um afnám framlags sveitarfélaga til orlofsins.**

**STJÓRNMÁL** „Ég spyr hvort sveitarfélagið eigi að ganga fremst í flokki við að brjóta lög á konum í Hafnarfirði?“ spyr Svanhildur Guðmundsdóttir, formaður Orlofsnefndar húsmæðra í Hafnarfirði, sem nú þrýstir á bæjaryfirvöld að greiða lögbundið framlag til orlofsnefndarinnar á réttum tíma.

Svanhildur rifjar upp að Hafnarfjarðarbær hafi átt að greiða orlofsnefndinni framlag ársins 2011 í maí í fyrra. Það hafi hins vegar ekki verið fyrr en eftir margítrekuð innheimtubréf og eftir að lögmaður samtakanna setti saman stefnu gegn bænum að peningarnir hafi borist meira en átta mánuðum of seint. Vegna þessa langa dráttar hafi engar ferðir verið farnar á vegum orlofsnefndarinnar í fyrra. Upphæðin sem orlofsnefndin segir að sér beri á þessu ári er ríflega 2,5 milljónir króna.

Guðrún Erlingsdóttir, varaþingmaður Samfylkingarinnar í Suðurkjördæmi, ásamt samflokksmönnum úr öðrum kjördæmum lagði fram á árinu 2009 frumvarp um afnám laga um orlof húsmæðra.

„Lögin eru úrelt og stangast á við jafnréttislög,“ segir Guðrún um ástæðuna fyrir framlagningu frumvarpsins sem var vísað til nefndar og lognaðist út af þar. Hún kveðst hins vegar hafa fullan hug á að endurflytja frumvarpið.

„Ég sé ekki að neitt hafi breyst.



Bæjarfélög draga fæturna í útgreiðslu lögbundins framlags til húsmæðraorlofs:

## Húsmæður vilja orlof á réttum tíma

**SVEITARSTJÓRNIR** Orlofsnefnd Hafnarfjarðar gerir bæjaryfirvöldum þar ríflega 2,5 milljóna króna reikning vegna orlofsdvalar fyrir hafnfirskar húsmæður í sumar.

Engar ferðir voru farnar fyrir atbeina orlofsnefndar Hafnarfjarðar í fyrra. „Eins og bæjarstjórn Hafnarfjarðar veit jafn vel og við í stjórn orlofsnefndar þá var ekki orðið við beiðni nefndarinnar um framlag til húsmæðraorlofsins fyrr en eftir verulega eftirgangsmuni og barst greiðslan ekki fyrr en í janúar 2012,“ lýsir Svanhildur Guðmundsdóttir, formaður orlofsnefndar Hafnarfjarðar, í erindi til bæjarstjórnarinnar.

Sum sveitarfélög telja framlag þeirra til orlofsnefnda húsmæðra tímaskekkju og „í hróplegu ósamræmi við gildandi lög um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla,“ eins og bæjarráð Hafnarfjarðar sagði í fyrra.

Frumvarp um afnám orlofsins var lagt fram á Alþingi árið 2009.

Svanhildur bendir hins vegar á að lög frá árinu 1972 séu enn í fullu gildi. Samkvæmt þeim eigi sveitarfélög að greiða 100 krónur að þávirði á hvern íbúa til húsmæðraorlofsins. Hlutur Hafnarfjarðar sé 2.543.411 krónur og bærinn sé vinsamlegast beðinn um að virða gjalddaga sem sé 14. maí.

„Meira er ekki um þetta að segja,“ segir í innheimtubréfinu sem bæjarráð tók ekki afstöðu til á síðasta fundi. - gar

**FRÉTTABLAÐIÐ Í GÆR** Orlofsnefnd húsmæðra í Hafnarfirði segir bæinn eiga að borga rúmar 2,5 milljónir króna í næstu viku. Greiðsla ársins í fyrra barst ekki fyrr en í janúar á þessu ári eftir margírekaðar innheimtukröfur.



> Kjarninn er sá að löggjafinn getur ekki skikkað sveitarfélög til að mismuna þegnunum.
>
> GUÐRÚN ERLINGSDÓTTIR
> VARAÞINGMAÐUR SAMFYLKINGARINNAR

Annað hvort á að laga lögin eða fella þau úr gildi. Það á ekki endilega að þýða að þessar orlofsferðir falli niður. Það er einfaldlega hvers sveitarfélags að ákveða hvort það styrki fólk til orlofsdvalar. Kjarninn er sá að löggjafinn getur ekki skikkað sveitarfélög til að mismuna þegnunum,“ segir Guðrún.

Svanhildur segist ekkert hafa við það að athuga ákveði Alþingi að afnema lögin um húsmæðraorlof. „En á meðan það er ekki þá eru þetta lög í landinu og það þýðir ekkert fyrir bæjarstjórnarmenn að segja að þeir séu ekki sammála þeim,“ segir hún.

Þá segir Svanhildur að þótt nokkur sveitarfélög hafi spyrnt við fótum með greiðslu húsmæðraorlofs sé staðan sérstaklega slæm í Hafnarfirði. „Í mörg ár kleip bærinn helminginn og ríflega það af því sem hann átti að leggja til orlofsnefndar Hafnarfjarðar. Við tökum ekki þátt í að samþykkja lögleysu.“ gar@frettabladid.is

Ríkisstjórnin á Austurlandi:

# 20 milljónir í rannsóknir

**STJÓRNMÁL Sjálfseignarstofnunin Austurbrú var stofnuð á Reyðarfirði í gær. Stofnunin er sú fyrsta sinnar tegundar hér á landi og verður til við sameiningu Þekkingarnets Austurlands, Þróunarfélags Austurlands, Menningarráðs Austurlands og Markaðsstofu Austurlands.**

**Ríkisstjórn Íslands fundaði á Egilsstöðum í gærmorgun og var Austurbrú stofnuð eftir þann fund. Ríkisstjórnin samþykkti á fundi sínum að verja 20 milljónum króna til rannsókna, nýsköpunar, þróunar og markaðssetningar á afurðum úr áli og sjávarfangi. Austurbrú mun hafa umsjón með verkefninu.** - þeb

Ungt barn vitni að árás:

# Reyndi að bana konu föður síns

**DÓMSMÁL** Karlmaður hefur verið úrskurðaður í gæsluvarðhald til 30. maí fyrir morðtilraun.

Maðurinn réðst á konu föður síns tvisvar aðfaranótt 1. apríl. Fyrst tók hann hana kverkataki og kýldi hana auk þess sem hann reyndi að kæfa hana með kodda. Hún fékk þá aðstoð lögreglu til að vísa honum burt úr íbúð sinni. Seinna sömu nótt braust maðurinn inn í íbúðina sem var til þess að konan hljóp út úr henni. Maðurinn hljóp á eftir henni og hóf að slá hana í höfuðið með kertastjaka.

Lögreglunni barst tilkynning um málið og þegar hún kom að var hópur fólks á stétt fyrir framan hús konunnar. Þrír karlar héldu hinum grunaða en konan lá meðvitundarlaus í jörðinni. Fjöldi vitna var að árásinni, meðal annars ungur sonur konunnar.

Maðurinn hefur játað að hafa ráðist á konuna. - þeb


**Ert þú með verki?**

**Stoðkerfisnámskeiðið hentar þeim sem eru með einkenni frá stoðkerfi og vilja læra á sjálfan sig og finna sín mörk í hreyfingu**

- Mán, mið og föst kl. 16.30. Hefst 14.maí.
- Mat og ráðgjöf sjúkraþjálfara
- Fyrirlestrar um verki, svefntruflanir og heilbrigðan lífsstíl
- Verð: 42.400,- (21.200 kr. á mán)
- **Örfá laus pláss**



„Allir verkir hafa minnkað. Ég var áður alltaf svo þreytt og alltaf að leggja mig. Mér finnst satt að segja að allir sem eru að finna til verkja ættu að koma hingað. Hreyfingin hefur líka áhrif á alla starfssemi líkamans og svo er þetta gott fyrir sálina. Mér líður miklu betur og ég er ákveðin í að halda áfram.“
**Sólveig Guðmundsdóttir**

HEILSUBORG
Faxafeni 14 • Sími 560 1010
www.heilsuborg.is


Fyrrverandi yfirlögregluþjónn rak rútufyrirtæki í óleyfi á Oddeyrarbryggju:

# Ákærðir fyrir óhlýðni við hafnarstjóra

**DÓMSMÁL** Sýslumaðurinn á Akureyri hefur ákært tvo menn fyrir að óhlýðnast ítrekað fyrirmælum hafnarstjórans á Oddeyrarbryggju á Akureyri og starfrækja þar í óleyfi rútuþjónustu fyrir farþega skemmtiferðaskips dag einn í ágúst 2010. Annar mannanna er Björn Mikaelsson, sem um árabil gegndi stöðu yfirlögregluþjóns á Sauðárkróki.

Samkvæmt ákærunni fór hafnarstjórinn nokkrum sinnum fram á það við mennina með skýrum hætti að þeir fjarlægðu bíla sína, meðal annars nokkrar rútur, af hafnarsvæðinu en mennirnir sinntu því engu.

Óhlýðnin þykir varða við reglugerð um Hafnasamlag Norðurlands og hafnarlög. Viðurlögin við þessum brotum eru sektir.

Þetta er ekki í fyrsta sinn sem uppátæki Björns Mikaelssonar rata í fréttir. Hann fór í veikindaleyfi frá störfum sínum fyrir lögregluna á Sauðárkróki árið 2008 eftir skærur við sýslumanninn í bænum, sem hafði veitt honum áminningu í sex liðum fyrir að vanrækja skyldur sínar og tala ógætilega um starf sitt og undirmenn í fjölmiðlum og símtölum við yfirmenn. Hann sneri ekki aftur til starfa.

Hálfu ári áður hafði Fréttablaðið greint frá því að



**ODDEYRARHÖFN** Mennirnir neituðu að fjarlægja rúturnar þrátt fyrir fyrirmæli hafnarstjóra. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Björn ræki bílaleigu samhliða starfi sínu fyrir lögregluna og hefði meðal annars gert það út úr lögreglustöðinni á Sauðárkróki. Sýslumaðurinn sagði þá óeðlilegt að yfirlögregluþjónn væri einnig í forsvari fyrir bílaleigu og að tekið yrði fyrir það. - sh

husa.is

# SÆLU REITUR

## ER KOMINN ÚT



**Sælureitur 2012 er kominn út** í glæsilegri og efnismeiri vefútgáfu. Flettu blaðinu á **husa.is**, skoðaðu úrvalið, fáðu hugmyndir og horfðu á kennslumyndböndin. Þú finnur Sælureitinn á **husa.is,** og í verslunum Húsasmiðjunnar á næstu dögum.

**Góða skemmtun!**

farðu á husa.is

kíktu á myndböndin

## Nýttu ávísunina strax!




Öll heimili landsins fá heimsenda **Ávísun á gott sumar**. Ávísunin gildir sem **3.000 kr. innborgun** í öllum verslunum Húsasmiðjunnar og Blómavals ef keypt er fyrir 10.000 kr. eða meira.

Nýttu ávísunina strax, því hún gildir aðeins til **20. maí**.

HÚSASMIÐJAN
HLUTI AF BYGMA

ALLT FRÁ GRUNNI AÐ GÓÐU HEIMILI SÍÐAN 1956

DYNAMO REYKJAVIK

## GENGIÐ 08.05.2012

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 124,47 | 125,07 |
| Sterlingspund | 200,89 | 201,87 |
| Evra | 162,06 | 162,96 |
| Dönsk króna | 21,789 | 21,917 |
| Norsk króna | 21,41 | 21,536 |
| Sænsk króna | 18,219 | 18,325 |
| Japanskt jen | 1,5597 | 1,5689 |
| SDR | 191,8 | 192,94 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
223,5773

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Alls eru ríflega 26 þúsund einstaklingar komnir í alvarleg vanskil samkvæmt samantekt Creditinfo:

# Karlar tveir af hverjum þremur í vanskilum

**EFNAHAGSMÁL** Alls voru 26.376 þúsund einstaklingar í alvarlegum vanskilum í byrjun maí samkvæmt samantekt Creditinfo. Á sama tíma í fyrra voru 24.876 á vanskilaskrá, og hefur því fjölgað um sex prósent á einu ári.

Einstaklingum á vanskilaskrá fjölgaði verulega á árunum eftir hrun, og hefur fjölgað á skránni um næstum hver mánaðamót síðan. Á árunum fyrir hrun voru að jafnaði um 16 þúsund í alvarlegum vanskilum, samkvæmt upplýsingum frá Creditinfo.

Um tveir þriðju hlutar þeirra einstaklinga sem eru á vanskilaskrá eru karlar, en þriðjungur konur. Hlutfallslega eru fleiri á aldursbilinu 30 til 50 ára.

Áberandi hærra hlutfall fólks er í alvarlegum vanskilum á Reykjanesi en í öðrum landshlutum. Á landinu öllu eru um 8,7 prósent einstaklinga 18 ára og eldri á vanskilaskrá. Á Reykjanesi eru um 16,4 prósent í alvarlegum vanskilum, og um 9,7 prósent á Suðurlandi. Á höfuðborgarsvæðinu er hlutfallið 9,5 prósent. Hlutfallið var lægst á Norðurlandi, 6 til 6,2 prósent. **- bj**

**Þróun á fjölda einstaklinga á vanskilaskrá 2006-2012**




# Kirkjan á inni tvo milljarða

**Mistök voru gerð í fjárúthlutunum til þjóðkirkjunnar. Engar verðbætur voru greiddar með sóknargjöldum eftir hrun. Innanríkisráðherra sagði á fundi að ríkið muni leiðrétta mistökin. Söfnuðir stefna í gjaldþrot.**

**ÞJÓÐKIRKJAN** Verðbætur hafa hvorki verið greiddar til safnaða þjóðkirkjunnar né annarra trúfélaga frá bankahruni. Söfnuðir þjóðkirkjunnar eiga inni um tvo milljarða króna hjá ríkinu vegna uppreiknaðra verðbóta, samkvæmt niðurstöðum nefndar innanríkisráðuneytisins.

Haft eftir Ögmundi Jónassyni innanríkisráðherra á fundi með nefndinni sem meta átti áhrif niðurskurðar til kirkjunnar að mistök hafi verið gerð og ríkið muni leita leiða til að rétta við fjárhag kirkjunnar.

„Ráðherra sagði að augljóst væri að lög hefðu verið brotin á kirkjunni,“ segir Gísli Jónasson, nefndarmaður og prófastur í Reykjavíkurprófastsdæmi eystra. Hann hefur eftir Ögmundi að niðurstaða skoðunar hafi leitt í ljós að jafnræðis hafi ekki verið gætt í niðurskurðinum.

Í skýrslu nefndarinnar kemur fram að söfnuðir þjóðkirkjunnar hafi þurft að taka á sig um 25 prósenta skerðingu umfram aðrar stofnanir eftir hrunið og samkvæmt útreikningum sé sú upphæð komin upp í rúma tvo milljarða króna.

„Þetta eru engir smáaurar,“ segir Gísli. „En ráðherra sagði að þetta yrði leiðrétt, það er bara spurning hversu langan tíma það tekur.“

Kirkjan á að fá greiddar verðbætur fyrir sóknargjöldin sem ríkið innheimtir ár hvert fyrir hana, eins og fyrir öll trúfélög landsins.

Framlagið til kirkjunnar var tímabundið skorið niður svipað og til annarra stofnana, en sóknargjaldið lenti í „sérmeðferð“, útskýrir Gísli.

„Ef um hefði verið að ræða ríkisspítala, hefði vísitöluhækkun ársins á undan fyrst verið uppreiknuð, en ekki krónutala þessa árs,“ útskýrir Gísli. „Þetta 25 prósenta gat sýnir í raun og veru hver verðbólgan var á þessu tímabili. Og að kirkjunum sé ætlað að reka sig fyrir þetta mikið lægri upphæð en allir aðrir.“

> Þetta 25 prósenta gat sýnir í raun og veru hver verðbólgan var á þessu tímabili. Og að kirkjunum sé ætlað að reka sig fyrir þetta mikið lægri upphæð en allir aðrir.
>
> GÍSLI JÓNASSON NEFNDARMAÐUR OG PRÓFASTUR Í REYKJAVÍKURPRÓFASTSDÆMI EYSTRA.

Í skýrslu nefndarinnar segir að grunnstoðir í starfsemi safnaða þjóðkirkjunnar séu að hruni komnar vegna fjárhagsvanda.

Ljóst sé að margir þeirra stefni í gjaldþrot. Í mörgum sóknum hafi niðurskurður bitnað á æskulýðs- og kórastarfi og byggingar séu margar hverjar að grotna niður.

Halldóra Þorvarðardóttir, prófastur í Suðurprófastsdæmi og annar nefndarmaður, tekur undir orð Gísla og segir ráðherra hafa undirstrikað að bætt yrði fyrir mistökin.

„Hann sagði að þarna hefðu mjög greinilega orðið mistök í hvernig skorið var niður gagnvart þjóðkirkjunni,“ segir Halldóra. „Það þurfi að bæta, en það geti tekið tíma.“

Ekki náðist í Ögmund Jónasson innanríkisráðherra í gær.

sunna@frettabladid.is



**GETUR EKKI SKORIÐ MEIRA NIÐUR** Niðurskurður hefur bitnað harkalega á söfnuðum landsins og hafa margir þurft að hætta æskulýðs- og kórastarfi vegna fjárskorts. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

## Sóknargjaldið hækki um 151 krónu

Íslenska ríkið sér um að innheimta sóknargjöld fyrir öll skráð trúfélög landsins og útdeilir þeim til safnaðanna. Gjaldið er tekið af innheimtum tekjuskatti miðað við það trúfélag sem viðkomandi skattgreiðandi, sem hefur náð 16 ára aldri, er skráður í. Ekkert gjald er greitt vegna einstaklinga sem standa utan trúfélaga eða tilheyra óskráðum trúfélögum.

Í bráðabirgðaákvæði í lögum um sóknargjöld frá árinu 2010 segir að gjald sem rennur til þjóðkirkjusafnaða og skráðra trúfélaga skuli vera 701 króna á mánuði árið 2012 fyrir hvern einstakling 16 ára og eldri í lok næstliðins árs á undan gjaldári.

Í áliti nefndarinnar segir að með því að hækka sóknargjöldin úr 701 krónu í 852 krónur væru sóknunum bættir upp um það bil tveir þriðju hlutar þeirra skerðingar sem þær sættu umfram aðra. Frekari bætur kæmu árið 2014.

Áætlunarflug hefst til Denver

# Borgarstjóri í fyrsta flugi

**SAMGÖNGUR Icelandair hefur áætlunarflug til Denver, Colorado á morgun. Flogið verður fjórum sinnum í viku, allt árið um kring.**

**Borgarstjóri Denver, Michael Hancock, verður meðal farþega í fyrstu vélinni en hann hitti borgarstjóra Reykjavíkur í gær og færði honum kúrekahatt að gjöf. Jón Gnarr gaf Hancock íslenska lopapeysu.**

**Ferðaþjónustan í Denver fagnar nýjum tengimöguleika við Evrópu en Icelandair og alþjóðaflugvöllurinn í Denver hlutu Ferðastjörnuna, verðlaun sem árlega eru afhent þeim sem skara fram úr í ferða- og ráðstefnuþjónustu í Colorado-fylki. - rat**

Stuðlað að auknu samstarfi:

# Aldrei fleiri Erasmus-nemar

**MENNTAMÁL** Meira en 230 þúsund manns nýttu sér Eramus, háskólaáætlun Evrópusambandsins, á síðasta skólaári, fleiri en nokkru sinni fyrr.

Í tilkynningu frá Framkvæmdastjórn ESB segir að þátttakendum hafi fjölgað um 8,5% milli ára.

Erasmus stendur til boða í 33 Evrópuríkjum og er ætlað að stuðla að auknu samstarfi meðal háskóla í Evrópu og styrkir ýmiss konar verkefni, svo sem stúdenta og kennaraskipti, námsferðir starfsfólks háskóla og fólks í atvinnulífinu, sameiginlegt námskeiðahald, og fleira.

Í kringum 200 íslenskir nemar hafa farið utan á vegum Erasmus ár hvert, en talsvert fleiri erlendir Erasmus-stúdentar koma hingað til lands og hefur fjölgað mikið. - þj


GEÐVEIKAR HETJUR Á SÚFISTANUM Í BÓKABÚÐ MÁLS OG MENNINGAR, LAUGAVEGI 18, Í KVÖLD KL. 20




ÓTTAR GUÐMUNDSSON ræðir nýútkomna bók sína í hressilegu bókakaffi og svarar fyrirspurnum

Aðgangur ókeypis

JPV ÚTGÁFA
BÓKABÚÐ MÁLS & MENNINGAR LAUGAVEGI 18

www.forlagid.is – alvöru bókaverslun á netinu


## VEÐURSPÁ



Snjólaug Ólafsdóttir veðurfréttamaður

**GRÍPTU HJÓLIÐ**
Nú hjóla allir til vinnu. Hægviðri í dag og fremur hægur vindur næstu daga. Skúrir S- og V- til síðdegis í dag og bætir heldur í á morgun og fram á föstudag. Hlýnar heldur á morgun og á föstudag, einkum um N- og A-vert landið.




**HEIMURINN**

| | |
|---|---|
| Alicante | 25° |
| Basel | 23° |
| Berlín | 21° |
| Billund | 14° |
| Frankfurt | 22° |
| Friedrichshafen | 22° |
| Gautaborg | 15° |
| Kaupmannahöfn | 15° |
| Las Palmas | 24° |
| London | 16° |
| Mallorca | 25° |
| New York | 21° |
| Orlando | 32° |
| Ósló | 14° |
| París | 19° |
| San Francisco | 21° |
| Stokkhólmur | 13° |

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.

**AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Jón Laufdal *jonl@frettabladid.is* **ALMENNAR SÍMI 512-5401:** Einar Davíðsson *einar.davidsson@365.is,* Guðmundur Steinsson *gudmundurs@365.is,* Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is,* Hlynur Þór Steingrímsson *hlynur@365.is,* Laila Awad *laila@365.is,* Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is* **FÓLK/LÍFIÐ/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Benedikt Freyr Jónsson *benediktj@365.is,* Ívar Örn Hansen *ivarorn@365.is,* Jóna María Hafsteinsdóttir *jmh@365.is,* Sigríður Dagný Sigurbjörnsdóttir *sigridurdagny@365.is,* Sverrir Birgir Sverrisson sverrirbs@365.is **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@365.is,* Viðar Ingi Pétursson *vip@365.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@365.is,* Guðný Gunnlaugsdóttir *gunny@365.is,* Sigrún Helga Guðmundsdóttir *sigrunh@365.is* **KYNNINGARSTJÓRI:** Einar Skúlason *einar.skulason@365.is*

toyotakopavogi.is




1 ár
Lágmarks-
ábyrgðartími

70%
Fjármögnun
hjá Ergo

8,1 lítrar
Eldsneytiseyðsla í
blönduðum akstri

$CO_2$ 213g
Útblástur
$CO_2$ gr.

P
Umhverfisvænn bíll
Frítt í stæði í Rvk.

# Jeppadagar

Núna standa yfir Jeppadagar hjá Toyota Betri notuðum bílum, þar sem fjölmargir jeppar eru í boði á betri kjörum. Allir jepparnir hafa staðist 125 punkta gæðaeftirlit Toyota og þeir eru allir í ábyrgð, að lágmarki í 12 mánuði.




**Toyota Land Cruiser 200**
4500 Dísil, sjálfsk.
Á götuna: 01.08 Ekinn 96.000 km
Verð: 10.500.000 Raðnr.: 998432




**Toyota Land Cruiser 200**
4700 Bensín, sjálfsk.
Á götuna: 02.08 Ekinn: 110.000 km
Verð: 9.390.000 Raðnr.: 998452
**Betra verð: 8.290.000 kr.**




**Toyota Land Cruiser 100**
4700 Bensín, sjálfsk.
Á götuna: 03.06 Ekinn: 151.000 km
Verð: 5.500.000 kr. Raðnr.: 998394
**Betra verð: 4.950.000**




**Toyota Land Cruiser 150 GX**
3000 Dísel, sjálfsk.
Á götuna: 05.11 Ekinn 24.000 km
Verð: 9.560.000 Raðnr.: 998079




**Toyota Land Cruiser 120 VX**
3000 Dísil, sjálfsk.
Á götuna: 03.06 Ekinn: 112.000 km
Verð: 5.100.000 Raðnr.: 997730
**Betra verð: 4.490.000 kr.**




**Toyota Land Cruiser 120 VX**
4000 Bensín, sjálfsk.
Á götuna: 12.04 Ekinn: 136.000 km
Verð: 4.000.000 kr. Raðnr.: 998423
**Betra verð: 3.490.000 kr**




**Toyota Hilux**
3000 Dísil, 5 gíra
Á götuna: 02.08 Ekinn: 99.000 km
Verð: 4.190.000 kr. Raðnr.: 998305
**Betra verð: 3.750.000 kr.**




**Toyota RAV4 GX**
2000 Bensín, sjálfsk.
Á götuna: 06/07 Ekinn: 94.000 km
Verð: 2.550.000 kr. Raðnr. 998297
**Betra verð: 2.250.000 kr.**

*Farðu á **www.toyotakopavogi.is** og fáðu nánari upplýsingar um bílana með því að skrá raðnúmer í leit.

ergo
Reiknaðu með okkur

**Toyota Kópavogi**
**Nýbýlavegi 4**
**Sími: 570-5070**
**Opið mán-fös kl. 09.00-18.00 og lau kl. 12.00 - 16.00**
**info@toyota.is**

**Betri** notaðir bílar **TOYOTA**

## KJÖRKASSINN



*Ætlar þú að fylgjast með íslensku knattspyrnunni í sumar?*

| | |
|---|---|
| JÁ | 30,6% |
| NEI | 69,4% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Finnst þér húsmæðraorlof eiga rétt á sér?*

Segðu þína skoðun á Vísir.is.

Vísir

Einungis þriðjungur kvenna í Níger, þar sem staða mæðra er verst, fær faglega aðstoð við barnsfæðingar:

# Börn á Íslandi eru sögð hafa það best í heimi

**SAMFÉLAGSMÁL** Börn á Íslandi hafa það best í heimi, samkvæmt nýrri skýrslu Barnaheilla – Save the Children. Best er að vera móðir í Noregi, en næstbest á Íslandi. Staða mæðra í lýðveldinu Níger í Vestur-Afríku er verst, en á síðasta ári var Afganistan neðst á listanum. Ísland færist upp um eitt sæti.

Barnaheill ber saman aðstæður mæðra í 165 löndum í heiminum og fær með því út svokallaða mæðravísitölu. Meðal annars er tekið tillit til heilsu, menntunar og efnahags. Aðstæður barna eru skoðaðar sérstaklega með tilliti til áhrifavalda á borð við heilsu, menntun og næringu. Íslenskar konur eru í fimmta sæti um almenna stöðu kvenna í heiminum.

Á eftir Noregi og Íslandi í efstu sætum listans um stöðu mæðra koma Svíþjóð, Nýja-Sjáland, Danmörk, Finnland, Ástralía, Belgía, Írland og Holland. Þetta er þrettánda árið sem skýrsla Barnaheilla kemur út. **- sv**



**SKÝRSLAN KYNNT** Katrín Júlíusdóttir, ráðherra í fæðingarorlofi, mætti með tvíbura sína á kynningu skýrslu Barnaheilla. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

### Ein af hverjum 16 deyr við barnsburð

- **Fagleg hjálp við fæðingu:** Allar íslenskar og norskar konur, nema í algjörum undantekningartilvikum. Ein á móti hverjum þremur konum í Níger.
- **Menntun:** Íslensk stúlka gengur í skóla að meðaltali í 20 ár til móts við 4 ár í Níger.
- **Notkun getnaðarvarna:** 82 prósent norskra kvenna og 5 prósent kvenna í Níger.
- **Barnadauði fyrir fimm ára aldur:** Ísland: 1 á móti 500. Noregur: 1 á móti 333. Níger: 1 á móti 7.
- **Andlát móður við fæðingu eða vegna þungunar:** Ísland: 1 á móti 9.400. Noregur: 1 á móti 7.600. Níger: 1 á móti 16.
- **Stjórnvöld:** Á Íslandi og Noregi er hlutfall kvenna á þingi 40 prósent, en 13 prósent í Níger.


Þér við hlið

Vortónleikar

**Kvennakórinn Seljur heldur sína árlegu vortónleika í Seljakirkju laugardaginn 12. maí kl. 16:00.**

*Kórstjóri:*
*Svava Kristín Ingólfsdóttir*

*Einsöngur*
*Guðbjörg M agnúsdóttir*
*Svava Kristín Ingólfsdóttir*

*Píanó*
*Arnhildur Valgarðsdóttir*

*Fiðla*
*Ágústa Dómhildur*

*Kontrabassi*
*Birgir Bragason*

**Allir velkomnir**
**Aðgangseyrir kr. 1000**





**BENJAMÍN NETANJAHÚ OG SHAUL MOFAZ** Leiðtogar stjórnmálaflokkanna Likud og Kadima hafa nú myndað ríkisstjórn sem hefur meiri þingstyrk en dæmi eru til í ísraelskri stjórnmálasögu. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

# Netanjahú styrkir óvænt stöðu sína

**Forsætisráðherra Ísraels hætti í gær við að flýta þingkosningum eftir að samkomulag tókst við Kadimaflokkinn um að mynda breiða ríkisstjórn. Þar með missa hinir litlu öfgaflokkar strangtrúargyðinga tangarhald sitt á stjórninni.**

**ÍSRAEL** „Ég var reiðubúinn til að fara í kosningar," sagði Benjamín Netanjahú, forsætisráðherra Ísraels í gær, „en þegar ég komst að því að hægt væri að koma á fót mjög breiðri ríkisstjórn, þá áttaði ég mig á því að hægt væri að endurreisa stöðugleika."

Á sunnudaginn sagðist hann ætla að boða til þingkosninga í september, ári áður en kjörtímabilið rennur út. Í gær höfðu veður skipast í lofti. Kadimaflokkurinn hafði samþykkt að ganga til liðs við ríkisstjórnina.

Netanjahú segir að nýju stjórninni sé nú loksins fært að fara út í „ábyrgar" friðarviðræður við Palestínumenn og „alvarlegar" viðræður um kjarnorkuáform Írans.

Þá fær Netanjahú nú svigrúm til að gera breytingar á umdeildri löggjöf, sem veitir strangtrúuðum gyðingum undanþágu frá herskyldu. Hæstiréttur Ísraels komst í febrúar að þeirri niðurstöðu að þessi lög brjóti í bága við stjórnarskrá landsins, en litlu strangtrúarflokkarnir, sem stjórn Netanjahús hefur hingað til þurft að styðjast við á þingi, hafa staðið þvert gegn því að nokkrar breytingar verði gerðar á þessu. Þeir missa nú tangarhaldið á þessu máli, þótt þeir sitji áfram í stjórninni.

Nýja stjórnin verður með 94 þingmenn á hinu 120 manna þjóðþingi Ísraels. Þetta er meiri þingstyrkur en ísraelskir stjórnmálamenn eiga að venjast. Stjórnarskiptin hafa komið verulega á óvart, einkum þó sinnaskiptin hjá Mofaz, sem í stjórnarandstöðu hefur óspart úthúðað Netanjahú og stjórn hans.

„Þetta er ekkert heljarstökk," sagði Mofaz þó sér til varnar í gær. Hann segist aðeins hafa tekið „sögulegu tilboði" sem geri miklar breytingar mögulegar. Hann segir einnig að Tzipi Livni, forveri hans í leiðtogaembætti Kadima, hafi gert „söguleg mistök" með því að vilja ekki mynda stjórn með Netanjahú. Mofaz vann sigur á Tzipi Livni í leiðtogakjöri Kadima nú í apríl, en hún hafði jafnan sagt að Netanjahú hefði ekki raunverulegan áhuga á friðarsamningum við Palestínumenn.

Kadima er upphaflega klofningsflokkur úr Likud, flokki Netanjahús, stofnaður af Ariel Sharon, þáverandi forsætisráðherra, árið 2005.

Mofaz er fyrrverandi herforingi og varnarmálaráðherra. Hann hefur til þessa sýnt töluvert minni áhuga en Netanjahú á því að gera árásir á kjarnorkubúnað í Íran.

**gudsteinn@frettabladid.is**


Stofnfundur

**Amerísk-íslenska viðskiptaráðsins**

Stofnfundur Amerísk-íslenska viðskiptaráðsins verður haldinn fimmtudaginn 10. maí, kl. 8.00-9.00 á Hilton Reykjavík Nordica hótelinu.

Markmið með stofnun ráðsins er að styrkja samskipti Íslands og Bandaríkjanna á sviði viðskipta, verslunar, menningar- og menntamála.

**Ávörp að lokinni stofnun viðskiptaráðsins:**

**Össur Skarphéðinsson**, utanríkisráðherra
**Luis E. Arreaga**, sendiherra Bandaríkjanna
**Michael B. Hancock**, borgarstjóri Denver í Colorado

*Skráning og nánari upplýsingar hjá kristin@chamber.is*

AMIS
Amerísk-íslenska viðskiptaráðið


Styrktarátak til að auka bóklestur barna og unglinga:

# Styrkja skólabókasöfn til bókakaupa

**SAMFÉLAGSMÁL** Fjörutíu skólabókasöfn fá í dag afhenta styrki til bókakaupa úr Skólabókasjóði, en styrkur þessi er hluti af verkefninu Ávísun á lestur sem Félag íslenskra bókaútgefenda stendur fyrir.

Ávísunum á lestur hefur verið dreift á öll heimili landsins en þau gilda sem 1.000 króna afsláttur við bókakaup. Í hvert sinn sem slík ávísun er notuð renna 100 krónur í Skólabókasjóð.

Vonast er til þess að ein milljón króna safnist með þessum hætti. Arion banki mun að auki leggja eina milljón til sjóðsins, en sú upphæð verður afhent í dag.

Í tilkynningu frá Félagi bókaútgefenda segir að þrátt fyrir að mikilvægi skólabókasafna sem hornsteins lestrarhvatningar íslenskra barna hafi lengu verið staðfest, hafi efnahagsþrengingar síðustu ára komið illa við bókasöfn grunnskóla. Erfið fjárhagsstaða skóla og sveitarfélaga hafi bitnað á bókakaupum safnanna og í sumum söfnum hafi alfarið verið hætt að kaupa inn bækur.

Bókaútgefendur segja tilgang Skólasafnasjóðs ekki að ráða bót á þessum vanda, heldur vekja athygli á mikilvægi skólabókasafna með þessum táknræna stuðningi. **- þj**



**BÓK ER BEST VINA** Íslenskir bókaútgefendur vilja vekja athygli á mikilvægi skólabókasafna með úthlutun úr Skólasafnasjóði. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON


FRÉTTIR VIÐSKIPTI SPORT UMRÆÐAN ÚTVARP LÍFIÐ SJÓNVARP
**STÖÐUGT NÝJAR FRÉTTIR**
Vísir - oft á dag

HAPPDRÆTTI das

# 70 MILLJÓNIR Á MÁNUÐI

## 52 ÚTDRÆTTIR Á ÁRINU!

## DRÖGUM Á MORGUN UM MILLJÓNAVINNINGA!

Alls er dregið um 47 þúsund vinninga á árinu að heildarverðmæti 844 milljónir kr.

### FIMM × RANGE ROVER EVOQUE!

Á tvöfaldan miða getur þú unnið Range Rover Evoque að verðmæti **10 milljónir kr.** eða **10 milljónir** í peningum.

Miðaverð 2.200 kr. á mán.
fyrir tvöfaldan miða.




### FIMM × NISSAN QASHQAI!




Á einfaldan miða getur þú unnið Nissan Qashqai að verðmæti **5 milljónir kr.** eða **5 milljónir** í peningum.

Miðaverð 1.100 kr. á mán.
fyrir einfaldan miða.




Kauptu miða á www.das.is
eða í síma 561 7757.

*dregið í hverri viku*

ÍSLENSKA SIA.IS DAS 58258 05/12

Rútubílstjóri og ökumaður dráttarvélar ákærðir fyrir að valda árekstri:

# Ók traktor á tuttugu og olli slysi

**DÓMSMÁL** Tveir menn hafa verið ákærðir fyrir að hafa í sameiningu valdið árekstri þriggja ökutækja í Þingeyjarsveit í ágúst í fyrra. Annar er hálfáttræður maður sem höfuðkúpubrotnaði í slysinu.

Sýslumaðurinn á Akureyri ákærir rútubílstjóra um sextugt í málinu fyrir líkamsmeiðingar af gáleysi og umferðarlagabrot, en samkvæmt ákærunni tók hann fram úr hægfara traktor án þess að gæta að því að fyrir aftan rútuna var annar bíll sem hafði þegar hafið framúrakstur. Rútan rakst utan í þann bíl, beygði snögglega aftur til baka og ók á eftirvagn dráttarvélarinnar, sem kastaðist út af veginum.

Dráttarvélinni ók sá sem einnig er ákærður, maður fæddur árið 1937. Hann höfuðkúpubrotnaði í veltunni, hlaut smávægilegar innankúpublæðingar, loft inn undir höfuðkúpu, tvö brotin rifbein og stórt, blæðandi sár á höfuðið.

Hann er ákærður fyrir umferðarlagabrot, enda var traktorinn óskráður og ótryggður, eftirvagninn ljóslaus og auk þess ók hann á tuttugu kílómetra hraða, sem sýslumaður telur hafa tafið umferð að óþörfu og valdið hættu. - sh



**TRAKTOR** Óskráði og ótryggði traktorinn valt út af veginum. Myndin er úr safni.

Akureyri fær heimsókn í dag:

# Denver verður nýr vinabær

**AKUREYRI** Denver í Colorado í Bandaríkjunum og Akureyri verða formlegir vinabæir í náinni framtíð. Borgarstjóri Denver, Michael B. Hancock, kemur til Akureyrar í dag ásamt sendiherra Bandaríkjanna á Íslandi, Luis E. Arreaga, og fólki úr ferðaþjónustunni í Denver.

Borgarstjórinn undirritar í dag viljayfirlýsingu í Menningarhúsinu Hofi um að komið verði á formlegu vinabæjarsambandi á milli Denver og Akureyrar með áherslu á samvinnu á sviði menningarmála, menntunar og viðskipta. - sv

## VEISTU SVARIÐ?



1. *Hvað eiga mörg félög eftir að skila ársreikningi vegna ársins 2010?*
2. *Hvert var farið með forsætisráðherra Kína í staðinn fyrir að skoða Kerið?*
3. *Hvað ætlar Reykjavíkurborg að eyða miklu í nýja og umhverfisvænni bíla?*

**SVÖR**

*1. Á fjórða þúsund, eða 3.541. 2. Til Hveragerðis. 3. Þrjú hundruð milljónum króna.*

Timosjenkó á sjúkrahús:

# Segist hætt við hungurverkfall

**ÚKRAÍNA Júlía Timosjenkó, fyrrverandi forsætisráðherra Úkraínu, er hætt í hungurverkfalli. Í dag verður hún flutt úr fangelsi á sjúkrahús, þar sem hlúð verður að henni.**

**Hungurverkfallið stóð í þrjár vikur. Hún greip til þess til að mótmæla ofbeldi, sem hún segist hafa orðið fyrir í fangelsinu.**

**Þar afplánar hún sjö ára dóm, sem hún hlaut í haust fyrir að hafa árið 2009 misnotað völd í embætti sínu þegar hún gerði samning við Rússland um gaskaup. Hún segir ákærurnar og dóminn af pólitískum rótum runnin. - gb**



**JÚLÍA TIMOSJENKÓ**

25,5 milljónir eru án atvinnu í Evrópulöndum:

# Telja að styrkja þurfi menntakerfi Evrópu

**ATVINNUMÁL** Jurgen Thumann, forseti Businesseurope – samtaka atvinnulífsins í Evrópu, beindi þeirri ósk til José Manuel Barroso, forseta framkvæmdastjórnar ESB, á ársfundi samtakanna í síðustu viku að menntakerfið í Evrópu verði styrkt þannig að það þjóni betur þörfum atvinnulífsins.

Fram kom í máli hans að verði það ekki gert sé lítil von til þess að efnahagslífið taki við sér og atvinnuleysi minnki.

Þrátt fyrir að 25,5 milljónir manna séu án atvinnu í Evrópu hefur ekki tekist að manna fjögur milljón störf, vegna þess að fólk skortir hæfni eða menntun til að sinna viðkomandi störfum. - shá




**VILJA VINNU** Atvinnuleysi 25 ára og yngri á Spáni er vel yfir 40%. NORDICPHOTOS/AFP



**ALÞINGI** Samfylkingin, Sjálfstæðisflokkurinn og Framsóknarflokkurinn skiluðu ársreikningum sínum eftir að fresturinn rann út. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Ámælisvert að skila seint

**Ríkisendurskoðandi segir það ámælisvert að stjórnmálaflokkar virði ekki tímamörk sem Alþingi hefur sett um skil á ársreikningum. Fjórir flokkar skiluðu reikningum sínum ekki á réttum tíma í fyrra.**

**STJÓRNSÝSLA** Sveinn Arason ríkisendurskoðandi segir það ámælisvert að flokkar sem eigi fulltrúa á Alþingi skuli ekki skila ársreikningum sínum á réttum tíma. Þetta kemur fram í formála hans að ársskýrslu Ríkisendurskoðunar fyrir árið 2011.

„Ítrekað kemur fyrir að flokkar og frambjóðendur skila ekki upplýsingum til stofnunarinnar innan settra tímafresta. Til dæmis höfðu fjórir flokkar ekki skilað reikningum sínum vegna ársins 2010 fyrir 1. október 2011. Ég tel ámælisvert að flokkar sem eiga fulltrúa á Alþingi skuli ekki virða þau tímamörk sem þingið hefur sjálft sett þeim með lögum,“ segir í formálanum.

Samfylkingin, Sjálfstæðisflokkurinn, Framsóknarflokkurinn og Besti flokkurinn skiluðu ársreikningum sínum fyrir árið 2010 eftir að frestur til þess rann út. Að auki skiluðu Samtök fullveldissinna og Íslandshreyfingin sínum ársreikningum of seint.

Ríkisendurskoðun á samkvæmt lögum að hafa eftirlit með fjármálum stjórnmálasamtaka og frambjóðenda. Lögin skylda stjórnmálasamtök til þess að skila inn ársreikningi fyrir allar einingar sem falla undir þau.Ríkisendurskoðun birtir svo útdrátt úr reikningunum.

Sveinn gerir innkaupamál ríkisins einnig að umtalsefni í formálanum. Innkaupamál embættis ríkislögreglustjóra komust í fréttir í fyrra eftir að Ríkisendurskoðun gerði athugasemdir við innkaup á búnaði og tækjum. Í formálanum áréttar Sveinn að Ríkisendurskoðun sé samkvæmt lögum falið að kanna hvort stofnanir og fyrirtæki ríkisins fari að lögum, og vekja athygli á því ef svo sé ekki. Hann segir stofnunina leitast við að rækja þetta hlutverk sitt af metnaði. „Yfirleitt hafa stofnanir tekið vel í ábendingar Ríkisendurskoðunar um innkaupamál en þó eru undantekningar á því.“

thorunn@frettabladid.is

## Frumvarp um fjárreiður ríkisins á leiðinni

„Á liðnum árum hefur Ríkisendurskoðun ítrekað lagt til að lög um fjárreiður ríkisins verði endurskoðuð. Í kjölfar skýrslu Alþjóðagjaldeyrissjóðsins (AGS) frá síðasta hausti ákvað fjármálaráðherra að hefja formlega endurskoðun laganna,“ segir Sveinn í formála ársskýrslu Ríkisendurskoðunar. Tólf manna stýrinefnd vinnur nú að frumvarpi um fjárreiður ríkisins sem stefnt er að því að lagt verði fyrir Alþingi í haust, að sögn Sveins.





Í tilefni af 75 ára afmæli okkar efnir Icelandair, í samstarfi við Steinunni Sigurðardóttur fatahönnuð, til sýningar í haust. Til sýnis verða gamlir og nýir einkennisbúningar Flugfélags Íslands, Loftleiða, Flugleiða og Icelandair og ýmsir aðrir hlutir sem tengjast sögu farþegaflugs og þjónustunni um borð allt frá árinu 1937.

**Átt þú ekki eitthvað áhugavert frá fluginu?**
Við vildum svo gjarnan fá lánaðar gamlar flugfreyjudragtir, flugmannsjakka og sitthvað annað sem setti svip á flugið hér áður fyrr.

**Við leitum til ykkar sem fluguð með okkur**
Við tökum á móti klæðnaði og smáhlutum sem tengjast fluginu á Icelandair Hótel Reykjavík Marina á föstudaginn kemur, 11. maí, kl. 17:00–19:00.

**Okkur þætti afar vænt um að fá að sjá þig á föstudaginn og rifja upp gamla góða tíma.**

Upplýsingar:
Rannveig Eir Einarsdóttir | rae@icelandair.is
Anna Margrét Jónsdóttir | annamj@icelandair.is

ICELANDAIR


Umsóknarfrestur til 6. JÚNÍ
GEFÐU DRAUMNUM VÆNGI
Keilir er alhliða menntafyrirtæki með aðsetur á Ásbrú í Reykjanesbæ sem býður vandað nám með áherslu á nýstárlega kennsluhætti og fyrsta flokks aðstöðu. Innan Keilis eru fjögur sérhæfð námssvið; Flugakademía, Íþróttaakademía, Tæknifræði og Háskólabrú. Komdu í nútímalegt, metnaðarfullt og skemmtilegt nám. Komdu í Keili!
FLUGAKADEMÍA
Flugakademía Keilis býður upp á nám í einkaflugi, atvinnuflugi, flugþjónustu, flugumferðarstjórn og flugumsjón. Staðsetning skólans skapar frábærar aðstæður til kennslu flugtengdra greina.
Flugfloti Keilis er bæði nýstárlegur og hátæknilegur. Flugnemar Keilis njóta þess að fljúga nýjustu kennsluvélum landsins og lögð er áhersla á að flugmælitæki samsvari því sem flugrekendur nota í sínum rekstri. Nú er bæði verklegt og bóklegt nám í atvinnuflugi lánshæft hjá LÍN.
NÁMSFRAMBOÐ
// EINKAFLUG (fjarnám)
// ATVINNUFLUG (fjar- og staðnám)
// FLUGUMFERÐARSTJÓRN
// FLUGÞJÓNUSTA
// FLUGKENNARAÁRITUN
KEILIR // ÁSBRÚ // 578 4000 // keilir.net
Keilir
Miðstöð vísinda, fræða og atvinnulífs



**REIÐIR BÍLSTJÓRAR** Bílstjórar almenningsvagna í Bólivíu börðu einn félaga sinn í gær fyrir að virða ekki tveggja sólarhringa verkfall þeirra. Þeir mótmæla nýrri löggjöf um almenningsvagna. NORDICPHOTOS/AFP

Leiðtogi vinstri manna reynir að mynda ríkisstjórn í Grikklandi:

# Lofar að afturkalla niðurskurð

**GRIKKLAND, AP** „Þetta er söguleg stund fyrir vinstri menn og hreyfingu almennings og mikil ábyrgð lögð á mínar herðar," segir Alexis Tsipras, leiðtogi SYRIZA, bandalags róttækra vinstri flokka í Grikklandi.

Hann hófst í gær handa við að reyna myndun vinstristjórnar, sem myndi afturkalla ströng aðhaldsáform fyrri stjórnar sósíalistaflokksins PASOK og íhaldsflokksins Nýs lýðræðis.

„Það er ekki nokkur möguleiki að við laumum aftur inn því sem gríska þjóðin henti út," segir Tsipras.

Á hinn bóginn er ekki heldur auðvelt að sjá hvaða möguleika hann á til að mynda meirihlutastjórn á nýkjörnu þjóðþingi.

Flokkur hans er með 52 þingsæti en til að mynda meirihluta á þinginu þarf að minnsta kosti 151 þingmann. Lýðræðislegi vinstri flokkurinn hefur lýst yfir stuðningi við Tsipras, en sá flokkur er aðeins með 19 þingmenn. Fáist sósíalistaflokkurinn PASOK til að taka þátt í stjórninni yrðu þingmennirnir aðeins 112.

Leiðtogar Þýskalands og fleiri evruríkja hafa ekki tekið í mál neinar breytingar á skilmálum fjárhagsaðstoðar.



**ALEXIS TSIPRAS** Fáir möguleikar á stjórnarmyndun eru í stöðunni. NORDICPHOTOS/AFP

Tsipras hefur ekki nema þrjá daga til að mynda ríkisstjórn. - gb

Þátttaka við eldhúsborðið:

# Áhrif netsins á lýðræði skoðuð

**STJÓRNSÝSLA Vaxandi áhrif netsins á lýðræðið er eitt umfjöllunarefna í opnum fyrirlestri Hauks Arnþórssonar, stjórnsýslufræðings og sérfræðings í rafrænni stjórnsýslu, í Lögbergi Háskóla Íslands í hádeginu í dag.**

**Fyrirlesturinn, sem er á vegum Stofnunar stjórnsýslufræða og stjórnmála við Háskóla Íslands nefnist „Stjórnmálaþátttaka við eldhúsborðið – er það framtíðin?"** - óká

Ráðherra skipar í nýja stjórn:

# Stjórnarformannsskipti hjá Íbúðalánasjóði

**STJÓRNSÝSLA Jóhann Ársælsson, fyrrverandi alþingismaður, hefur verið skipaður nýr stjórnarformaður Íbúða-lánasjóðs. Hann kemur í stað Katrínar Ólafsdóttur lektors sem óskaði lausnar vegna annarra starfa.**

**Guðbjartur Hannesson velferðarráðherra skipar í stjórnina, en hann hefur jafnframt skipað Henný Hinz hagfræðing sem aðalmann í stjórnina og Steinunni Valdísi Óskarsdóttur, sérfræðing í innanríkisráðuneytinu, sem varamann hennar.** - óká



JÓHANN ÁRSÆLSSON

Ólafíustofa opnar í Ósló:

# Íslendingar fá safnaðarheimili

**TRÚMÁL** Íslenski söfnuðurinn í Noregi hefur eignast sitt fyrsta safnaðarheimili.

Safnaðarheimilið nefnist Ólafíustofa til heiðurs Ólafíu Jóhannsdóttur sem líknaði þurfandi á götum Óslóar um aldamótin 1900.

„Safnaðarheimilið er við Pilestredet Park 20 í Ósló og rúmar hópastarf fyrir allt að 50 manns, skrifstofur prests og starfsmanns," segir í frétt á vef kirkjunnar. - óká



**GRÍMSSTAÐIR** Þó fjárfestirinn Huang Nubo vilji eyða háum fjárhæðum til uppbyggingar á Grímsstöðum á Fjöllum er hann með mun fleiri járn í eldinum. MYND/SIGGA HALLGRÍMS

# Skoðar fjárfestingar víðar

**Kínverski fjárfestirinn Huang Nubo vill fjárfesta í ferðaþjónustu á norðurslóðum víðar en á Íslandi. Skoðar kosti í Svíþjóð, Noregi, Kanada og víðar. Huang segir eima eftir af andrúmslofti kalda stríðsins í Evrópu.**

**FRÉTTASKÝRING**

Hver eru umsvifin hjá kínverska athafnamanninum Huang Nubo annars staðar en á Íslandi og í Kína?

Fjárfestingafélag kínverska athafnamannsins Huangs Nubo hefur á undanförnum árum keypt land og fasteignir í Bandaríkjunum, auk þess sem það hefur unnið að verkefnum í ferðaþjónustu á Norðurslóðum.



HUANG NUBO

Fjárfesting upp á ríflega 16 milljarða króna við uppbyggingu á hóteli og þjónustu við ferðamenn á Grímsstöðum á Fjöllum getur haft gríðarleg áhrif í þessum landshluta. Það er þó ekki svo stór biti þegar það er sett í samhengi við að eigandi og stjórnandi Zhongkun-fjárfestingafélagsins, Huang Nubo, er í 129. sæti á lista Forbes yfir 400 auðugustu Kínverjana.

Huang hefur í gegnum Zhongkun-fjárfestingafélagið keypt fasteignir og land í Bandaríkjunum, eins og fram kemur í viðtali við hann á kínversku fréttaveitunni 21CBH. Fyrirtækið hefur verið starfandi frá árinu 1995 og hefur einbeitt sér að fjárfestingum í fasteignageiranum og ferðamennsku, þó ýmis dótturfélög sinni öðrum verkefnum.

Í viðtalinu við 21CBH segist hann hafa áhuga á að fjárfesta í ferðamennsku í Bandaríkjunum og Evrópu, þó heimamarkaðurinn í Kína verði áfram mikilvægastur.

Fram kemur á vef Zhongkun að forsvarsmenn fyrirtækisins séu að skoða möguleika á fjárfestingum í Svíþjóð, Finnlandi og Danmörku. Þeir hafa einnig lýst áhuga á að skoða fjárfestingar í Kanada.

Þessar mögulegu fjárfestingar eru skemmra á veg komnar en fjárfestingar hér á landi. Zhongkun er enn að leita að heppilegum verkefnum sem tengjast ferðaþjónustu í þessum löndum.

Athygli vekur að ekki er rætt um mögulega fjárfestingu í Noregi á vef Zhongkun. Samskipti Noregs og Kína hafa verið afar stirð frá því kínverski andófsmaðurinn Liu Xiaobo fékk friðarverðlaun Nóbels árið 2010.

Í viðtalinu við 21CBH segir Huang að enn eimi eftir af andrúmslofti kalda stríðsins í Evrópu, þar sem hann sé iðulega spurður hvort hann sé í kínverska kommúnistaflokknum, og hvort hann sé útsendari kínverskra stjórnvalda.

Hann segist reikna með því að þessi viðhorf hverfi með tímanum þegar kínverskir fjárfestar verði algengari í þessum heimshluta.

Huang líkir hugsunarhættinum í Evrópu í dag við það sem tíðkaðist á nítjánda áratug síðustu aldar í Kína, þegar kommúnistaflokkurinn ákvað að leyfa erlenda fjárfestingu í landinu.

„Það skiptir ekki máli hvar höfuðstöðvar fyrirtækja eru staðsettar, fyrirtækin munu semja sig að háttum heimamanna og vera góðir þegnar," segir Huang við 21CBH.

brjann@frettabladid.is

**Ættarnafnið fyrst**

Kínversk nafnahefð er öðruvísi en Íslendingar eiga að venjast, þar sem ættarnafnið kemur á undan skírnarnafni. Þó Huang Nubo sé gjarnan kallaður Nubo í daglegu tali er réttara að nota ættarnafn hans, Huang, á sama hátt og talað er um Obama en ekki Barack þegar talað er um Barack Obama Bandaríkjaforseta.


www.volkswagen.is




Volkswagen Golf BlueMotion

Sparnaðarráð frá Þýskalandi

Meðaleyðsla aðeins
3,8 lítrar á hverja 100 km*

* Miðað við blandaðan akstur á beinskiptum Volkswagen Golf BlueMotion 1.6

Das Auto.

Komdu og reynsluaktu Volkswagen Golf

Reynslan er góð!

Laugavegi 170-174 · 590 5000 · hekla.is · hekla@hekla.is · umboðsmenn um land allt

HEKLA




Allar nýju þvottavélarnar frá **AEG** skarta hinni nýju og byltingarkenndu **Protex**-tromlu sem tryggir mun betri meðferð og endingu á þvottinum en áður og nýja **OptiSense**-hugbúnaðarkerfið skilar betri orkunýtingu en nokkru sinni fyrr.

L60260FL & L60460FL




**Traust 6 kg. þvottavél með stafrænum skjá, fáanleg bæði 1200 sn/mín og 1400 sn/mín. Einföld og þægileg í notkun og allri umgengni. Íslenskt stjórnborð.**

• Ný Protex–tromla, 66 lítrar, sem fer betur með þvottinn • OptiSense– gáfnaljósið ákveður þvottatíma, vatnsmagn og orku miðað við hleðslu • Afgangsraki: 52% • Stórt lúguop • Öll hugsanleg þvottakerfi, sparkerfi, hraðkerfi (20 mín.) • Tímaval, hægt að stilla gangsetningu allt að 20 klst. fram í tímann • Öryggiskerfi gegn leka • Barnalæsing • Sjálfvirk öryggisslökkvun • Þvottahæfni: A / Þeytivinduafköst: B / Orkuflokkur: A++

**Íslensk notendahandbók.**

L75470FL & L75670FL




**Öflug 7 kg. þvottavél með stafrænum skjá, fáanleg bæði 1400 sn/mín og 1600 sn/mín. Kolalaus mótor. Einföld og þægileg í notkun og allri umgengni. Íslenskt stjórnborð.**

• Ný Protex–tromla, 66 lítrar, sem fer betur með þvottinn • OptiSense– gáfnaljósið ákveður þvottatíma, vatnsmagn og orku miðað við hleðslu • Afgangsraki: 43% • Stórt lúguop • Öll hugsanleg þvottakerfi, sparkerfi, hraðkerfi (20 mín.) • Tímaval, hægt að stilla gangsetningu allt að 20 klst. fram í tímann • Öryggiskerfi gegn leka • Barnalæsing/Barnaöryggi • Sjálfvirk öryggisslökkvun • Kolalaus mótor, hljóðlátari og endingarbetri • Þvottahæfni: A / Þeytivinduafköst: A / Orkuflokkur: A+++

**Íslensk notendahandbók.**

L87680FL




**Kröftug 8 kg. þvottavél með stafrænum skjá, vindur allt að 1600 sn/mín. Tvö gufukerfi. Kolalaus mótor. Einföld og þægileg í allri notkun og umgengni. Íslenskt stjórnborð.**

• Ný Protex–tromla, 66 lítrar, sem fer betur með þvottinn • OptiSense– gáfnaljósið ákveður þvottatíma, vatnsmagn og orku miðað við hleðslu • Afgangsraki: 43% • Stórt lúguop • Öll hugsanleg þvottakerfi, sparkerfi, hraðkerfi (20 mín.) • Tímaval, hægt að stilla gangsetningu allt að 20 klst. fram í tímann • Tvö gufukerfi: Frískun, fjarlægir ólykt • Krumpuvörn, auðveldar straujun • Öryggiskerfi gegn leka • Sjálfvirk öryggisslökkvun • Barnalæsing/Barnaöryggi • Kolalaus mótor, hljóðlátari og endingarbetri • Þvottahæfni: A / Þeytivinduafköst: A / Orkuflokkur: A+++

**Íslensk notendahandbók.**

T65270AC




T76280AC




T86280IC




## AÐ ÞVO MEÐ AEG

Þegar þú þværð með AEG máttu búast við framþróaðri tækni og flottri hönnun. AEG þvottavélar eru hannaðar til að skara fram úr á öllum sviðum. Þær eru einstaklega sparneytnar, fjölhæfar, áreiðanlegar og auk þess glæsilegar útlits.

## STÚTFULLAR AF NÝRRI TÆKNI

AEG þvottavélarnar fá allt að A +++ einkunn fyrir orkusparnað og vatnsnotkun, þökk sé m.a. nýja Advanced Fuzzy Logic-kerfinu og svo gerir Silent System Plus-tæknin þær alveg einstaklega hljóðlátar.

## ALLIR GETA FUNDIÐ SÍNA DRAUMAVÉL

Það hafa ekki allir sömu þarfir þegar kemur að þvotti og þvottavélum. AEG þvottavélar fást í mismunandi stærðum og gerðum, t.d. taka þær frá 3.5–9 kg. af þvotti í eina vél og vinduhraðinn er allt frá 400-1600 sn./mín.

## NÝJU ÞURRKARARNIR

**Íslenskt stjórnborð** • Stafrænn skjár • Barkalausir með rakaskynjara • Taka allt að **8** kg. af þvotti • Nýtt og byltingarkennt þurrkkerfi í **ProTex**-tromlunni tryggir fullkomið loftflæði og minna slit á þvotti og dregur úr krumpum • Fjöldi þurrkkerfa • Krumpuvörn • Hægt að velja lengd kerfis, frá 10 mín. upp í 2 klst. • Sjálfvirk öryggisslökkvun og margt, margt fleira.

**Íslensk notendahandbók.**

ORMSSON

LÁGMÚLA 8 · SÍMI 530 2800

SJÁ NÁNAR Á: www.ormsson.is

Verslanir og umboðsmenn um land allt

KVIKA

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Hvað ef fáir fá þunga dóma fyrir efnahagsbrot?

## Sök þarf að sanna

SKOÐUN



Ólafur Þ. Stephensen
olafur@frettabladid.is

Paul Larsson, prófessor við Lögregluháskólann í Ósló, ráðlagði Íslendingum í samtali við Fréttablaðið í gær að vænta ekki of mikils af saksókn vegna efnahagsbrota í aðdraganda bankahrunsins. Ólíklegt væri að þungir dómar féllu vegna meiriháttar mála.

Larsson, sem flutti erindi á ráðstefnu Norræna sakfræðiráðsins á Selfossi, segir að eftir norrænu bankakreppuna fyrir tveimur áratugum hafi komið í ljós að vegna þess hvað efnahagsbrot séu flókin og sönnunarfærslan þung hafi saksókn í fæstum tilvikum skilað sér í sakfellingu. Íslendingar þurfi að búa sig undir að dómar sem hér falli snúi að stórum hluta að „smærri“ afbrotum á borð við bókhaldsbrot.

Þetta er möguleiki, sem þarf að gera ráð fyrir. Margir hafa miklar væntingar til þess að starfsemi embættis sérstaks saksóknara skili sér í þungum dómum yfir bankamönnum og viðskiptajöfrum, sem óumdeilt er að tóku of mikla áhættu sem á endanum varð bankakerfinu að falli.

Hins vegar er fyrir það fyrsta ekki víst að lög hafi verið brotin í málum sem sérstakur saksóknari rannsakar. Rannsókn getur skilað þeirri niðurstöðu að enginn ásetningur hafi verið um slíkt. Það er líka hugsanlegt að jafnvel þótt hann hafi verið fyrir hendi, sé ekki hægt að sýna fram á það þannig að hafið sé yfir vafa.

Kaarlo Jännäri, finnski sérfræðingurinn sem á sínum tíma var fenginn til að taka út fjármálaeftirlit á Íslandi, benti í skýrslu sinni á að bankar og stórfyrirtæki hefðu einblínt á bókstaf fremur en anda laganna. Þau hefðu haft her lögfræðinga í að finna glufur í banka- og fyrirtækjalöggjöfinni með eignarhaldsflækjum og lagakrókum. Þessi vonda fyrirtækjamenning stuðlaði ekki aðeins að falli bankakerfisins, hún getur líka haft í för með sér að erfitt verði að draga menn til ábyrgðar.

Jännäri og margir fleiri sem hafa fjallað um íslenzka fjármálakerfið leggja áherzlu á að hér verði byggt upp skilvirkt fjármálaeftirlit og lært af mistökum sögunnar. Paul Larsson segir að slíkir lærdómar af kreppunni 1989-1990 hafi gert að verkum að Norðmenn hafi komizt hjá því að lenda í sömu sporum og Íslendingar þegar fjármálakreppan skall á árið 2008.

Hann bendir á að það sé auðveldara og einfaldara að grípa inn í áhættusama starfsemi fjármálastofnana með stjórnsýsluaðgerðum á borð við sektir og leyfissviptingar en með því að fara með mál í gegnum lögreglurannsókn og dómstóla. Það segir sig líka sjálft að sú leið er líklegri til að fyrirbyggja kerfishrun en dómstólaleiðin.

Að sjálfsögðu vona flestir að þeir sem brutu af sér í aðdraganda bankahrunsins verði látnir taka ábyrgð á gerðum sínum. En við verðum líka að hafa í huga þá grundvallarreglu réttarríkisins að brot þarf að sanna til að hægt sé að refsa fyrir þau. Það er að minnsta kosti óráðlegt að hengja sálarheill sína á það að þungir dómar falli. Það hversu fáar ákærur eru komnar fram, þremur og hálfu ári eftir hrun, sýnir hvað málin eru flókin sem sérstakur saksóknari glímir við.

Niðurstaðan í þeim málum skiptir líka hlutfallslega litlu máli til að hindra að annað bankahrun geti orðið á Íslandi, miðað við þá vinnu sem enn er ólokið við að efla fjármálaeftirlit og hagstjórn á Íslandi. Þó fær sú vinna bæði mun minni athygli og fjármuni en saksókn efnahagsbrotanna.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRI:** Ólafur Þ. Stephensen *olafur@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is*
Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds.
Issn 1670-3871




## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Hræsni

Fátt óttast Íslendingar meira en að útlendingar komi og steli fiskinum úr sjónum þeirra. Drjúgur hluti andstæðinga aðildar Íslands að Evrópusambandinu byggir grundvallar afstöðu sína á þessari hræðslu. Á sama tíma lóna íslenskir togarar úti fyrir ströndum fátækustu ríkja Afríku, moka þar upp fiski í kappi við tréduggur heimamanna og stunda það sem sumir kalla rányrkju, eins og DV hefur greint frá. Ekki er að sjá að margir missi svefn yfir þessu hér norður frá. Við erum nefnilega álíka flink í tvískinnungi og fiskveiðum.



### Allir þægir

Senn líður að lokum aðildarviðræðna Íslands við Evrópusambandið. Þegar kosningabarátta já- og nei-fylkinganna stendur fyrir dyrum ríður á að allir haldi hópinn. Hvorug þeirra má við því að uppreisnarseggir hlaupi útundan sér og viðri efasemdir sem gætu komið samherjum þeirra illa. Flestir stjórnmálaflokkar eru til dæmis viðkvæmir fyrir slíkum frávikum, en kannski síst Samfylkingin. Hún hefur staðið sem einn maður að baki ESB-aðild.



### Efasemdarmaður fær stöðu

Guðbjartur Hannesson, velferðarráðherra Samfylkingarinnar, hefur skipt um stjórnarformann hjá Íbúðalánasjóði. Katrín Ólafsdóttir hagfræðilektor víkur fyrir Jóhanni Ársælssyni, fyrrverandi þingmanni Samfylkingarinnar. Til Jóhanns hefur lítið sem ekkert spurst frá því að hann hætti á þingi árið 2006. Síðan hefur hann meðal annars rannsakað sjóslys. Jóhann er einn hinna örfáu liðsmanna Samfylkingarinnar sem hefur varann á gagnvart Evrópusambandinu og ásælni þess í fiskimiðin okkar. Það er gott að hann er ekki látinn gjalda þess við stöðuveitingar.

stigur@frettabladid.is

## HALLDÓR



# Leikur að eldi

Stjórnmál



Sigríður Ingibjörg Ingadóttir
alþingismaður

Það hefur vart farið framhjá landsmönnum að umfangsmikið málþóf á sér stað á Alþingi þessa dagana. Tilefnið er tillaga um fækkun ráðuneyta og verkaskipting innan stjórnarráðsins. Frá því vorið 2011 hefur stjórnarandstaðan (Sjálfstæðisflokkur og hluti Framsóknarflokks) rætt skipan stjórnarráðsins af kappi, með hléum. Nú má að sjálfsögðu hafa á þessu máli ólíkar skoðanir eins og öðrum, en að ræða það dögum og vikum saman er nú fullmikið af því góða. Í flestum þingræðisríkjum er fjöldi ráðuneyta og verkaskipting þeirra í millum einfaldlega ákveðin með reglugerð forsætisráðherra. Verkaskipting stjórnarráðsins er talin á óþekkt ríkisstjórnar en ekki þingsins. Þar sem skipan ráðuneyta er ákveðin með lögum, t.d. í Finnlandi, dytti engum í hug að efna til stórpólitískra deilna eða málþófs í þingsal vegna breytinga á stjórnarráðinu. Langdregin ræðuhöld um stjórnarráðið á Alþingi verður að skoða í þessu ljósi.

Þetta leiðir óneitanlega hugann að því að málþóf er nær óþekkt fyrirbæri í þingræðisríkjum Evrópu. Hollast er okkur að líta til nágranna okkar á Norðurlöndum. Ef þingmenn vilja sterkt þing og sjálfstætt í störfum þá eru norrænu þingin góð fyrirmynd.

> Hér eftir verður málþóf réttlætanlegt um hvaða mál sem er, jafnvel fjárlög.

Hér á landi er gjarnan talað um málþóf sem eðlilegt og sjálfsagt vopn stjórnarandstöðu á hverjum tíma. Nánast er talað um málþóf eins og náttúrulögmál. Ég skora á þá sem verja málþóf að benda á norræn dæmi máli sínu til stuðnings.

Með því að stunda málþóf um fjölda ráðuneyta hefur verið settur nýr mælikvarði um málþóf á Alþingi. Stjórnarandstaðan leikur sér að eldi. Hér eftir verður málþóf réttlætanlegt um hvaða mál sem er, jafnvel fjárlög. Ég skora því á þingmenn stjórnarandstöðunnar að hugsa sig um tvisvar áður en málþófi um fjölda ráðuneyta verður fram haldið. Þingmenn stjórnarflokkanna verða einnig að hugsa með gagnrýnum hætti um þingstörfin enda eru margir þeirra börn hinnar illræmdu málþófshefðar. Málþóf um fjölda ráðuneyta er sjúkdómseinkenni, undirliggjandi er sjúkdómur sem takast þarf á við.

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **SÍMI:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* og Atli Fannar Bjarkason (dægurmál) *atlifannar@frettabladid.is*
**HELGAREFNI:** Sigríður Björg Tómasdóttir, ritstjórnarfulltrúi, *sigridur@frettabladid.is* **MENNING:** Bergsteinn Sigurðsson *bergsteinn@frettabladid.is* **FÓLK OG SÉRBLÖÐ:** Roald Eyvindsson *roald@frettabladid.is* og Sólveig Gísladóttir *solveig@frettabladid.is*
**ÍÞRÓTTIR:** Sigurður Elvar Þórólfsson *seth@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*

# Grunnskólinn okkar

Menntamál



Oddný Sturludóttir

borgarfulltrúi og formaður skóla- og frístundaráðs

Á vormisseri tóku rúmlega 3.000 reykvískir foreldrar þátt í viðhorfskönnun þar sem ánægja þeirra með grunnskólann var mæld. Reykjavíkurborg leggur metnað sinn í umbótastarf og hafa viðhorfskannanir verið lagðar fyrir foreldra grunn- og leikskólabarna um langt skeið. Nú þróum við sambærilegar kannanir vegna frístundaheimila- og félagsmiðstöðvastarfs. Reykjavíkurborg nýtir sér þessar kannanir í öllu gæða- og fagstarfi og tekur niðurstöður þeirra alvarlega. Kannanirnar eru umbótatæki, bæði fyrir skólana og stefnumótun skóla- og frístundaráðs.

### Mikil gleði með umsjónarkennara

Mýmargt ánægjulegt kom í ljós við úrvinnslu síðustu viðhorfskönnunar. Hæst ber að ánægja foreldra með skólastarfið fer vaxandi og hefur ánægjan ekki mælst meiri frá árinu 2002. Ánægja foreldra með umsjónarkennara er mikil og eykst á milli ára. 90% foreldra eru ánægð með viðmót umsjónarkennara við sitt barn og 91% foreldra er ánægt með viðmót umsjónarkennara við foreldra. Mest eykst ánægja foreldra með upplýsingamiðlun umsjónarkennara um barnið, í 82% úr 73% árið 2008. Ánægja með foreldraviðtöl eykst töluvert og mikill meirihluti foreldra telur að börnum þeirra líði vel í skólanum, þar eykst ánægja með líðan í kennslustundum mest.

### Ekkert barn býr við skerta námsgetu

81% foreldra telur að skólinn komi vel til móts við þarfir síns barns og hefur sú tala farið hækkandi síðustu ár sem er jákvætt. Það býr nefnilega ekkert barn við skerta námsgetu, það er hlutverk skólanna að finna námsefni og námshætti við hæfi. Börnin eiga ekki að þurfa að aðlagast skólanum, það er skólanna að mæta þörfum hvers og eins barns. Það er kjarninn í skólastefnu án aðgreiningar, stefnu sem fagnar margbreytileika og vegsamar styrkleika hvers og eins. Í þessu verkefni er skólafólk vakið og sofið – og við erum að ná árangri.

### Árangur í baráttu gegn einelti og neyslu

Einn mesti vágestur í tilveru barna og unglinga er einelti. Reykvískir kennarar og starfsfólk skóla eru sífellt vakandi fyrir því að skapa andrúmsloft umburðarlyndis og samvinnu, svo að einelti nái ekki að skjóta rótum. Í þeim efnum hefur merkilegur árangur náðst. Hlutfall foreldra sem telur barn sitt hafa orðið fyrir einelti síðasta árið lækkar úr 16% á árinu 2010 í 11% nú. Sé nánar rýnt í niðurstöður ýmissa mælinga sem tengjast einelti kemur í ljós að börn telja skólann bregðast fyrr við og vera meira vakandi fyrir því að einelti nái ekki að skjóta rótum. En hér skipta vökulir foreldrar, sem og náin samvinna okkar foreldra um börnin í bekknum líka máli. Brýnum fyrir börnum okkar umburðarlyndi, sátt og samlyndi. Það er veganesti sem ávallt heldur gildi sínu. Eitt barn sem verður fyrir einelti er einu barni of mikið, við höldum áfram baráttunni gegn einelti, á hverjum degi. Önnur jákvæð niðurstaða sýnir okkur hvað reykvískir unglingar eru upplýstir og ábyrgir með því að taka afstöðu gegn hvers kyns vímugjöfum. Síðastliðin tíu ár hefur þeim unglingum stöðugt fækkað sem drekka og reykja. Það eru gríðarlega jákvæðar niðurstöður.

### Takk fyrir frábært fólk

Ég vil þakka starfsfólki grunnskóla fyrir þann metnað og fagmennsku sem einkennir skólastarfið. Þakklæti foreldra birtist í næstum hverju einasta svari við þeim fjölmörgu spurningum sem er að finna í viðhorfskönnun ársins. Í reykvískum grunnskólum eru sterkir innviðir, þar starfa metnaðarfullir kennarar, góðir stjórnendur og umfram allt eru þar við nám duglegir nemendur. Árangur í lestri og stærðfræði hefur aldrei verið betri, sama á við um aðrar námsgreinar.

### Takk fyrir góða foreldra og takk fyrir jafnrétti til náms

Viðhorf foreldra til menntunar barna sinna er sá þáttur sem hefur mest áhrif á velferð þeirra og árangur í skóla. Jákvæðir og virkir foreldrar bæta skólastarfið og auka áhuga og metnað barnanna og styðja við mikilvægt starf kennarans. Sem betur fer taka foreldrar sífellt virkari þátt í skólastarfi barna sinna. Sú þátttaka er veigamikil ástæða fyrir þeim góða árangri sem náðst hefur. Annar þáttur sem oft er vanmetinn er sá jöfnuður sem einkennir íslenskt skólakerfi og er okkar dýrmætasta sérstaða. Jöfnuðurinn í kerfinu okkar kemur skýrt fram í alþjóðlegum rannsóknum og er öfundarefni annarra þjóða.

Niðurstöður nýjustu viðhorfskönnunar sýna að við náum árangri með því að halda áfram að setja markið hátt. Börn og unglingar í Reykjavík eiga bestu tækifæri skilið, jafnt í námi sem félagsstarfi.

# Landsvæði borga ekki skatta

Sjávarútvegur



Bolli Héðinsson

hagfræðingur

Spurningin um hvort útgerð beri að borga eiganda fiskimiðanna, þjóðinni, auðlindagjald eða ekki, stendur ekki um hvort einstök landsvæði borgi gjaldið, því skattur er ekki lagður á landssvæði, heldur eru skattar greiddir af einstaklingum. Þannig stendur spurningin um það hvort heppilegra sé að arðinum af fiskveiðunum sé varið til persónulegra þarfa útgerðarmannsins eða hvort nýta eigi arðinn til samgöngumála á borð við jarðgangnagerð og í vegabætur. Það er hinn raunverulegi valkostur sem við stöndum frammi fyrir.

Þó svo að vilji sé fyrir því að tryggja áframhaldandi auðlegð einhverra einstaklinga sem eiga lögheimili annars staðar en í Reykjavík þá er það ekki nokkur trygging fyrir því að viðkomandi einstaklingur (sem sleppt yrði við auðlindagjald) noti þá aukalegu fjármuni sem hann hefur úr að spila til uppbyggingar þar á staðnum. Þvert á móti sýndi reynslan í góðærinu annað. Umframfjármunirnir (auðlindarentan) sem með réttu hefðu átt að renna til verkefna í þágu þjóðarinnar voru gjarnan nýttir til gæluverkefna, einhvers konar „útrásar“ með afleiðingum sem okkur eru öllum kunnar.

### Upphafið að endi rökræðunnar

Upphafið að endi allrar skynsemdarumræðu hér á landi er þegar annar deiluaðila segir: „ertu þá á móti landsbyggðinni?“ Um leið og farið er að tengja skoðanaskipti því hvort menn séu hugsanlega andsnúnir landsbyggð eða ekki (eins fáránlega og það hljómar) þá hefur tekist að jarða rökræðuna og umræðan snýst um allt annað en hagsmuni landsbyggðar og þjóðar.

Spurningin um auðlindagjald hefur ekkert með landsvæði að gera heldur aðeins hvort hlífa eigi nokkrum einstaklingum sem skráðir eru til heimilis á tilteknum stað við því að borga afnotagjald af fiskveiðiauðlindinni eða hvort krefja eigi þá um leigugjald af sameign þjóðarinnar svo það megi nota til samfélagslegra verkefna.

Umræðan um auðlindagjaldið er núna stödd í þeim farvegi sem hún hefði átt að vera í við upphaf kjörtímabils ríkisstjórnarinnar. Sú leið sem stjórnvöld hafa lagt til er því miður ekki nægjanlega einföld og gegnsæ og stenst ekki kröfur um hámörkun á arðbærni greinarinnar. Umræðan sem spunnist hefur í kjölfar þess að frumvarpið hefur verið lagt fram og viðbrögð hagsmunaaðila sem einskis svífast og láta gremju sína bitna á þeim er síst skyldi, starfsfólki sínu, hefur aftur á móti fært okkur heim sanninn um hversu brýnt er að innkalla aflaheimildirnar svo ekki leiki vafi á eignarhaldi og ráðstöfunarrétti þjóðarinnar á fiskveiðiheimildunum.



# Kínamál

Erlendir fjárfestar

Einar Benediktsson
fv. sendiherra



Nýafstaðin heimsókn forsætisráðherra Kína, Wen Jiabo, er til marks um að risaveldið leggur sig mjög í framkróka um nánari tengsl við Ísland. Þar ræður landlega Íslands við Norðurskautið. Kínverski forsætisráðherrann heimsækir Ísland fyrst á leið sinni til Þýskalands, Svíþjóðar og Póllands sem staðfestingu þess, að Kínverjar líta svo á að aðild að Norðurskautsráðinu skipi smáríkinu Íslandi í flokk með hinum stærri.

Vinátta er mjög misnotað orð af Íslendingum um alþjóðasamskipti. Varðandi Kína rekum við okkur á hinn hrikalega stærðarmun en það er þó ekki mergurinn málsins. Vinsamleg tengsl þjóða og náið samstarf er milli þeirra sem hafa sömu hagsmuna að gæta og umfram allt aðhyllast sömu þjóðfélagsgildi. Mannréttindi vestrænnar menningar eru þar efst á blaði. Um Kína og Ísland þarf ekki að fjölyrða hvað þetta snertir. Enda tókum við Dalai Lama opnum örmum og styðjum réttindabaráttu Tíbetbúa í óþökk Alþýðulýðveldisins Kína. Við stöndum með kínverskum andófsmönnum, nú síðast Chen Guangeng hins blinda, sem hafði leitað hælis í ameríska sendiráðinu í Beijing.

Opnun nýrra siglingaleiða um heimskautið styttir siglingaleið Kínverja til Evrópuhafna um þúsundir kílómetra. Annað mál er að undir íshellunni er á hafsbotni svæðisins verulegur hluti alls ónýtts heimsforða olíu og jarðgass. Kína á ekki tilkall til neins nýtingarréttar þeirra auðæfa samkvæmt ákvæðum Hafréttarsáttmálans að skilningi Íslendinga og annarra aðila að Norðurskautsráðinu. Aðalatriði eru réttindi strandríkis til hafsbotns utan efnahagslögsögunar sem er land- og jarðfræðilegur hluti af landgrunni þess. Eru Kínverjar ásáttir við þessa grundvallarskoðun og þar af leiðandi stefnu aðildarríkja Norðurskautsráðins?

Skipaferðir þeirra við Ísland um norð-austur heimskautsleiðina geta orðið feikimiklar. Megi þeir sem aðrir sigla þann sjó í friði, svo fremi að ýtrustu kröfum okkar um öryggi og mengunarvarnir sé framfylgt. Hafréttarsáttmáli SÞ kveður á um réttindi strandríkis gagnvart siglingafrelsi annarra innan 200 mílna efnahagslögsögunnar. Kínverjar halda uppi sértúlkun sér í hag á gr. 58-1 þess sáttmála, sem gefur tilefni til að spyrja hvað þeir meina með því að þeir muni fara eftir ákvæðum Hafréttarsáttmálans við Norðurskautið.

Svo er að skilja að Kínverjar hafi seilst eftir umráðum yfir umskipunarhöfn vegna gámaflutninga í Norður Noregi. Hætt var við tilraunir við Norðmenn um hafnaraðstöðu af pólitískum árekstri vegna afhendingar friðarverðlauna Nóbels 2010 til Kínverjans Liu Xiaobo, aðgerðarsinna og rithöfundar. Norðmenn lentu með öðrum orðum á sama svarta listanum og Liu. Norðaustanlands hér ætti staðsetning kínverskrar hafnaraðstöðu að vera jafn gagnleg og í Noregi. Og enn meira mál væri að koma upp olíumóttökuhöfn á sömu slóðum þegar og ef olíuvinnsla verður á Jan Mayen svæðinu, sameign okkar við Norðmenn. Annars verður endastöð leiðarinnar frá Kína til Evrópu í Piraeus, hafnarborg Grikklands, en þar hefur skipafélagið China Ocean Shipping Company, eða Cosco, leigt hina miklu gámahöfn til 35 ára fyrir 5 milljarða dollara. Ekki fer gott orð af Kínverjum þar um slóðir. Í Piraeus, nú uppnefnt Chinatown, gildi ekki grísk lög eða kjarasamningar.

Þá er það Huang Nubo, væntanlega útsendari kínverskra stjórnvalda dulbúinn sem sjálfgerður milljóneri. Ef það er satt sem sagt er, að kínverskir útrásarmenn séu öðrum óbilgjarnari, hafa Íslendingar dregið eitt trompið úr því liði í persónu þessa manns. Þann 4. maí hélt hann uppi ávirðingum frá Beijing á íslenskan ráðherra sem hefur vogað sér að vera honum andsnúinn. Hann var í kínverska alheimssjónvarpinu cctv.news samdægurs og gumaði yfir að hafa haft innanríkisráðherrann undir með samningi sem hann nú hefði fengið. Það er fáheyrð framkoma útlendings í garð stjórnvalda landsins. Af hverju laug hann því að samningur sem iðnaðarráðuneytið mælir með sé til 99 ára?

Áform Huangs Nubo um byggingu mannvirkja á Grímsstöðum fram til ársins 2062, skv. 40 ára samningi, gætu verið bakland umskipunar-olíuhafnar norðarlega á Austfjörðum. Hver veit? Myndi gistiaðstaða á þessum óvistlega stað fyrir golfvöll, ekki henta sem kínverskar vinnubúðir ef með þarf? Væri ekki rétt að fara hægt í sakirnar að Grímsstaðir á Fjöllum verði ekki Chinatown í Norðurþingi?

Um þessi mál er og verður deilt. Hvað um þá málamiðlun að Huang Nubo fái, ef hann vill, lóð á Grímstöðum til að byggja þar hótel/ráðstefnustað? Gott mál væri líka aðsetur þar fyrir rannsóknarstöð þá um norðurljósin sem nýverið var samið um sem sameiginlegt áhugaefni. Annað væri ráðstefnuhald t.d. við hina risavöxnu Heimskautastofnun Kína, sem Egill Þór Nielsson, starfsmaður hennar, kynnti í afar áhugaverðum fyrirlestri. Stofnunin sem er í Shanghai virðist slaga upp í alla stjórnsýslu Íslands.

Samvinnu við Kína hérlendis sem tengist einhverjum óljósum eigna- eða leiguyfirráðum þeirra á íslensku landsvæði ætti alveg að útiloka. Slíkt er meira mál en aðilar á sveitastjórnarstigi og lögfræðingar iðnaðarráðuneytisins eigi að greina. Um er að ræða grundvallaratriði utanríkisstefnu Íslands í samskiptum við erlend ríki og í þessu tilviki það viðkvæma atriði, að allar langtíma fyriræetlanir kínverskra stjórnvalda eru duldar og óþekktar. Langtíma yfirráð Kínverja á íslensku landsvæði væri fáránleg ráðstöfun. Annað mál er að kínversk fyrirtæki eru velkomnir þátttakendur í íslenskri stóriðju á sama grundvelli íslenskra laga og aðrir erlendir fjárfestar og á það að sjálfsögðu við um ströng dvalar- og búsetuleyfi. Þá er hinn mikli kínverski markaður afar áhugaverður fyrir íslenska útflutningsframleiðslu og við þakklátir hvers kyns samvinnu í þeim efnum. Hin ágæta Íslandsstofa spyr: Viltu eiga viðskipti í Kína? Og svarið er sjálfgefið JÁ.

Hann var í kínverska alheimssjónvarpinu cctv.news samdægurs og gumaði yfir að hafa haft innanríkisráðherrann undir með samningi sem hann nú hefði fengið. Það er fáheyrð framkoma útlendings í garð stjórnvalda landsins. Af hverju laug hann því að samningur sem iðnaðarráðuneytið mælir með sé til 99 ára?

# Fyllum bókahillurnar!

Börn þurfa að umgangast bækur til að öðlast áhuga á bóklestri. Bóklestur skilar sér í góðum lesskilningi og þar með betri námsárangri. Það er sama hvar borið er niður, meira að segja stærðfræðin snýst að miklu leyti um að geta lesið. Börn sem alast upp við bóklestur foreldranna og gott aðgengi að bókum sýna meiri áhuga á bóklestri en önnur börn. Þessir ungu lestrarhestar þurfa lesefni við hæfi, nýjar spennandi barnabækur sem efla og viðhalda lestraráhuganum. Hinn hópurinn er mun stærri, börnin sem lítinn eða engan áhuga hafa á bóklestri. Þessir krakkar þurfa svo sannarlega lesefni við hæfi, bækur sem koma þeim á bragðið og vekja áhuga þeirra á bóklestri.

Öll börn þurfa nefnilega bækur, bækur sem örva, gleðja, fræða og styrkja. Það er hlutverk skólakerfisins að jafna leikinn milli þeirra barna sem fengið hafa lestraruppeldi og hinna sem búið hafa við bókleysi. Skólunum ber að bjóða öllum börnum upp á tækifæri til að þroskast og eflast sem lesendur. En hafa börnin góðan aðgang að bókum í skólunum? Því miður er ekki hægt að svara þessari spurningu játandi. Í rannsókn Brynhildar Þórarinsdóttur, dósents við Háskólann á Akureyri, á stöðu skólasafnanna vorið 2011 kom í ljós að bókakaupafé til skólasafna landsins hefur verið skorið harkalega niður frá Hruni. Framlögin fóru niður í núll í sumum skólum, að meðaltali var bókakaupafé skorið niður um helming og þannig stendur það enn. Niðurskurðurinn hefur haft langmest áhrif á yndislestrarbækur, nýjar skáldsögur fyrir börn og unglinga; bækurnar sem eflt gætu áhuga barna á lestri. Dæmigerður skóli með um 450 nemendur hafði um 350–400 þúsund krónum minna til innkaupa árið 2011 en fyrir Hrun. Á sama árabili hækkuðu barnabækur um 28% í verði skv. Bókatíðindum. Raunverulegur samdráttur í bókakaupafé varð því miklu meiri en krónutalan sýnir. Til að halda í við verðlagsþróun hefði bókakaupafé þurft að hækka um 28% í stað þess að dragast saman um 50%. Vitaskuld hefur þessi samdráttur í bókakaupum skólasafnanna haft mikil áhrif á útgáfu barnabóka á íslensku. Alvarlegust eru þó skilaboðin sem skólabörnin fá um að bóklestur sé óþörf afþreying.

Illa búin skólasöfn munu hvorki fjölga í hópi lestrarhesta né halda í þá sem eru þar fyrir. Rannsóknin leiddi í ljós að skólasafnakennarar hafa miklar áhyggjur af yndislestri nemenda. Þeir gera sitt besta til að halda bókum að börnum og unglingum en þykir miður að geta ekki keypt fleiri nýjar barnabækur og boðið nemendum upp á betra úrval. Áhyggjur þeirra af möguleikum barna til lestrar er nauðsynlegt að setja í samhengi við minnkandi bóklestur barna og unglinga. Nærri einn af hverjum þremur 10-15 ára krökkum á Íslandi les ekki bækur sér til ánægju en í sama hópi voru einungis 11% árið 1968, skv. rannsóknum Þorbjörns Broddasonar. Auðvitað hafa lestrarvenjur barna breyst og lesefnið með en það virðist vera að áhuginn á lestri bóka skipti mestu máli því bóklesturinn byggir upp lesskilning.

Krafan um að snúa við blaðinu og efla lestraráhuga barna á ný er marklaus ef skólasöfnunum verður áfram haldið við hungurmörk. Lestrarhvatning er veigamikill þáttur í starfsemi skólasafnanna og mikilvægt er að þau geti boðið upp á fjölbreyttan bókakost. Samkvæmt Stefnuyfirlýsingu UNESCO/IFLA (1999) er læsi kjarninn í þjónustu skólasafna og ber þeim að efla lestur og með því stuðla að áframhaldandi ánægju barna og unglinga af lestri þannig að þau verði virkir notendur bókasafna í framtíðinni. Skólasöfn eru jafnframt sögð frumskilyrði fyrir sérhverja langtíma stefnumörkun um læsi, menntun, aðgengi að upplýsingum sem og efnahagslega, félagslega og menningarlega þróun.

Það segir sig sjálft að nauðsynlegt er að bókakostur skólasafnanna sé í takt við tímann, höfði til nemenda og hvetji þá til lestrar. Staðan er hins vegar grafalvarleg og starfsfólk skólasafnanna varar við afleiðingum langvarandi fjárskorts. Söfnin verða „hvorki fugl né fiskur“ ef áfram verður skorið við nögl. Nú hefur læsi verið skilgreint sem einn af sex grunnþáttum í íslensku menntakerfi, skv. nýrri Aðalnámskrá. Það leiðir vonandi til þess að yfirvöld menntamála og sveitarfélögin – sem reka grunnskólana – taki höndum saman við að bæta bókakost skólasafnanna. Börn verða einfaldlega ekki almennilega læs nema með því að lesa bækur.

Bókakaupafé skólasafnanna var skorið niður þrátt fyrir að ótal rannsóknir sýni skýr tengsl milli áhuga á bóklestri og árangurs í lesskilningi og þar með námsárangurs. Það er kominn tími til að snúa þróuninni við og fylla bókahillur skólasafnanna. Í dag verður úthlutað úr Skólasafnasjóði Félags íslenskra bókaútgefenda, nú með tilstyrk Arion-banka. Sjóðurinn er vissulega fagnaðarefni og verður vonandi til þess að fleiri félagasamtök og fyrirtæki beini sjónum sínum að mikilvægi þess að efla lestur á allan hugsanlegan hátt. Atvinnulífið verður að sýna vilja sinn í verki, það eru hagsmunir þess að lestrarkunnátta verði hér til framtíðar sem allra best – fögrum orðum þurfa að fylgja kröftugar efndir.

*Andri Snær Magnason*
*Áslaug Jónsdóttir*
*Brynhildur Þórarinsdóttir*
*Kristín Helga Gunnarsdóttir*
*Pétur Gunnarsson*
*Sigrún Eldjárn*
*Sindri Freysson*
rithöfundar

BM·VALLÁ
bmvalla.is
BM Vallá ehf.
Breiðhöfða 3
110 Reykjavík
Sími: 412 5050
Fax: 412 5001
sala@bmvalla.is




Gluggar
eru ekki bara gler

**Veldu háeinangrandi PRO TEC Classic glugga sem spara orku**

BM Vallá býður vandaðar gluggalausnir frá PRO TEC í Danmörku. Gluggarnir eru úr áli og tré og henta vel fyrir íslenskar aðstæður. PRO TEC gluggar hafa verið seldir á Íslandi frá 1993 og verið prófaðir og vottaðir gagnvart íslensku vind- og slagregnsálagi. Glerið er háeinangrandi sem lækkar hitunarkostnað og sparar orku. Hver gluggi er sérsmíðaður eftir óskum viðskiptavinar um stærð, lit og lögun.

Kynntu þér PRO TEC hjá BM Vallá áður en þú velur glugga.
Það gæti borgað sig.



# TÆKNIDAGUR

## TÆKNI- OG VERKFRÆÐIDEILDAR HÁSKÓLANS Í REYKJAVÍK

Föstudaginn 11. maí kl. 12:00–15:00

DAGSKRÁ:

12:00 – 12:10

**Opnun Tæknidags HR 2012**

Ari Kristinn Jónsson, rektor býður gesti velkomna.
Sérstakir boðsgestir Tæknidags HR 2012 eru 20, 30 og 40 ára útskriftarárgangar tæknifræðinga.

12:10–13:00

**Málþing: Íslenskt atvinnulíf kallar á tæknimenntun**

- Oddný Harðardóttir, fjármálaráðherra og starfandi iðnaðarráðherra
- Kristinn Andersen, formaður Verkfræðingafélags Íslands
- Orri Hauksson, framkvæmdastjóri Samtaka iðnaðarins
- Pétur Reimarsson, forstöðumaður stefnumótunar- og samskiptasviðs Samtaka atvinnulífsins
- Ari Kristinn Jónsson, rektor Háskólans í Reykjavík
- Umræður
  Fundarstjóri er Guðrún A. Sævarsdóttir, forseti tækni- og verkfræðideildar

13:00

**Viðurkenningar fyrir bestu lokaverkefnin í tæknifræði**

Oddný Harðardóttir, fjármálaráðherra og starfandi iðnaðarráðherra, og Önundur Jónasson, formaður Tæknifræðingafélags Íslands, veita viðurkenningar fyrir framúrskarandi lokaverkefni. Nokkrir nemendur kynna lokaverkefni sín.

13:45

**Uppskeruhátíð** 3ja vikna námskeiða tækni- og verkfræðideildar.
Nemendur sýna verkefni sín, innandyra sem utan, í Háskólanum í Reykjavík.

- Mannvirki í Öskjuhlíð – samspil arkitektúrs og burðavirkjahönnunar – samstarf HR og LHÍ.
- Gönguróbot til að prófa gervifætur – hreyfigreining og hönnun. Stofa V307.
- Sjálfvirkur kafbátur leikur listir sínar í Djúpinu. Kafbáturinn var framlag HR í alþjóðlegri keppni.
- Sjálfráður iðnróbot í fullu fjöri. Stofa V207, Rafeindatæknistofa.
- Út í geim og aftur heim! – loftbelgur fer upp í 35 km hæð og tekur myndir í gufuhvolfinu. Stofa V106.
- Vindgöng, stór og smá, til kennslu og rannsókna. Stofa Rannsóknarstofa í kjallara.
- Frá bensíni yfir í rafmagn – rafbílaverkefni HR. Stofa V117, Orkutæknistofa.
- Hittu í mark – rafræna handboltamarkið e-Goal mælir hraða og nákvæmni boltans. Stofa V103.
- Burðarþolsprófun á steyptum plötum. Stofa V116, Byggingartæknistofa.
- Tölvustudd hönnun og álagsprófun á álbitum. Stofa V116, Byggingartæknistofa.
- Tölvustudd hönnun í þrívídd og smíði vélbúnaðar. Stofa V118, Vélsmiðjan.
- Áhrif hreyfináms á virkni heilans. Stofa V115, Heilbrigðistæknistofa.
- Róbot með sónar-sjón. Stofa V107.
- Hagnýt verkefni í raforkukerfum – opnar varnir á verkefnum nemenda. Stofa V111.
- Burðarvirkjahönnun húsbygginga. Stofa V109.
- Vöruþróun frá upphafi til enda – opnar kynningar á verkefnum nemenda. Stofa V108.
- Hermun – opnar kynningar á verkefnum nemenda. Stofa V112.
- Verkefnastjórnun – leiðin til árangurs. Stofa V105.

AÐGANGUR ER ÓKEYPIS OG ALLIR VELKOMNIR

www.hr.is

HÁSKÓLINN Í REYKJAVÍK
SAMAN LÁTUM VIÐ HJÓLIN SNÚAST

# Hvers virði eru tengingar? Geta allir unnið?

Orkumál
Magnús Bjarnason
framkvæmdastjóri markaðs- og viðskiptaþróunarsviðs Landsvirkjunar

*Seinni grein*



Evrópusambandið hefur sett sér metnaðarfull markmið hvað varðar endurnýjanlega orku og hyggst sambandið stórauka raforkuvinnslu með endurnýjanlegum orkugjöfum. Evrópusambandið vill þannig skerpa á samkeppnishæfni og sjálfstæði álfunnar í orkumálum til langs tíma og á sama tíma draga úr mengun. Innan ramma Evrópusambandsins hefur sérhvert aðildarland þannig sett sér sjálfstætt og lagalega bindandi markmið fyrir árið 2020 um vinnslu raforku með endurnýjanlegum hætti. Það sem gerir þessa þróun í Evrópu sérstaklega spennandi fyrir íslenska raforkuvinnslu er að aðildarríki mega flytja inn raforku sem unnin er með endurnýjanlegum orkugjöfum og telja sér hana til tekna varðandi áðurnefnd 2020 markmið.

Kostnaður margra Evrópusambandsríkja við að byggja upp endurnýjanlega raforkuvinnslu innanlands er mikill og því hefur verið komið á tímabundnu styrkjakerfi með það að markmiði að lágmarka fjárhagslega áhættu fjárfesta í endurnýjanlegri orku og tryggja afkomu þeirra. Það er ekki síst þetta styrkjakerfi sem gerir það að verkum að lagning rafstrengs frá Íslandi er mjög líklega orðin fjárhagslega fýsileg. Þannig er mögulega hægt að fá enn hærra verð fyrir íslenska endurnýjanlega orku en greitt er fyrir raforku á evrópskum mörkuðum í dag.

Þess ber að geta að um 67% orkunotkunar á Íslandi í dag á uppruna í endurnýjanlegum auðlindum en 2020 markmið fyrir Ísland getur um að það hlutfall skuli vera að minnsta kosti 64% árið 2020.

Lagning rafstrengs frá Íslandi hefði minni áhrif á raforkuframboð á Íslandi en ætla mætti í fyrstu en fyrir því eru nokkrar ástæður. Fyrst ber að nefna að þar sem Ísland er eyland er raforkuvinnslugeta vatnsorkuvera hönnuð þannig að hægt sé að uppfylla gerða samninga jafnvel í þurrum árum. Af þessum sökum er almennt umframorka í íslenska raforkukerfinu sem hægt væri að nýta eftir að einangrun kerfisins væri rofin. Þá myndi aðgengi að evrópsku raforkuverði gera dýrari kosti í vatns- og jarðvarmaorku arðbæra svo og opna á metnaðarfulla uppbyggingu vindorkuvera. Þessu til viðbótar myndi áþreifanleg tenging auka öryggi kaupenda þar sem hægt yrði að flytja inn orku ef meiriháttar áföll yrðu í rekstri íslenska raforkukerfisins, til dæmis vegna náttúruhamfara eða stórfelldra bilana.

## Hugsanleg þróun raforkusölu

**Landsvirkjunar fram til 2025. Hér er gert ráð fyrir því að raforkusala fyrirtækisins aukist um 70% á þessum tíma og að raforkan komi frá nýjum vatnsorkuvirkjunum, jarðvarmavirkjunum, vindorkuverum og bættri nýtingu orkuauðlinda.**




Rafstrengur þyrfti ekki að þýða að verð á raforku til íslenskra heimila myndi hækka. Lítill hluti íslenskrar raforkuvinnslu er til þess að mæta eftirspurn íslenskra heimila og hægt er með tiltölulega einföldum aðgerðum að stýra verði til almennings. Þá hefur Landsvirkjun sett sér þá stefnu að bjóða iðnfyrirtækjum ávallt samkeppnishæfasta raforkuverð í Evrópu og langtímasamninga.

Myndin að neðan sýnir hugsanlega þróun raforkusölu Landsvirkjunar fram til 2025. Hér er gert ráð fyrir því að raforkusala fyrirtækisins aukist um 70% á þessum tíma og að raforkan komi frá nýjum vatnsorkuvirkjunum, jarðvarmavirkjunum, vindorkuverum og bættri nýtingu orkuauðlinda. Gert er ráð fyrir að 700 MW rafstrengur til Evrópu komi í gagnið fyrir 2020 og að Landsvirkjun vinni um tvo þriðjuhluta þeirrar orku sem flutt er um strenginn. Gert er ráð fyrir öflugum stuðningi við núverandi viðskiptavini auk uppbyggingar nýrra raforkukrefjandi atvinnugreina, s.s. gagnavera. Ef þessi sviðsmynd yrði að veruleika myndi áhættudreifing Landsvirkjunar gjörbreytast frá því sem nú er og myndi viðskiptavinahópur fyrirtækisins þannig samanstanda af sterkum álfyrirtækjum, öðrum fjölbreyttum iðnfyrirtækjum, evrópskum raforkumarkaði svo og almennum íslenskum raforkumarkaði.

Tengingar eru sífellt mikilvægari forsendur framfara. Margt bendir til þess að áþreifanleg tenging Íslands við evrópska raforkumarkaði sé arðsöm og hefði slík tenging vafalaust mikil áhrif hérlendis. Frekari uppbygging íslensks raforkukerfis, jafnt fyrir sæstreng og iðnað, myndi skapa þúsundir starfa og þekkingu í endurnýjanlegum orkuiðnaði en slík þekking verður sífellt eftirsóttari í heiminum. Læra yrði af mistökum sem hafa verið gerð, til dæmis í Suður-Evrópu, þar sem ekki hefur verið tekið nægilega mikið tillit til þarfa iðnfyrirtækja og burtséð frá því hvort rafstrengur yrði lagður frá Íslandi eða ekki mun Landsvirkjun ávallt bjóða samkeppnishæfustu raforkusölusamninga Evrópu. Þannig mun iðnaði á Íslandi standa til boða langtímasamningar um 100% græna orku á hagstæðasta verði sem finnst í Evrópu.

Allir geta unnið. Með rafstreng frá Íslandi færist Evrópa skrefi nær metnaðarfullum markmiðum um aukna raforkuvinnslu með endurnýjanlegum orkuauðlindum sem og treystir þannig efnahag, öryggi og umhverfi álfunnar til lengri tíma litið. Fjölbreyttur viðskiptavinahópur sem samanstendur af sterkum álfyrirtækjum, öðrum fjölbreyttum iðnfyrirtækjum, almennum íslenskum neytendamarkaði og evrópskum raforkumarkaði er sérlega áhugaverð framtíðarsýn fyrir íslenska raforkuvinnslu og myndi skila sér í betri nýtingu kerfisins, sem aftur skapar forsendur fyrir betri þjónustu við viðskiptavini og aukinni arðsemi allra í virðiskeðjunni. Þessu til viðbótar hefði áþreifanleg tenging Íslands við Evrópu án efa í för með sér ýmis jákvæð hliðaráhrif sem erfitt er að sjá fyrir eins og dæmin sanna.

# Lýðfrelsi og efnahagsmál í fyrsta sæti

Efnahagsmál
Hreggviður Jónsson
fv. alþingismaður Sjálfstæðisflokksins



Sumardaginn fyrsta var tilkynnt í Þýskalandi að hagvöxtur væri töluvert meiri en áætlað hefði verið og spáin fyrir næsta ár var einnig bætt. Þetta segir töluvert um styrk Evrópu og evrunnar. Þjóðverjar tóku þann kost að herða stjórn á fjármálum sínum eftir yfirtökuna á gjörsamlega gjaldþrota efnahag A-Þýskalands. Það hefur tekið þá nær 20 ár að ná endum saman, spara og spara. Nú lætur árangurinn ekki á sér standa.

Á meðan evran hefur núna lengi verið í svipuðu róli hefur gullið hrapað um 15%. Þannig að fjárfesting í gulli er ekki eins ljómandi góð og sumir halda.

Kínverski forsætisráðherrann Win Jiabao, sem heimsótti Ísland, hélt einnig til Þýskalands. Ferðin var ekki út í bláinn, heldur afleiðing af sterku sambandi Þýskalands og Kína í gjaldeyris- og efnahagsmálum. Kínverjar hafa gert sér grein fyrir því að sterk evra þýðir áframhaldandi stöðugan útflutning frá Kína til sterkasta útflutningssvæðis þeirra, þar sem þeir fá besta verðið. Það væri betur, ef menn gerðu sér almennt grein fyrir þessum staðreyndum, hvað varðar útflutning frá Íslandi.

Hér á landi er í sífellu verið að klifa á að evran sé svo vond. Hún er ekki verri en svo að við seljum nánast allar okkar afurðir í evrum og á evrusvæðinu. Af hverju? Ástæðan er augljós, þar fáum við hæsta verðið fyrir afurðir okkar. Félli evran yrði fjöldagjaldþrot á Íslandi. Það getur ekki verið tilviljun, að Kaupfélag Skagfirðinga og Samherji eru nú að kaupa eitt af olíufélögum landsins. Þetta er ágóðinn af sölu afurða þeirra í Evrópu. Hagnaðurinn af evrunni. Hitt er að væntanlega er hér um hagamyndun að ræða og a.m.k. í USA væri slíkt stöðvað.

Menn hafa hrópað í stórum kór, hve evran væri að fara illa með löndin í suðri, eins og Grikkland. Er þetta rétt? Nei, sannleikurinn er nefnilega sá, að þessar þjóðir hafa lifað um efni fram um árabil, tekið lán á lán ofan til að halda uppi hærri lífsskilyrðum, en þjóðin getur borið. Nú er komið skuldadögunum. Grikkir hafa, sem dæmi, fjölgað opinberum störfum um helming síðasta tug ára og greitt hærri laun, en ríkið réði við. Eitt dæmið er ríkisjárnbrautin, þar vinna fimm sinnum fleiri starfsmenn, en hjá Svíum, sem eru með svipaðan rekstur á járnbrautum. En ekki er þetta nægilegt, heldur greiddu Grikkir helmingi hærri laun en Svíar gera! Þannig er spillingin grasserandi hjá Grikkjum, þar sem aðeins hluti af sköttunum er innheimtur. Er nokkur furða, að gerðar séu lágmarkskröfur til Grikkja þegar kemur að hjálp við þá? Og þeir hafa fengið 75% af skuldum bankanna strikaðar út.

Það vantar lýðfrelsi og festu hjá þessum þjóðum og Íslendingum líka. Án lýðfrelsis er lýðræðið tómt snakk. Við erum búin að fá nóg af hagsmunasósíalisma Sjálfstæðisflokksins og viljum alvöru lýðfrelsi.

# Jón eða séra Jón

Samfélagsmál
Anna Hulda Júlíusdóttir
nemi



Ég vil þakka Jóhannesi Kr. Kristjánssyni fréttamanni og öllu því frábæra fólki sem hefur hugrekki til að stíga fram í dagsljósið og tala um einelti.

Kvíði, svefnleysi og skömm eru þeir fylgifiskar sem ég þekki frá fyrstu hendi sem þolandi eineltis á vinnustað. Einelti og annað ofbeldi er ekkert annað en fjandsamleg framkoma einnar manneskju í garð annarrar og er ekkert einkamál heldur smánarblettur á íslensku samfélagi. Gerendur spyrja hvorki um stétt né stöðu; prestur, maður, kona, þingmaður, forstjóri, kennari, unglingur, barn, foreldri, nemandi og svo mætti lengi telja. Ofbeldi á aldrei rétt á sér og er algjörlega á ábyrgð gerandans.

Kæri gerandi, hvað er það sem veldur vanlíðan þinni? Er það brotin sjálfsmynd, afbrýðisemi, öfund, valdabarátta, streita, erfiðar heimilisaðstæður eða áttir þú hreinlega bara erfiðan dag? Veistu, að ekkert af þessu er óyfirstíganlegt. Sýndu sjálfum þér þá virðingu að leita þér hjálpar. Sýndu hugrekki og fáðu aðstoð við að verða betri þú.

LYFJA
– Lifið heil

+ 50% afsláttur

Ert þú með brjóstsviða?
+ Galieve dregur úr brjóstsviða á 3 mínútum.
Virkar í allt að 4 tíma.




Galieve mixtúra og tuggutöflur innihalda virku efnin natríumalgínat, natríumhýdrógenkarbónat og kalsíumkarbónat. Galieve er notað við einkennum maga- og vélindisbakflæðis svo sem nábít og brjóstsviða. Skömmtun fyrir fullorðna og börn 12 ára og eldri: Mixtúra: 10-20 ml eða 2-4 töflur eftir máltíðir og þegar farið er að sofa, allt að 4 sinnum á dag. Börn yngri en 12 ára: skal aðeins gefið samkvæmt læknisráði. Sjúklingar með ofnæmi fyrir innihaldsefnunum eiga ekki að nota lyfið. Ekki taka þetta lyf innan tveggja klst. frá því að þú hefur tekið inn önnur lyf þar sem það getur truflað verkun sumra annarra lyfja. Leitaðu til læknisins ef þú veist að þú ert með skert magn af magasýru í maganum, þar sem áhrif lyfsins gætu verið minni. Galieve er öruggt fyrir þungaðar konur og konur með börn á brjósti. Geymið þar sem börn hvorki ná til né sjá til. Lesið vandlega leiðbeiningar á fylgiseðli áður en notkun lyfsins hefst. Markaðsleyfishafi: Reckitt Benckiser Healthcare A/S. Umboð á Íslandi: Artasan ehf., Suðurhrauni 12a, 210 Garðabær.

www.lyfja.is

Lægra verð í Lyfju

Gildir í maí.

ÍSLENSKA SIA.IS / LYF 59613 05/12




# MARKAÐURINN

Miðvikudagur 9. maí 2012 | 9. tölublað | 8. árgangur

Sími: 512 5000 | vísir www.visir.is

…við prentum!
GUÐJÓN Ó
VISTVÆN PRENTSMIÐJA
Sími 511 1234 • www.gudjono.is

# Vodafone á markað



→ Stefnt er að skráningu Vodafone í september eða október

→ Kemur til greina að fá kjölfestufjárfesti til að kaupa stóran hlut

→ Fyrsta nýskráning á vegum Framtakssjóðsins frá stofnun hans

## Tíu óskuldbindandi tilboð bárust í Tryggingamiðstöðina

Tíu óskuldbindandi tilboð bárust í 99,94 prósenta eignarhlut Stoða, áður FL Group, í Tryggingamiðstöðinni (TM) áður en tilboðsfrestur rann út síðastliðinn föstudag, að sögn Júlíusar Þorfinnssonar, framkvæmdastjóra Stoða. Hann segir að verið sé að fara yfir tilboðin og að nokkrir dagar verði teknir í það. „Næsti gluggi er 8. júní og þá á að skila inn skuldbindandi tilboðum.“

Á meðal þeirra sem sýnt hafa áhuga á að kaupa TM eru erlendir fagaðilar í tryggingarekstri, en talið er að verðmiðinn sé á bilinu 13-15 milljarðar króna. Auk þess herma heimildir Markaðarins að fyrirtækjaráðgjöf íslenskra banka hafi leitt vinnu um myndun hópa sem lögðu fram tilboð. Fyrirtækjaráðgjöf Landsbankans annast söluna auk þess sem bankinn hefur þegar sölutryggt ferlið.

TM á stóra hluti í félögum í óskyldum rekstri. Þar á meðal 5,4 prósenta hlut í HB Granda og MP banka, tæplega tíu prósenta hlut í Samherja og 2,7 prósenta beinan eignarhlut í Högum.

- ÞSJ

## Æðstu stjórnendur Roskilde bank ekki sloppnir enn

Þrátt fyrir að saksóknari efnahagsbrota í Danmörku muni ekki sækja stjórnendur og endurskoðendur Roskilde Bank til saka, geta þeir hluthafar sem telja sig hlunnfarna sótt einkamál gegn þeim.

Niðurstaða úttektar saksóknara á gjaldþroti bankans árið 2008, sem skilað var í síðustu viku, var að þrátt fyrir að ýmislegt megi athuga við gjörninga sem tengjast bankanum sé ekki ástæða til saksókna.

Hluthafar voru margir reiðir vegna niðurstöðunnar, en stjórnendur voru taldir hafa fegrað stöðu bankans og breitt yfir erfiðleika í aðdraganda hrunsins.

„Það er langur vegur milli þess annars vegar að gagnrýna Roskilde Bank fyrir afleitan rekstur og mögulegar skaðabótakröfur í einkarétti og hins vegar þess að sanna að stjórnendur og endurskoðendur hafi gerst sekir um lögbrot,“ sagði Jens Madsen ríkissaksóknari í fréttatilkynningu.

Danski seðlabankinn tók yfir Roskilde Bank sumarið 2008, eftir að ljóst varð að bankinn uppfyllti ekki kröfur um eiginfjárhlutfall.

Úttekt yfirvalda hefur staðið frá nóvember 2009.

- ÞSJ



## Fróðleiksmolinn

DataMarket

### Vikuleg fasteignavelta á höfuðborgarsvæðinu fer vaxandi

Samkvæmt gögnum frá Þjóðskrá Íslands um veltu fasteigna á höfuðborgarsvæðinu sést að vikuleg velta hefur farið vaxandi undanfarin þrjú ár. Mynd 1 sýnir fasteignaveltu á höfuðborgarsvæðinu í hverri viku frá 2001 og hins vegar 12 vikna hlaupandi meðaltal (bláa línan) í miljörðum króna. Hæst fór vikuleg velta í 9,5 milljarða í júní 2007 en náði sögulegu lágmarki í desember 2008 eða 272 miljónir króna. Veltan er yfirleitt lægst í desember eða janúar á hverju ári.




Skoða nánar: http://data.is/IRZVI9

### Markaðsverð íbúðarhúsnæðis (jan 2009 – apr 2012)

Sé tekið mið af 12 vikna veltumeðaltali (bláa línan) hefur fasteignavelta á höfuðborgarsvæðinu aukist frá lægsta punkti í janúar 2009. Þrátt fyrir að veltan væri farin að aukast, hélt fasteignaverð á höfuðborgarsvæðinu áfram að lækka (mynd 2) bæði á fjölbýli og séreignum uns sú breyting varð á í byrjun árs 2011 að verð á sérbýli og fjölbýli hækkaði. Að meðaltali hefur verð fasteigna á öllu landinu staðið í stað á þessu tímabili eða frá janúar 2009 til apríl 2012 (mynd 2). Hins vegar hefur fasteignaverð á öllu landinu farið hækkandi frá 2011.




Skoða nánar: http://data.is/Jnipzj

## Dagatal viðskiptalífsins

keldan
dagatal viðskiptalífsins

**MIÐVIKUDAGUR 09. MAÍ**
- **Nýjar upplýsingar frá Þjóðskrá Íslands**
- **Markaðsupplýsingar Lánamála Ríkisins**
- **Erlend staða Seðlabankans** – hagtölur SÍ
- **Gjaldeyrisútboð Seðlabankans**
- **Er greind í gögnum?** Hádegisverðarfundur Ský

**FÖSTUDAGUR 11. MAÍ**
- **Greiðslumiðlun** – hagtölur SÍ
- **Útboð ríkisvíxla**

**MÁNUDAGUR 14. MAÍ**
- **Gjaldeyrisforði og tengdir liðir** – hagtölur SÍ

**ÞRIÐJUDAGUR 15. MAÍ**
- **Vísitala íbúðaverðs á höfuðborgarsvæðinu**
- **Atvinnuleysi í apríl 2012**
- **Tryggingafélög** – hagtölur SÍ
- **Smásöluvísitala RSV**
- **Aðalfundur Lífeyrissjóðs verkfræðinga**

**MIÐVIKUDAGUR 16. MAÍ**
- **Upplýsingar um leiguverð**
- **Fiskafli í apríl 2012**
- **Stjórnir og framkvæmdastjórar fyrirtækja**
- **Vaxtaákvörðunardagur Seðlabankans**
- **Nýsköpunarnámskeið Arion banka**

*Allar markaðsupplýsingar eru aðgengilegar á* visir






**GRÍÐARLEG HÆKKUN** Í byrjun janúar 2007 var þjónustverð á einum lítra af 95 oktana bensíni 116,5 krónur. Í dag er meðalverð á slíkum lítra um 258 krónur. Verðið hefur því hækkað um rúmlega 120 prósent á fimm árum. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Yfir átján milljarða króna veltuaukning

**Hækkandi heimsmarkaðsverð á eldsneyti, fallandi gengi íslensku krónunnar og aukin skattlagning eru helstu orsakir gríðarlegrar veltuaukningar hjá íslensku olíufélögunum á milli ára. N1, stærsta olíufélagið jók sölu sína um 8,9 milljarða.**

**OLÍUFÉLÖG**
**Þórður Snær Júlíusson**
thordur@frettabladid.is

Fjórir stærstu eldsneytissalar landsins seldu samtals vörur fyrir 18,3 milljörðum króna meira í fyrra en þeir gerðu árið 2010. Aukningin er að langmestu leyti tilkomin vegna hækkandi eldsneytisverðs. Þetta kemur fram í ársreikningum N1 og Skeljungs og svörum forsvarsmanna Olís og Atlantsolíu við fyrirspurn Markaðarins um málið. Vert er að taka fram að kostnaður félaganna jókst samhliða mjög mikið.

Sala N1 jókst um 8,9 milljarða króna á síðasta ári. Alls seldi fyrirtækið vörur fyrir 54,7 milljarða króna árið 2011 en fyrir 45,8 milljarða króna árið áður. Sú aukning er einnig að mestu til komin vegna hækkandi eldsneytisverðs. Þetta er hækkun á veltutölum upp á 19,4 prósent. Hluti af aukningunni er tilkominn vegna þess að N1 þjónustar Icelandair, en töluverð aukning hefur einnig verið í sölu á flugvélaeldsneyti.

**TEKJUAUKNING OLÍUFÉLAGA**

**á milli áranna 2010 og 2011**

| | 2010 | 2011 |
|---|---|---|
| N1 | 45,8 | 54,7 |
| Olís | 28,7 | 32,4 |
| Skeljungur | 26,4 | 31,6 |
| Atlantsolía | 6,5 | 6,9 |

Allar tölur eru í milljörðum króna

Í svari Einars Benediktssonar, forstjóra Olís við fyrirspurn Markaðarins, kemur fram að heildarvelta Olís á árinu 2011 hafi verið 32,4 milljarðar króna og að hún hafi hækkað um 3,7 milljarða króna á milli ára. Í krónum talið er um tæplega 13 prósent aukningu að ræða. Að sögn Einars jókst velta Olís í eldsneytissölu heldur meira í prósentum þar sem samdráttur var í sölu á ýmsum öðrum sérhæfðum vörum og rekstrarvörum sem félagið selur. Hann segir að hækkunina á söluverðmæti eldsneytis megi rekja til hækkunar á heimsmarkaðsverði á olíu, gengi íslensku krónunnar og aukinnar skattlagningar hérlendis.

Skeljungur seldi vörur fyrir 31,6 milljarða króna í fyrra. Það er aukning um 5,2 milljarða króna frá árinu áður. Einar Örn Ólafsson, forstjóri félagsins, staðfesti við Fréttablaðið að aukningin væri að langmestu leyti til komin vegna hækkunar á eldsneytisverði. Þetta er aukning upp á 19,6 prósent. Skeljungur þjónustar Iceland Express og því má rekja hluta af aukningunni sem átt hefur sér stað hjá fyrirtækinu til aukningar í sölu þess.

Heildartekjur Atlantsolíu, sem er langminnsta olíufélagið á markaðnum, jukust um tæpan hálfan milljarð króna í fyrra þegar þær voru 6,9 milljarðar króna. Að sögn Guðrúnar Rögnu Garðarsdóttur, framkvæmdastjóra hjá Atlantsolíu, má rekja aukninguna að stærstum hluta til hækkandi eldsneytisverðs. Það megi aftur rekja til hækkandi heimsmarkaðsverðs og hærri skatta á eldsneyti.

Fyrirhuguð bygging kísilvers á lóð við Helguvík í Reykjanesbæ:

# Hluti eigenda Kísilfélagsins keypti Helguvíkurlóðina

Hluti eigenda Íslenska kísilfélagsins hefur fest kaup á lóð við Helguvík í Reykjanesbæ þar sem áætlað er að reisa kísilver. Um er að ræða sömu lóð og Íslenska kísilfélagið hafði fyrirhugað að nýta undir kísilver áður en Reykjaneshöfn rifti kaupsamningi þess efnis.

Í tilkynningu frá Reykjaneshöfn til Kauphallar Íslands í síðustu viku segir að kaupandinn, félagið Stakksbraut 9 ehf., hafi greitt 200 milljónir samkvæmt samningi.

Stakksbraut 9 var stofnað í febrúar síðastliðnum af lögmannastofunni BBA Legal og eini stjórnarmaður þess er Atli Björn Þorbjörnsson, einn eigenda BBA Legal.

Í samtali við Markaðinn sagðist Atli Björn ekki geta veitt upplýsingar um það hverjir stæðu að félaginu, en heimildir Markaðarins herma að um sé að ræða aðstandendur Tomahawk Development á Íslandi, sem áttu 80% hlut í Íslenska kísilfélaginu á móti bandaríska félaginu Globe Specialty Metal.



**FRÁ HELGUVÍK** Heimildir Markaðarins herma að hluti eigenda Íslenska kísilfélagsins standi á bak við félagið Stakksbraut 9, sem hefur fest kaup á lóð við Helguvík þar sem kísilver á að rísa.

Reykjaneshöfn rifti samningum við Íslenska kísilfélagið hinn 18. apríl, vegna vanefnda á samningum, en sama dag var gengið frá kaupum Stakksbrautar 9 ehf. á lóðinni, sem er að Stakksbraut 9. Þá samninga taldi Reykjaneshöfn ekki lakari en samningana við Íslenska kísilfélagið.

- þj

Eirberg




## Nuddrúlla

Nuddrúllan mýkir upp stífa og auma vöðva eftir æfingar. Íslenskar leiðbeiningar með myndum.



## Balance fit

Gott jafnvægi er undirstaða hreyfingar
Jafnvægispúði með göddum og lofti



## Æfinga og yogadýnur – Fjölbreytt úrval



# HEILSURÆKT BETRI LÍÐAN

## Stuðningshlífar

Fjölbreytt úrval af stuðningshlífum.



## Core trainer – æfingateygja

Býður upp á marga möguleika til að styrkja bak- og kviðvöðva, handleggi og fótleggi. Bæklingur með æfingum fylgir.

## Æfingateygjur

Fjölbreytt úrval af æfingateygjum með mismunandi stífleika.





## Bakteygjubretti

Gefur góða teygju á mjóbak og brjóstbak.
Dregur úr bakverkjum og bætir líkamsstöðu.
Fæst nú einnig með þrýstipunktanuddi á bakvöðva.

Opið virka daga í sumar frá kl. 9 - 18 • Stórhöfða 25 • Sími 569 3100 • eirberg.is



**ENDURKOMA** Bræðurnir Lýður og Ágúst töpuðu allri eign sinni í Bakkavör Group en hafa nú fengið tækifæri til að kaupa sig aftur inn í félagið sem þeir stofnuðu á sínum tíma. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Bakkavör Group í endurskipulagningu:

# Bakkavararbræður kaupa fjórðung á þrjá milljarða

Bræðurnir Ágúst og Lýður Guðmundssynir munu greiða 15 milljónir punda, um þrjá milljarða króna, fyrir 25 prósenta hlut í Bakkavör Group, samkvæmt heimildum Markaðarins. Lagt verður til á hluthafafundi, sem haldinn verður síðar í þessum mánuði, að hlutafé félagsins verði aukið sem þessu nemur og að bræðurnir fái að kaupa það allt. Afgangurinn af hlutafé Bakkavarar Group verður í eigu þeirra íslensku kröfuhafa sem gerðu nauðasamning við félagið fyrir tveimur árum. Þeirra stærstir eru Arion banki, skilanefnd Glitnis, LSR, Lífeyrissjóður verzlunarmanna og Gildi lífeyrissjóður. Samhliða munu bræðurnir gefa eftir meirihluta í stjórn Bakkavarar Group sem þeir hafa haldið frá því að nauðasamningurinn var undirritaður. Auk þess þurfa þeir að skila eignarhlut í Bakkavör Group til Klakka, sem hét áður Exista. Sá eignarhlutur var færður út úr því félagi árið 2009 þegar bræðurnir réðu enn yfir Existu. Sá gjörningur hefur meðal annars verið til rannsóknar hjá embætti sérstaks saksóknara.

Hið nýja eigið fé sem kemur inn í félagið mun meðal annars verða notað til að greiða kostnað af fjárhagslegri endurskipulagningu Bakkavarar og til að greiða erlendum bönkum sem félagið skuldar fé fyrir að gefa eftir lánaskilmála sem það hefur þegar brotið gegn.

Heildarvirði Bakkavarar er talið vera á bilinu 20-40 milljarðar króna. Fáist það verð fyrir félagið myndu bræðurnir Ágúst og Lýður fá fimm til tíu milljarða króna fyrir þann hlut sem þeir eru nú að kaupa á þrjá milljarða króna.

- þsj



**HÆTTUR** Vilhjálmur Egilsson var stjórnarformaður Gildis fram að síðasta aðalfundi, sem haldinn var í lok apríl. Hann er nú varamaður í stjórn sjóðsins. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Nýjung í ársskýrslu Gildis lífeyrissjóðs:

# Gerði grein fyrir stjórnmálaáhættu

Gildi lífeyrissjóður gerir í fyrsta sinn grein fyrir stjórnmálaáhættu í skýringu með ársskýrslu sinni fyrir árið 2011. Skýrslan var kynnt á ársfundi sjóðsins 25. apríl síðastliðinn. Þar segir: „Íslenskir lífeyrissjóðir búa í dag við nokkra stjórnmálaáhættu og áhættu af breytingum á lögum og regluverki. Undanfarin ár hefur lagaumhverfi lífeyrissjóða verið nokkuð stöðugt, en það hefur breyst á síðustu misserum og í ljósi umfjöllunar um sjóðina á vettvangi stjórnmálanna gætu fleiri breytingar verið í farvatninu. Stjórn sjóðsins telur ástæðu til að vekja athygli á að breytingar á lögum og regluverki í kringum sjóðina geta haft áhrif á afkomu þeirra“.

Í ársskýrslunni er einnig minnst á umræður á vettvangi stjórnmála um víðtæka skattlagningu á myndun lífeyrisréttinda, meðal annars um að inngreiðslur í viðbótarlífeyrissparnað yrðu ekki lengur skattfrjálsar. Þá er sýnt fram á dæmi um breytingar þegar „lögum var breytt þegar gjaldeyrishöft voru sett á og ekki eygir í að þeim verði aflétt. Þau lög breyttu verulega möguleikum sjóðanna til fjárfestinga og áhættudreifingar. Þá var með lögum lagður sérstakur skattur á lífeyrissjóði. Til stendur að afnema hann að hluta eða öllu leyti háð því hvernig sjóðir taka þátt í sérstökum útboðum á eignum í íslenskum krónum fyrir erlendan gjaldeyri, en niðurstaða þessa er enn nokkuð óljós“.

- þsj

# Magnaður uppgangur veðmálafyrirtækis

**Sænska veðmálafyrirtækið Betsson, sem var á árunum 2005 til 2007 að stórum hluta í eigu Straums-Burðaráss, hefur margfaldast að stærð og í verði á fáum árum. Vinsældir veðmálavefsíðna hafa stóraukist og sér ekki fyrir endann á þeirri þróun.**

**VIÐSKIPTI**
**Magnús Þorlákur Lúðvíksson**
magnusl@frettabladid.is

Sænska veðmálafyrirtækið Betsson AB, sem margir Íslendingar þekkja, tók í apríl yfir samkeppnisaðila að nafni Nordic Gaming Group (NGG) sem skráð er á Möltu. Betsson greiðir 65 milljónir evra, jafngildi 10,5 milljarða íslenskra króna, fyrir félagið og er með kaupunum orðið eitt stærsta veðmálafyrirtæki í Evrópu.

Yfirtakan á NGG er einungis nýjasta skrefið í uppgangi Betsson sem hefur vaxið á ógnvænlegum hraða síðustu ár. Fyrirtækið rekur fjölmargar veðmálavefsíður en hjá fyrirtækinu starfa nú um 460 manns. Hagnaður þess nam 9,6 milljörðum íslenskra króna á síðasta ári og hefur tvöfaldast á þremur árum. Á fyrsta ársfjórðungi þessa árs jukust tekjur um 28 prósent til viðbótar og þá mun yfirtakan á NGG vafalítið auka tekjur þess til muna.

Veðmálamarkaðurinn á netinu hefur stækkað ört á undanförnum árum og ekki sér fyrir endann á þeirri þróun. Einn helsti aflvaki vaxtarins er að nýir markaðir hafa opnast fyrir veðmálafyrirtækjum með breytingum sem víða hafa orðið á lagaumhverfi slíkra fyrirtækja en starfsemi þeirra hefur löngum verið takmörkuð.

Eins og áður sagði er Betsson AB sænskt fyrirtæki en það var um tíma að stórum hluta í eigu Íslendinga. Í júlí árið 2005 keypti fjárfestingarbankinn Burðarás, sem síðar sameinaðist Straumi, 25,06% hlut í sænsku getrauna- og leikjafyrirtæki sem hét þá Cherryföretagen og rak meðal annars veðmálavefinn Betsson. Verðmæti viðskiptanna var ekki gefið upp en sænskir fjölmiðlar töldu það vera um 200 milljónir sænskra króna, sem jafngilti 1,7 milljörðum íslenskra króna miðað við þáverandi gengi. Síðar jók sameinaður banki hlut sinn í fyrirtækinu í 29%.

Cherryföretagen breytti skömmu síðar nafni sínu í Net Entertainment og var skipt upp í þrjú félög; CherryCasino, Betsson AB og Net Entertainment. CherryCasino rann svo síðar aftur inn í Betsson.

Þegar Burðarás keypti hlut sinn voru bréf í Betsson seld í sænsku kauphöllinni á 28 sænskar krónur. Tveimur árum síðar, í júní árið 2007, þegar Straumur-Burðarás seldi hlutinn í Betsson var hlutabréfaverðið rétt tæpar 60 sænskar krónur. Var hlutur félagsins því seldur á 4,4 milljarða íslenskra króna. Rúmu ári síðar seldi Straumur hlut sinn í Net Entertainment og var áætlað að fyrirtækið hefði hagnast um sem nam 720 milljónum króna á þeim tíma vegna sölunnar.

Upphafleg fjárfesting Burðaráss skilaði Straumi-Burðarási sem sagt talsverðum hagnaði. Þrátt fyrir það má telja líklegt að fyrrum eigendur Straums, sem var tekinn yfir af Fjármálaeftirlitinu í mars 2009, nagi sig í handarbökin að hafa selt hlut sinn í Betsson á árinu 2007. Því til staðfestingar má skoða þróun hlutabréfaverðs félagsins. Verð á hlut í Betsson er nú 221,5 sænskar krónur í sænsku kauphöllinni en eins og áður sagði var það rétt tæpar 60 sænskar krónur þegar Straumur seldi hlut sinn. Markaðsvirði fyrirtækisins er 9,3 milljarðar sænskra króna og væri 29 prósenta hlutur Straums því virði jafngildi rúmra 50 milljarða íslenskra króna í dag. Hefur verðmæti hans því rúmlega tífaldast á þeim tæpu fimm árum sem liðin eru frá sölunni þó hluta þessa megi vitaskuld rekja til veikingar krónunnar á tímabilinu.

Að lokum má taka fram að í viðskiptum er alltaf auðvelt að finna dæmi um frábærar eða misráðnar fjárfestingar eftir á. Fyrir fram reynist það hins vegar yfirleitt þrautin þyngri eins og dæmin sanna.




**BETSSON AB** Betsson AB rekur fjölda veðmálavefsíða á netinu en þeirra þekktust er sennilega hin samnefnda Betsson sem margir Íslendingar þekkja. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Í nýju frumvarpi velferðarráðherra er komið til móts við athugasemdir ESA um ÍLS:

# Íbúðalánasjóður láni ekki til kaupa á dýru húsnæði

Íbúðalánasjóði verður óheimilt að veita lán til kaupa á íbúðarhúsnæði þegar hámarksfjárhæð ÍLS-veðbréfa er lægri en 40 prósent af fasteignamati íbúðarhúsæðis samkvæmt frumvarpi sem Guðbjartur Hannesson velferðarráðherra hefur mælt fyrir á Alþingi.

Það þýðir að Íbúðalánasjóði verður ekki heimilt að veita lán til kaupa á eignum með hærra fasteignamat en 50 milljónir. Er hugmyndin með þessu að koma til móts við athugasemdir frá ESA, eftirlitsstofnun EFTA, um að lánveitingar til kaupa á mjög verðmætu húsnæði rúmist ekki innan félagslegra markmiða sjóðsins.

Meðal annarra breytinga á starfsumhverfi sjóðsins, sem kveðið er á um í frumvarpinu, má nefna að eftirlit með starfsemi hans verður aukið og skýrari skilyrði sett við lánveitingum til uppbyggingar leiguhúsnæðis. Þá verða lánveitingar til endurbóta, byggingar eða kaupa á íbúðarhúsnæði takmarkaðar við almenn lán til einstaklinga.

Breytingarnar byggja flestar á athugasemdum frá ESA sem hefur eftirlit með að Ísland uppfylli skuldbindingar sínar samkvæmt samningnum um Evrópska efnahagssvæðið.

- mh



**GUÐBJARTUR HANNESSON**

# Öflug uppbygging í 80 ár


**1972** Hitaveita á Reykjum, Mosfellsbæ


**1958** Háspennumastur í Kollafirði


**2010** Sundlaugin Hofsósi


**1953** Laxárvatnsvirkjun

Verkís rekur uppruna sinn til 1932 þegar fyrsta íslenska verkfræðistofan hóf starfsemi sína.


**2011** Hörputorg


**2008** Svartsengi

Hjá Verkís starfa útsjónarsamir smiðir hugmynda og lausna, reynsluboltar á öllum sviðum verkfræði og skyldra greina. Síðastliðin 80 ár hafa starfsmenn fyrirtækisins átt þátt í flestum stærri mannvirkjum og framkvæmdum á Íslandi.

**80 ÁRA** 1932 | 2012

**VERKÍS**

Verkís verkfræðistofa | Ármúla 4 | 108 Reykjavík | Sími 422 8000 | www.verkis.is


**2003** Bláa lónið


**1958** Grímsárvirkjun

Saga Verkís er þannig samofin sögu uppbyggingar og atvinnulífs á Íslandi eins og við þekkjum það.


**1946–2011** Hallgrímskirkja



**MIKIÐ MAGN** Sjö stórir pappakassar með gögnum sem hald var lagt á í Banque Havilland hafa borist embætti Sérstaks saksóknara frá Lúxemborg. Ólafur Þór Hauksson er sérstakur saksóknari. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

Embætti sérstaks saksóknara:

# Flest Kaupþingsgögn komin frá Lúxemborg

Embætti sérstaks saksóknara hefur fengið afhent nánast öll gögn sem það lagði hald á í umfangsmikilli húsleit í Banque Havilland, sem áður hét Kaupthing Lúxemborg, í mars í fyrra. Samkvæmt heimildum Markaðarins hefur embættið þegar fengið afhent gögn sem tengjast fjórum stórum málum en á enn eftir að fá gögn vegna eins máls. Ástæða þess að enn er eftir að fá gögn úr einu máli er sú að rannsóknardómari í Lúxemborg komst að þeirri niðurstöðu að hluti þeirra ætti ekki erindi við rannsókn Sérstaks saksóknara. Embættið sætti sig við þá niðurstöðu og er hún ekki talin skipta sköpum fyrir niðurstöður rannsókna.

Á meðal þeirra gagna sem borist hafa til landsins eru gögn sem gegna lykilhlutverki í hinu svokallaða Aurum-Holding máli og gögn sem tengjast rannsókn á 171 milljón evra (27,9 milljarða króna) láni Kaupþings til Lindsor Holdings 6. október 2008.

Yfir 70 manns tóku þátt í húsleitinni í fyrra, sem stóð yfir í rúmar tvær vikur. Um er að ræða stærstu einstöku húsleitaraðgerð sem ráðist hefur verið í í Lúxemborg. - þsj




**SKRÁÐ** Stærsti einstaki eigandi Vodafone í dag, með 79,5 prósent eignarhlut, er Framtakssjóður Íslands. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

# Vodafone á markað í september eða október

**Annað stærsta fjarskiptafyrirtæki landsins fer á markað í haust. Leit að ráðgjafa stendur yfir. Vel kemur til greina að selja hlut til kjölfestufjárfestis. Stjórnarformaður segir markaðsaðstæður vera góðar og að félagið sé rekstrarlega stöðugt.**

FJARSKIPTI
Þórður Snær Júlíusson
thordur@frettabladid.is

Stjórn Vodafone hefur ákveðið að hefja undirbúning að skráningu félagsins á markað. Markmið hennar er að skráningin muni eiga sér stað í september eða október á þessu ári. Þetta staðfestir Þór Hauksson, stjórnarformaður Vodafone, í samtali við Markaðinn. Félagið er næst stærsta fjarskiptafyrirtæki landsins á eftir Símanum. Auk þess rekur það fjarskiptafyrirtæki í Færeyjum.

Óskað verður eftir því að hlutir í Vodafone verði teknir til viðskipta í Kauphöll Íslands í haust að undangengnu útboði. Því verður beint að fagfjárfestum og almennum fjárfestum. Stefnt er að því að tryggja dreifða eignaraðild að félaginu.

Þór segir ákvörðunina hafa verið tekna á síðasta stjórnarfundi Vodafone, sem haldinn var í apríl. „Við teljum tímapunktinn réttan fyrir félagið að fara í skráningu. Það er stöðugt rekstrarlega séð. Það eru þrjú ár síðan það fór í gegnum fjárhagslega endurskipulagningu. Við teljum það því vera skráningarhæft félag og rétt að fjölga hluthöfum þess. Við metum það líka, eins og staðan er í dag, að markaðsaðstæður verði góðar í haust.“

Að sögn Þórs hefur stjórnin fundið fyrir áhuga á meðal fjárfesta á að koma inn í hluthafahóp Vodafone. Sá áhugi er að mestu hjá fagfjárfestum. Nú stendur yfir leit að ráðgjafa til að sjá um ferlið og stjórn Vodafone sendi bréf til tíu aðila sem hún telur að hafi getu til þess síðastliðinn mánudag.

Þór segir að vel komi til greina að selja fyrst hlut til kjölfestufjárfesta. „Við sjáum fyrir okkur að gera þetta tvíhliða. Vel kemur til greina að leita fyrst að kjölfestufjárfestum á meðal fagfjárfesta og síðan að fara í opið útboð.“

Vodafone er sem stendur í ráðandi eigu Framtakssjóðs Íslands (FSÍ), sem á 79,5 prósent eignarhlut. Félagið verður það fyrsta sem FSÍ mun nýskrá á markað síðan að sjóðurinn var stofnaður í desember 2009. Alls voru eigendur Vodafone samtals 45 talsins um síðustu áramót. Þorri viðbótarhlutafjár í félaginu er í eigu lífeyrissjóða og fjármálafyrirtækja.

Teymi, fyrrum móðurfélag Vodafone, gerði nauðasamning við kröfuhafa sína í apríl 2009. Í kjölfarið var hluti vaxtaberandi skulda Vodafone færður yfir til Teymis og öðrum vaxtaberandi skuldum að frádregnum kröfum á hendur Teymi umbreytt í nýtt hlutafé. Við þessa aðgerð lækkuðu skuldir Vodafone um tæpa átta milljarða króna á árinu 2009.

Í kjölfarið eignaðist Landsbankinn ráðandi hlut í félaginu og renndi því inn í þá nýstofnað eignaumsýslufélag sitt Vestia. Í ágúst 2010 var síðan tilkynnt um að Landsbankinn hefði selt Vestia til FSÍ gegn því að bankinn eignaðist 27,6 prósent í sjóðnum. Hann er nú stærsti einstaki eigandi FSÍ.

Síðan þá hefur rekstur Vodafone gengið ágætlega. Velta Vodafone á árinu 2011 var 12,7 milljarðar króna, sem var mjög svipað og félaginu velti árið á undan. Framlegð þess var um fimm milljarðar króna hagnaður 227 milljónir króna á síðasta ári. Það var nokkuð minna en árið 2010 þegar Vodafone hagnaðist um 355 milljónir króna.



**TÍMABÆRT** „Það eru þrjú ár síðan það [Vodafone] fór í gegnum fjárhagslega endurskipulagningu. Við teljum það því vera skráningarhæft félag og rétt að fjölga hluthöfum þess. Við metum það líka, eins og staðan er í dag, að markaðsaðstæður verði góðar í haust,“ segir Þór Hauksson, stjórnarformaður Vodafone. FRÉTTABLAÐIÐ/AÐSEND MYND

## STEFNIR Í ÁTT AÐ VIRKRI SAMKEPPNI

Vodafone var með 29,8 prósenta markaðshlutdeild á farsímamarkaði um mitt ár 2011, samkvæmt nýjustu tölfræðiskýrslu Póst- og fjarskiptastofnunnar (PFS) um íslenskan fjarskiptamarkað. Viðskiptavinir þess voru 112.392 í lok júní í fyrra og hafði þá fækkað um tæplega fjögur þúsund frá árslokum 2010.

Síminn var með mesta markaðshlutdeild um mitt ár 2011, alls 41 prósent. Heildarfjöldi þeirra sem keyptu þjónustu í farsímaneti félagsins á þeim tíma var 154.416. Viðskiptavinum Símans hefur þó fækkað um 30 þúsund frá árinu 2007 þegar markaðshlutdeild hans var um 60 prósent. Ástæðurnar er meðal annars að finna í því að PFS útnefndi Símann með umtalsverðan markaðsstyrk árið 2007 og lagði kvaðir á félagið vegna þessa, meðal annars um að veita aðgang að farsímakerfi sínu. Í lok mars síðastliðins birti PFS ákvörðun sína um að aflétta þeim kvöðum á tilteknum aðlögunartíma þar sem fjarskiptamarkaður „stefni í átt að virkri samkeppni“.

Nova, þriðja stærsta fjarskiptafélagið, var með 24 prósenta markaðshlutdeild um mitt síðasta ár.



**UPPGANGUR** Nova hagnaðist um rúman hálfan milljarð króna fyrir fjármagnsliði, afskriftir og skatta í fyrra. Liv Bergþórsdóttir er framkvæmdastjóri Nova. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Viðskiptavinum Nova fjölgaði um 17 þúsund í fyrra:

# Nova skilaði hagnaði í fyrsta sinn á árinu 2011

Nova hagnaðist um 374 milljónir króna í fyrra og rekstrarhagnaður fyrir fjármagnsliði, afskriftir og skatta var rúmur hálfur milljarður króna. Þetta kemur fram í ársreikningi félagsins sem skilað var inn til ársreikningaskrár 11. apríl síðastliðinn. Þetta er í fyrsta sinn sem Nova skilar hagnaði, en árið 2011 var fjórða heila starfsár félagsins. Á árunum 2008 til loka árs 2010 tapaði Nova samtals rúmlega 2,2 milljörðum króna. Þorri þess taps kom til á fyrstu tveimur starfsárum félagsins.

Í reikningnum kemur fram að viðskiptavinum Nova í farsíma- og netþjónustu hafi fjölgað um 17 þúsund á árinu 2011. Alls voru virk símkort á kerfi Nova 99.636 talsins um síðustu áramót sem gerir það að verkum að markaðshlutdeild Nova á íslenskum farsímamarkaði er um 26 prósent.

Nova seldi vörur fyrir 3,7 milljarða króna í fyrra, í samanburði við 3,2 milljarða króna árið áður. Þar af var seld farsímaþjónusta ábyrg fyrir um 75 prósentum af rekstrartekjum félagsins og vörusala fyrir um 24 prósentum.

Bókfært eigið fé Nova er tæplega 1,6 milljarðar króna og eiginfjárhlutfall 67,5 prósent. Tveir hluthafar eiga nánast allt hlutafé í Nova, Novator, félag í eigu Björgólfs Thors Björgólfssonar, og Novator Finland Oy, sem Björgólfur Thor á einnig. Nova er að fullu fjármagnað með eigin fé og ber því engar langtímaskuldir. - þsj


Síminn
Tækifærin sköpum
við með góðu fólki
Kristján Þór hjá Eimskip
forstöðumaður upplýsingatæknisviðs
Ljósnetið
– bylting í fjarskiptum
Í fremstu röð í
upplýsingatækni
Nýjungar í
farsímaþjónustu



LJÓSNETIÐ Á MANNAMÁLI

# Bylting fyrir sprotafyrirtæki og fólk sem vinnur heima

„Ljósnet er ein tegund ljósleiðaratengingar, en þeim er skipt í flokka eftir því hve langt þær draga, hvort sem er í símstöð, götuskáp eða inn í húskassa," segir Anna Björk Bjarnadóttir, framkvæmdastjóri tæknisviðs Símans.

Í Ljósneti Símans og Mílu tengist ljósleiðarinn í götuskápa og þaðan liggja svo kopartengingar inn á hvert heimili. Götuskáparnir eru aldrei meira en 2-400 metra frá húsi og með nýjustu tækni tekur koparlínan við síðustu metrana og leiðir Ljósnetið alla leið inn í stofu.

Þéttriðið net kopartenginga í jörðu hefur nýst okkur í símatengingar í tugi ára. Nú flytjum við gögn yfir koparinn á sama hraða og yfir ljósleiðara, sé vegalengdin nógu stutt. Flutningshraðinn er nú þegar 100 megabit á sekúndu, en tilraunir sýna að hægt verður að flytja á hraða sem er yfir 1000 megabit þegar fram líða stundir.

„Koparinn er til staðar og við spörum gríðarmikið á því að nýta hann. Unnt er að leiða Ljósnet inn á um 100 þúsund heimili fyrir fjóra milljarða, en án koparnýtingar myndi svona framkvæmd kosta tugi milljarða og taka margfalt lengri tíma. Þessi hagkvæmni nýtist öllum. Hraðinn er miklu meiri, en verðið svipað eða jafnvel lægra en fyrir ADSL-tengingu," segir Anna Björk.

Að sögn Önnu Bjarkar verður byltingin mest fyrir smærri fyrirtæki auk heimilanna. Hún nefnir sem dæmi sprotafyrirtæki sem starfa í kvikmynda- eða myndbandageiranum og í öðrum skapandi iðnaði, til dæmis við ýmiss konar hönnun. Slík fyrirtæki þurfi mikla bandvídd og verði að geta flutt mikið magn gagna á milli staða á sem stystum tíma.

„Margir vinna heima hjá sér og Ljósnetið er til mikilla hagsbóta fyrir þá, enda hefur það í för með sér stóraukinn internethraða," segir Anna Björk. „Breytingin verður svo ekki síst í möguleikum afþreyingarmiðlanna. Ljósnetið býður upp á margar háskerpurásir fyrir eina fullkomnustu sjónvarpsþjónustu landsins með allt að fimm myndlyklum á hverju heimili fyrir gagnvirkt sjónvarp og VOD myndaleigu."

**Myndband** um þá möguleika sem háhraða nettenging býður upp á

www.siminn.is/myndband

**Ljósnetið**






Ábyrgðarmaður: Hildur Björk Hafsteinsdóttir, texti: Þórunn Hrefna Sigurjónsdóttir, ljósmyndir: Baldur Kristjáns, hönnun og uppsetning: ENNEMM. ©Síminn 2012

SÍMINN ER VOTTAÐUR HÝSINGARAÐILI

# **Smá hiksti í tölvukerfi** getur kostað fyrirtæki tugmilljónir



Ólafur R. Rafnsson hjá Capacent sérhæfir sig í upplýsingaöryggi, rekstri og stjórnun upplýsingakerfa og hefur m.a. unnið fyrir Símann. Hann segist vart geta ítrekað nógu oft mikilvægi þess að fyrirtæki velji aðila með virkt stjórnkerfi upplýsingaöryggis.

„Það er gríðarlega verðmætt," segir Ólafur. „Einkum og sér í lagi fyrir fyrirtæki sem hafa ekki aðgang að tæknilegri og/eða faglegri þekkingu. Að vera hjá traustum aðila eins og Símanum er mjög mikilvægt, til þess að stuðla að rekstrarlegu öryggi og samfelldum rekstri.

Í VIST hýsir Síminn gögn fyrir fyrirtæki, tekur reglulega afrit af þeim og rekur jafnvel allt tölvukerfið. Það skiptir miklu máli að gögn eða kerfi séu tiltæk ef á þarf að halda. Ef upp koma óvænt atvik, þá þarf að bregðast við á skipulegan hátt og áætlanir þurfa að vera til staðar. Það er mikilvægt að vera í þjónustu hjá aðila sem er með virkt eftirlit."

Ólafur segir að fyrirtæki séu jafn mismunandi og þau séu mörg. „Sum fyrirtæki reiða sig algerlega á tölvukerfi. Ef eitthvað kemur upp á – jafnvel bara smá hiksti í kerfinu – og gögn glatast eða kerfi eru ekki tiltæk þegar á þarf að halda getur það kostað fyrirtækið tugi milljóna, leyfi ég mér að segja.

Hjá fyrirtækjasviði Símans er verið að vinna eftir stjórnskipulaginu – sömu öryggiskröfur eru gerðar um allan búnað og það skiptir máli. Fyrirtæki geta bæði geymt gögn á búnaði Símans eða komið með sinn búnað og geymt í vélasal Símans. Forsvarsmenn fyrirtækja mega þó ekki halda að fái þeir aðila eins og Símann til að sjá um kerfið sitt séu þeir þar með að úthýsa ábyrgð á öryggi. Þeirri ábyrgð verður ekki komið yfir á aðra. Úthýsing á rekstrarlegri ábyrgð eykur vissulega rekstraröryggi, en það er fyrirtækisins sjálfs að bera ábyrgð á sínu kerfi og/eða gögnum."

## Gríðarlega verðmætt að velja traustan þjónustuaðila

KRAFTMEIRI TENGING MEÐ LJÓSNETINU

# Við erum lítil hönnunarstofa en þurfum **öruggt háhraðanet**



Narvi er þverfagleg hönnunarstofa (Creative Agency) sem vinnur með auglýsingastofum, minni fyrirtækjum og stofnunum, bæði á Íslandi og erlendis. „Narvi vinnur með fólki sem hefur metnað til að skapa framúrskarandi sjónræna upplifun og samskipti," segir Þorbjörn Ingason, sem rekur stofuna ásamt Sölva Sigurðssyni og Ellen Loftsdóttur. „Þetta eru fjölbreytt verkefni sem fela í sér hönnun á prentgripum og leikstjórn á grafískum og leiknum sjónvarpsauglýsingum."

Þegar Þorbjörn er spurður út í hvaða þýðingu Ljósnetið muni hafa fyrir rekstur eins og Narvi stendur í, segir hann að góð nettenging skipti gríðarmiklu máli. „Fyrir örfáum árum hefðum við þurft að setja þau þungu gögn sem við erum að flytja, bæði innanlands og yfir hafið, á disk og senda þau í hraðpósti. Þessi aukna gagnaflutningsgeta sem við fáum núna með Ljósnetinu gerir okkur kleift að starfa saumlaust með tengiliðum okkar í Bandaríkjunum og Evrópu í verkefnum sem krefjast þess að vera flutt um internetið."

Þorbjörn segir að í þekkingar- og þjónustuhagkerfi nútímans séu aukin verðmæti fólgin í hugverkum og upplýsingum sem ferðast um á internetinu.

„Íslenskur hugverkaiðnaður byggir á auðlind sem ekki er háð kvóta og þarf ekki að fara í umhverfismat. Stækkunarmöguleikarnir eru líka mun meiri en í hefðbundnum iðnaði. Með góðri tengingu við umheiminn hafa skapandi Íslendingar greiðan aðgang að stærri og dreifðari markaði sem áður var erfitt eða ómögulegt að nálgast."



KRISTJÁN ÞÓR HJÁ EIMSKIP

# Eimskip heldur þétt utan um sína viðskiptavini

Fyrir rúmu ári færði Eimskip grunnrekstur á upplýsingatækni yfir til Símans, sem starfrækir öfluga upplýsingatækniþjónustu. Síminn hýsir öll helstu tölvukerfi Eimskips ásamt því að sjá um rekstur og eftirlit. Einnig sér Síminn um rekstur þjónustuborðs fyrir tölvunotendur hjá Eimskip.

Eimskip er fyrirtæki í stöðugri framþróun sem hefur gott orðspor og því er forvitnilegt að fá að grennslast fyrir um starfsemi þess. Kristján Þór Hallbjörnsson forstöðumaður upplýsingatæknisviðs Eimskips ætlar að segja okkur frá fyrirtækinu, frá því helsta í samstarfinu og hver framtíðarsýn fyrirtækisins er í upplýsingatæknimálum.

„Fyrirtækið var stofnað 1914 og er því tæplega aldargamalt. Eimskip var stofnað vegna vilja Íslendinga til að brjótast undan einokun útlendinga í flutningum til og frá landinu. Við erum að reka gáma-, frysti- og stórflutningaskip og frægustu ferju á Íslandi, Herjólf. Fimmtán prósent íslensku þjóðarinnar átti í fyrirtækinu við stofnun þess. Eimskip er stærsta félagið í flutningastarfsemi hér á landi, með 17 skip í rekstri og rekur 45 starfsstöðvar í 17 löndum í þremur heimsálfum. Starfsmennirnir eru um 1300 og rúmur helmingurinn af þeim starfar hér á landi. Eimskip siglir um Norður-Atlantshafið, sem skilgreint er sem heimamarkaður. Við þjónum öllum fyrirtækjum sem þurfa á flutningalausnum að halda.

Kristján Þór leggur ríka áherslu á að þjónustustefna Eimskips sé ákaflega skýr: „Númer eitt er að þjónustan skapi verðmæti fyrir viðskiptavini Eimskips.“

Fyrirtækið vill styðja vel við viðskiptavininn og vinna með honum í að skapa aukin verðmæti í virðiskeðjunni og við viljum standa okkur í því sem við erum að gera. Vinna okkar er mjög skilvirk sem byggir á reynslu og hæfni starfsmanna Eimskips. Við erum mjög gagnrýnin á allt sem við gerum og á það hverja við veljum sem samstarfsaðila. Ef Eimskip ætlar að ná tilsettum árangri þá er nauðsynlegt að vinna með öflugum einstaklingum og fyrirtækjum, sem skilja hvert við erum að fara og hafa sömu sýn og skilning á verkefnunum, og það hefur Síminn.“

„Ein af ástæðunum fyrir því að við völdum Símann er sú þekking sem þar er fyrir hendi á gagnasamböndum. Það er mikil áskorun að afhenda upplýsingatækni héðan frá Íslandi til meginlands Evrópu, Ameríku og Asíu,“ segir Kristján Þór. „Eimskip er fyrirtæki sem þarf að hafa mikla og góða yfirsýn yfir starfsemi sína um heim allan.“ Kristján segir að Eimskip leiti alltaf leiða til þess að bæta sig og vera leiðandi á flutningamarkaðnum á heimsmarkaði hvað varðar upplýsingagjöf og samskipti við viðskiptavini og ýmislegt sé á döfinni í samstarfinu við Símann: „Við erum að setja upp svokallað „virtual desktop-umhverfi“ sem virkar þannig að hver starfsmaður Eimskips fær úthlutað sinni eigin sýndarvél með sínu vinnuumhverfi sem hýst er miðlægt og starfsmaðurinn getur tengst henni hvaðan sem er í gegnum internetið.

„Það sem komið er í gagnið hefur mælst mjög vel fyrir,“ segir Kristján Þór. „Með tækninni verður samstarfið auðveldara og viðskiptin og samskiptin „fljóta“ betur. Við höfum betri yfirsýn og getum fylgst náið með hverju verkefni enda er það ávallt markmiðið hjá okkur að þjóna viðskiptavininum sem best – alla leið – sama hvar í heiminum hann er staddur.“

**Við treystum Símanum til að styðja við öfluga þjónustu Eimskips**



**GISTINÓTTUM FJÖLGAR**
Samkvæmt Hagstofu Íslands fjölgaði gistinóttum í mars milli ára um 38%. Þær voru um 134.000 í ár en voru 97.300 í fyrra. Mestu munar um mikla fjölgun erlendra ferðamanna en gistinóttum þeirra fjölgar um 45% milli ára.



Hugsaðu vel um fæturna
Í hálfa öld hafa miljónir manna um allan heim notað BIRKENSTOCK sér til heilsubótar. Hvað um þig?
Teg: „BOSTON" Fótlaga skór úr leðri og 100% innleggi úr náttúru-korki.
Stærðir: 36 - 48. Verð: 18.500.-
Misty skór Laugavegi 178
BIRKENSTOCK
Sími 551 2070
Opið mán.-fös. 10-18.
Laugardag 10-14.
Vertu vinur
Góð þjónusta - fagleg ráðgjöf.
www.mistyskor.is



White-Westinghouse - amerísk gæða heimilistæki
Þvottavél 12 kg Þurrkari

Taka 12 Kg · Hljóðlát
Stórt op > auðvelt að hlaða
Sparneytin amerísk tæki.
<Þvottvélin tekur heitt og kalt vatn
Afkastamikill þurrkari >
Amerísk gæðavara
RAFVÖRUR
DALVEGI 16c · 201 KÓPAVOGI
SÍMI 568 6411 · WWW.RAFVORUR.IS





**HÉR ER ALLT STÓRT** Magnús Ingi með girnilegan disk með stórum hamborgara fylltan með cheddar osti ásamt heimagerðum frönskum og laukhringjum. MYND/VILHELM

# Ostafylltir Hamborgarar

**TEXASBORGARAR KYNNA** *Veitingastaðurinn Texasborgarar við Grandagarð býður upp á stóra ostafyllta borgara með heimagerðum frönskum. „Hér er allt stórt eins og í Texas," segir eigandi staðarins.*

Hamborgarastaðurinn Texasborgarar opnaði nýverið að Grandagarði 11. Þema hans líkir eftir klassískri Amerískri matstofumenningu þar sem flest er heimagert úr 100% gæðahráefni. „Talið er að hamborgarinn eins og við þekkjum hann í dag hafi fyrst sést á matseðli á kaffihúsi í Texas á síðari hluta 19. aldar svo þaðan kemur nafnið á staðnum og hamborgurunum," segir Magnús Ingi Magnússon eigandi Texasborgara. Á matseðli er meðal annars hægt að panta girnilega nýjung sem eru ostafylltir Hamborgarar. „Í Texas er hamborgari með cheddar-osti kallaður Alamoborgari þannig að Alamo-borgarinn hjá okkur er fylltur með cheddar. Dallas-borgarinn er fylltur með gráðosti og El Paso-borgarinn með camembert."

Heimagerðar franskar, bæði venjulegar og sætar fylgja með öllum réttum ásamt laukhringjum og leggur Magnús mikið upp úr því að hafa skammtana vel útilátna. „Þetta er eins og í Texas, þar sem allt er stórt. Kjötið fær að njóta sín og bragðið af því kemst vel í gegn. Hamborgararnir eru stórir eða 140 grömm og grillaðir á alvöru grilli. Sósurnar tókum við okkur góðan tíma í að þróa og lögum að sjálfsögðu hér á staðnum. Eftir matinn er svo kaffi og súkkulaðiterta eða sjeik og íspinni fyrir börnin," segir Magnús glaðbeittur."



**GIRNILEGT OG HEIMAGERT** FRÖNSKURNAR, HAMBORGARARNIR OG SÓSURNAR ERU UNNAR FRÁ GRUNNI HJÁ TEXASBORGURUM.


Gönguferðin þín er á utivist.is

Skoðaðu ferðir á utivist.is
ÚTIVIST



Meirapróf

ÖKU SKÓLINN Í MJÓDD
Upplýsingar og innritun í síma 567 0300 / 894-2737
Nýtt námskeið hefst 11. maí



Gólfhitakerfi
Ekkert brot ekkert flot

- Þægilegur hiti góð hitadreifing
- Hitasveiflur / Stuttur svörunartími
- Aðeins 12mm þykkar hitadreifiplötur
- Fljótlegt að leggja
- Ekkert brot ekkert flot
- Dreifiplötur límdar beint á gólfið
- Gólfefni lagt beint á dreifiplötur (flísar, parket)
- Hentar vel í eldra húsnæði jafnt sem ný hús og sumarhús
- Flooré gólfhitakerfi er einfalt, fljótlegt og þægilegt
Skemmuvegur 10 (blá gata) 200 Kópavogur
Sími 567 1330 Fax 567 1345 www.hringas.is
Hringás ehf.



ÚTVARPSÞÁTTURINN SNORRI MEÐ ORRA

FRÁ HÁDEGI ALLA VIRKA DAGA
X 97,7



SUMARDAGAR
15% AFSLÁTTUR
AF ÖLLUM VÖRUM
BASLER Parísar TÍZKAN
Skipholti 29b • S. 551 0770

Barnaheill
Save the Children á Íslandi
Vissir þú að...
börn eiga rétt á
vernd gegn ofbeldi?


## FITNA Á SIGLINGU

**NÝ KÖNNUN Á VEGUM BRESKU FERÐASKRIFSTOFUNNAR BONVOYAGE.CO.UK SÝNIR AÐ FARÞEGAR ÞYNGJAST UM HÁLFT KÍLÓ Á DAG Á SIGLINGU MEÐ SKEMMTIFERÐASKIPUM. RÚMLEGA EITT ÞÚSUND FARÞEGAR VORU SPURÐIR Í KÖNNUNINNI.**



**TÆKNI** „Viljið þið segja okkur meira frá kindinni sem hélt að hún væri hundur?“ spyrja börnin í leikskólanum Aðalþingi. MYND/VILHELM GUNNARSSON

# FERÐAST UM HEIMINN

**FERÐALAG** *Skjaldbökur, mótorhjól, hákarlar, kívífuglar og pöddur koma við sögu í landafræðikennslu hjá krökkunum á Aðalþingi.*

Börnin í leikskólanum Aðalþingi í Kópavogi hafa undanfarna mánuði fengið einstakt tækifæri til að skoða heiminn. Ekki fór hópurinn þó í langferðalag heldur tveir fyrrverandi starfsmenn skólans, þau Alexandra Sif Herleifsdóttir og Jón Hinrik Höskuldsson. Í janúar lögðu þau af stað í nokkurra mánaða bakpokaferðalag um Bandaríkin, Kyrrahafseyjarnar og Asíu. Þau hringja reglulega heim til barnanna með síma sem inniheldur kvikmyndavél. Þannig sjá börnin hvar þau eru stödd í rauntíma og geta talað við þau á meðan mynd af ferðalöngunum er varpað á tjald. Eðlilega hafa margar skemmtilegar spurningar vaknað hjá börnunum. Hafa Jón og Alexandra séð hákarl? Hvers vegna eru bara mótorhjól í Víetnam? Hafið þið séð vélmennahús? Hvar ætlið þið að sofa? Voruð þið hrædd við pöddurnar á klósettinu? Er hægt að leika sér þarna?

**FYRIRMYNDAR LANDAFRÆÐINEMAR**

Börnin hafa lært heilmikið af ferðalaginu. Þau eru með það alveg á hreinu hvar í heiminum Nýja-Sjáland og Fiji-eyjar eru. Þau vita að Alexandra og Jón köfuðu í sjónum með öndunarpípu og sáu þar stóra skjaldböku sem var jafnstór og Björgvin. Þau vita að parið borðaði kaktus og súpu með prjónum í Víetnam. Á Nýja-Sjálandi sáu þau kívífugl sem hafði enga vængi, bara fætur, stórt nef og feitan maga því hann borðaði svo marga kíwíávexti.



**SÓL OG SUMAR** Í kajakferð í þjóðgarðinum Abel Tasman á Nýja-Sjálandi.

**FIJI-EYJAR KOMIÐ MEST Á ÓVART**

Alexandra og Jón segja ferðina hafa verið mikið ævintýri. Nú þegar hafa þau ferðast til Bandaríkjanna, Mexíkó, Fiji-eyja, Nýja-Sjálands, Ástralíu, Víetnam, Kambódíu og Taílands. Næst á dagskrá eru Singapúr og að lokum England. Hingað til hafa Fiji-eyjar og Víetnam komið mest á óvart að þeirra sögn. „Við ætluðum bara að dvelja í tvær vikur í Víetnam en vorum þar í mánuð. Fiji-eyjar komu samt mest á óvart. Þar býr yndisleg þjóð sem hefur sinn eigin tíma og þar geta tíu mínútur auðveldlega orðið að tveimur klukkutímum.“



**Í KAFI** Kafað við strandbæinn Nha Trang í Víetnam.
MYNDIR/ÚR EINKASAFNI


FRÉTTIR | VIÐSKIPTI | SPORT | UMRÆÐAN | ÚTVARP | LÍFIÐ | SJÓNVARP

5 ÚTVARPSSTÖÐVAR Í BEINNI




vísir
- oft á dag



**FÓLK ER KYNNINGARBLAÐ** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana ásamt hefðbundnum auglýsingum. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Útgefandi: **365 miðlar** | Ábyrgðarmaður: **Jón Laufdal**
Sölumenn: **Jónína María Hafsteinsdóttir, jmh@365.is** s 512 5473
**Sverrir Birgir Sverrisson, sverrirbs@365.is** s 512 5432
Hönnun: **Silja Ástþórsdóttir**



FERÐAMÁLA SKÓLINN

STARFSTENGT FERÐAFRÆÐINÁM

Ævintýralegur starfsvettvangur

Langar þig að starfa í ört vaxandi atvinnugrein – eða ertu starfandi í ferðaþjónustu?

Kynntu þér spennandi nám sem býður upp á mörg tækifæri og möguleika

Innritun lýkur 31. maí

WWW.MK.IS
Ferðamálaskólinn sími: 594 4020

MENNTASKÓLINN Í KÓPAVOGI
HÓTEL- OG MATVÆLASKÓLINN | FERÐAMÁLASKÓLINN | LEIÐSÖGUSKÓLINN



8 Gleðin allsgáð





3 Alkóhólismi og konur





4 Edrú feðgar





BLAÐ SAMTAKA ÁHUGAFÓLKS UM ÁFENGIS- OG VÍMUEFNAVANDANN · 1. TÖLUBLAÐ · MAÍ 2012


# BLAÐIÐ




## Álfasala SÁÁ hafin

## í blaðinu...



**FJÖLSKYLDULÆGNI**
Það eru 42,78% líkur á að sonur foreldris sem farið hefur á Vog lendi sjálfur í sjúklingahópnum en hjá dætrum eru líkurnar 22,08%.



**SKEMMD EPLI**
SÁÁ og Bíó paradís standa fyrir kvikmyndahátíð í maí og sýna verðlaumyndir sem allar eiga það sameiginlegt að tengjast sjúkdóminum.



**DAGLEIÐIN LANGA**
Í byrjun júní verður Þjóðleikhúsið með styrktarsýningar á Dagleiðinni löngu. Allur ágóðinn rennur til samtakanna.

## LEIÐARI

SÁÁ SAFNAR FYRIR STARFSEMI BARNA- OG FJÖLSKYLDUDEILDAR:

# Álfurinn fyrir börn og fjölskyldur

GUNNAR SMÁRI EGILSSON SKRIFAR

Í ár er salan á Álfinum tileinkuð starfsemi barna- og fjölskyldudeildar SÁÁ. Þeir fjármunir sem safnast munu verða notið til að byggja upp úrræði til að styrkja fjölskyldur sem eru í vanda vegna áfengis- og vímuefna.

Fyrir stuttu voru birtar niðurstöður rannsókna á ættartengslum sjúklinga sem höfðu lagst inn á Vog frá upphafi. Rannsóknin sýndi gríðarlega fjölskyldulægni áfengis- og vímuefnasýki. Það er því eðlilegt að SÁÁ aðlagi starfsemi sína að þessum niðurstöðum. Uppbygging barna- og fjölskyldudeildar er mikilsvert skref í þá átt.

Það hefur lengi verið vitað að áfengis- og vímuefnasýki leikur sumar ættir einkar illa. Það hefur líka lengi verið vitað að því fylgir mikið álag að alast upp í alkóhólískri fjölskyldu og það hefur mikil og langvarandi áhrif á heilsu barnanna. Þá hefur það líka lengi verið ljóst að þegar einn fjölskyldumeðlimur verður áfengis- eða vímuefnasjúkur þá dregur það niður lífsgæði annarra í fjölskyldunni og hefur áhrif á heilsu þeirra. Nýjar rannsóknir hafa síðan staðfest þessi áhrif áfengis- og vímuefnasýki á fjölskyldur.

Það er hlutverk barna- og fjölskyldudeildar að móta úrræði til að styrkja fjölskyldur sem hafa laskast vegna áfengis- og vímuefnaneyslu — og ekki síst börnin, sem eiga ekki að þjást vegna veikinda foreldra sinna.

Það er trú SÁÁ að starf barna- og fjölskyldudeildar eigi eftir að verða ein af meginstoðum þjónustu SÁÁ við áfengis- og vímuefnasjúkinga í framtíðinni.

SÁÁ óskar eftir stuðningi almennings við þetta verkefni. Hingað til hefur sala á Álfinum staðið undir uppbyggingu fjölskyldu-, unglinga- og barnameðferðar SÁÁ. Það er von okkar að þessi stuðningur haldi áfram og samtökunum takist með honum að efla enn frekar þjónustu sína við börn og fjölskyldur í vanda.

**ÁLFASALA SÁÁ**; mikilsverðasta fjáröflunin síðan 1990:

# *Álfurinn* byggði upp unglingadeildina

**BARNA- OG FJÖLSKYLDUDEILD Í VON**
**Meginverkefniálfsins er nú að byggja upp sérstaka barna- og fjölskyldudeild sem styðja mun við endurreisn fjölskyldna sem eru í vanda vegna áfengis- og vímuefnasýki.**



MYND: GUNNAR GUNNARSSON




Álfurinn er mikilsverðasti þátturinn í fjáröflun SÁÁ. Frá því að sala á honum hófst árið 1990 hafa hreinar tekjur samtakanna vegna hans verið um 430 milljónir króna. Þessir fjármunir hafa staðið til dæmis undir uppbyggingu unglingadeildarinnar að Vogi, starfsemi fjölskyldumeðferðarinnar og gert SÁÁ fært að þróa úrræði fyrir börn alkóhólista, ungmenni og fjölskyldur.

SÁÁ rekur spítalann Vog, meðferðina á Vík og Staðarfelli og göngudeildarþjónustu í Efstaleiti og á Akureyri með þjónustusamningum við Sjúkratryggingar Íslands. Þessir samningar standa þó aðeins undir hluta af rekstrinum. Mismunurinn er greiddur af tekjum samtakanna frá Íslandsspili, félagsgjöldum og öðrum fjáröflunum — og þar er álfasalan mikilvægust.

### Bygging ungmennadeildar

Án álfasölunnar hefði SÁÁ ekki getað mótað starfsemi sína að breyttum þörfum sjúklingahópsins. Samningarnir við ríkið miðast í raun við stöðuna eins og hún var fyrir einum eða tveimur áratugum. Eigin tekjur samtakanna eru því lykillinn að því að SÁÁ hefur tekist að byggja upp fjölþætta og góða meðferð fyrir áfengis- og vímuefnasjúklinga.

Þetta sést glöggt þegar litið er yfir söguna. Í fyrstu var boðið upp á aðeins eina tegund meðferðar. Þegar í ljós kom að hún dugði ekki öllum var bætt við meðferð fyrir endurkomufólk, svokölluð víkingameðferð. Frá því að álfasalan hófst 1990 hefur verið stofnað til sérstakrar kvennameðferðar og um síðustu aldamót var byggð ungmennadeild við Vog og sérstök unglingameðferð mótuð. Það hefði ekki verið mögulegt nema vegna góðs stuðnings almennings í gegnum álfasöluna.

### Uppbygging barna- og fjölskyldudeildar

Að undanförnu hefur komið í ljós að félagsleg staða ungs fólks sem kemur úr meðferð hjá SÁÁ er mun lakari en var á fyrr á árum. Til að mæta þessu þarf stórátak. Þá hefur líka komið í ljós í nýlegum rannsóknum SÁÁ hversu mikil fjölskyldulægni er í áfengis- og vímuefnasýki. Þetta kallar á breytt vinnubrögð og mun meiri áherslu á starf með fjölskyldum og stuðningi við unga foreldra.

Þetta verða meginverkefni Álfsins á næstunni; að byggja upp sérstaka barna- og fjölskyldudeild sem styðja mun við endurreisn fjölskyldna sem eru í vanda vegna áfengis- og vímuefnasýki.

SÁÁ BLAÐIÐ

**ÚTGEFANDI:**
SÁÁ - Samtök áhugafólks um áfengis- og vímuefnavandann
Efstaleiti 7, 103 Reykjavík.
Sími: 530 7600

**ÁBYRGÐARMAÐUR:**
Gunnar Smári Egilsson.

**RITSTJÓRI:**
Mikael Torfason.

**LJÓSMYNDARAR:**
Gunnar Gunnarsson.

**DREIFING:**
Fréttablaðið.




# AF HVERJU KAUPIR ÞÚ ÁLFINN?



„Ég kaupi álfinn til að styrkja SÁÁ að sjálfsögðu. SÁÁ hefur bjargað ótrúlega mörgum og ég kaupi álfinn til að styrkja þetta frábæra málefni sem hefur bjargað Íslendingum, ungum sem öldnum, frá þessum sjúkdómi. Mér þykir vænt um álfinn og SÁÁ og mér þykir vænt um að þeir séu til.“

**Ellen Kristjánsdóttir**
**söngkona**



„Álfurinn er mikilvægur hlekkur í að styðja við samtök sem erulífsnauðsynleg á Íslandi, það er ekki flóknara en það. Það hefur komið mér á óvart hvað áfengissjúklingar eru hátt hlutfall þjóðarinnar. Alkóhólismi er eitt stærsta heilbrigðisvandamál í hinum vestræna heimi. Mér finnst þetta starf stórmerkilegt og lífsnauðsynlegt til að bjarga mannslífum.“

**Steingerður Kristjánsdóttir,**
**verkefnastjóri hjá skóla- og frístundasviði Reykjavíkurborgar**



„Ég hef keypt álfinn í áraraðir og kaupi hann eingöngu til að styrkja þessi samtök sem eru ein af þeim merkilegri sem hefur verið komið á stofn hér á landi til að hjálpa fólki í vanda. Alltaf eru keyptir fleiri álfar en einn og fleiri en tveir því að mér finnst SÁÁ vinna svo góð verk og hafa gert það svo lengi með svo góðum árangri.“

**Hreiðar Hermannsson,**
**framkvæmdastjóri Sandfells**



„Af því að það á að nota fjármunina sem fást í að efla aðstoðina við unga fólkið samkvæmt því sem mér var sagt þegar ég keypti álfinn núna síðast. Ég hef keypt álfinn frá upphafi og seldi fleiri þúsund álfa í gamla daga. Ég styð allt sem eflir þetta starf hjá SÁÁ sama hvaða nafni það nefnist.“

**Kristín Snæfells Arnþórsdóttir,**
**framkvæmdastjóri í Öflun**

***Ung einstæð móðir sem kemur úr áfengis- og vímuefnameðferð þarf stuðning til að geta bæði sinnt bata sínum og foreldraskyldum.***

Konur sem glíma við alkóhólisma ætla að ná vopnum sínum enda upplifa þær oft valdaleysi og litla stjórn yfir eigin lífi. **GUÐRÚN KRISTJÁNSDÓTTIR** skipuleggur fundaröð um konur og alkahólisma. Hún segir að starfsemi SÁÁ sé karllæg og í skoðun sé að stofna sérstakan kvennahóp innan samtakanna.

# Konur nái *vopnum sínum*

SÁÁ eru lifandi samtök sem eru í sífelldri endurskoðun og nú síðustu vikur hefur staðið yfir fundarröðin Samtal um alkóhólisma og konur í Von, Efstaleiti 7, en mikilvægt er að samtökin og samfélagið allt geri sér grein fyrir því hvernig sjúkdómurinn alkóhólismi leggst á konur. Til dæmis er talið er að meirihluti kvenna sem á við alkahólisma að stríða hafi orðið fyrir kynferðislegu ofbeldi og stór hluti annarskonar ofbeldi eða áföllum. Til samanburðar er talið að allt að minna en helmingur karla sem glímir við alkahólisma hafi orðið fyrir kynferðislegu ofbeldi. Vissulega er margt sem sameinar kynin í sjúkdóminum en einnig margt sem skilur að.



**Guðrún Kristjánsdóttir**

## Ræða ofbeldi og völd

Næsta fundarkvöld er í kvöld, 9. maí, og ber fundurinn yfirskriftina Ofbeldi, misnotkun, sár reynsla og leiðin til bata. Þar mun Þórarinn Tyrfingsson meðal annars koma fram og ræða ofbeldi og alkóhólisma, en einnig þær Guðrún Ebba Ólafsdóttir, höfundur bókarinnar Ekki líta undan og Sigríður Björnsdóttir, stofnandi Blátt áfram.

Eftir viku, miðvikudagskvöldið 23. maí, verður svo fjallað um konur og fjölskyldulægni sjúkdómsins. Dr. Sólveig Anna Bóasdóttir, dósent í guðfræðilegri siðfræði, mun þá tala um fyrirgefninguna og setja hana í valdasamhengi.

„Ef valdajafnvægið hefur ekki breyst og er eins og þegar ofbeldið fór fram þá er ekki um að ræða fyrirgefningu nema þau valdahlutföll breytist. Sá sem er valdaminni og brotið hefur verið á, á ekki að fyrirgefa þeim valdameiri sem er áfram í þeirri stöðu að vera valdameiri. Ég tek þetta inn í Nýja testamentið og er með dæmi. Þegar Jesú hangir á krossinum þá fyrirgefur hann ekki heldur segir að faðir á himnum muni fyrirgefa ykkur. Þar af leiðandi er boðskapurinn á þá lund að létta þeirri kvöð af fórnarlömbum að þau verði að fyrirgefa í þeirri stöðu þar sem enginn hefur beðið um fyrirgefningu og valdastaðan er óbreytt. Þar sem aldrei hefur orðið nein sátt eða breyting þá þurfi menn ekki að fyrirgefa. Siðferðilegi boðskapurinn er þar af leiðandi að hjálpendur eigi ekki að knýja á um að fórnarlömb fyrirgefi,“ segir Sólveig Anna.

## Karllæg gildi eru sterk

Guðrún Kristjánsdóttir blaðamaður heldur utan um fundarröðina um konur og alkóhólisma og hún telur að konur séu mjög líklega í allt annarri stöðu en karlar í samfélaginu þegar kemur að alkóhólisma. Þær hafi minni völd en karlarnir og fyrir þeim þá eru karllæg gildi mjög sterk innan þessa geira á Íslandi.

„Ég er engin sérfræðingur í alkóhólisma en fróðleikssvampur í eðli mínu og ástæðan fyrir því að mig langar til að skoða þetta er sú að ég hef tekið eftir að konur sem koma út úr meðferð þurfa oft á mikilli sérhæfðri hjálp að halda til að geta lifað heilbrigðu og góðu lífi. Auðvitað hafa þær kannski alltaf þurft á henni að halda en nú eru komnir svo margir sérfræðingar sem geta hjálpað með góðum árangri. Þetta eru sérfræðingar sem hafa meðal annars faglega þekkingu á áfallastreituröskun, kvíðaröskun, þunglyndi eða öðrum hliðar– eða rótarvandamálum sem virðast einnig hrjá margar konur sem fara í meðferð við áfengisvandamálum,“ segir Guðrún.



**ALKÓHÓLISMI OG KONUR** **Síðustu tvö miðvikudagskvöld, og í kvöld og á miðvikudagskvöld í næstu viku verður Samtal um alkóhólisma og konur í Von, Efstaleiti. Hér eru þær Kristín I. Pálsdóttir, Guðrún KristjánsdóttirHekla Jósepsdóttir, Gunnhildur Bragadóttir og Stefanía Ágústsdóttur sem allar láta sig þennan málaflokk varða.** MYND: GUNNAR GUNNARSSON

## Vanræksla ein af rótunum

Guðrún bendir líka á að vanræksla sé talin ein af mörgum rótum fíknisjúkdóma og vanræksla flokkist í dag sem ofbeldi. Flestir sem alast upp við alkóhólisma eða í fíkniumhverfi hafa búið við vanrækslu og þar með ofbeldi. Nú er líka vitað að sá sem einu sinni hefur orðið fyrir ofbeldi eða áfalli sé líklegri til að verða aftur fyrir slíku á lífsleiðinni. Og þar sem konur eru almennt valdaminni eða vanmáttugri en karlmenn í samfélaginu séu þær alltaf í verri stöðu og því útsettari fyrir allskonar ofbeldi en karlar. Guðrún segir að saga kvenna sem hafa verið að drekka sé því oft mikil áfalla- og ofbeldissaga, bæði líkamleg og andleg, sem þurfi mörg ár til að vinda ofan af. En kannski megi stytta leiðina verulega með því að opna umræðuna upp á gátt.

„Við viljum fókusera á að konur nái einhvern veginn vopnum sínum. Til þess þarf bæði djúpa vinnu og góða þekkingu. Alkóhólismi endurspeglar ekkert annað en muninn á kynjunum í hverju samfélagi fyrir sig. Þetta er erfiður og sársaukafullur sjúkdómur og því er brýnt að vanda framhaldið. Svo heyri ég gjarnan á konum að þeim finnst alkóhólisminn skömm og þær hafa mikla sektarkennd. Þetta er nauðsynlegt að horfa blákalt á og uppræta. Konur eiga ekki að þurfa að skammast sín fyrir þennan sjúkdóm,“ heldur hún áfram.

### Samtal um alkóhólisma og konur

Í kvöld 9. maí kl. 20 verður rætt um ofbeldi, misnotkun, sára reynslu og leiðina til bata í **Von**, **Efstaleiti 7**. Í næstu viku, miðvikudagskvöldið 23. maí á sama tíma, verður svo fjallað um konur og fjölskyldulægni alkóhólismans. Báðir fundir eru opnir bæði konum og körlum og að sjálfsögðu sýnum við beint frá fundunum á **EdrúTV** á **www.saa.is**.

## Eins og úr stríði

Guðrún elskar SÁÁ og segir samtökin bókstaflega hafa bjargað lífi sínu. Hún segist hafa náð vopnum sínum mjög fljótt en veitt því snemma athygli að svo virtist sem konur hefðu almennt minna úthald í 12 spora samtökum en karlar, eins og eitthvað vantaði inn í bataferilinn.

„Maður veltir því óneitanlega fyrir sér hvort ofnotkun á orði eins og vanmáttur, nema þar sem það virkilega á við, geti hindrað að konur, sem til dæmis hafa lengi búið við ofbeldi samfélagsins, nái tökum á eigin lífi?”

Hún bendir á að Bandaríkjamenn, sem eru manna duglegastir við að stofna 12 spora samtök og miklir sérfræðingar í fíknifræðum, séu í mörgum tilfellum farnir að hvetja konur til að tala um vald sitt fremur en valdaleysi eða vanmátt og þær séu fremur hvattar að finna eigin kraft eða „power“.

„Það hlýtur allavega að segja okkur eitthvað ef önnur hver kona á Íslandi sem berst við alkahólisma þarf að leita á náðir fíknifræðinga, sálfræðinga og/eða sérfræðinga í áfallafræðum.“

Guðrún segir að reynslan sýni að þessir sérfræðingar nái oft miklum árangri og konurnar finni fyrir nýrri tegund af frelsi og góðum bata. Sjálf hefur Guðrún rekist á rannsóknir sem bendi til þess að konur sem koma úr mikilli drykkju og erfiðri reynslu og eigi fjölskyldusögu um alkóhólisma séu að koma undan þeirri reynslu eins og konur úr stríði.

„Þær eru svo margbrotnar. Lífssaga þeirra ber í sér afleiðingar sem líkjast því að þær hafi verið þátttakendur í stríði. Ég er ekki að segja að þetta eigi ekki við hjá mörgum karlmönnum líka en konur eru almennt miklu valdaminni en karlar á mörgum sviðum og því eru afleiðingarnar oft skæðari,“ segir Guðrún og telur að áfallafræðin séu „merkileg fræði sem eiga eftir að koma betur inn í lausnir við áfengisvandanum í framtíðinni og eru þegar farin að hafa áhrif.“

## Mikilvægast að hlusta

Bandaríska meðferðar- og menntastofnunin Hazelden er nokkurs konar mekka fíknifræðanna í heiminum í dag. Margir hafa sótt þangað góða menntun og eru nú að miðla af þekkingu sinni. Guðrún bendir líka á margar góðar bækur sem sú stofnun hefur gefið út sem fólk ætti að kynna sér. Hún telur að betur þurfi að opna fyrir þessi málefni.

„Meðferðin hér á landi er mjög fín og það er kannski mikilvægast af öllu að verða edrú til að geta tekist á við önnur vandamál í lífinu,“ segir hún og lýsir eftir að hér á landi verði þróuð góð blanda af 12 spora vinnu og framhaldsvinnu með fagfólki.

„Okkur langar að miðla því áfram sem við höfum séð skila bestum árangri og benda á leiðir. Það er líka mikilvægt að meðferðaraðilar miðli öllum árangursríkum leiðum sem í boði eru. Því eitt getum við vonandi öll verið sammála um en það er að leita uppi bestu lausnirnar við áfengis- og fíknivandamálum. Þar hefur SÁÁ verið í fararbroddi og við viljum að svo verði áfram. Við vitum að það er margt að gerast og viljum heyra hvað við getum gert betur. Svo sjáum við til hvort tilefni sé til að stofna kvennahóp innan SÁÁ sem myndi safna saman upplýsingum og berjast fyrir því að allt verði kvenvænna,“ segir hún.

„En aðalmálið er að hlusta og miðla því að það er svo margt að gott að gerast og miklar framfarir.“

*-ghs*

10 ÁSTÆÐUR FYRIR ÞVÍ AÐ ÞÚ ÆTTIR AÐ KAUPA ÁLFINN

2

***Börn sem hafa alist upp við mikla áfengis- og vímuefnaneyslu foreldra þurfa aðstoð við að glíma við þau áhrif sem það hefur á sjálfsmynd barnsins og viðhorf.***

Feðgarnir **HERBERT GUÐMUNDSSON** og **GUÐMUNDUR HERBERTSSON** eru báðir óvirkir alkóhólistar. Þeir koma úr fjölskyldu þar sem alkóhólismi er algengur sjúkdómur. Herbert hefur verið edrú síðan 2007. Guðmundur var átján ára þegar hann fékk nóg og fór í meðferð.

# Allt verður *gott*

Herbert Guðmundsson, sá landsþekkti tónlistarmaður, var kominn í þrot í júlí 2007 og fór í meðferð. Hann hafði verið í sterkri neyslu á brennivíni, kannabis og kókaíni og „gafst upp með báðum“ eins og hann orðar það. „Ég fór að hlusta á XA-Radíó, 88,5, og tengja við það sem þeir voru að segja. Í lok júní hringdi ég upp á Vog og pantaði pláss. Ég frestaði því örlítið að fara því ég var ekki alveg tilbúinn en ég fór inn 1. júlí og var tíu daga á Vogi. Það bjargaði lífi mínu.“

Meðferðin bjargaði lífi Herberts, hann segir að þar hafi hann tekið 90 gráðu beygju til hins betra, „bæði andlega, líkamlega, tónlistarlega og samskiptalega. Ég fór inn á Vog og svo strax á tólf spora fundi. Ég fór ekki í framhaldsmeðferð sem er svolítið sérstakt eftir svona sterka neyslu. Sá sem hefur verið aðaldílerinn minn í dópinu var orðinn edrú. Hann sat á fundinum og það geislaði af honum heilbrigðið og jákvæðnin. Hann kom til mín eftir fundinn og leiddi mig síðan í gegnumsporin. Hann var algjörlega búinn að snúa við blaðinu,“ segir Herbert.



**ÞETTA ER NÝTT LÍF OG ÞAÐ ER ALLT SÁÁ OG TÓLF SPORA VINNUNNI AÐ ÞAKKA.**

### Meira úr öllu

Herbert hefur verið edrú í fimm ár. Hann er að byrja á sinni fjórðu plötu eftir að hann varð edrú. Hann gaf út plötu fyrir síðustu jól, fyrir jólin í fyrra og fyrir jólin í hittifyrra. „Það verður meira úr öllu. Áður fór tíminn í neysluna og ruglið, að keyra og ná í eða bíða eftir mönnum með ósómann. Nú hefur maður tíma til að gera ýmislegt gott. Ég hef verið í líkamsrækt í þrjú ár. Ég er hjá einkaþjálfara sem gjörbreytti mínu lífi. Ég hef lést um tólf kíló og er að byggjast allur upp. Þetta er nýtt líf og það er allt SÁÁ og tólf spora vinnunni að þakka,“ segir Herbert sem sjálfur átti föður sem var alkóhólisti.

„Maður áttaði sig ekki á þessu fyrr en maður fór að upplifa og skilja sjúkdóminn og taka sporin sín. Þá fór maður til baka í gegnum líf sitt. Fólk áttaði sig ekki á því að þetta væri sjúkdómur. Mikið hefur verið um alkóhólisma íminni ætt, bæði fólk sem fann lausn og ekki,“ segir Herbert og telur alkóhólismann örugglega hafa mótað sig. „Maður var strax öðruvísi en annað fólk, eirðarlaus og gramur, óánægður með það sem maður fékk og vildi alltaf eitthvað betra. Í dag þarf ég ofsalega lítið, miklu minna en í denn. Nú er ég sáttur með að hafa húsaskjól og í mig og á,“ segir hann.

### Alkóhólískt heimili

Herbert á sjö börn, þar af sex stráka. Yngsti sonur hans, Guðmundur, þróaði ungur með sér alkóhólisma. „Ég ólst upp á alkóhólísku heimili og var fljótur að leita í spennu. Ég fann fyrir spennufíkn þegar ég var yngri og gerði hluti sem ég átti ekki að gera. Ég var að kveikja í, stela og gera ýmislegt sem krakkar á mínum aldri eiga ekki að gera,“ útskýrir Guðmundur. Hann smakkaði áfengi fyrst um tólf, þrettán ára aldurinn. Fyrsta skiptið varð hann drukkinn af tveimur til þremur gúlsopum og leið stórkostlega.

„Ég gat sagt allt og var ekki lokaður í neinni skel. Svo ældi ég náttúrulega strax eftir fyrsta bjórinn og það varð ekki meira úr því fyrr en seinna meira. Síðar fór ég að fikta við kannabisefni en ég hélt áfram að fikta samhliða áfengi. Kannabisneyslan var fljót að breytast í dagneyslu. Ég man vel eftir þegar þetta gerðist. Mér leið eins og það væri að koma ský hægt og rólega yfir hausinn ámér. Ég fann þetta gerast og var hræddur. Samt hélt ég áfram. Það er það sem er svo leiðinlegt við þetta. Þegar ég fékk kannabis fannst mér sjálfið mitt vera að hverfa hægt og rólega. Svo var ég kominn að þeim tímapunkti að vera alveg sama,“ segir hann.

### Til að friða foreldrana

Kannabisneyslan þróaðist út í harðari efni eins og amfetamín. Guðmundur fór fyrst í meðferð árið 2008 til að friða foreldra sína. „Ég var búinn að vera í neyslu með góðum félaga mínum og hann langaði að hætta. Ég fór með honum í meðferðina. Mér líkaði vel á Vogi og vissi að ég þurfti á meðferðinni að halda. Ég kláraði hana en tveimur dögum seinna fór í bíó. Í myndinni var verið aðreykja kannabis, maður fékk löngunina og fékk sér að reykja. Eftir þessa fyrstu meðferð ágerðist alkóhólisminn. Ég fór meira út í amfetamínið á daginn og tók róandi og örvandi töflur á kvöldin. Ég tók allt sem mér var boðið og vissi að kom mér í vímu. Þetta var einn hrærigrautur af rugli,“ segir Guðmundur.

Hann lýsir því hvað hann hafi verið í harðri og mikilli neyslu á stuttum tíma þó að sér hafi fundist það langur tími. „Ég var alltaf að þjást, þetta var aldrei gaman. Maður var alltaf að fá sér til að fá sér. Í lok ágúst 2010 var ég kominn með upp í kok af þessu og vissi að ég ætlaði í meðferð. Ég var búinn að taka þessa ákvörðun og hafði aldrei tekið svona ákvörðun áður. Ég vissi að ég var að fara á Vog og fór í enn meira rugl en á endanum fór ég inn. Í byrjun var ég aðallega að friða alla aðra en innst inni að laga sjálfa mig því mér leið svo illa. Smám saman fór ég að vakna tillífsins og það fór að síast inn sem var sagt um sjúkdóminn.“



**FEÐGARNIR HERBERT GUÐMUNDSSON OG GUÐMUNDUR HERBERTSSON „Með því að vera í prógrammi dempar maður sjúkdóminn og því verður að halda áfram því ég trúi því að þá verði allt gott,“ segir Guðmundur.**

### Upp og niður

Guðmundur var tíu daga á Vogi og ákvað svo að fara í framhaldsmeðferð á Staðarfelli. Þar var hann í tæpan mánuð og segist hafa lært mikið um það hvernig sjúkdómurinn virkar, líffræðilega og andlega. Af Staðarfelli útskrifaðist hann með plagg um að hann væri með sjúkdóminn alkóhólisma.

Guðmundur kom út haustið 2010 og byrjaði strax að sækja fundi daglega, stundum tvisvar á dag. Edrúmennskan hefur gengið upp og niður og hann hefur upplifað góðan og slæman tíma. „Þetta er eins og í neyslunni, maður flýr ekki sjálfan sig. Með því að vera í prógrammi dempar maður sjúkdóminn og því verður að halda áfram því ég trúi því að þá verði allt gott. Ef maður heldur áfram í prógramminu þá verður edrú til æviloka,“ segir Guðmundur.

Herbert faðir hans varð fyrir andlegri reynslu og eignaðist trú á guð og æðri mátt fyrir nokkrum árum. Það segir hann að hafi hjálpað sér mikið. Honum finnst gefandi að fara á stofnanir og tala um reynslu sína. „Þetta er gjörbreytt líf. Óttinn og kvíðinn hverfur, í staðinn kemur hamingja, gleði og frelsi.“









**„Það verður meira úr öllu. Áður fór tíminn í neysluna og ruglið, að keyra og ná í eða bíða eftir mönnum með ósómann. Nú hefur maður tíma til að gera ýmislegt gott. Ég hef verið í líkamsrækt í þrjú ár. Ég er hjá einkaþjálfara sem gjörbreytti mínu lífi. Ég hef lést um tólf kíló og er að byggjast allur upp. Þetta er nýtt líf og það er allt SÁÁ og tólf spora vinnunni að þakka.“**

Kannabisfíklum ekki að fækka:

# Kannabisfaraldurinn á Íslandi

**Eins og sést á grafinu hér til hliðar er kannabisfíklum í sjúklingahópnum á Vogi ekkert að fækka. „Síðasta stórbyltingin í vímuefnamálum á Íslandi verð á árunum 1996 til 2000. Þá jókst bæði amfetamínneysla, epilluneysla og svo auðvitað kannabisneysla,“ segir Þórarinn Tyrfingsson, yfirlæknir á Vogi, en þessu fylgdi líka mikil ásókn af ungu fólki í meðferð og þótt mikið hafi unnist við að stöðva þróunina er enn langt í land að við náum að snúa henni við.**

**AÐAL VÍMUEFNAFÍKNIN HJÁ 19 ÁRA OG YNGRI Á SJÚKRAHÚSINU VOGI 2011**






## AF HVERJU KAUPIR ÞÚ ÁLFINN?



„SÁÁ hefur hjálpað mörgum og stutt við margar fjölskyldur. Ég vil styrkja það sem þeir eru að gera og ekki síst það sem starfsemi Von hefur verið að vinna; fjölskylduráðgjöf og stuðning eftir meðferð. Ég lít svo á að það sé mikilvægt að hjálpa SÁÁ að reka starfið.“

**Drífa Alfreðsdóttir prjónakona**



„Það er ekkert gaman að vera einn álfur út úr hól. Það er miklu-skemmtilegra þegar það eru fleiri álfar saman. Þessvegna kaupi égálfinn þegar ég sé hann. Því fleiri álfar því meira gagn.“

LJÓSMYND: BALDUR BRAGASON

**Einar Örn Benediktsson, borgarfulltrúi og tónlistarmaður**



„Ég kaupi álfinn af því að mér finnst nauðsynlegt að styrkja SÁÁ. Það eru svo margir sem þurfa á þessari aðstoð að halda. Allir vilja komast inn hjá SÁÁ en komast kannski ekki því ekki er nægt fjármagn.“

**Erna Sigrún Erlendsdóttir verslunarmaður**



„Af hverju styrkir maður góð málefni? Af því að þau eru þess verðug og ekki veitir af að sinna þessum málaflokki vel og styrkja forvarnir. Forvarnirnar kosta þjóðfélagið mun minna en drykkjan. Þeim mun fleiri sem eru edrú, þeim mun hagstæðara er það fyrir þjóðfélagið. Ég hef orðið mest vör við áfengisneyslu í hestamennskunni en sem betur fer er það að þurrkast út.“

**Björk Jakobsdóttir leikkona**



„Ég álfa mig upp í þeirri von að féð nýtist til góðs. Álfur er innri maður.“

**Gerður Kristný rithöfundur**

*Ungir foreldrar sem hafa alist upp við alkóhólisma þurfa aðstoð við að efla foreldrahæfni sína.*

# Brotist úr viðjum



**SÓLEY KRISTJÁNSDÓTTIR** er alin upp í fjölskyldu þar sem annað foreldri hennar er alkóhólisti og hún byrjaði sjálf að drekka fimmtán ára. Hún beygði af þegar hún var boðin velkomin í meðferð á Vogi. Henni fannst hún ekki eiga skilið skilninginn og ljúfleikann sem mætti henni.

MYND: GUNNAR GUNNARSSON

„Annað foreldri mitt er alkóhólisti. Allt var frekar eðlilegt þegar ég var lítil enda veit maður ekki þegar maður er lítill hvernig hlutirnir eiga að vera öðruvísi en þeir eru. Alkóhólisminn fer svo að hafa áhrif á líf mitt þegar ég er orðin aðeins eldri,sérstaklega á unglingsárunum,“ segir Sóley Kristjánsdóttir, 33ja ára aðstandandi alkóhólista.

Það tók Sóleyju langan tíma að átta sig á að uppeldi í alkóhólískum aðstæðum hefði haft áhrif á líf hennar. Fjölskyldan hafði farið á námskeið hjá SÁÁ um fjölskyldusjúkdóminn alkóhólisma þegar hún var 17 ára, enþá fór alkinn í meðferð hjá SÁÁ. Henni fannst það ekki koma sér við, alkinn á heimilinu ætti bara að taka á sínum málum, hætta að vera hálfviti og þá yrði allt í lagi.

„Ég hugsaði að allir ættu við sín vandamál að stríða. Mér fannst alkóhólistinn vera fáviti þegar ég fór út í heiminn á þessum tíma en hann var náttúrulega bara veikur. Ég vissi ekki einu sinni hvað alkóhólismi var,“ útskýrir Sóley.

### Leið hræðilega illa

Það var svo haustið 2001, þegar hún var 23ja ára, sem hún leitaði sér sjálf aðstoðar vegna mikillar vanlíðan. Fljótlega rann upp fyrir henni að líðanin tengdist því að hún hefði alist upp í alkóhólísku umhverfi og að það hefði haft neikvæð áhrif á líf hennar.

„Þarna heyrði ég í fyrsta skipti aðra lýsa og segja frá sömu upplifun og reynslu og ég hafði. Ég vissi ekki að aðrir hefðu upplifað það sama og ég eða að öðrum leið eins og mér. Ég vissi ekki að það var líka allt í rugli heima hjá öðrum en út á við var látið líta út fyrir að allt væri í himnalagi,“ segir Sóley.

### Leitaði sér aðstoðar

Sjálf drakk Sóley áfengi og reykti kannabis. Hún fór sjálfí meðferð hjá SÁÁ og fór þá á Vog. Hún hafði áður verið edrú en dottið í það og ekki náð sér á strik eftir það. Henni var því bent á að fara inn á Vog í þetta skipti.

„Mér fannst það fáránleg hugmynd, það væri bara fyrir rosalega veikt fólk. Mér fannst það dramatísk og alvarleg ákvörðun að fara inn á Vog og var ekki hrifin af hugmyndinni en ákvað að hringja og panta pláss eftir hvatningu. Mér var afskaplega vel tekið. Á þessum tíma var ég á þeim stað í lífinu að þaðað einhver skyldi segja „vertu svo hjartanlega velkomin“gerði það að verkum að ég hreinlega brotnaði saman við að finna að einhver gæti verið svona mjúkur og góður við mig,“ segir hún.

### Fór í eftirmeðferð

Á Vogi fékk Sóley góða og þarfa fræðslu. Eftir nokkra daga varð henni ljóst að sérfræðingarnir á Vogi gætu hjálpa henni og að ráðgjafarnir þar vissu hvað þeir væru að tala um. Eftir Vog var Sóleyju ráðlagt að fara í fjögurra vikna eftirmeðferð fyrir konur á Vík. Hún ætlaði bara að vera á Vogi í tíu daga, fara svo heim aftur, redda sér vinnu, laga fjárhaginnog verða nýtur þjóðfélagsþegn.Henni var hins vegar bent á að batalíkurnar myndu aukast verulega færi hún í kvennameðferðina þannig að hún gerði það og sér alls ekki eftir því.

Sóley hafði drukkið áfengi og reykt kannabis frá fimmtán ára aldri með edrútímabilum inn á milli. „Ég keyrði mig í kaf í síðasta skipti, hætti að mæta í vinnuna, lokaði á marga í kringum mig og fór meðal annars til útlanda þar sem ég gat verið alveg hömlulaus,“ segir hún og kveðst hafa verið komin með alvarlegar sjálfsvígshugsanir því að hún hafi ekki viljað vera á þessum stað sem hún hafi verið á.

### Þakklát

Sóley segist vera þakklát og ánægð með fjölskyldu sína í dag og ánægð með reynsluna sem hún hefur fengið. „Ef ég hefði eitthvað um það að segja þá myndi ég ekki breyta neinu. Þetta hafa verið bæði erfiðir og góðir tímar eins og væntanlega er hjá flestum. Ég heffengið tækifæri til að kynnast andlega leið í gegnum tólf spora kerfinu, fengiðtækifæri til að æfa mig í að vera heiðarleg gagnvart sjálfri mér og öðrum, sýna kærleik og taka á móti kærleik, vera einlæg, hlusta á aðra og deila reynslu minni. Það eru forréttindi,“ segir hún.

Breytingin er mikil finnst Sóleyju, henni finnst hún hafa styrkt sig á öllum sviðum lífs síns. Hún var áður mikið inni sér, „lítil mús“ með sterkar skoðanir sem ekki þorði að láta heyra neitt í sér. Hún var hrædd við annað fólk, efaðist um sjálfa sig, skammaðist sín jafnvel fyrir fjölskyldu sína og jafnvel fyrir hönd annarra.

„Ég er þakklát fyrir aðvið brutum keðjuna í fjölskyldu okkar, fyrir að SÁÁ bjóði upp á meðferð og fræðslu um alkóhólisma og að nálgunin sé að þetta sé sjúkdómur en ekki fávitaskapur,“ segir hún og bætir við, “það verður alltaf allt í lagi, þannig er það.“

Íslenskar konur hafa aldrei drukkið meira:

# Um 30% sjúklingana á Vogi eru konur

**„Þegar við byrjuðum í þessu starfi vorfu fáar konur sem leituðu sér meðferðar,“ segir Þórarinn Tyrfingsson, yfirlæknir á Vogi, en þróunin varð samt sú að á næstu áratugum sóttu fleiri konur meðferð hjá SÁÁ og í dag er hlutfall kvenna í sjúklingahópnum á Vogi um 30% og hefur hlutfallið haldist stöðugt. „Maður hefði átt von á að hlutur kvenna myndi aukast áfram. Þetta kemur á óvart.“**

**Samkvæmt öllum rannsóknum drekka konur sífellt meira. Á Íslandi hefur hlutfall kvenna sem drekkur vikulega eða oftar margfalldast á örfáum árum. 1990 drukku aðeins 10% íslenskra kvenna vikulega eða**




**FÆRRI KONUR DREKKA ALDREI** Eins og sést á þessu grafi sem byggir á rannsóknum Lýðheylsustöðvar drekka sífellt færri konur aldrei og er þetta þróun sem hófst upp úr 1990.

**oftar en í dag, samkvæmt ýtarlegri rannsókn Lýðheilsustöðvar, er þetta hlutfall komið yfir 30% í aldurshópi kvenna á barneignaraldri.**

**„Konur eru orðnir meiri neytendur á áfengi og maður hefur það á tilfinningunni að þær hafi ekki skilað sér inn í meðferðina eins og þyrfti. Kannski eigum við eftir að upplifa bylgju kvenna í meðferð,“ segir Þórarinn en samkvæmt fyrrnefndri könnun Lýðheilsustöðvar kom í ljós að hlutfall þeirra kvenna sem ekki drekka hefur farið úr að vera vel yfir 30% í hópi kvenna á barneignaraldri í nærri 5%. Íslenskar konur hafa því aldrei drukkið meira.**

10 ÁSTÆÐUR FYRIR ÞVÍ AÐ ÞÚ ÆTTIR AÐ KAUPA ÁLFINN

**4**

***Foreldrar ungmenna í hættulegri áfengis- og vímuefnaneysluþurfa stuðning og aðstoð.***



**ALKÓHÓLISMI ER FJÖLSKYLDUSJÚKDÓMUR**
**Það hefur löngum verið á almannavitorði hér á landi að alkóhólismi – líkt og margir aðrir sjúkdómar – leggist misjafnlega þungt á fjölskyldur.**

MYND: GUNNAR GUNNARSSON

Rannsókn SÁÁ og Íslenskrar erfðagreiningar á **FJÖLSKYLDULÆGNI** alkóhólisma:

# 42,78% líkur á að sonur sjúklings á Vogi fari í meðferð

„Þarna fáum við staðfestingu á því sem við héldum, en fjölskyldulægnin er jafnvel enn meiri en mig hafði grunað," segir Þórarinn Tyrfingsson, yfirlæknir á Vogi, um niðurstöður viðamikillar rannsóknar sem SÁÁ stóð fyrir ásamt Íslenskri erfðagreiningu og bandarískum vísindamönnum á fjölskyldulægni alkóhólisma: „Maður hefur aldrei séð þetta svona sterkt fyrr."

Rannsóknin byggðist annars vegar á upplýsingum um þann hóp 19.000 sjúklinga sem hefur laggst inn á Vog síðustu þrjátíu ár og hins vegar á ættfræðiupplýsingum Íslenskrar erfðagreiningar. Á grundvelli þessara gagna voru fjölskyldutengsl sjúklinga könnuð allt aftur í fimmta ættlið.

Fjallað hefur verið um niðurstöður rannsóknarinnar í bandaríska vísindatímaritinu Annals of the New York Academy of Sciences. Auk Þórarins eru höfundar greinarinnar þau Þorgeir E. Þorgeirsson, Frank Geller, Valgerður Rúnarsdóttir, Ingunn Hansdóttir, Gyða Bjornsdóttir, Anna K. Wiste, Guðrún A. Jónsdóttir, Hreinn Stefánsson, Jeffrey R. Gulcher, Högni Óskarsson, Daníel Guðbjartsson og Kári Stefánsson.

„Fjölskyldulægni þýðir að sjúkdómurinn eltir ákveðnar fjölskyldur," útskýrir Þórarinn.

### Ekki bara alþýðuspeki

Það hefur löngum verið á almannavitorði hér á landi að alkóhólismi – líkt og margir aðrir sjúkdómar – leggist misjafnlega þungt á fjölskyldur. Niðurstöður rannsóknarinnar sýna að þar er ekki bara um alþýðuspeki að ræða heldur vísindalegar staðreyndir.

Niðurstöðurnar eru sláandi. Út frá þeim má álykta að það séu 42,78% líkur á að drengur sem á móður, föður eða systkini, sem hefur leitað sér meðferðar á Vogi, muni sjálfur þurfa á innlögn á sjúkrahúsið að halda einhvern tímann á lífsleiðinni. Fyrir stúlkur eru líkurnar 22,08%.

Fyrir venjulegan Íslending, sem ekki á þessa ættarsögu, eru líkurnar á að þurfa að sækja sér meðferð við alkóhólisma inn á Vog einhvern tímann á lífsleiðinni 18,6% fyrir drengi en 9,6% fyrir stúlkur.

„Miðað við aðra króníska sjúkdóma eins og til dæmis krabbamein er fjölskyldulægnin gríðarlega há. Ég held ég megi segja að það sé mjög sjaldgæft að sjá tölur upp á 2,3 í fyrsta lið," segir Þórarinn.

„Niðurstöðurnar sýna okkur hins vegar líka að þetta er arfgengt - og mun meira arfgengt en menn héldu," segir hann.

Þótt fjölskyldulægnin sé meiri en menn hefðu getað látið sér detta í hug og rannsóknin veiti mikilvæg svör og vísbendingar er ekki búið að leysa gátuna um áhrif erfða og umhverfis á áfengis- og vímuefnafíkn segir Þórarinn en fjölskyldulægni er eitt og erfðir annað.



**ÞÓRARINN TYRFINGSSON**
**„Miðað við aðra króníska sjúkdóma eins og til dæmis krabbamein er fjölskyldulægnin gríðarlega há. Ég held ég megi segja að það sé mjög sjaldgæft að sjá tölur upp á 2,3 í fyrsta lið," segir Þórarinn.**

## Fjölskyldulægni alkóhólisma

Súlan lengst til vinstri sýnir fjölskyldulægni fyrir ættingja í fyrsta lið, þ.e. foreldra og systkini. Næsta súla sýnir skyldleika í annan lið, og sú lengst til hægri í fimmta lið. Almennt eru 18,6% líkur á að drengur en 9,6% líkur á að stúlka hér á landi eigi eftir að leggjast inn á Vog á lífsleiðinni. Með því að margfalda þær tölur með fjölskyldulægnisstuðlinum sést hvernig sjúkdómurinn leggst í ættir. Þá sést að sonur sjúklings á Vogi á 42,78% líkur á að lenda sjálfur í sjúklingahópnum en dóttir 22,08% líkur. Ef afi eða amma drengs var á Vogi en hvorki faðir né móðir eru líkurnar 27,9%. Fyrir karlkynsættingja sjúklings á Vogi í fimmta ættlið eru líkurnar 20,46%.




**„Fjölskyldulægni þýðir að sjúkdómurinn eltir ákveðnar fjölskyldur"**

„Það eru til fullt af breytilegum þáttum í gengamenginu sem auka áhættuna á að menn verði fíklar."

Þar spili inn í fjölmargir erfðaþættir. Þess sé ekki að vænta að einhver ein rannsókn svari slíkum spurningum í eitt skipti fyrir öll.

### Óvenjulega mikil fjölskyldulægni

Grafið sem birt er hér til hliðar sýnir hvernig fjölskyldulægnin birtist í sérstökum stuðli sem notaður er við útreikninga á fjölskyldulægni sjúkdóma (relative risk, RR). Hæsta súlan sýnir stuðulinn 2,3 fyrir fyrsta lið, þ.e. foreldra eða systkini, og hinar súlurnar frá öðrum til fimmta liðar. Eftir því sem skyldleikinn minnkar lækka tölurnar og súlurnar til marks um minnkandi fylgni. Í fimmta lið er talan 1,1 til marks um það að ákveðin fylgni sé enn til staðar fimm ættliðum frá sameiginlegum forfeður eða formóður.

Sú lína sem hægt er að draga mili stöplanna í ritinu eftir því sem skyldleikinn verður minni og fjölskyldulægnin mælist veikari styður enn frekar við þá túlkun niðurstaðanna að um arfgengan sjúkdóm sé að ræða, að sögn Þórarins.

„Stöplaritið lítur út eins og það gerir þegar um arfgenga sjúkdóma er að ræða," segir hann. Erfðaþættirnir sem hafa áhrif á alkóhólisma og fíkn séu hins vegar áreiðanlega mjög margir og margir þeirra séu fágætir.

### Kallar á nýtt úrræði

*Hvaða þýðingu hafa þessar niðurstöður; hvaða viðbrögð kalla þær á?*

„Þetta þýðir að við höfum fundið áhættuhóp, fólk sem hefur ríka ættarsögu," segir Þórarinn. „Ef foreldrar hafa þurft á meðferð að halda nýverið þá hlýtur barnið að vera í sérstökum áhættuhóp."

„Vegna þess hvað þetta er rosaleg fjölskyldulægni erum við knúin til að bregðast við á rökréttan hátt," segir Þórarinn, „og vinna með þá sem eru með mikla fjölskyldusögu og eru á ákveðnum aldri. Við þurfum að fara inn í þann hóp og leðrétta með sálfræðilegri aðstoð áhættuþætti, sem við teljum vera til staðar, eins og tilfinningaleg vandamál eða hegðunarvandamál."

SÁÁ hefur þegar þróað sérstakt úrræði til að nálgast þennan hóp. Þórarinn segir að þegar fram í sækir þurfi síðan að rannsaka þann árangur sem úrræðið skilar.

### Kynjamunur og áhættuhegðun

*Hvaða skýringar eru á þeim gríðarlega kynjamun sem kemur fram í niðurstöðunum eins og sagt var frá að ofan varðandi mismunandi líkur kynjanna á því að þróa með sér áfengis- og vímuefnafíkn?*

„Það hefur í raun enginn skýringu á því," segir Þórarinn. „Sumir segja að skýringin gæti verið sú að við eigum eftir að fá inn eitthvað af kvennavandamálinu. En við höfum búið við svipað mynstur í því í nokkurn tíma og þá hefði bilið átt að minnka meira en það hefur gert. Ég held að þetta sé og verði að vissu leyti kynbundið. Það sé ákveðinn munur á konum og körlum sem er líffræðilegur og gerir það að verkum að konur eru oft gætnari heldur en karlar."

Hann bendir á að sá kynjamunur hafi verið í umræðunni hérlendis um hrunadansinn á síðasta áratug og ýmislegt fleira: „Ég held að það sé hluti af áhættunni á að þróa með sér fíkn að vera ekki nægilega gætinn og leita út á við, sem er líka kostur í mannlegum arfi en galli í þessu tilviki."

Það er gömul saga og ný að karlmenn taki meiri áhættu en konur; þeir hafi verið landkönnuðir, stríðsmenn og veiðimenn. Rannsóknir sýni aftur og aftur að karlar séu í meiri slysahættu en konur. „Ég held að þetta skýri hlutina að einhverju leyti," segir Þórarinn.

Fjölskyldulægnin kom einnig gríðarlega sterkt fram fyrir fíknir í kannabis, amfetamín og deyfilyf. Þórarinn segir hins vegar að þar sé um að ræða smærri sjúklingahóp í hverju tilviki sem leitað hafi til sjúkrahússins á skemmri tíma. Þótt fjölskyldulægnin sé mikil í þeim tilvikum, meiri en hvað varðar áfengisfíkn, kunni reiknilíkanið að breytast fyrir hann er tímar líða. Því sé ekki rétt að draga of sterkar ályktanir af niðurstöðunum hvað það varðar.

-PG




## AF HVERJU KAUPIR ÞÚ ÁLFINN?



„Ég þekki marga sem eiga við alkóhólisma að stríða og þar á meðal er ég sjálfur. Ég geri mér í hugarlund að það sé rík þörf á þeim stuðningi sem fæst í gegnum söluna á álfinum því að ég veit að það skortir peninga inn í starfsemi SÁÁ. Við verðum því að treysta á almenning enda örugglega allir sem þekkja einhvern sem þarf á þessari hjálp að halda. Þetta fjármagn er til styrktar góðu málefni.“

**Óli Stefán Flóventsson, knattspyrnuþjálfari og netagerðarmaður á Hornafirði**



„Ég tel að það sem SÁÁ er að gera sé mjög mikilvægt. Þettaeru samtök sem hjálpa mörgum til betra lífs. Þau hjálpa mörgum að takast á við líf sitt og bresti þannig að mér finnst það skipta miklu máli. Full þörf er á því að samtökin lifi góðu lífi og geti unnið að þeim góðu málum sem þau gera. Með því að kaupa álfinn vil ég stuðla að þessu.“

**Séra Agnes M. Sigurðardóttir, verðandi biskup Íslands**



„SÁÁ vinnur gott starf í þágu þess fólks sem glímir við áfengisvandann og því kaupi ég álfinn.Ég tel að með faglegri meðferð á vegum SÁÁ aukist líkur á að þau okkar sem glíma við áfengisvandann geti lifað sem heilbrigðustu og innihaldsríkustu lífi sem hefur jákvæð áhrif á nánasta umhverfi okkar, fjölskyldu og vini.“

**Jóhanna Magnúsdóttir, starfsmaður AD Travel**



„Af því ég vil styðja við þessa starfsemi sem er í þágu þjóðarinnar allrar. Þetta er afar mikilvægt starf til að koma fólki aftur á fæturna og hjálpa því að takast á við sín vandamál. Flestar stofnanir eru fjársvelta og þurfa að reiða sig á aukafjármagn frá almenningi.

**Sóley Kristjánsdóttir, vörumerkjastjóri hjá Ölgerðinni**

***Ungmenni sem koma úr meðferð þurfa öfluga endurhæfingu og virkniþjálfun svo þau nái sem fyrst að fóta sig í samfélaginu.***

**ICELAND EXPRESS** og **SÁÁ** hafa gert með sér samstarfssamning sem er yfirgripsmesti samstarfssamningur sem samtökin hafa við fyrirtæki, að sögn *Gunnars Smára Egilsonar*, formanns SÁÁ. Iceland Express styður ungar fjölskyldur, unga foreldra sem eru að koma úr áfengis- og vímuefnameðferð.

# Ferðaálfurinn seldur í *vélum Iceland Express* í sumar

Iceland Express og SÁÁ hafa gert samstarfssamnig um átak til stuðnings fjölskylda ungra foreldra sem eru að koma úr áfengis- og vímuefnameðferð. Starfsfólk Iceland Express mun selja sérstakan álf, Ferðaálfinn, í öllum vélum flugfélagsins í allt sumar. Andvirði hans mun renna til barna- og fjölskyldudeildar SÁÁ, þar sem það nýtist til að byggja upp stuðningkerfi fyrir fjölskyldur ungra áfengis- og vímuefnasjúklinga.

„Þegar við leituðum að verðugu verkefni til að styðja ákváðum við fljótlega að einbeita okkur að fjölskyldumálum," segir Alfa Lára Guðmundsdóttir, markaðsstjóri Iceland Express. „Og þegar við kynntum okkur vanda fjölskyldna ungra áfengis- og vímuefnasjúklinga sáum við strax að það væri verðugt verkefni."

### Fjölskylduvænt flugfélag

Alfa Lára segir Iceland Express samheldinn vinnustað og því vilji starfsfólkið taka að sér söfnunarverkefni þannig að sem flestir starfsmanna komi að því; vinni að því eins og ein stór fjölskylda. Iceland Express sé líka fjölskylduvænt flugfélag, enda er stærsti hópur viðskiptavinanna á foreldraaldrinum. Það fari því vel á því að stóra átak félagsins á þessu ári snúi að því að styrkja fjölskyldur sem þurfa aðstoð.

„Okkur langar til að leggja þessum fjölskyldum lið til að hjálpa foreldrunum að ná bata en ekki síður svo að börnin líði ekki að óþörfu vegna veikinda foreldranna," segir Alfa Lára.

Með samkomulaginu mun SÁÁ byggja upp stuðningskerfi fyrir unga foreldra sem eru að koma úr meðferð. Það mun bæði felast í uppeldisfræðslu og -þjálfun og uppbyggingu stuðningsforeldrakerfis til að auðvelda ungum einstæðum foreldrum til að sinna bata sínum.

„Þar sem mikil fjölskyldulægni er í áfengis- og vímuefnasýki eru margir þeirra ungu foreldra sem koma úr meðferð einnig börn alkóhólista," segir Gunnar Smári Egilsson, formaður SÁÁ. „Þeir geta því ekki alltaf hallað sér að reynslunni eða sótt til eigin uppvaxtar heldur þurfa þeir ef til vill enn meiri örvun og hvatningu en aðrir til að sinna velforeldraskyldum sínum."




**FERÐAÁLFUR SÁÁ Flugfreyjur og –þjónar Iceland Express munu selja Ferðaálf SÁÁ í allt sumar til stuðnings ungum fjölskyldum sem eiga í vanda vegna áfengis- og vímuefnasýki.** MYND: GUNNAR GUNNARSSON

### Stuðningurinn mikilvægur

Gunnar Smári segir einnig mikilvægt að ungir foreldrar fái svigrúm til að sinna bata sínum frá alvarlegum og lífshættulegum sjúkdómi. Sumir foreldrar fái hjálp til þess frá sínum fjölskyldum en aðrir búi ekki svo vel. SÁÁ vilji því byggja upp stuðningskerfi fyrir þessa foreldra svo þeir geti fengið aðstoð við uppeldið.

„Þetta samstarf SÁÁ við Iceland Express er yfirgripsmesti samstarfssamningur sem samtökin hafa við fyrirtæki og við berum miklar vonirtil hans," segir Gunnar Smári. „Stuðningur almennings og fyrirtækja hefur alltaf verið baráttu áfengis- og vímuefnasjúklinga mikilvægur. Án þessa stuðnings myndi okkur ekki takast að byggja upp ný úrræði og mæta þörfum sjúklinganna. Við vonum að hugarþel og röskleiki starfsfólks Iceland Express verði öðrum til fyrirmyndar."

Álfurinn er til sölu í öllum bílum Hreyfils:

# Hreyfill kemur Álfinum til þín

**Í ár munu flestir leigubílstjórar Hreyfils bjóða farþegum sínum Álfinn til kaups. Með þessu styðja bílstjórarnir við uppbyggingu barna- og fjölskyldudeildar SÁÁ.**

**„Dygg aðstoð Hreyfils og bílstjóranna er okkur mjög mikilvæg og við erum þeim þakklát fyrir dugnaðinn og hlýjan hug," segir Gunnar Smári Egilsson, formaður SÁÁ.**

**Að sögn Gunnars er aðalvandinn við álfasöluna að ná til fólks. „Vandinn er ekki að það skorti upp á vilja fólks til að styðja SÁÁ. Vandinn er að ná til fólks svo það geti sýnt þennan vilja sinn í verki. Þátttaka bílstjóranna á Hreyfli við söluna er því mikilvæg og mikilsverð," segir Gunnar.**




**HREYFILL „Dygg aðstoð Hreyfils og bílstjóranna er okkur mjög mikilvæg og við erum þeim þakklát fyrir dugnaðinn og hlýjan hug."**

**„Glæsilegt starf SÁÁ á undanförnum áratugum hefur ekki farið framhjá neinum. Það hefur verið dregið áfram af öflugum stuðningi almennings og það er ánægjulegt að við hjá Hreyfli getum orðið til þess að þessi samvinna almennings og SÁÁ haldi áfram," segir Sæmundur Kr. Sigurlaugsson, framkvæmdastjóri Hreyfils.**



Álfurinn á N1:

# Kaupum álf

**Álfasölufólk SÁÁ verður úti um allan bæ, allt land og alla borg næstu daga og biðjum við fólk að taka vel á móti sölufólki. Einnig verður hægt að kaupa álfa á bensínstöðvum N1 og víðar. Við hjá SÁÁ erum þakklát öllum þann stuðning sem þau sýna samtökunum en hægt er að gerast félagi í SÁÁ í gegnum heimasíðu samtakana, www.saa.is.**



Margrét Pála Ólafsdóttir, fræðslustjóri Hjallamiðstöðvarinnar, er óvirkur alkóhólisti. Alkóhólismi er fjölskyldusjúkdómur og alkóhólisminn er í hennar fjölskyldu. „Ég hefði getað séð það sem unglingur að áfengisdrykkja væri eitthvað sem ekki færi mér vel. En ég hugsaði þvert á móti með mér að svona væri að verða fullorðinn, þetta er það sem ég verð að gera til þess,“ byrjar Magga Pála eins og hún oftast er kölluð.

„Ég drakk áfengi og var lengi að þróa sjúkdóminn með mér. Sem ung kona var þetta fyrst og fremst helgardrykkja sem var lengi vel tengd við skemmtanir og stöku sinni í miðri viku. Smátt og smátt fóru varnirnar að falla og ég byrjaði líka að drekka í miðri viku,“ útskýrir hún.

## Gat ekki lengur selt hugmyndina

„Ég fór að sötra bjór seinni partinn og fór æ fyrr að fá mér í glas um helgar. Síðasta árið mitt drakk ég nánast á hverjum degi þegar ég var komin heim úr vinnunni. Ég hefði aldrei misst úr vinnu sama hvað það hefði kostað. En ég taldi mér trú um að meðan ég gæti unnið, staðið mína plikt og væri ekki búin að rústa öllu í kringum mig, væri þetta allt í fínu lagi. Ég mætti í vinnuna og konan mín fór ekki frá mér, ég átti fjölskyldu og allt leit vel út á yfirborðinu. Ég taldi mér þess vegna trú um að svona væri bara líf mitt. Ég gat ekki séð að ég væri að eyðileggja neitt í kringum mig eins og alkóhólistar gera. Ég taldi mig því bara vera í góðum málum,“ heldur hún áfram.

Magga Pála var þó byrjuð að finna fyrir þunglyndi undir lok drykkjutímabilsins. Hún segist hafa farið að skynja æ oftar að hún gæti ekki lengur selt sjálfri sér þá hugmynd að það væri ekki eitthvað að drykkjunni. Hinsvegar hafi tilhugsunin um að gera eitthvað í ástandinu verið óbærileg. „Ég vissi að drykkjan var of mikil en það var helst hún sem gladdi,“ segir hún um sálartetrið.

## Skilningsaugnablikið rann upp

Í huga sér á Magga Pála innrammaðar myndir af sjálfri sér síðustu vikurnar í drykkju og rifjar upp að hún hafi farið yfir strikið ein jólin þar sem dóttir sín og barnabörnin hafi verið hjá sér og konu sinni. Hún rifjar líka upp minningu frá svipuðum tíma þar sem hún leit fram á veginn og hugsaði um líf sitt og þróun þess, hvernig hún ætlaði að lifa næstu tíu árin, hvort hún ætlaði að drekka á hverju kvöldi, stundum mikið, stundum minna og rífa sig upp á morgnana með verkjatöflum eins og hún hafði verið að gera.

„Allt í einu þyrmdi yfir mig og skilningsaugnablikið rann upp. Það ásamt því að hafa misboðið dóttur minni og barnabörnum um jólin gerði það að verkum að ég hringdi sjálf á Vog í byrjun mars 2001 og bað um hjálp. Það var lífgjöfin mín. En það má segja að dóttir mín og barnabörn hafi helst ýtt við mér, ég áttaði mig á því að ég myndi ekki halda þeim lengi með þessu áframhaldi,“ segir hún og kveðst hafa verið búin að afneita vandanum ansi lengi.

## Allir reyktu og drukku

Magga Pála er alin upp norður í landi. Á þeim tíma drukku konur ekki en karlar skvettu í sig við ákveðin tækifæri. Þegar systkini hennar voru orðin eldri og fjölskyldan flutti á mölina breyttist lífið. Allir voru farnir að nota áfengi nema mamma hennar sem hafði óbeit á víni og tóbaki enda alin upp á bindindisheimili.

„Allir aðrir í kringum mig reyktu og drukku. Ég sagði frá því á opnum fundi hjá SÁÁ að ég hefði aldrei þolað áfengi og tóbak þegar ég var unglingur en síðan kom að því að ég yrði að verða fullorðin og til að ná því marki fannst mér ég verða að læra að drekka kaffi, reykja, sofa hjá og drekka brennivín. Þetta var allt saman fyrirkvíðanlegt,“ segir hún.

Unga konan Magga Pála taldi sig verða að tileinka sér allt fernt til að verða fullorðin og gekk í verkið. Nokkrum áratugum síðar horfir hún allt öðruvísi á hlutina. „Í dag er ég náttúrulega búin að taka til í lífi mínu. Ég hvorki reyki, drekk kaffi né áfengi og bý með konu minni. Það hefur verið löng og mikil tiltekt að vinna úr því sem ég hélt að ég þyrfti að gera til að verða fullorðin,“ segir hún.

## Lífsgæðin margfölduðust

Magga Pála er nú búin að vera edrú í rúm ellefu ár. Þegar hún horfir til baka segir hún að dóttir sín hafi aldrei þolað að sjá sig drukkna. „Hún þoldi ekki þetta endalausa sull á mér síðustu árin. Hún þoldi ekki hvernig ég gat aldrei verið allsgáð og ánægð. Ég veit að hún fær ennþá martraðir um að ég sé byrjuð að drekka aftur. Við höfum rætt það heiðarlega mæðgurnar að ég hefði aldrei náð að halda sambandi við hana og eignast þann stóra hlut í barnabörnunum sem ég á ef ég hefði haldið áfram að drekka. Aldrei,“ segir hún.

Lilja Sigurðardóttir, kona Möggu Pálu, hafði mikið umburðarlyndi með henni og fannst ástandið ekkert svo slæmt á þeim tíma sem hún valdi að hætta að drekka „en auðvitað sá hún síðan mjög fljótt breytinguna sem varð á mér og lífi okkar. Lífsgæði okkar margfölduðust. Ég er enn í dag að þakka þær stórkostlegu gjafir sem mér hefur hlotnast eftir að ég varð allsgáð,“ heldur hún áfram.

## Fingurinn á foreldraslagæðinni

Börn súpa alltaf seyðið af alkóhólisma foreldranna. Börnin gjörþekkja foreldra sína og virka eins og nákvæmur mælir á hegðun þeirra. Ekki þarf mikið áfengi til að ákveðnar breytingar eigi sér stað á persónuleikanum. Breytingunum fylgir eitthvað ókunnuglegt sem börnin þekkja ekki og stjórnleysi sem þau óttast. Börn þjást þar sem drykkja er í gangi, bæði vegna persónuleikabreytinganna og stjórnleysisins sem drykkjan leiðir af sér. Oft þróa börnin með sér meðvirkni. Magga Pála segir að börnin séu með „fingurinn á slagæð foreldranna og bíði í skelfingu eftir því hvort foreldrarnir séu farnir að drekka áfengi eða ekki. Mörg þeirra fara í verndunarhlutverk gagnvart þeim sem drekka en flest þeirra hata áfengi. Í einhverjum tilvikum fer þetta þó að verða framtíðarmynstur sem þau sjá fyrir sér, að svona sé lífið,“ segir hún.

„Ég held að það gerist annað af tvennu. Börn þróa mikla meðvirkni gagnvart áfengi, nota jafnvel ekki áfengi sjálf en eru líkleg til að finna einhvern sem notar áfengi eða er á annan hátt með stjórnlausa framkomu. Það getur verið matarfíkn, vinnufíkn eða önnur stjórnlaus hegðun. Eða þá að þau á einhverjum tímapunkti einhenda sér í drykkju til að deyfa kvölina sem fylgir meðvirkninni og leika sig mjög grátt. Ég held að það sé ekki mikið milli þessara öfga,“ segir Magga Pála, „en fyrst og fremst er það stjórnleysið og óvissan og óttinn við þá hálfókunnugu manneskju sem leynist í flöskunni sem skapar tilfinningalegar truflanir fyrir börn.“

## Betur heilt en gróið

Áfengisdrykkja foreldra getur haft margvísleg áhrif á börnin. Líkur eru á að þau þrói með sér fíknihegðun og hún er þroskahamlandi. Börnin staðnæmast í þroska og allur þeirra tilfinningaþroski verður litaður af þessari erfiðu reynslu sem áfengis- og vímuefnaneysla foreldranna er. „Betra er heilt en gróið,“ segir Magga Pála. „Það verður brot í persónuþroska þeirra. Þótt það megi græða brotin í framtíðinni þá er allt betra heilt en vel gróið. Svo er rétt að muna að það þarf ekki alltaf mikla drykkju til að óstjórn og persónuleikabreyting verði á foreldrunum. Þessi breyting sem leynist í flöskunni þarf ekki að vera svo gríðarleg til að börn skilji það. Í rauninni ætti fólk ekki að vera að sýsla mikið með börn þegar það er í glasi,“ segir hún.

Hamingja uppalenda felst í því að sleppa áfengisglasi með sama hætti og enginn vill að tannlæknirinn sé með rauðvínsflöskuna við höndina eða bílstjórinn með kokkteilsglasið við akstur. „Við viljum heldur ekki að foreldrar með uppeldisábyrgð séu með glasið í hendinni,“ segir Magga Pála og bendir á að foreldrar geti ekki ráðið því hvernig foreldrar þeir voru



Brynja dóttir Möggu Pálu með mömmu sinni.



Unga konan Magga Pála byrjuð að reykja.



Glaðar mæðgur meðan allt leikur í lyndi.



# Gleði sálarinnar að vera allsgáð

**MARGRÉT PÁLA ÓLAFSDÓTTIR**, eða Magga Pála eins og við þekkjum hana flest, hefur nýlega haldið upp á afmæli. Hún hefur verið allsgáð í 11 ár. „Það er hamingjan, gleði sálarinnar," segir hún fagnandi um það að vera edrú í viðtali sem Guðrún Helga Sigurðardóttir tók fyrir okkur á SÁÁ blaðinu.

MYND: GUNNAR GUNNARSSON

**MARGRÉT PÁLA ÓLAFSDÓTTIR, STOFNANDI HJALLASTEFNUNNAR**
**„Það er sannleikurinn sem gerir okkur öll frjáls. Ung börn eiga líka rétt á sannleikanum og frelsi," segir hún.**

en þeir geti ráðið því hvernig foreldrar þeir eru í dag. Allir alkóhólistar verði að vinna úr sektarkenndinni en hún hjálpi ekki.

### Heiðarleiki er langbestur

„Gagnvart barninu er heiðarleiki lang, langbestur. Það er mikilvægt að tala um áfengi og útskýra fyrir börnunum hvernig áfengið hafi verið vandamálið," segir Magga Pála. Hún mælir með því að fást við einn dag í einu eftir meðferðina og einhenda sér strax í batavinnu. Tólf spora vinnan sé haldreipið til að feta sig út í daginn en það taki tíma að fá börn og aðra í fjölskyldunni til að treysta drykkjumanninum að nýju. Það gerist ekki á einum degi.

„Við skulum vera viðbúin því að fyrstu mánuðina séu tortryggnisaugu á okkur en þetta snýst um að vinna batavinnuna sína, vera í lagi einn dag í einu og sættast við fortíðina. Við getum ekki breytt hvernig við vorum, bara hvernig við erum. Með því ráða hvernig við erum aukum við líkurnar á því að við getum ráðið því hvernig við verðum," segir hún.



**MAGGA PÁLA MEÐ DÓTTUR SINNI OG BARNABÖRNUM**
**Brynja dóttir Möggu Pálu og barnabörnin í aldursröðMóey Pála, Agnar Ingi og Lilja Björk.**

### Fundurinn er meðalið

Magga Pála bendir á að tengsl foreldra og barns séu með þeim hætti að betra sé að fara saman gegnum erfiðleikana sem koma í batanum en að láta börnin frá sér. „Foreldrarnir verða alltaf margfalt betri fyrir barnið fyrstu mánuðina í bata en þeir voru síðustu mánuðina í neyslu. Hafi barnið ekki verið tekið meðan á neyslunni stóð þá fer maður í gegnum bataferlið með barninu," segir hún og mælir með því að ræða opinskátt við börnin og segja þeim frá sjúkdómnum í skýrum orðum.

„Það er ekkert að því að segja við barnið: Ég var veik og ég verð veik ef ég drekk vín. Sumir verða ekki veikir af víni en mjög margir eru eins og ég. Ég þarf að fara á fundinn minn með öllum hinum sem þola ekki vín því að fundurinn er meðalið mitt. Núna ætla ég alltaf að vera frísk fyrir þig en ég var veik og ég þarf að fara á fundinn minn til að minna mig á að drekka ekki," segir Magga Pála.

### Sannleikurinn gefur frelsi

Barnabörnin hennar vita að hún ætlar ekki framar að drekka vín og áfengi. „Það síast inn með allri þeirra þekkingu á lífi mínu. Ef barnið skilur mælt mál þá á maður að tala við það. Börn skilja og skynja miklu meira en við höldum. Þeim mun opnari og hreinskilnari sem við erum og tölum við börn á máli sem þau skilja þeim mun betur gengur þeim að vinna úr málunum. Ég trúi hvorki á leyndarmál né lokaðar dyr," segir hún. „Það er sannleikurinn sem gerir okkur öll frjáls. Ung börn eiga líka rétt á sannleikanum og því frelsi sem hann gefur."

Íslendingar eru að mati Möggu Pálu margir hverjir hræsnarar sem upphefja drykkju, bæði samkvæmisdrykkju og létta drykkju, reglubundna helgar- og kvölddrykkju og göfga hana með fallegum ímyndum. Svo skilji þeir ekkert í þeim sem drekki sig á botninn eða fari í harðari efni. Þetta byrji allt með fyrsta glasinu.

„Þegar ég segi hræsnarar þá meina ég að við samþykkjum að neyslan sé rétt og góð og göfug en fordæmum og förum gegn afleiðingum hennar hjá þeim sem fara illa út úr neyslunni. Af hverju spyrjum við ekki sjálf okkur af hverju við þurfum að ölva okkur einu sinni í mánuði, vikulega eða daglega til að fara í gegnum lífið? Af hverju teljum við okkur þurfa á því að halda? Ég bíð eftir þeim degi að þessar spurningar vakni á sama hátt og núna spyrjum við hvað sé að, af hverju menn komist ekki í gegnum lífið án þess að reykja. Af hverju spyrjum við ekki hvað er að ef helgin er ekki góð, ef ekki eru kippur af bjór í ísskápnum eða ekki er farið út að djamma með vinunum. Það er samþykkt að það megi ölva sig að ákveðnu marki og þá er það gott og göfugt en það má ekki vera of mikið."

### Umræðan loftar út

Ein hliðin á misrétti kynjanna á sér birtingarmynd í áfengisvandanum því að konur sem heild ná hápunkti í drykkju seinna en karlar. Magga Pála segir að karlar séu oft í samfélagsmálum á undan konum í þróun og hér sé það raunin. Konur séu komnar þangað sem karlarnir voru áður en framtíðin sé án efa minni neysla. Vonandi eru margir karlar búnir að sjá ljósið og það kemur að því að neysla kvenna muni minnka líka, bara síðar.

Þessu til viðbótar er hið þekkta misréttismál þeirra sem eiga undir högg að sækja. „Allir hópar sem búa á einhvern hátt við minni rétt í samfélaginu er hættara við ofneyslu af einhverju tagi. Ég er ekki að leggja svertingja í Harlem að jöfnu við íslenskar konur í dag en ofneysla er þekkt einkenni þar sem þjóðfélagshópur hefur lakari sjálfsmynd og misrétti er fyrir hendi. Mælingar sýna að stúlkur og konur hafa veikari sjálfsmynd og þá er hætta við að áfengisvandinn verði viðvarandi hjá konum," segir Magga Pála sem hvetur til þess að ræða málin opinskátt til að skilja það hvað er í gangi og drepa alla drauga.

„Opinská umræða opnar dyrnar og loftar út. Hún gengur frá öllum draugum dauðum og það er SÁÁ að gera í sínu starfi fyrir utan það að hjálpa fólki beint og vera tilbúið þegar einhver réttir upp höndina," segir hún.

Ómetanlegt starf hefur verið unnið gegn áfengisvandanum en Magga Pála vill sjá meiri vitundarvakningu og viðurkenningu á því að vart sé til sú fjölskylda á Íslandi sem tengist ekki ofneysluvandanum á einhvern hátt, þar sem einhver fjölskyldumeðlimur eigi við alkóhólisma eða neysluvandamál að stríða. Vesturlandabúar eru stöðugt í ofneyslu, hvort sem það er á áfengi, mat, fjármagni eða gæðum jarðar. Og svo koma afleiðingarnar og „þá lyfta margir grettistaki og gera stórkostlega hluti en við þurfum hugarfarsbreytingu til að fara lengra."

10 ÁSTÆÐUR FYRIR ÞVÍ AÐ ÞÚ ÆTTIR AÐ KAUPA ÁLFINN

6

**Öflug fjölskyldumeðferð er lykillinn að bata ungmenna sem glíma við áfengis- og vímuefnasýki.**

Dagana 24.-29. maí næstkomandi stendur Bíó Paradís að **KVIKMYNDAHÁTÍÐ** í samvinnu við SÁÁ. Dagskráin verður nánar kynnt á vef samtakanna, www.saa.is, og hægt verður að nálgast miða á Midi.is.

# Skemmd epli í *Bíó Paradís*

-kvikmyndahátíð í samvinnu við SÁÁ í Bíó Paradís 24.-29. maí 2012

**Þema kvikmyndahátíðarinnar „Skemmd epli“ sem fram fer í Bíó Paradís dagana 24.-29. maí, er fólk í baráttu við bresti sína á einn eða annan hátt. Sýndar verða fjórar nýjar og nýlegar kvikmyndir sem vakið hafa mikla athygli á undanförnum misserum. Þrjár koma frá Norðurlöndunum en opnunarmyndin og sú allra nýjasta, kemur frá Bretlandi.**




Opnunarmynd hátíðarinnar:

## TYRANNOSAUR

**Bretland**, 2011.
**Leikstjóri:**
*Paddy Considine.*
**Aðalhlutverk:**
*Peter Mullan, Olivia Colman.*

Þessi magnaða og afar áhrifamikla mynd segir af ekklinum Jósefsem er atvinnulaus og þjakaður af ofbeldishneigð og reiði sem er að leggja líf hans í rúst. Hann þráir ekkert heitar en að breyta lífi sínu en sér ekki hvernig. Jósef kynnist Hönnu sem starfar í búð sem rekin er á vegum hjálparsamtaka í hverfinu. Með þeim takast góð kynni og Jósef byrjar að eygja von um að geta breytt lífi sínu til betri vegar. Hanna virðist heilbrigð og kærleiksrík kona sem iðkar trú sína og vill öllum vel en hún býr yfir þrúgandi leyndarmáli sem gæti orðið til að draga Jósef aftur til fyrri hátta.

Tyrannosaur er fyrsta mynd hins kunna breska leikara Paddy Considine (Last Resort, 24hr Party People, In America) og hefur hlotið hátt á þriðja tug verðlauna víða um heim, þar á meðal á Sundance hátíðinni, BAFTA verðlaununum, og British Independent Film Awards. Með aðalhlutverkin fara Peter Mullan og Olivia Colman, sem bæði hafa verið marglofuð og verðlaunuð fyrir frammistöðu sína í myndinni.






Frumsýning á Íslandi:

## APPLAUSE

**Danmörk**, 2009.
**Leikstjóri:**
*Martin Pieter Zandvlieta.*
**Aðalhlutverk:**
*Paprika Steen, Michael Falch.*

Ósköpin öll hafa gengið á í lífi hinnar virtu leikkonu Thea Barfoed, meðal annars skilnaður og forræðismissir yfir börnunum. Thea þráir að segja skilið við fortíðina, ná tökum í lífi sínu og fá drengina sína til sín aftur. Hún notar persónutöfra sína og útsmogna kænsku til að sannfæra fyrrverandi mann sinn um að hún sé tilbúin að takast á við móðurhlutverkið, en því miður hefur hún ekki náð að sannfæra sjálfa sig. Djöflarnir innra herja fast á Theu sem glímir bæði við krefjandi starf og fortíðardrauga. Bæði hún og fjölskylda hennar vita sem er að hún er prímadonna sem kann betur að standa á sviðinu og láta ljós sitt skína en glíma við hversdagslega tilveru.

Hin frábæra leikkona Paprikka Steen fer með aðalhlutverkið í þessari ágengu og margverðlaunuðu mynd. Í myndinni eru meðal annars notaðir bútar úr uppsetningu á leikritinu Who‘s Afraid of Virginia Woolf sem Steen lék aðalhlutverkið í fyrir fáeinum árum við geysigóðar undirtektir.






Kvikmyndaverðlaun Norðurlandaráðs:

## SVINALÅNGORNA

**Svíþjóð**, 2010.
**Leikstjóri:**
*Pernilla August.*
**Aðalhlutverk:**
*Noomi Rapace, Ola Rapace.*

Morgun einn rétt fyrir jól fær Leena (34) símtal frá sjúkrahúsi í bænum sem hún ólst upp í. Henni er sagt að móðir hennar sé að deyja. Fréttirnar verða til þess að unga konan fer til að hitta móður sína í fyrsta sinn frá því hún varð fullorðin. Leena hefur barist til að losna við sorgina vegna glataðrar, myrkrar æsku sinnar. Hún neyðist nú til að takast á við fortíðina til að halda lífinu áfram.

Svínastían er fyrsta myndin sem sænska verðlaunaleikkonan Pernilla August leikstýrir. Myndin er byggð á metsölubókinni „Svinalängorna“ eftir Susanna Alakoski. Myndin var heimsfrumsýnd á gagnrýnendaviku í Feneyjum 2010 þar sem hún hlaut Audience-Critics Week verðlaunin og UNESCO-Hope verðlaunin. Myndin hefur síðan hlotið mörg önnur eftirsótt verðlaun eins og NDR Best Feature Film í Lübeck and þrenn Guldbagge verðlaun fyrir bestu leikstjórn, bestu leikkonu í aukahlutverki (Outi Mäenpää frá Finnlandi) og bestu klippingu (Åsa Mossberg). Um 650.000 manns sáu myndina í Skandínavíu (nær 400.000 í Svíþjóð) og var hún ein metsölumynda Nordisk Film í Skandínavíu eftir Millenium-þríleikinn. Myndin hlaut jafnframt Kvikmyndaverðlaun Norðurlandaráðs 2011 og var sýnd í Bíó Paradís það haust við gríðarlegar vinsældir.






Leikstjóri Festen:

## SUBMARINO

**Danmörk**, 2010.
**Leikstjóri:**
*Tomas Vinterberg.*
**Aðalhlutverk:**
*Jakob Cedergren, Peter Plaugborg.*

Submarinoer saga tveggja aðskildra drengja, sem bera merki dapurlegrar æsku. Þeir voru aðskildir á unga aldri þegar sorglegur atburður sundraði fjölskyldunni. Þegar myndin gerist er líf Nick gegnsýrt af áfengisneyslu og ofbeldi, en bróðir hans er einstæður faðir sem reynist erfitt að veita syni sínum betra líf af því að hann er fíkill. Leiðir þeirra skarast og það kemur til óumflýjanlegs uppgjörs.

Í Submarino snýr Thomas Vinterberg aftur til þeirrar einföldu kvikmyndagerðar sem einkenndi fyrstu verk hans eins og Veisluna (Festen) sem hann varð frægur fyrir. Leikstjórinn var heillaður af því sterka raunsæi sem kemur fram í skáldsögu Jonas T. Bengtsson um sektarkennd foreldra og sökkti sér í reynsluheim aðalpersónanna tveggja, Nick (Jakob Cedergren) sem er félagslega einangraður, og bróður hans (Peter Plaugborg), sem er fíkniefnaneytandi og faðir lítils drengs sem heitir Martin.

Submarinohlaut Kvikmyndaverðlaun Norðurlandaráðs 2010 og auk þess fjölda verðlauna á kvikmyndaverðlaunum Dönsku kvikmyndaakademíunnar (Robert Awards) sem og verðlaun danskra gagnrýnenda (Bodil Awards). Hún var sýnd í Bíó Paradís haustið 2010 við afar fínar undirtektir.



# Eftirtaldir aðilar styðja SÁÁ

Akstur og löndun ehf
Albína verslun
Alvin Nordic Associates ehf
Alþýðusamband Íslands, www.asi.is
Antik-bólstrun
Arkitektur.is ehf
ASK Arkitektar ehf
Axis-húsgögn ehf
Á Guðmundsson
Ásbjörn Ólafsson ehf
B.Markan-Pípulagnir ehf
B.V.T. ehf
BabySam
Bako Ísberg ehf
Berti G ÍS-161
Bifreiðaverkstæðið Stimpill ehf
Bílaklæðningar hf
Bílasala Guðfinns, Guðfinnur bíl fyrir þig
Bílaumboðið Askja ehf
Bílás ehf
Bliki bílamálun / réttingar ehf
Blikk- og tækniþjónustan ehf
Blikksmiðjan Vík ehf
Bolungarvíkurkaupstaður
Bókhaldsstofan Stykkishólmi ehf
Bremsan ehf
BSRB
Búaðföng, Hvolsvelli
Bæjarskrifstofur Ísafjarðarbæjar
Café Bleu www.kaffibleu.is
Café Konditori, Grensásvegi 26
Congress Reykjavík - Ráðstefnuþjónusta ehf
Dalabyggð

DGJ Málningarþjónusta ehf
Eignaumsjón hf
Eimskip Ísland ehf
Eldhestar ehf
Eldstó Art Café/Bistro/Pottery/ Guesthouse
Eldvarnarþjónustan ehf
Elkem, Ísland ehf
Ernst & Young hf
Esca ehf
Eskja hf
Eyrir fjárfestingafélag ehf
Faxaflóahafnir sf
Ferill ehf, verkfræðistofa
Firring ehf
Fiskbúð Hólgeirs í Mjódd
Fiskmark ehf
Fiskmarkaður Bolungarvíkur og Suðureyrar ehf
Fjölbrautaskóli Suðurlands
Flúðajörfi ehf
Framtak, véla og skipaþjónusta
Frár ehf
Frostfiskur ehf
Fræðslumiðstöð Vestfjarða
G.K. Viðgerði ehf
Galito
Garðabær
Garðasteinn ehf
Geislatækni ehf
Gísli Halldórsson
Gjögur hf., Grenivík
GlaxoSmithKline
Góa-Linda sælgætisgerð ehf
GT Tækni ehf
Guðjón Gíslason ehf

Guðmundur Tyrfingsson ehf
Gufuhlíð ehf
Hafgæði sf
Hafkalk ehf
Herrafataverslun Birgis ehf
Héðinn Schindler lyftur hf
Héraðsbókasafn Rangæinga
Hitastýring hf, raftækjavinnustofa
Hlaðbær-Colas hf, malbikunarstöð
Hótel Bjarkarlundur www.bjarkalundur.is
Hótel Blönduós
Hótel Borgarnes hf
Hótel Djúpavík ehf
Hótel Framnes
Hótel Núpur
Hraðfrystihúsið - Gunnvör hf
Hvalur hf Hafnarfirði
Hveravellir www.hveravellir.is
Iceland Seafood ehf
Iceland Seafood International ehf
Iðnvélar ehf
Init ehf
Ísfélag Vestmannaeyja hf
Ísgát ehf
Íslenska félagið ehf
Ísrör ehf
Kaupfélag Eyfirðinga
Kemi ehf www.kemi.is
KFC ehf
Kjarnavörur hf
Kjörís ehf
Klofningur ehf
Knattspyrnusamband Íslands
KOM almannatengsl

Kópavogsbær
KPMG ehf
Kristinn SH-112
K-Tak ehf
Köfunarþjónustan ehf
Lagnalagerinn ehf
Landsnet hf
Latibær ehf
Litlaprent ehf
Lýsi hf
Lögmannsstofan Réttur
Lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu
Lögreglustjórinn á Sauðárkróki
Manus ehf
Mennta- og menningarmálaráðuneytið
Miðlarinn ehf
Mosfellsbakarí
Motus
Múr og menn ehf
Nonni litli ehf
Nýi ökuskólinn ehf www.meiraprof.is
Oddi hf, fiskverkun
ORKUVIRKI ehf
Ó. Johnson & Kaaber - Sælkeradreifing
Pfaff hf
Pixel prentþjónusta www.pixel.is
Pípulagnaþjónusta Bjarna Fannberg Jónassonar ehf
Rafeyri ehf
Rafís ehf
Rafrún ehf
Rafstjórn ehf
Rafsvið sf

10 ÁSTÆÐUR FYRIR ÞVÍ AÐ ÞÚ ÆTTIR AÐ KAUPA ÁLFINN

**7**

***Fullorðið fólk sem ólst upp við alkóhólisma þarf aðstoð við að glíma við afleiðingar þess og til að verða betri foreldrar.***



**ÁRDÍS ÞÓRÐARDÓTTIR**
**Aðstandandi í bata: „Mér finnst ég vera á réttri leið og það er ótrúlega góð tilfinning."**

Ekki er skortur á alkóhólistum í kringum **ÁRDÍSI ÞÓRÐARDÓTTUR**. Þeir eru allsstaðar enda er í dag talað um að fimmti hver einstaklingur sem tekur fyrsta glasið þrói með sér sjúkdóminn. Árdís hefur unnið að sínum bata sem aðstandandi í tíu ár.

# Alkóhólistar eru *venjulegt fólk*

„Þegar ég heyrði fyrst talað um að drykkja væri sjúkdómur hafði ég staðið í þeirri trú að þetta væri bara aumingjaskapur. Nú veit ég að þetta er ágengur sjúkdómur og veit satt að segja ekki hvenær verður farið að tala um faraldur í þessu samhengi," segir Árdís Þórðardóttir og lýsir því að á hennar heimili hafi búið þrjár kynslóðir alkóhólista.

„Pabbi minn sem var yndislegur maður misnotaði áfengi en á þeim tíma voru alkóhólistar varla til, svo mikil breyting hefur orðið. Að vera uppkomið barn setti mark sitt á mig. Ég get sagt sem dæmi að ég var ekki gömul þegar ég bað pabba ítrekað að hætta að drekka. Hann sagðialltaf já en stóð ekki við það og þá fannst mér að mér hefði mistekist. Ég sé núna eftir á að ég brást við með því til dæmis að verðaofvirk í íþróttum og skaraði þar fram úr í ýmsum greinum. Toppurinn á mínum ferli varð þegar ég var Íslandsmeistari á skíðum í fjöldamörg ár. En það hvarflaði aldrei að pabba mínum elskulegum að mögulega væri hann veikur af alkóhólisma og að hægt væri að ná bata af sjúkdómnum," útskýrir Árdís.

Um tvítugt kynntist hún svo efnilegum, fallegum og góðum manni. Þau fóru bæði í nám í Háskóla Íslands og luku svo framhaldsnámi í Bandaríkjunum. Allt gekk vel. Þau voru gift í 34 ár og gerðu frábæra hluti saman, flottastir eru synir þeirra tveir. Maðurinn þróaði snemma með sér alkóhólisma en áttaði sig ekki fyrr en seint og um síðir og náði ekki tökum á bataninum svo leiðir skildu. Þriðja kynslóðin er svo sonur þeirra frábæri, sem fór að reykja hass og breyttist þá á undraskömmum tíma í svartnættið eins og Árdís orðar það. Hún segir að hann sé brokkgengur í bata og hafi ekki enn sætt sig við sjúkdóminn en hún er viss um að hann náifyrr eða síðar tökum á sínum veikindum.

## Algjör afneitun

Um áratugur er síðan Árdís fór að átta sig á hve alvarleg áhrif alkóhólisminn hefur haft á hana sjálfa. Hún fór fyrst á fjölskyldunámskeið hjá SÁÁ fyrir 30 árum því hún vissi að maðurinn hennar fór illa með áfengi og henni leið ekki vel með það. „Ég drattaðist á námskeiðið til að geta merkt við að ég væri búin að fara á námskeið og það væri ekkert að mér. Mín afneitun var algjör, ég sá það seinna, en á námskeiðinu lærði ég að alkóhólismi er sjúkdómur og náði að skilja það," segir hún.

Næstu tvo áratugina jókst svo vanlíðan hennar og hún var orðin mjög einangruð. Öll samskipti voru yfirborðskennd. „Ég hafði lítið samband við fólk og var eiginlega hætt að umgangast foreldra mína og systkini. Ég var alltaf að flýta mér, löngu hætt að sjá sólina, fuglana og blómin. Ég æddi bara áfram og stóð mig fínt. En undir niðri varmikil vanlíðan. Ég fór svo á fjölskyldunámskeið númer tvö hjá SÁÁ og lærði þar að alkóhólismi væri ekki bara sjúkdómur, hann væri fjölskyldusjúkdómur," segir Árdís og kveðst í framhaldinu hafa kynnt sér tólf spora starf og hitt konu sem hafi heillað sig. Af henni geislaði gleði, ánægja, kærleikur og vellíðan. „Ég vildi verða eins og þessi kona," segir hún.

> **Í KJÖLFARIÐ FÓR ÉG Á TÓLF SPORA FUND OG Í FRAMHALDINU BYRJAÐI ÉG AÐ SETJA MÍNA BATAGÖNGU Í FORGANG.**

## Líkamleg álagseinkenni

Árdís fór ekki strax á tólf spora fundi. „Ég uppgötvaði seinna að stjórnsemi mín var orðin svo mikil aðég gat ekki sleppt augunum af mínu nánast umhverfi í eina klukkustund á viku. Ég var farin að finna fyrir líkamlegum álagseinkennum. Eina nóttina vaknaði ég og náði varla andanum. Mér fannst ég vera að deyja en sem betur fer náði öndunin að verða eðlileg á ný. Áttaði mig þarna á að ég þyfti að gera eitthvað í málinu. Í kjölfarið fór ég á tólf spora fund og í framhaldinu byrjaði ég að setja mína batagöngu í forgang," segir hún og lýsir því hve þungu fargi hafi verið af sér létt þegar hún las í ráðstefnu samþykktu lesefni að hún hefði ekki komið sjúkdómnum af stað, geti ekki stjórnað honum og heldur ekki læknað hann.

„Smám saman hef ég komist að því að það eina sem ég get gert er að aga sjálfa mig, halda mér á minni torfu, sleppa tökunum og leyfa öðrum að lifa. Ég er að ná þessu að minnsta kosti öðru hvoru. Mér leið stundum eins og ég væri í auganu á fellibylnum en sú tilfinning kemur sjaldnar og sjaldnar. Á þessari batagöngu hef ég líka kynnst Kjarnakonum SÁÁ og þær hjálpuðu mér að brjótast út úr einangruninni, fara að umgangast annað fólk og æfa mig í að setja sjálfri mér mörk, svo og öðrum og átta mig á því að hægt segja nei fallega. Öll samskipti hafa batnað mikið og ég fer sjaldnar inn í þetta fár. Ég reyni bara að hafa líf mitt einfalt og lifa í jafnvægi einn dag í einu. Mér finnst ég vera á réttri leið og það er ótrúlega góð tilfinning," segir Árdís.

Börn alkólista í áhættuhópi:

# Gleymum ekki börnunum

**Í dag er vitað að börn alkóhólista eru í miklum áhættuhópi um að þróa með sér sjúkdóminn síðar á lífsleiðinni. SÁÁ hefur þróað forvarnarstarf fyrir börn alkóhólista á aldrinum 8-18 ára og hefur síðustu ár verið boðið upp á sálfræðiviðtöl og ráðgjöf. Áhugasamir geta nálgast ýtarlegri upplýsingar á hjá samötkunum en þetta verkefni hefur mætt furðu litlum skilningi yfirvalda.**

**Lárus Blöndal, sálfræðingur hjá SÁÁ, hefur farið fyrir verkefninu og hann þreytist ekki að benda á að ekki megi gleyma þeim þúsundum barna sem þurfa að búa við alkóhólisma á Íslandi. Í Noregi hafa yfirvöld skilgreint þennan hóp barna og gefið þeim sömu réttarstöðu og barna sem eiga alvarlega veika eða slasaða foreldra.**

**Enn fær SÁÁ aðeins lítinn hluta af kostnaði við þessa sjálfsögðu þjónustu við börn alkóhólsta greidda af hálfu yfirvalda á Íslandi. Félagar í samtökunum greiða með þjónustunni sem og safnanir á borð við álfasöluna sem nú fer í hönd. Mikilvægt er að samfélagið átti sig á að alkóhólismi er fjölskyldusjúkdómur og hægt að hefja forvarnir mun fyrr.**



**LÁRUS BLÖNDAL**
**Sálfræðingur hjá SÁÁ.**

Alkóhólismi er fjölskyldusjúkdómur:

# Meðferð fyrir aðstandendur

**SÁÁ hefur í áratugi boðið upp á svokallaða fjölskyldumeðferð. Meðferðin sjálf tekur um fjórar vikur og leitast er við að auka þekkingu þáttakenda á fíknisjúkdómum, einkennum þeirra og hvaða áhrif fjölskyldusjúkdómurinn alkóhólismi hefur á alla þá sem búa í návígi við hann. Þá er reynt að aðstoða þátttakendur til að hrinda af stað breytingum til bóta innan fjölskyldunnar.**

**Meðferðin er á þriðjudögum og fimmtudögum frá kl. 17:30 til 20:00 og kostar 8.000 kr. Stuðningshópur fyrir aðstandendur eru í boði í framhaldi af 4 vikna meðferðinni.Nánari upplýsingar fást hjá ráðgjöfum SÁÁ í síma 530-7600. Fólki á landsbyggðinni er bent á helgarfjölskyldumeðferð SÁÁ.**



**MEÐVIRKNI Hægt er að nálgast upplýsingar um fjölskyldunámskeið SÁÁ á vef samtakanna, www.saa.is.**




# AF HVERJU KAUPIR ÞÚ ÁLFINN?



„Ég kaupi hann af því að það er svo mikill akóhólismi á Íslandi að mér finnst þurfa að styðja vel við bakið á SÁÁ. Þessi sjúkdómur snertir hverja einustu fjölskyldu og því finnst mér ástæða til að styrkja þetta málefni."

**Jóhanna Vigdís Arnardóttir**
**leikkona**



„Mér þykir mjög vænt um það starf sem SÁÁ hefur viðhaft frá því það var stofnað. Það hefur skipt máli fyrir mig persónulega og þess vegna kaupi ég álfinn."

**Guðrún Ágústa Guðmundsdóttir,**
**bæjarfulltrúi í Hafnarfirði**



„Ég kaupi álfinn til að leggja frábæru starfi lið. SÁÁ hefur um allangt skeið unnið íslensku samfélagi ómetanlegt gagn með starfi sínu. Það ber að þakka."

**Kristján Þór Júlíusson**
**alþingismaður**



„Það er óskóp einfalt. Ég hef séð hvað SÁÁ hefur getað hjálpað mörgum af þeim samferðamönnum mínum sem hafa ratað í vanda. Og í raun gefið þeim nýjan aðgang að lífinu."

**Sigurður Svavarsson**
**bókaútgefandi**



„Starf SÁÁ er algjörlega ómetanlegt og það minnsta sem ég get gert er að kaupa einn lítinn álf. Ég á bæði vini og aðstandendur sem hafa fengið hjálp hjá SÁÁ og vil leggja mitt af mörkum til að enn fleiri fái hjálp."

**Erla Hlynsdóttir**
**fréttakona**

***Öflugt félagslíf meðal ungmenna sem eru ekki í neyslu er bæði góð forvörn og dregur úr hættu á föllum.***

Þjóðleikhúsið hefur gefið SÁÁ þrjár sýningar á verki Eugene O'Neill, **DAGLEIÐINNI LÖNGU**. Fyrsta sýning er sunnudaginn 3. júní, önnur sýning miðvikudaginn 6. júní og sú síðasta fimmtudaginn 7. júní. Miðaverðið rennur óskipt til Barna- og fjölskyldudeildar SÁÁ og verður hægt að kaupa miða í Von, Efstaleiti 7, eða í síma 530 7600.



**DAGLEIÐIN LANGA**
**Sagan gerist fyrir 100 árum og segir frá dramatísku lífi fjölskyldu sem er þrúguð af alkóhólisma og áhrifum hans.**

# Styrktarsýning á *Dagleiðinni löngu* í Þjóðleikhúsinu

Illugi Jökulsson rithöfundur fékk að skyggnast inn í fjölskyldulíf rithöfundarins Eugene O'Neill þegar hann þýddi leikritið Dagleiðin langa sem sýnt er í Þjóðleikhúsinu. Við þá vinnu segist hann fyrst og fremst hafa hugsað um „hvað þetta væri einstaklega ógæfusamt fólk allt, þessi grey. Þetta var fjölskylda í heljargreipum allrar mögulegrar óhamingju sem við getum áttað okkur á nú að stafaði ekki síst af því að allt var þetta fólk upp til hópa svæsnir fíklar bæði á brennivín, efni og óhamingju þannig að ég var aðallega að hugsa um hvað var óskaplega lítið gaman hjá þessu fólki. Það var mesta furða að það skyldi takast að gera úr því svona skemmtilegt leikrit," segir Illugi Jökulsson.



**FJÖLSKYLDUSAGA**
**Nóbelsverðlaunahöfundurinn Eugene O'Neill hefur aldrei farið *í launkofa með að hann lýsir í leikritinu sinni eigin fjölskyldu.***

## Fjölskyldan er þrúguð

Dagleiðin langa er eittt frægasta og magnaðasta fjölskyldudrama 20. aldarinnar. Verkið er að einhverju leyti sjálfsævisögulegt og skrifaði Eugene O'Neill það rétt fyrir eða í upphafi síðari heimsstyrjaldarinnar. Það var hinsvegar ekki frumflutt fyrr en nokkrum árum eftir andlát hans, eða árið 1956. Dagleiðin langa gerist á miklum átakadegi í lífi Tyrone-fjölskyldunnar, hjóna og tveggja uppkominna sona þeirra. Fjölskyldan er þrúguð af ægivaldi föðurins og áfengissýki og lyfjaneysla varpa dimmum skugga á öll samskipti. Í fjölskyldunni eru fjórar skemmdar manneskjur sem standa máttvana gagnvart erfiðum aðstæðum og kunna engin ráð betri en að ásaka hver aðra og brjóta hver aðra niður á milli þess sem þær tjá ást sína og umhyggju.

Illugi Jökulsson þýddi leikritið og skrifar kynningu á höfundinum í leikskrá. Hann telur að leikritið gefi raunsanna mynd af áfengisdrykkju og áhrifum hennar á fjölskylduna. „Höfundurinn fór ekkert í felur með það að þetta var nánast eins og svipmynd af degi í lífi hans eigin fjölskyldu. Það var ekkert farið í felur með það. Í alla staði var sagt frá raunverulegum atburðum og aðstæðum í lífi þessafólks þannig að þetta er raunsæi eins og það gerist allra naktast," segir Illugi.

## Vildi bíða í áratugi

O'Neill vildi að leikritið væri lokað inni í nokkra áratugi því að honum fannst efniviðurinn of viðkvæmur. Leikritið var skrifað á þeim tíma þegar lítið var vitað um orsakir alkóhólisma og fíkna og það talið bera vott um persónulegar veilur að hafa fallið fyrir brennivíni og dópi. Það var því viðkvæmt mál að svipta hulunni af eigin fjölskyldulífi. Þrátt fyrir að hann vildi að þetta yrði ekki birt strax þá var hann ekki fela að þetta fjallaði um hans eigin familíu og að hann væri sjálfur ein persónan í leikritinu," segir hann.

Illuga fannst skemmtilegt að vinna við þýðinguna. Hann segir að leikritið hafi verið langt en stytt heilmikið. Þetta sé „hörkustykki" sem gaman hafi verið að þýða. Hann segist ekki hafa hugsað í þaula þá kenningu sína að margir geti verið fíknir í óhamingju en „ég er ekki frá því að það geti verið raunin," segir hann og bendir á að umræðan sé mun opnari nú en um það leyti sem leikritið á að gerast fyrir 100 árum, nánar tiltekið í ágúst 1912. Leikritið var skrifað árið 1942 og hann segir að allt hafi gerbreyst varðandi alkóhólismann og fjölskylduna, bæði hvað megi tala um og hvað menn skilji en samt sem áður sé alltaf feluleikur og óhamingja í kringum alkóhólismann. Leikritið haldi sínu gildi þrátt fyrir þessar breytingar. Það verði ekki fyrr en eftir kannski 200 ár sem þroskinn og skilningurinn í samfélaginu hafi náð því stigi að Dagleiðin langa eigi ekki lengur erindi til fólks. *-ghs*

## Hver var O'Neill?



Eugene O'Neill lifði á árunum 1888 til 1953 og er talinn „fremsta leikskáld Bandaríkjanna. O'Neill er eina bandaríska leikskáldið sem hefur fengið Nóbelsverðlaunin í bókmenntum og þau fékk hann árið 1936. Í verkum sínum tókst hann á við stórar spurningar um manninn og tilvist hans og sýndi innsæi og ríka tilfinningu fyrirhinu harmræna í lífinu. Honum tókst að móta nútímalegt og framsækið leikhús," segir í leikskrá Dagleiðinnar löngu. Eugene O'Neill skrifaði Dagleiðina löngu árið 1941. Verkið var ekki frumflutt fyrr en að honum látnum árið 1956 og þá á Dramaten í Stokkhólmi.

## Dagleiðin langa

Þjóðleikhúsið hefur af rausnarskap sínum gefið SÁÁ þrjár sýningar á meistaraverki Eugene O'Neill; Dagleiðin langa. Fyrsta sýningin er sunnudaginn 3. júní, sú næsta miðvikudaginn 6. júní og sú síðasta fimmtudaginn 7. júní.



Leikritið fjallar fjölskyldu sem er þjökuð af alkóhólisma. Sagan gerist á miklum átakadegi í lífi Tyrone-fjölskyldunnar, hjóna og tveggja uppkominna sona þeirra. Fjölskyldan er þrúguð af ægivaldi fjölskylduföðurins, og áfengissýki og lyfjaneysla varpa dimmum skuggum á öll samskipti. Fjórar skemmdar manneskjur sem standa máttvana gagnvart erfiðum aðstæðum kunna engin ráð betri en að ásaka hver aðra og brjóta hver aðra niður á milli þess sem þær tjá ást sína og umhyggju.

Bandaríska fíknirannsóknastofnunin, NIDA, hefur notað kafla úr þessu verki til að opna augu heilbrigðisstétta fyrir því hvernig alkóhólismi getur birst á mismunandi hátt og hversu illa hann leikur fjölskyldur. Leikritið er því bæði meistaraleg list en líka ótrúlega glögg mynd af sjúkdóminum og birtingarmyndum hans.

Uppfærsla Þórhildar Þorleifsdóttur og frábær frammistaða leikaranna; Arnar Jónssonar, Guðrúnar Gísladóttur, Hilmis Snæ Guðnasonar og Atla Rafns Sigurðssonar, gera þessa sýningu að einni betsu leiksýningu ársins.

Miðaverð er kr. 4.300 og rennur það óskipt til Barna- og fjölskyldudeildar SÁÁ. Hægt er kaupa miða í Von, húsi SÁÁ við Efstaleiti eða í gegnum síma 5307600 (miðarnir verða þá afhentir við dyrnar á sýningardegi).

Þetta er einstakt tækifæri fyrir áhugafólk um áfengis- og vímuefnavandann til að kynnast einu besta listaverkiu sem fjallar um sjúkdóminn og styrkja SÁÁ í leiðinni.

Miðvikudaginn 30. maí verður í Von Samtal um alkóhólismann í Dagleiðinni löngu og þar mun Þórhildur ræða um leikritið, Illugi Jökulsson um höfundinn og hans alkóhólisma og Valgerður Rúnarsdóttir um alkóhólisma persónanna.

10 ÁSTÆÐUR FYRIR ÞVÍ AÐ ÞÚ ÆTTIR AÐ KAUPA ÁLFINN

9

***Áfengis- og vímuefnavandi ungmennis er forgangsverkefni fjölskyldunnar og hún þarf bæði stuðning og reynd úrræði til að ráða við það.***



Síðusta áratug og vel rúmlega það hefur orðið sprenging í áfengis- og vímuefnaneyslu Íslendinga. **UNGA FÓLKIÐ** hefur ekki farið varhluta af því og um aldarmótin horfði til ófremdarástands. SÁÁ brást skjótt við og með hjálp álfasöfnunar og dyggs stuðnings frá félögum í samtökunum var stofnuð sérstök unglingadeild sem þegar hefur sannað gildi sitt.




# Mikill árangur SÁÁ *með unga fólkið*

Mikið hefur breyst síðustu fimmtán ár hvað varðar neyslu ungmenna á vímuefnum. Kannabis hefur tekið við af áfengi sem aðalfíkniefni ungs fólks. Helmingur stúlkna sem kemur á Vog reykir kannabis daglega og hjá drengjum er hlutfallið þannig að um tveir þriðju þeirra reykja daglega. Undir 10% krakkanna drekka á hverjum degi.

Rétt fyrir aldamótin varð sprenging í neyslu ólöglegra vímuefna á Íslandi og kom sú sprenging sérstaklega niður á unglingum á aldrinum 14-18 ára. Reynsla SÁÁ hefur sýnt að vímefnavandi unglinga er jafn alvarlegur og þrálátur og hjá þeim eldri.

## Yngra fólk og erfiðara

„Sjúklingahópurinn hefur breyst mikið," útksýrir Þórarinn Tyrfingsson, yfirlæknir á Vogi, en samkvæmt honum þá hefur fækkað í ákveðnum sjúklingahópi síðustu áratugi og sá hópur eru karlmenn á aldrinum 25-40 ára. Oft er það talið vera sá hópur sem býr við bestu félagslegu aðstæðurnar og bestu heilsuna.

„Sjúklingahópurinn í heild er því erfiðari því framfarir okkar í meðferðinni sjálfri hefur aukið getu okkar til að sinna vandamálinu á styttri tíma og betur," heldur Þórarinn áfram og bendir á að fyrrnefndur hópur karla fer oft beint á göngudeild og þarf ekki á langri meðferð að halda. „Í dag erum við að sinna yngra fólki og svo miklu eldra fólki og það er vissulega þyngra."

Í ljósi þessa þarf það unga fólk sem nú kemur til meðferðar oft meiri úrræði þegar út í lífið er komið. SÁÁ starfrækir sérstaka eftirmeðferð fyrir ungt fólk og hægt er að nálgast allar upplýsingar um það starf á vef samtakanna, www.saa.is.

## Unglingadeildin sannað gildi sitt

Einn af hverjum tíu unglingum sem koma á Vog hafa sprautað sig og í raun situr þjóðin uppi með mikinn og langvinnan vímuefnavanda hjá ungu fólki þótt mikið hafi verið bætt með betri meðferð fyrir ungt fólk.

Í raun má segja að Unglingadeildin á Vogi hafi þegar sannað gildið sitt. Ef litið er til endurkomu unglinga á Vog sýna tölur svo ekki verður um villst að mikill árangur hefur náðst. Árið 2000 komu á þriðja hundrað ungmenna undir tvítugu á Vog, árið eftir komu næstum hundrað af þeim aftur. Ári þar á eftir um 50 og svo hefur þeim fækkað jafnt og þétt sem þurfa að koma aftur á Vog en alkóhólismi er þrálátur sjúkdómur sem þarf að sinna alla ævi. Svo má benda á að eftir að Unglingadeildin var stofnuð fyrir tólf árum hafa ekkert af þessum krökkum sem komu á Vog látist.




**MIKILL ÁRANGUR MEÐ UNGT FÓLK Réttt fyrir aldamótin varð sprenging í neyslu ólöglegra vímuefna á Íslandi og kom sú sprenging sérstaklega niður á unglingum á aldrinum 14-18 ára.**

## Edrú TV

Á vef samtakanna, www.saa.is, höfum við síðustu mánuði verið að þróa beinar útsendingar frá viðburðum á vegum SÁÁ. Til dæmis höfum við sýnt beint frá Hollt í hádeginu á þriðjudögum og Samtölum um alkóhólisma og ýmislegt á miðvikudagskvöldum. Eftir að beinni útsendingu líkur eru upptökurnar aðgengilegar á vefnum.




## 400 langt leiddir fíklar

Um 400 manns skipa hóp sem má kalla langt leidda fíkla. SÁÁ hefur sett spurningamerki við gistiskýli niðri í bæ og vill búa hinum langt leiddu aðstöðu fjarri miðbænum, nær þeirri þjónustu sem SÁÁ getur veitt. Læknar á Vogi hafa miklar áhyggjur af þessum hópi en sífellt fleiri fylgikvillar örvandi vímefnaneyslu hafa verið að koma í ljós og HIV-veiran hefur látið á sér kræla í hópnum.



## Um 50 manns deyja á ári

Ástandið hvað varðar dauðsföll úr sjúklingahópi SÁÁ var verst í kringum aldarmótin. Þó deyja enn um 50 manns á ári og hefur það haldist stöðugt. Sömu vandræði eru víðsvegar um heiminn og hafa Bandaríkjamenn nýlega farið að horfast í augu við að dauðsföll vegna morfínsefna hafa tekið fram úr dauðsföllum vegna umferðarslysa í mörgum fylkjum. Við á Íslandi þökkum fyrir að morfínsfaraldurinn hér á landi er í stöðnun en dauðsföll tengd örvandi vímuefnaneyslu, sem er veruleg hér á landi, eru þannig að fólk deyr seinna.

Falinn vandi eldra fólks:

# 12% karla á elliheimilum alkóhólistar

**Um 12% þeirra karla sem nú eru á leið á elliheimili hafa komið á Vog og samkvæmt læknum á Vogi þá fara þessir menn öðruvísi með lyf og slíkt.**

**„Við verðum að horfast í augu við staðreyndirnar eins og þær eru," segir Þórarinn Tyrfingsson, yfirlæknir á Vogi, því þessar upplýsingar segja okkur að það er fólk þarna úti með þennan króníska vanda sem hverfur ekkert þótt fólk eldist.**

**„Þetta er fólk sem getur þurft verkajalyf og fær svefntruflanir eins og aðrir. Það fær þunglyndiseinkenni og kvíðaeinkenni en það þarf að meðhöndla slíkt öðruvísi hjá alkóhólistum."**

**ELDRA FÓLKI FJÖLGAR Á VOGI**
**Á síðustu árum hefur eldra og miðaldra fólki fjölgað mjög á Vogi og er þessi hópur í dag orðinn stærri en unga fólkið í sjúklingahópnum.**





10 ÁSTÆÐUR FYRIR ÞVÍ AÐ ÞÚ ÆTTIR AÐ KAUPA ÁLFINN

10

***Bestu forvarnirnar eru styrking fjölskyldna sem hafa laskast vegna áfengis- eða vímuefnaneyslu.***

**SÉRA SOLVEIG LÁRA GUÐMUNDSDÓTTIR**, prestur á Möðruvöllum, þekkir alkóhólisma bæði úr eigin fjölskyldu og ekki síður starfi úr sínu því að hún vinnur við sálgæslu alla daga. Þar kemur alkóhólismi oft við sögu og sömuleiðis fíknir af ýmsu tagi.

# *Lykilatriði* að tala um líðan sína

„Alkóhólismi er í öllum fjölskyldum," segir séra Solveig Lára, prestur á Mörðuvöllum, en hún þekkir alkóhólisma vel, bæði úr eigin fjölskyldu og í starfi sínu sem sóknarprestur.

Vandi fólks er af mörgum toga. Þegar fólk leitar til Solveigar út af hjónabandserfiðleikum þá segir hún að oft sé ástæða til að skoða barnæskuna, ekki síst ef fólk eigi erfitt með að tjá sig eða sýna tilfinningar.

„Oft kemur í ljós þegar farið er að skoða barnæskuna að fólk hefur búið við alkóhólisma alla bernsku sína og það mótar samskiptin þegar kemur fram á fullorðinsár. Óöryggi og ótti við að sýna tilfinningar er meðal þess sem einkennir þau sem hafa alist upp við alkóhólisma," útskýrir hún.

**Lyft grettistaki**

Solveig Lára er fædd árið1956. Á árunum milli 1960 og 1970 var áfengi meðhöndlað öðruvísi en það er í dag. Þegar hún lítur til baka þá finnst henni að áfengi hafi stundum verið misnotað án þess að það væri skilgreint sem vandamál. Í dag telur hún að fólk hafi opnari augu og sjái betur þegar einhver á í erfiðleikum með fíkn sína. Þarna telur hún að SÁÁ hafi unnið vel og í rauninni lyft grettistaki við að opna augu fólks fyrir sjúkdómnum alkóhólisma.

Solveig Lára segir að augu fólks hafi farið að opnast þegar Silungapollur var opnaður en Íslendingar voru þá að byrja að fara í meðferð. „Það var nýtt í þá daga. Um þetta leyti var byrjað að tala um alkóhólisma sem sjúkdóm. Karlarnir fóru yfirleitt á Freeport en konurnar á Silungapoll. Þetta var svolítið kynjaskipt í þá daga. Það var viðurkenndara að karlarnir mættu drekka meðan konurnar voru að laumupokast með þetta," segir hún.

**Styrkleikamerki**

Möguleikarnir fyrir fólk til að fara í áfengismeðferð og á tólf spora fundi hafa aukist í seinni tíð að mati Solveigar Láru. Fólk sækir fundi þó að það fari ekki beint í meðferð. „Þetta er opnara og ekki eins mikil skömm og áður. Nú þykir ekki eins mikil skömm að því að fara í meðferð eins og áður var. Það þykir ekki skömm að hætta að drekka eða fara á tólf spora fundi heldur þvert á móti þykir það sýna styrkleikamerki. Hugarfarið hefur gjörbreyst að þessu leyti," segir hún.

Fíkniefnaneysla er að mati Solveigar Láru erfiðari viðfangs en áfengisfíknog telur hún að ástæðan sé sú að þau sem fari út í eiturlyfjaneyslu eigi ekki eins afturkvæmt og þau sem eru í áfengisneyslu. Fíkniefnin hafa meiri og varanlegri skemmdir í för með sér. „Hinsvegar finnst mér virðingin fyrir þeim sem fara í meðferð vera sú sama. Við virðum þau mikils sem fara í meðferð í dag og það er ótrúlega flott öll sú vinna sem unnin er með fólki." Fíknir af öllu tagi eru algengar í samfélaginu og þær eru viðfangsefni sálgæslunnar alla daga, líka matarfíkn og spilafíkn. „Úrræðin eru sem betur fer betri en þau voru. Þau sem berjast við matarfíkn eða spilafíkn eiga auðveldara með að blekkja maka sinn og þau sem í kringum þau eru og vefja inn í lygavef, en þegar um áfengis- eða eiturlyfjafíkn er að ræða," segir hún.



**SÉRA SOLVEIG LÁRA GUÐMUNDSDÓTTIR Á MÖÐRUVÖLLUM**
**„Til að geta skapað barninu öryggi í uppeldinu þá verðum við að vinna með okkur sjálf."**

**Sjálfsmyndin í rusli**

Alkóhólistinn stjórnar öllum í kringum sig beint eða óbeint. Solveig Lára segir að allt á heimilinu standi og falli með hegðun hans. „Öll hegðun alkóhólistans hefur áhrif á fjölskyldumeðlimi, maka og börn. Börnin búa við mikið óöryggi og sjálfsmyndin fer í rusl þegar þau vita aldrei hvað bíður þeirra þegar heim er komið. Félagslega einangrast þau því þau geta ekki boðið öðrum heim til sín vegna óöryggisins. Svo eru skapsveiflur og annað sem tengist neyslunni sem gerir þetta svo erfitt.

Í meðferð og starfi með alkóhólistum er mikilvægt að vinna með fjölskyldurnar. Þegar alkóhólistinn fer í meðferð og fjölskyldan verður eftir í hegðunarmynstrinu sem hefur skapast í neyslunni þá kemur ójafnvægi í fjölskylduna og enginn veit hvernig hann á að haga sér þegar nýtt ástand hefur skapast. Þetta hefur gríðarleg áhrif á alla fjölskyldumeðlimi, hvort sem það eru ung börn, unglingar eða börn sem eru farin að heiman, að ekki sé talað um foreldra, afa og ömmur og aðrar kynslóðir. „Þetta hefur allsstaðar áhrif," segir Solveig Lára.

**Opna augu fólks**

Allir í fjölskyldunni verða að opna augu sín fyrir ástandinu, leita sér hjálpar, tala saman og tala um líðan sína. „Það er lykillinn að allri úrvinnslu tilfinninga. Það er lykillinn að því að geta lifað við svona ástand þannig að líðan fólks innan heimilisins stjórnist ekki af því hvort alkóhólistinn sé að drekka eða ekki. Fjölskyldan þarf að hjúpa sig vernd gagnvart því að láta aðra stjórna líðan sinni. Fjölskyldan þarf að koma sér út úr meðvirkniástandinu. Þetta er vítahringur semþarf að komast út úr og hjálpa fólki að opna augu sín svo að það sjái leið út úr þessari líðan. Það er afar mikilvægt," segir hún.

Hvað litlu börnin varðar þá er mikil ábyrgð á herðum þess foreldris sem ekki er í neyslu að skapa börnunum öryggi. Ef hjónin eru með mjög lítil börn og annað foreldrið er alkóhólisti þá er mikilvægt að sá eða sú sem ekki er í neyslu vinni með sjálft sig til að geta unnið með öryggi barnanna. „Það er það mikilvægasta. Eins og stundum er sagt í flugvélunum; settu grímuna fyrst á sjálfa þig og aðstoðaðu svo barnið. Til að geta skapað barninu öryggi í uppeldinu þá verðum við að vinna með okkur sjálf."

Solveig Lára þjónaði sem prestur í Reykjavík og á Seltjarnarnesi í sautján ár og hefur nú verið prestur úti á landi í tólf ár. Hún segir að alkóhólismi sé allsstaðar en lítil reynsla sé komin á það hvaða áhrif kreppan hafi. Það á sjálfsagt eftir að koma í ljós þegar frá líður en nú er of snemmt að leggja mát á það hvaða áhrif kreppan hefur haft á þessi mál. *-ghs*


# Eftirtaldir aðilar styðja SÁÁ

ÖBÍ

SEIGLA BOAT BUILDER www.seigla.is

Líkamsræktin Bjarg ehf
Íslensk erfðagreining
Skinney - Þinganes ehf
Bókhaldsstofan

Kirkjugarðar Reykjavíkur
F.Í.B.
Flúðafiskur
B.J. Vinnuvélar ehf

Kristbjörg Elí ehf
Topp Útlit ehf
Ísaga ehf
Spölur ehf

# Eftirtaldir aðilar styðja SÁÁ

SALTKAUP H/F
HÚSASMIÐJAN
maritech - tryggir þér samkeppnisforskot
VERKSÝN
inter Medica.
Íslandsspil
KOLAPORTIÐ
TANDUR - þegar hreinlæti skiptir mál
Landsvirkjun
ICELAND CONGRESS incentives & events
HAPPDRÆTTI HÁSKÓLA ÍSLANDS vænlegast til vinnings
Fjallabyggð
TM
Domino's Pizza
Arion banki
Purity Herbs

Rafórninn ehf

Reykjanesbær

Rue de Net Reykjavík ehf

Samhentir - umbúðalausnir ehf

Samherji hf

Samhjálp

Samkaup hf

Samvirkni ehf

Securitas hf

Sérefni ehf

Sérverk ehf

Síldarvinnslan hf, útgerð

Sjálfsbjörg, landssamband fatlaðra

Sjómannafélag Ólafsfjarðar

Skarta ehf

Skýlið

Smur-, bón-og dekkjaþjónustan sf

Snóker- og Poolstofan ehf

SORPA

Sólark-Arkitektar,

Sólskógar ehf

Sprettur

Spöng ehf

Stekkur ehf

Steypustöðin Hvammstanga ehf

Stilling hf

Stólpi gámar ehf

Sytra ehf

Sægreifinn við Geirsgötu

Söðulsholt ehf

Söluturninn

Söluturninn Smári

Tannlæknast Einars Magnúss ehf

Tannlæknastofa Árna Páls Halldórssonar

Tannlæknastofa Hafsteins Ingvarssonar

Tálknafjarðarhreppur

Tryggingamiðstöðin

Umbúðamiðlun ehf

Útfararstofa Kirkjugarðanna ehf

V.R.

Vaki fiskeldiskerfi hf

Varma & vélaverk

VÁ Vesthópurinn, vímuefnaforvarnir á Vestfjörðum

Veitingahúsið Perlan ehf

Veitingastaðurinn Menam

Verkalýðsfélag Akraness

Verkalýðsfélagið Hlíf

Verkfræðistofan Hamraborg sf

Vermir sf

Vernd, fangahjálp

Verslunarmannafélag Suðurnesja

Verslunartækni ehf

Vélasalan ehf

Vélsmiðja og íIaverkstæði ehf

Vélsmiðjan Foss ehf

Vignir G. Jónsson hf

Vilhjálmsson sf

Villi Valli ehf

Vinnslustöðin hf

Víkurbúðin ehf

Víkurraf ehf

Vísir hf

Vísir, félag skipstjórnarmanna á Suðurnesjum

Vörukaup ehf

Þorbjörn hf

Þrír Frakkar hjá Úlfari, veitingahús

Ölgerðin Egill Skallagrímsson ehf

## Bílar óskast

**!!! 0-250þús staðgreitt !!!**
Óska eftir að kaupa bíl fyrir allt að 250þús., bíllinn má þarfnast lagf. eða skoðunar, helst ekki eldri enn '98, skoða allt. Hringdu í síma 659-9696.

**Bíll óskast á 25-250þús.**
Má þarfnast lagfæringa. Hringdu S. 615 1815 eða sendu sms.

**!!! VANTAR ÓDÝRAN BÍL !!!**
Fyrir allt að 200þ. staðgreitt, árgerð '98-'03. Má alveg þarfnast smá lagfæringa uppl. s. 777 3077.

**0-250 staðgreitt**
Vantar bíl á verðinu 0-250. Skoða allt. Jeppa, fólksbíl. Má þarnast lagfæringar. Sími 857 9326.

## Pallbílar



Dodge Ram 2500 Laramie Diesel árg. 2008 ekinn 40þús. 35" dekk 20"felgur. Leður 6 manna. Lok á palli DVD. Einn sá flottasti. S:898-2811.

## Sendibílar




Ódýr sendibílaþjónusta www.keyrsla.is S:820-3880 Heimsendingar frá 2900kr

Allar stærðir sendibíla. Nýja Sendibílastöðin sími 568-5000.

## Hópferðabílar



Gullfalleg Bova futura til sölu skráður 71 pax uppl. í sima 840-1540 Sævar. Mjög gott verð fyrir góðann bíl.



Man berkhof axial 30 38 manna Uppl. í síma 840-1540. Sævar Þarfnast smá fíniseringar.

## Mótorhjól



KDM 400 enduru, árg. 02. 250 þ. stgr. S. 659 0566



**Tilboð Tilboð**
KAWASAKI NINJA ZX-600R árg. 2007 ekið 3000km. Sem nýtt. Einn eigandi. Verð 950.000. S: 898-2811.



Yamaha Midnight Star 1700 árg. 2004 lítið ekið fallegt hjól. Tilb. óskast uppl. 848-7632.



HONDA VTX 1300S. Mikið af aukahlutum. Ekið aðeins 5065 KM. Verð kr 1.145.000. Vel með farið. Vel með farið YAMAHA PW50 2005 barnahjól, lítið notað. Tvígengishjól byrjendahjól fyrir krakka 5-7 ára með sídrifi .V.165.000. Uppl. í s. 777 5555.

## Bílaþjónusta




Concept og Meguiar's - Bónvörurnar sem gera bílinn þinn, fallegri, betri og verðmeiri.



PETRONAS 15/40W HÁGÆÐA SMUROLÍA AÐEINS KR 495.-Ltr. EINNIG FROSTLÖGUR, GLUSSI, RÚÐUVÖKVI OG GÍROLÍA Á HEILDSÖLUVERÐI. DS-LAUSNIR EHF 561-8373 www.dslausnir.is

## Vinnuvélar




## Tjaldvagnar



Gamall Tango Camper, nýsk, 120 þ. stgr. S. 659 0566

## Lyftarar




**Körfubílaleigan.**
Ódýr og góð þjónusta. Vinnuhæð 32 metrar. S. 893 3573.

## Bátar




SAFIR SKIPASALA. MIKIL SALA - HAFÐU SAMBAND - www.safir.is - s: 580 8700.

## Varahlutir




**Varahlutavaktin Sími 555 6666**
Erum með varahluti fyrir Benz, VW, Skoda, MMC, Hyundai, Peugeot, Renult, Fiat, Suzuki, Dodge, Ford, Land Rover og fl. Kaupum bíla niðurrifs og uppgerðar. Ísetningar á varahlutum. Eldshöfða 6, 110 RVK. Opið 09-18 og lau. 12-16.

**BMW varahlutir óskast í**
BMW 316-E36 -compakt módel '99. SS. framstuðari, hægra f-ljós og fl. Uppl. s. 898 3206

**VW - Skoda - Varahlutir**

Eigum varahluti í VW, Skoda og Audi og Pajero frá '02 Kaupum bíla til niðurrifs og uppgerðar. Bílabúið, Kaplahrauni 11 220 hfj. S. 534 1045.

**Japanskar vélar Bílapartasala**
Eigum úrval varahluta í Japanska og Kóranska bíla og fleiri teg. Kaupum bíla. S. 565 3400 & 893 2284. www.japanskarvelar.is / www.carparts.is japvel@carparts.is

Partasalan SU-MI Smiðjuvegi 11. Hyundai Sonata '97, Accent '01, Impreza '99 og felicia '99, Peugeot 306 '99, 206 og 406 ST. Almera '97-'99, Terrano '98, Ford 250 '99, Megane 01. Vectra '98, Astra '97, Corsa '98, Baleno '98. Kia Rio '02. Benz 230E '97. Volvo 460 '93, Ford Mondeo ár '00. Transporter '99 Kaupi bíla til niðurrifs. sími 661 5270.

Varahlutir í VW Golf, Polo,Yaris, Skoda Oktavia árg. '03, og Kangoo. Viðgerðir. Gírkassar. Bremsuviðgerðir, renni diska og skálar. Kaupi bíla. Uppl. í s. 892 7852.

Partatorg.is Notaðir varahlutir í ýmsar gerðir nýlegra bíla. partatorg@partatorg.is 565-6020.

## Viðgerðir



**Reiðhjóla og sláttuvélaþjónustan - enginn biðtími !**
ENGINN BIÐTÍMI ÖLL REIÐHJÓL LÖGUÐ SAMDÆGURS, Tek við öllum gerðum af reiðhjólum, og sláttuvélum. Einnig aðrar smávéla viðgerðir. Vagnhöfða 6, S. 821 0040.

**AB Bremsur og viðgerðir**
Get bætt á mig öllum teg. bíla til viðgerða. Uppl. s. 555 6020

**AB - PÚST**
Almennar pústviðgerðir og sérsmíði. Fljót og góð þjónusta. Skemmuvegur 26

## Pípulagnir

**Faglærðir Píparar**
Tökum að okkur viðhald og nýlagnir, vönduð vinnubrögð mikil reynsla. Pípulagnaþjónusta Reykjavíkur S: 770 4499.

## Hreingerningar




Hreingerningar - Bónun - Bónleysing Flutningsþrif - Þrif eftir iðnaðarmenn thvegillinn.is - Stofnað 1969 Traustir og vanir menn.

**A-Ö Þrif&Hreinlæti S. 662 0662**
Hreingerningar, Flutningsþrif, Gólfbónun, Teppahreinsun og Húsgagnahreinsun.

**Vy-þrif ehf.**
Öll almenn þrif, fyrir heimili, húsfélög, fyrirtæki ofl. Gerum verðtilboð. Sími 512-4010 www.vy.is

## Garðyrkja










**Garðsláttur og garðklippingar**
fyrir húsfélög og einstaklinga. Fáðu verðtilboð. ENGI ehf. Sími 615-1605.

**Er öspin til ama ?**
Fellum og fjarlægum tré. Vönduð vinnubrögð. Uppl. í s. 773 0317.

**Er mosinn að eyðileggja garðinn þinn !!??**
Erum með góðar lausnir við því. Eiríkur Garðyrkjumaður S. 867 4555.

GARÐSLÁTTUR Fagmennska og vönduð vinnubrögð ! Fáðu tilboð. Sigurður, S. 823 1060.

Trjáklippingar, listrænar klippingar og önnur vorverk. Ellilífeyrisafsláttur. Tuga ára reynsla og skjót þjónusta. Trjámann s. 860 4493

## Til sölu







# **Fyrsta skipafélag í heiminum** til að bjóða upp á þessa þjónustu

Meðal fleiri skemmtilegra nýjunga hjá Eimskip er snjallforrit sem gerir viðskiptavininum kleift að fylgjast með nákvæmri stöðu sendinga á rauntíma í símanum sínum. Það er hægt að fylgjast með sendingum sem eru í flutningakerfum félagsins. Áður þurfti til þess ótal símtöl og pósta, en snjallforritið er bæði myndrænt og auðvelt í notkun og sýnir einnig nákvæma staðsetningu skipa Eimskips. Það sýnir skipaáætlun og siglingaleiðir, skrifstofur Eimskips erlendis og helstu tengiliði. Einnig er hægt að hringja beint úr „Eimskips-appinu". Eimskip er með fyrstu skipafélögum í heiminum til að bjóða upp á þessa þjónustu.

Eimskips-appið er í boði fyrir Android og iPhone snjallsíma



GSM YFIRSÝN, NÝ ÞJÓNUSTA

# Ekki lengur með tvo síma – og allt reikningavesen úr sögunni

„Við höfðum samband við Símann og það var komið til móts við okkur með lausn sem hentar fullkomlega,“ segir Gnúpur Halldórsson forstöðumaður upplýsingasviðs Atlanta.

„Hjá Atlanta starfa á annað hundrað íslenskir flugmenn sem oft eru staðsettir utan Íslands,“ segir Gnúpur Halldórsson, forstöðumaður upplýsingasviðs fyrirtækisins. „Með þennan fjölda starfsmanna er dálítið erfitt að útvega öllum símakort með opnum reikningi og því höfðum við samband við Símann og spurðum hvort það væri möguleiki að aðgreina símtöl. Að öll símtöl sem hringd væru utan Íslands í okkar símanúmer myndu gjaldfærast á fyrirtækið en þau símtöl sem væru „persónuleg“ færu á símreikning viðkomandi starfsmanns.“

„Áður þurftu flugmenn að vera með síma til eigin nota, en líka vinnutengdan síma. Og stundum þurftu þeir að fara yfir símreikningana sína og rukka sérstaklega fyrir þau símtöl sem tengd voru vinnunni. Þetta var náttúrulega heilmikið vesen, bæði fyrir okkur og þá.“

Gnúpur segir að Atlanta hafi haft samband við Símann, sem hafi strax lagt í vinnu við að breyta kerfunum hjá sér til þess að gera þetta kleift. „Síminn steig skrefið og kom til móts við okkur með þjónustu sem kallast GSM Yfirsýn,“ segir Gnúpur. Að hans mati hefur skapast mikið hagræði af þjónustunni, bæði fyrir flugmennina og fyrirtækið.

Með GSM Yfirsýn getur Síminn boðið fyrirtækjum mun meiri sveigjanleika á þessu sviði.

Fyrirtækin fá yfirsýn yfir það hvernig farsímanotkun þeirra skiptist, bæði innanlands og erlendis, og geta síðan skipt farsímakostnaði með starfsmönnum eftir notkun, til þæginda fyrir alla.

„Nú þurfum við ekki að standa í neinu veseni með símreikninga eins og áður. Það sem líka fylgir þjónustunni er að ef við hringjum í flugmennina þegar þeir eru staddir erlendis, þá fáum við reikninginn, en þeir fá reikninginn fyrir persónulega notkun. Eins og eðlilegt er.“

## Síminn þróaði GSM Yfirsýn með þarfir flugmanna Atlanta í huga



„Farsímavefur GSÍ er fljótleg og þægileg lausn bæði fyrir byrjendur og atvinnumenn“

Stjörnukylfingurinn
Alfreð Brynjar Kristinsson



3G NETIÐ Í BÍLINN

# Bylting í bílnum
## – tölva les póstinn

„Allir nýir bílar fá sérstakt tæki sem heitir Toyota Touch, en það er sex tommu snertiskjár í lit,“ segir Sigurrós Pétursdóttir, vörustjóri hjá Toyota, þegar hún kynnir okkur fyrir því sem bráðlega verður staðalbúnaður í öllum Toyota-bílum.

„Til þess að tryggja öryggi í akstri þá tengist síminn Bluetooth og því er búnaðurinn hand-frjáls og snúrulaus. Símaskrá og allt sem er í símanum flyst yfir í tækið, ýtt er á einn hnapp og síðan getur maður talað undir stýri án þess að koma við nokkurn skapaðan hlut,“ segir Sigurrós. „Sjálfur síminn er í jakkavasanum eða töskunni en hnapparnir á tækinu eru stórir, þannig að auðvelt er að svara án þess að líta af veginum.“

Í raun er Toyota Touch margmiðlunarkerfi: útvarp, tölva og geislaspilari en einnig er hægt að tengja mp3-spilara. Toyota hefur svo þróað enn tæknilegra kerfi, sem heitir Toyota Touch and Go, sem gerir ökumanni t.a.m. kleift að fá SMS á skjáinn, sjá öll send SMS og skrifa texta. Það er þó tvíbent, að sögn Sigurrósar, því auðvitað má ekki senda SMS á ferð, en til eru flýtiskilaboðin „er að keyra“ og þau fást ef stutt er á einn hnapp.

„Þetta er mjög sniðugt,“ segir Sigurrós, „maður kíkir oft á skjáinn á símanum sínum þó að maður sé að keyra og það er ekki til fyrirmyndar en þetta er allt annað. Þessi skjár er stór og á vísum stað og það er auðvelt að líta á hann, t.d. þegar staðnæmst er á ljósum.“

Meðal þess sem er á leið á markað er búnaðurinn Toyota Touch and Go Plus, en þá verður hægt að fá tölvupóstinn sendan í tækið. Það hefur Sigurrós prófað og er hæstánægð. „Ég tengdi símann við skjáinn og allur pósturinn minn kom umsvifalaust þar upp. Síðan var ég að keyra í rólegheitum, heyrði „bling!“ og rödd sem sagði: „You´ve got mail!“. Með einni skipun gat ég síðan látið tölvuna lesa upp póstinn fyrir mig. Það er gríðarþægilegt og engin þörf á að líta af veginum.“

Nýr staðalbúnaður hjá Toyota sem tryggir öryggi í akstri

PANTAÐU RÁSTÍMA
Í SNJALLSÍMANUM

# Langar þig í golf,
## en ert staddur uppi á Esju?

Golfsamband Íslands hefur starfrækt viðamikla tölvuþjónustu fyrir kylfinga frá árinu 2000. Um er að ræða miðlægan grunn þar sem kylfingar geta fylgst með forgjöf sinni, skráð sig í mót, fengið upplýsingar um úrslit móta og síðast en ekki síst skráð sig í rástíma á sínum heimavelli eða öðrum þeim golfvelli sem hugurinn stendur til hverju sinni. Í fyrra var þjónustan við kylfinga aukin enn frekar og ýmsar aðgerðir í golf.is útfærðar fyrir farsíma og urðu þær lausnir strax mjög vinsælar.

„Í þessu er fólgið mikið hagræði fyrir kylfinga,“ segir Hörður Þorsteinsson, framkvæmdastjóri Golfsambandsins. „Þú getur jafnvel verið staddur uppi á fjallstindi í fallegu veðri, langað í golf og notað þá símann til að fletta því upp hvort rástími sé laus á þínum velli. Ef svo er, þá staðfestir þú skráningu þína með símanum. Menn geta líka skráð skorið sitt eftir hringinn og þannig uppfært forgjöfina um leið og þeir hafa lokið leik. Sú breyting hefur verið gerð á forgjafarkerfinu í ár að skrifa þarf nú staðfest skor kylfings og verður mikið hagræði í því að geta einfaldlega tekið upp símann og sent staðfestingu með einni aðgerð.

Eftir því sem snjallsímanotendur verða fleiri er tæknin mun aðgengilegri fyrir kylfinga, enda eru þeir gríðarlega ánægðir með þessa þjónustu. Í júlí í fyrra voru flettingarnar í kerfinu um 6 milljónir. Það þarf ekki lengur að sitja við tölvuna til þess að panta sér tíma á sínum golfvelli. Eða eins og gert var hér áður fyrr, þegar kylfingar þurftu að hringja í borðsíma golfklúbbsins og þar var starfsmaður sem fletti upp í kladdanum til að athuga hvenær hægt væri að fá tíma! Síðan þá hefur mikið vatn runnið til sjávar og enn er von á betra aðgengi, enda sífellt nýjar og spennandi lausnir í þróun.“

# Tryggðu þér forskot
# með öruggu sambandi
# hjá Símanum



NÝJUNGAR SÍÐAN 1906 / SÍMINN /

Við veitum
**faglega ráðgjöf**
**og þjónustu**

Síminn hefur verið leiðandi á sínu sviði frá árinu 1906. Fjölbreyttar fjarskipta- og upplýsingatæknilausnir okkar byggja á þessari löngu reynslu. Framsýnt starfsfólk okkar leggur metnað sinn í að finna ný tækifæri fyrir viðskiptavini og opna nýjar leiðir. Við leggjum áherslu á að vera ætíð í fremstu röð og styðja á öflugan hátt við starfsemi viðskiptavina okkar á fyrirtækjamarkaði.

Kynntu þér málið á siminn.is eða sendu okkur tölvupóst á 8004000@siminn.is og við finnum örugga lausn sem hentar þinni starfsemi.

Síminn

# Starfsmenn Landsbankans munu geta eignast tveggja prósenta hlut

**Stofn kaupaukakerfis starfsmanna nýja Landsbankans verður um fjögurra milljarða króna virði miðað við eiginfjárstöðu bankans um síðustu áramót. Stærð hans tengist frammistöðu ákveðinna eigna sem færðar voru frá gamla bankanum til þess nýja á mjög lágu verði.**

FRÉTTASKÝRING
Þórður Snær Júlíusson
thordur@frettabladid.is

Starfsmenn Landsbankans munu eiga tveggja prósenta hlut í bankanum ef virði skilyrts skuldabréfs sem hann heldur á nær að verða 92 milljarðar króna í lok þessa árs. Miðað við eiginfjárstöðu Landsbankans er virði slíks hlutar um fjórir milljarðar króna. Um síðustu áramót var hlutur starfsmannanna þegar orðinn 1,3 prósent. Eignarhluturinn á að mynda stofn kaupaukakerfis fyrir starfsmenn bankans.

### Skilyrta skuldabréfið

Í desember 2009 var tilkynnt um uppgjör á milli nýja Landsbankans og þrotabús þess gamla. Í því fólst að íslenska ríkið eignaðist 81,33 prósenta hlut í nýja bankanum vegna 122 milljarða króna eiginfjárframlags ríkisins til hans. Afgangurinn, 18,67 prósent, varð við uppgjörið í eigu þrotabús gamla bankans.

Samhliða þessu var hins vegar gefið út svokallað skilyrt skuldabréf sem á að gera upp í lok árs 2012. Samkvæmt upplýsingum frá Landsbankanum mun virði þess, sem getur mest verið 92 milljarðar króna, ákvarðast af frammistöðu ákveðinna eigna sem færðar voru inn í nýja bankann. Um er að ræða tvö söfn, annars vegar lán til stærri fyrirtækja og hins vegar lán til smærri fyrirtækja. Í þessum lánasöfnum eru að mestu lán sem keypt voru á lágu verði úr þrotabúinu og voru því talin léleg. Ef virðisaukning á sér stað á lánasöfnunum renna 85 prósent hennar til þrotabús gamla bankans en 15 prósent til nýja bankans.

### Myndar eign starfsmanna

Ef virði umræddra eigna nær að verða 92 milljarðar króna fyrir árslok 2012, þegar gera á skuldabréfið upp, þá mun gamli bankinn afhenda þann 18,67 prósent eignarhlut sem hann heldur á til baka. Þar af mun 16,67 prósent hlutur renna til Bankasýslu ríkisins, sem mun þá halda á 98 prósent eignarhlut, en tvö prósent munu fara í að mynda stofn fyrir kaupaukakerfi starfsmanna nýja Landsbankans. Ef sá árangur næðist ekki þá myndi hluturinn sem Bankasýslan, og starfsmenn Landsbankans, eiga að fá rýrna í beinu hlutfalli við lokavirði skuldabréfsins.

Í árslok 2010 var virði skilyrta skuldabréfsins bókfært á 26,5 milljarða króna í bókum Landsbankans. Um síðustu áramót hafði virði þess stóraukist og var nú bókfært á 60,8 milljarða króna. Miðað við þá stöðu er sá hlutur sem fer í að mynda stofn kaupaukakerfis starfsmanna Landsbankans þegar orðinn 1,32 prósent, og um 2,6 milljarða króna virði, miðað við eiginfjárstöðu bankans á þeim tíma.

### Umbun fyrir árangur

Stofn væntanlegs kaupaukakerfis starfsmanna Landsbankans er hluti af skilyrta skuldabréfinu og ef allt gengur eftir munu þeir eignast tveggja prósenta hlut í bankanum. Í svari Landsbankans við fyrirspurn Markaðarins um málið kom fram að það væri „umbunin fyrir árangurinn til starfsmanna“.

Eigið fé Landsbankans var rúmlega 200 milljarðar króna um síðustu áramót. Ef miðað er við að það endurspegli heildarvirði bankans þá er virði þess hlutar sem mun mynda stofn kaupaukakerfis starfsmanna hans um fjórir milljarðar króna.

### Að frumkvæði kröfuhafa

Umræða skapaðist um væntanlegt kaupaukakerfi starfsmanna Landsbankans snemma árs 2010. Þá sendi Landsbankinn frá sér yfirlýsingu, dagsetta 16. mars 2010, þar sem sagði „að frumkvæði kröfuhafa var gert samkomulag á milli skilanefndar Landsbanka Íslands hf. (gamla bankans), fjármálaráðuneytisins f.h. ríkissjóðs og Landsbankans (NBI hf.) um að hluti hlutabréfa í NBI hf. sem skilanefndin heldur nú á, myndi stofn fyrir kaupaukakerfi sem næði til allra starfsmanna og kæmi til framkvæmda á löngum tíma. Fjöldi þeirra hlutabréfa sem myndar stofninn ræðst af hugsanlegri verðmætaaukningu tiltekins hluta eignasafns bankans“. Sá tiltekni hluti eru þær eignir sem ákvarða virði skilyrta skuldabréfsins.

### Ekkert skipulag fastsett

Í sömu yfirlýsingu sagði að „hugsanlegt er því að kaupaukakerfi taki gildi eftir að þessi hluti eignasafns bankans hefur verið endurmetinn í árslok 2012“. Markaðurinn beindi fyrirspurn til Landsbankans um það hvort ákvörðun hefði verið tekin um hvenær kaupaukakerfið ætti að taka gildi.

Í svari bankans segir að „það hefur engin ákvörðun verið tekin um eitt né neitt í þessum efnum, enginn samningur verið kláraður og ekkert skipulag fastsett. Þetta var upphaflega hugsað til langs tíma og þá þannig að starfsmenn fengju hlutabréf sem þeir gætu ekki selt fyrr en eftir nokkur ár. Það er bankans að útfæra þetta fyrirkomulag og það er í vinnslu.



**LANDSBANKINN** Til stendur að umbuna starfsmönnum Landsbankans fyrir árangur við að hámarka virði tveggja eignasafna sem færð voru yfir úr gamla bankanum. Landsbankinn er að langstærstu leyti í eigu íslenska ríkisins. Steinþór Pálsson er bankastjóri hans.
FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

### Valdir starfsmenn útilokaðir

Í fyrirspurninni var einnig spurt um hvernig kaupaukakerfið ætti að vera uppbyggt og til hverra það ætti að ná. Í svari Landsbankans segir að „hugmyndir fjármálaráðuneytisins á sínum tíma voru að það næði til allra starfsmanna. Sem fyrr segir hefur þetta ekki verið útfært enda rúmast það ekki innan þeirra reglna sem FME [Fjármálaeftirlitið] síðar setti um útfærslu kaupauka af þessum toga, en samkvæmt þeim er t.a.m. óheimilt að tengja kjör sumra starfsmanna við afkomu“.

Þar vísar bankinn til þess að reglur um kaupaukakerfi fjármálafyrirtækja, sem FME setti um mitt ár 2011, gera það óheimilt að greiða starfsmönnum sem starfa við áhættustýringu, innri endurskoðun eða regluvörslu kaupauka. Auk þess er óheimilt að greiða stjórnarmönnum fjármálafyrirtækis kaupauka. Aðrir starfsmenn Landsbankans, þar á meðal helstu yfirmenn hans, munu hins vegar geta þegið kaupauka þegar kerfinu verður komið á laggirnar.

### Hámarks kaupauki fjórðungur af launum

Í reglum FME kemur líka fram að í kaupaukakerfi skuli byggt á þeirri meginreglu að hæfilegt jafnvægi sé á milli fastra launa og kaupauka. Þar stendur að „samtala veitts kaupauka til starfsmanns, að meðtöldum þeim hluta greiðslu sem er frestað, má á ársgrundvelli ekki nema hærri fjárhæð en 25% af árslaunum viðkomandi án kaupauka“.

Auk þess á ávallt að „fresta greiðslu hluta af kaupauka, a.m.k. 40% af honum, um að lágmarki þrjú ár“. Því er ljóst að það mun taka nokkur ár að koma út öllum eignarhlutnum til starfsmannanna sem munu fá hann, verði kaupaaukakerfið að veruleika.

### TÖLDU VIRÐIÐ ÞEGAR VERA 92 MILLJARÐA

Stjórnendur þrotabús gamla Landsbankans telja að hægt væri að flýta uppgjöri skilyrta skuldabréfsins og gera það upp strax, þar sem að virði undirliggjandi eigna sé þegar búið að ná 92 milljörðum króna. Þetta kom fram í viðtali við Lárentsínus Kristjánsson, fyrrum formann skilanefndar Landsbankans, í Fréttablaðinu 20. desember 2011.

Þar kom fram að viðræður hefðu staðið yfir á milli stjórnenda nýja og gamla bankans um að flýta uppgjörinu. Lárentsínus sagði þær enn standa yfir þegar viðtalið var tekið og að þær væru að þokast áfram. „Við teljum að nýi bankinn ætti nú þegar að geta gefið út bréfið þar sem undirliggjandi verðmæti hafi náð þessum 92 milljörðum. Það er einhver meiningarmunur þar á milli aðila en það eru allra hagsmunir að það verði gengið frá þessu máli sem fyrst.

Sterkasta vopnið í okkar höndum er að við erum með mjög góðan samning í höndunum. Við getum beðið út árið 2012 og fengið bréfið útgefið fljótlega í kjölfarið. Nýi bankinn vill auðvitað fá eitthvað í staðinn fyrir að gera þetta upp núna og sleppa því þá að fara í virðismatsferli sem verður flókið og dýrt. Það er verið að þreifa á niðurstöðu í því og viðræður standa yfir.“

---

Eignarhlutur Eignabjargs kominn niður fyrir 5 prósent:

## Eignabjarg seldi í Högum

Eignabjarg, dótturfélag Arion banka, seldi tólf milljónir hluta í Högum fyrir rúmar 225 milljónir króna í gær. Er um að ræða tæplega eitt prósent af heildarhlutafé í félaginu og er hlutur Eignabjargs í Högum 4,99 prósent eftir viðskiptin.

Eignabjarg tilkynnti um viðskiptin í flöggun til Kauphallar Íslands en með viðskiptunum er Eignabjarg komið niður fyrir flöggunarskyldu en mark hennar er fimm prósent.

Gengi bréfa í Högum var 18,9 við lokun Kauphallarinnar í gær og hafði hækkað um 1,07 prósent frá opnun. Alls hefur verð bréfanna hækkað um 40 prósent frá því að félagið var skráð á markað á genginu 13,5 í desember.

- mþl

---

Hrein eign íslensku lífeyrissjóðanna jókst um 121 milljarð á fyrsta ársfjórðungi:

## Árið byrjar vel hjá lífeyrissjóðum

Hrein eign lífeyrissjóða landsins hækkaði um 35 milljarða króna í mars eða 1,6 prósent. Í lok mánaðarins stóð hún í 2.217 milljörðum króna sem jafngildir 138 prósentum af vergri landsframleiðslu.

Fyrsti ársfjórðungur ársins hefur reynst lífeyrissjóðunum gjöfull en meðalhækkun fyrstu þrjá mánuði ársins var 40 milljarðar króna. Til samanburðar hækkuðu eignir þeirra um 20 milljarða króna að meðaltali á síðasta ári.

Í Morgunkorni greiningardeildar Íslandsbanka frá því í gær kom fram að þessa miklu hækkun á fjórðungnum megi að stórum hluta rekja til afar hagstæðrar verðþróunar á helstu hlutabréfamörkuðum.

Síðustu tólf mánuði hefur hrein eign sjóðanna vaxið um 13 prósent að nafnvirði og 6,1 prósent að raunvirði. Hafa ber í huga að raunávöxtun þeirra hefur þó verið talsvert minni enda eru iðgjaldagreiðslur sjóðfélaga í hverjum mánuði mun hærri en greiðslur til lífeyrisþega og úttektir séreignasparnaðar.

Í mars hækkaði innlend verðbréfaeign um 33,6 milljarða og erlend verðbréfaeign um 5,7 milljarða. Lífeyrissjóðirnir eiga nú innlend verðbréf fyrir 1.600 milljarða og erlend fyrir um 520 milljarða. Bankainnistæður sjóðanna lækkuðu hins vegar í mánuðinum um 7,7 milljarða og stóðu í 149 milljörðum í lok árs.

- mþl

# Fasteignasjóður Íslands að fæðast

**Fasteignasjóður Íslands slhf. mun fjárfesta í vel staðsettu atvinnuhúsnæði. Fjárfestingarframlög nema 12 til 15 milljörðum í fyrstu. Lífeyrissjóðir og tryggingafélög verða stærstu eigendur en FÍ ásamt eignastýringu MP mun stýra félaginu.**

FASTEIGNIR

Magnús Halldórsson
magnush@365.is

MP banki hefur unnið að stofnun Fasteignasjóðs Íslands slhf. (FÍ) að undanförnu, en formlega mun félagið hefja störf í júní nk. samkvæmt áætlunum. Félagið mun kaupa og reka atvinnuhúsnæði, einkum á höfuðborgarsvæðinu, og er unnið eftir því að fjárfestingarframlög þeirra sem koma að félaginu verði 10 til 20 milljarðar króna. Fjármálaráðgjöf og áhættustýring félagsins verður í höndum MP banka á grundvelli samnings þar um.

Markmiðið með stofnun félagsins er að bjóða stofnanafjárfestum upp á áhættulítinn og tryggan langtímafjárfestingakost. Yfir 90 prósent þeirra sem koma munu að félaginu sem hluthafar verða lífeyrissjóðir og tryggingafélög, samkvæmt því sem lagt er upp með. Ávöxtunarmarkmið félagsins verður um 3 prósent ofan á 10 ára ríkisskuldabréf.

Félagið verður ekki skráð á hlutabréfamarkað Nasdaq OMX Kauphallarinnar, en skuldabréf verða útgefin og skráð á markað.

Örn V. Kjartansson, framkvæmdastjóri FÍ, segir að tækifærin séu fyrir hendi þegar kemur að því að velja góða fjárfestingakosti og semja við leigutaka til langs tíma. „Eftir því sem efnahagur landsins batnar, því meiri verða tækifærin þegar kemur á fjárfestingu í atvinnuhúsnæði.“

Fáir ávöxtunarmöguleikar

Eitt af því sem þegar er farið að valda vandræðum hjá ýmsum fjárfestum eru fáir fjárfestingamöguleikar, en helst eru það opinber skuldabréf og þau fyrirtæki sem skráð eru á hlutabréfamarkað sem hafa verið í boði. Að undanförnu hafa síðan bæst við skuldabréfaflokkar fyrirtækja, þar helst Íslandsbanka og Arion banka.

Stofnun FÍ er ekki síst hugsuð til þess að auka möguleika fyrir stofnanafjárfesta sem reyna eftir fremsta megni að ávaxta fé sitt þannig að ávöxtunarmarkmið náist. Gjaldeyrishöftin gera þetta enn meira krefjandi en lífeyrissjóðirnir geta ekki fjárfest erlendis sökum þeirra.

Einnig er horft til þess að litlar líkur séu til útgáfu verðtryggðra skuldabréfa á komandi árum, og því sé eftirspurn eftir langtímafjárfestingakostum eins og vel staðsettu atvinnuhúsnæði líkleg til þess að aukast.

Í undirbúningsteymi FÍ hafa verið auk Arnar, þeir Brynjólfur Baldursson, framkvæmdastjóri eignastýringarsviðs MP banka, Tryggvi Tryggvason, sem er forstöðumaður á eignastýringarsviði MP banka, og síðan Sigurður Atli Jónsson, forstjóri MP banka.

Þeir hafa undirbúið stofnun FÍ undanfarna mánuði og kynnt hann fyrir fjárfestum.



**FASTEIGNASJÓÐUR** Undirbúningur að stofnun Fasteignasjóðs Íslands hefur staðið yfir undanfarna mánuði og undirbúningsteymið hefur kynnt hann fyrir fjárfestum. Frá vinstri sjást á myndinni Brynjólfur Baldursson, Tryggvi Tryggvason og Örn V. Kjartansson. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

## UMRÓT Á MARKAÐI

Í kynningargögnum um FÍ, sem Markaðurinn hefur undir höndum, er farið ítarlega yfir þau tækifæri sem geta verið fyrir hendi á markaði með atvinnuhúsnæði. Þar er meðal annars nefnt að seljendur húsnæðis séu margir aðþrengdir vegna fjárhagserfiðleika auk þess sem fasteignaverð hafi lækkað mikið að undanförnu, en að því er fram kemur í kynningargögnunum var fasteignaverð lægra árið 2010 heldur en sem nemur tíu ára meðaltalsraunverði. Þá hefur veltan einnig minnkað mikið, en árið 2010 var hún aðeins um 40 prósent af meðaltalsveltu síðustu 20 ára. Þá er byggingakostnaður hærri en fasteignaverðið í augnablikinu, og lítið sem ekkert um nýbyggingu atvinnuhúsnæðis. Meðal annars vegna þessara þátta er í kynningargögnunum nefnt að nú um stundir séu kauptækifæri, einkum í vel staðsettu atvinnuhúsnæði með trausta leigutaka.



ENNEMM / SÍA / NM52217



# Láttu músina bera út póst fyrirtækisins með Möppunni

Mappan er ný dreifileið hjá Póstinum sem sameinar öruggar póstsendingar og sveigjanleika í samskiptum sendanda og viðtakanda.

| | |
|---|---|
| **Hagkvæm** | Með Möppunni sparar þú kostnað, mannauð og tíma auk þess sem auðveldara er að skipuleggja póst og gögn. |
| **Gagnvirk** | Vilji viðskiptavinur gera athugasemd eða fyrirspurn, t.a.m. vegna reiknings, getur hann gert það beint úr Möppunni og hægt er að svara honum um leið. |
| **Umhverfisvæn** | Með rafrænum sendingum í Möppunni velur viðskiptavinur umhverfisvæna dreifileið. |



S. 580 1111 | www.mappan.is | facebook.com/mappan.is | @mappanpunkturis

mappan

# Evrópsku hagkerfin skortir nýsköpun

**Edmund Phelps, Nóbelsverðlaunahafi í hagfræði, flutti erindi á ráðstefnu til heiðurs Þráni Eggertssyni í Háskóla Íslands á dögunum. Markaðurinn ræddi við Phelps að um rannsóknir hans, skuldakreppuna í Evrópu og efnahagsbatann á Íslandi.**



„Ég held að vaxtarhorfur Íslands séu hlutfallslega góðar. Kannski svipaðar og í Bandaríkjunum, jafnvel betri, en í öllu falli klárlega betri en vaxtarhorfur í Evrópu.

**EDMUND PHELPS** Phelps hlaut Nóbelsverðlaunin í hagfræði árið 2006 en tveimur árum áður var hann sæmdur heiðursdoktorsnafnbót við Háskóla Íslands. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

**VIÐTAL**
**Magnús Þorlákur Lúðvíksson**
magnusl@frettabladid.is

Edmund Phelps er prófessor í hagfræði við Columbia-háskóla í New York í Bandaríkjunum. Hann hlaut Nóbelsverðlaunin í hagfræði árið 2006 og er þekktastur fyrir rannsóknir sínar á tengslum verðbólgu og atvinnustigs. Phelps hefur heimsótt Ísland reglulega á síðustu árum og meðal annars unnið með Gylfa Zoëga, prófessor við Háskóla Íslands, að rannsóknum en Gylfi er gamall nemandi hans. Þá var Phelps sæmdur heiðursdoktorsnafnbót við Háskóla Íslands árið 2004.

Phelps gerði sér enn eina ferðina til Íslands nú í lok apríl og flutti erindi á alþjóðlegri ráðstefnu í Háskóla Íslands sem haldin var til heiðurs Þráni Eggertssyni, prófessor í hagfræði, í tilefni af sjötugsafmæli Þráins. Markaðurinn greip tækifærið og ræddi við Phelps.

„Síðustu tíu ár hef ég verið að velta fyrir mér uppbyggingu stofnana í hagkerfum og einkennum kapítalisma, sósíalisma og samráðsskipunar. Í tengslum við þá vinnu kom ég fót rannsóknarmiðstöð um kapítalisma, Center of Capitalism and Society. Við höfum skoðað hvernig kapítalismi er aflvaki framfara en jafnframt ýmis félagsleg áhrif svo sem hvernig hann hefur áhrif á starfsánægju sem var einmitt umfjöllunarefni okkar Gylfa Zoëga á ráðstefnunni í dag [20. apríl],“ segir Phelps og bætir við að hann sé um þessar mundir að skrifa bók þar sem þessar rannsóknir séu teknar saman.

Phelps og Gylfi fluttu á ráðstefnunni erindi undir yfirskriftinni samráðsskipan og starfsánægja. Phelps lýsir samráðsskipan sem hugmyndafræði um hvernig skipuleggja eigi hagkerfi sem byggi á þeirri hugmynd að markaðsskipan valdi tilteknum hópum óþarfa skaða auk þess að valda óstöðugleika sem endurspeglist í uppsveiflum og kreppum. Samráðsskipunarsinnar hafi því viljað að ríkið hafi aðkomu að ýmsum verkefnum einkageirans í gegnum þríhliða kerfi þar sem atvinnulífið, verkalýðshreyfingin og voldugt ríki vinna saman að því að lágmarka þessa meintu galla markaðsskipulags.

„Samráðsskipan er víðast hvar í Evrópu við lýði í einhverri mynd og stuðningsmenn þessa kerfis segja það leiða til meiri félagslegrar einingar en ella. Mig hefur hins vegar lengi grunað að þetta kerfi hafi verið mjög skaðlegt. Það hafi búið til hagkerfi þar sem er mjög erfitt fyrir frumkvöðla að gera nýja hluti og nýsköpun á ekki upp á pallborðið. Fyrir vikið fær fólk að lokum leiða á störfum sínum sem sést í því að kannanir á starfsánægju í mörgum ríkja Evrópu leiða í ljós mjög dapurlegar niðurstöður,“ segir Phelps og bætir við: „Þetta er mest áberandi í Frakklandi en einnig á Ítalíu og á Spáni. Og rannsóknir mínar hafa rennt stoðum undir það að samráðsskipanin sé ein af ástæðunum fyrir þessu og ýmsu öðru slæmu sem segja má um evrópsku hagkerfin.“

Phelps segir að stofnanahagfræðingar frá Norðurlöndunum fullyrði við sig að norrænu hagkerfin hafi fyrir löngu losað sig við verstu fylgifiska samráðsskipunar. „Það getur svo sem verið en það er í það minnsta ljóst að ríki á borð við Ítalíu, Spán og Frakkland líða fyrir til dæmis hið flókna regluverk utan um atvinnulífið sem samráðsskipanin hefur orsakað,“ segir Phelps.

### ÞAÐ VERSTA EKKI YFIRSTAÐIÐ Á EVRUSVÆÐINU

Skuldakreppan á evrusvæðinu hefur verið mörgum hagfræðingum hugleikin upp á síðkastið. Spurður um sínar hugleiðingar um ástandið í Evrópu svarar Phelps: „Ég hef talsvert velt fyrir mér því sem er að gerast í Evrópu þó ég verði að játa að ég skil ástandið ekki til þeirrar fullnustu sem ég myndi vilja. Í fyrsta lagi held ég að það sé rétt sem oft er haldið fram að Grikkland er sér á báti. Sé litið á Evrópu sem heild eru fæst ríki gjaldþrota enda fæst gert sig sek um þá gegndarlausu eyðslusemi sem Grikkir leyfðu sér. Hins vegar hafa öll ríki evrusvæðisins verið að leika þann leik lengi að hvetja bankakerfið til að kaupa ríkisskuldabréf með því að setja þeim eiginfjárreglur sem hvetja til slíkra kaupa. Það hefur svo leitt til mjög lágs vaxtastigs sem hefur gert stjórnvöldum í Evrópu kleift að kaupa sér vinsældir með alls konar verkefnum fjármögnuðum með lánsfé. Síðasta áratuginn höfum við því orðið vitni að viðvarandi fjárlagahalla.“

„Auk þess standa ríki Evrópu frammi fyrir að eftir því sem þjóðirnar eldast verða velferðarkerfi þeirra dýrari. Sá vandi færist nær á hverju ári og nú eru sum ríkin einfaldlega komin upp að vegg og standa frammi fyrir því erfiða verkefni að laga ríkisfjármálin hjá sér. Ég held að það sé kjarni vandans en svo bætast við staðbundnir þættir svo sem fasteignabólan sem sprakk á Spáni,“ segir Phelps.

Spurður hvort það versta sé yfirstaðið svarar hann: „Nei, skuldirnar hafa varla lækkað að ráði og enginn veit enn hvernig brugðist verður við því að þjóðir Vestur-Evrópu eru að eldast. Ef ríki Evrópu væru mjög sveigjanleg og frumleg hagkerfi þá væri þetta kannski ekki svo mikið áhyggjuefni. En þar sem þau eru það ekki er erfitt að sjá hvernig sterkur efnahagsbati á að eiga sér stað. Það er þó auðvitað ekki útilokað að ástandið muni batna á næstu árum en það gæti allt eins versnað,“ segir Phelps og bætir að lokum við að hann sé svartsýnn á vaxtarhorfur í Evrópu. Þá segir hann allt tal sitt um Evrópu ekki mega skilja sem svo að allt sé í himnalagi í Bandaríkjunum enda megi margt laga þar svo sem stjórnunarhætti fyrirtækja og ýmsa þætti fjármálakerfisins.

### VAXTARHORFUR ÍSLANDS GÓÐAR

Að lokum segist Phelps hafa reynt að fylgjast með efnahagsbatanum á Íslandi en viðurkennir að hann hafi sennilega ekki margt frumlegt fram að færa enda hugsanir hans að mestu mótaðar af erlendum fréttaflutningi. „Ég hef séð að atvinnuleysi hefur minnkað sem er ánægjulegt. Þá eru mörg fyrirtæki sem komu mikið skuldsett út úr hruninu aftur komin til fjárhagslegrar heilsu og að skila hagnaði. Það mun hjálpa þeim og hagkerfinu öllu til lengri tíma. Mér sýnast því vera fram komin merki um að hagkerfið sé hægt og rólega að ná fyrri styrk þó það muni vitaskuld taka langan tíma,“ segir Phelps og bætir við að til lengri tíma sé hann þó bjartsýnn á vaxtarhorfur Íslands. „Ég held að þær séu hlutfallslega góðar. Kannski svipaðar og í Bandaríkjunum, jafnvel betri, en í öllu falli klárlega betri en vaxtarhorfur í Evrópu.“

ÖRUGG EYÐING GAGNA






GAGNAEYÐING

Bæjarflöt 4 · 112 Reykjavík · Sími 568 9095 · www.gagnaeyding.is



**Forsölu lýkur 15. maí**

# Landsmót hestamanna Reykjavík 2012

## 25.06 – 01.07

Athugið að forsölu lýkur 15. maí.
Sæti í stúku, miðar á landsmót og hjólhýsastæði – allt bókanlegt á www.landsmot.is

**Verð í forsölu (til 15.maí 2012):**

| | |
|---|---|
| 2 x 10.000 kr. vikupassi fullorðinn | 20.000 kr. |
| 1 x 4.000 kr. vikupassi unglingur | 4.000 kr. |
| Hjólhýsastæði | 13.000 kr. |
| **Alls** | **37.000 kr.** |

**Verð eftir 15.maí:**

| | |
|---|---|
| 2 x 15.000 kr. vikupassi fullorðinn | 30.000 kr. |
| 1 x 5.000 kr. vikupassi unglingur | 5.000 kr. |
| Hjólhýsastæði | 15.000 kr. |
| **Alls** | **50.000 kr.** |

Minnum á afsláttarkjör félaga í LH og BÍ.
N1 korthafar fá 1.000 kr. afslátt.

## Taktu þátt í forsöluleiknum

Dregið verður 15. maí úr keyptum miðum í forsölu.
Í verðlaun er flug fyrir tvo til Evrópu með Iceland Express.

Iceland Express

Landssamband Hestamannafélaga

Landsmót Hestamanna – National Horse Show of Iceland

BANKAHÓLFIÐ



Þórður Snær Júlíusson

## Að borga sig frá birtingu

Á forsíðu Fréttablaðsins í gær var greint frá því að alls 3.541 félag hefur ekki skilað inn ársreikningi vegna ársins 2010 á réttum tíma. Auk þess eiga 1.897 félög eftir að skila inn reikningi vegna ársins 2009, 1.594 vegna ársins 2008 og 886 vegna ársins 2007. Þá er búið að draga frá þau félög sem hafa orðið gjaldþrota eða búið er að afskrá í bókum fyrirtækjaskrár.

Til að setja þetta í samhengi þá voru 3.327 einkahlutafélög nýskráð á Íslandi á árunum 2010 og 2011. Vanskilin eru þess vegna sambærileg við að öll nýskráðu félögin á þessum tveimur árum, og 214 til viðbótar, myndu ekki skila inn ársreikningi sínum á réttum tíma.

Viðurlögin við því að skila ekki ársreikningum átta mánuðum eftir að uppgjörsári lýkur, og upplýsa þar með ekki um stöðu viðkomandi félags, er 250-500 þúsund króna sekt. Upphæðin fer eftir hversu mörgum ársreikningum félagið hefur trassað að skila inn, nema að það teljist stórt. Þá má vísa því til frekari rannsóknar hjá skattrannsóknarstjóra sem getur haft í för með sér aukin viðurlög.

Til að falla í þann flokk þurfa fyrirtækin þó að uppfylla tvö af eftirfarandi skilyrðum: eiga eignir sem nema meira en 230 milljónum króna, vera með rekstrartekjur sem eru meiri en 460 milljónir eða vera með yfir 50 starfsmenn. Þar sem langflest einkahlutafélög eru stofnuð til eignaumsýslu, til dæmis með hlutabréf eða fasteignir, þá uppfylla þau ekki ofangreind skilyrði.

Fyrir kröfuhafa, fyrrum hluthafa, keppinauta eða opinberar eftirlitsstofnanir sem hafa alls kyns og mismunandi hag af því að sjá uppgjör ýmissa félaga er þetta afar bagalegt.

Með þessum hætti geta eigendur félaga sem skila ekki inn uppgjöri árum saman borgað nokkur hundruð þúsund krónur einu sinni á ári og haldið öllum í myrkrinu um hvað þau hafa verið að sýsla, hvernig raunveruleg skuldastaða þeirra er, hvaða eignir hafa verið færðar út úr viðkomandi félagi, hvers konar samningar hafa verið gerðir við fjármálafyrirtæki um skuldaniðurfærslur eða uppgreiðslur á óveðtryggðum lánum, og svo framvegis.

Það má jafnvel halda því fram að þessi vanskil varði almannahagsmuni í sumum tilfellum, enda sum félög sem hafa ekki skilað ársreikningum í fjölda ára eigendur risavaxinna rekstrarfélaga sem bera milljarða skuldir. Þær skuldir er oft hægt að þjónusta með því að velta auknum fjármagnskostnaði yfir á neytendurna sem þurfa að kaupa vörur af viðkomandi rekstrarfyrirtækjum.

Í ljósi þeirrar almennu kröfu sem virðist vera í samfélaginu um gegnsæi þá er þetta ástand ólíðandi. Og það þarf að laga sem allra fyrst.

MANFRED MANN´S EARTH BAND

Háskólabíó 16. maí

*Ekki missa af meiriháttar tónlistaupplifun*

*Manfred Manns´s Eart Band er frábært tónleikaband og hafa þeir verið að fá frábæra dóma þar sem þeir hafa verið að spila*

Blinded By The Light • Mighty Quinn • Davy´s On The Road Again




midi.is
*Verð frá 5.990 kr*

HLJÓMSVEITIN
ELDBERG
HITAR UPP
FYRIR
SNILLINGANA



SHARP



SHARP SJÓÐVÉL
XE-A207B

99 vöruflokkar
Allt að 2000 PLU númer
Rafrænn innri strimill 9000 línur
Stór LCD skjár
SD kortarauf
– hægt að flytja gögn yfir á PC
Sjálfvirk dagsetning og tími
Hitaprentun
Íslenskur strimill

Kr. 69.900,-



SHARP SJÓÐVÉL
XE-A113B

32 vöruflokkar
Allt að 200 PLU númer
Sjálfvirk dagsetning og tími
Hitaprentun
Íslenskur strimill
Rafrænn innri strimill
Mjög auðveld í forritun

Kr. 54.900,-



SHARP SJÓÐVÉL
XE-A213

Allt að 99 vöruflokkar
Allt að 1200 PLU númer
Sjálfvirk dagsetning og tími
Hitaprentun
Íslenskur strimill
Rafrænn innri strimill
Mjög auðveld í forritun

Kr. 79.900,-

ORMSSON
LÁGMÚLA 8 · SÍMI 530 2800
www.ormsson.is

SHARP
EÐALVÉL

SMÁVÉLAVIÐGERÐIR & UTANBORÐSMÓTORAR
Viðgerðir
Skemmuvegur 34 Brún gata
SLÁTTUVÉLAÞJÓNUSTA
Vélaverkstæði JS
Sími: 554 0661

Smávélaviðgerðir, viðgerðir á utanborðsmótorum: Garðsláttuvélar, sláttuorf, sláttutraktorar, jarðvegsþjöppur, Gokartþjónusta, keðjusagir, rafstöðvar, einnig viðgerðir á fjórhjólum. JS Vélaverkstæði. S. 554 0661.

Endurvinnslutunnan.is
- Umhverfisvæn lausn
- Góð ódýr þjónusta
- Sparar þér sporin
- 7 flokkar í sömu tunnu
- endurvinnslutunnan.is

GÁMAÞJÓNUSTAN HF.
BÆTT UMHVERFI - BETRI FRAMTÍÐ
Sími: 535 2500
www.gamar.is

HreinirGarðar
Garðsláttur fyrir heimili, húsfélög og fyrirtæki
www.hreinirgardar.is
S.571-2000




**Garðaþjónusta Reykjavíkur**
**20% afsláttur fyrir eldri borgara.**
Öll almenn garðvinna! Trjáklippingar Beðahreinsanir, Trjáfellingar, garðaúðanir, þökulagnir,sláttur, hellulagnir ofl. Fagleg vinnubrögð og sanngjarnt verð. Eiríkur, S. 774 5775. Þórhallur S. 772 0864.

Sælugarðar.is
- Garðsláttur
- Skjólveggjasmíði
- Beðahreinsun
- Trjáklippingar
- Trjáfellingar
- Þökulagnir
- Hellulagnir
- Sólpallasmíði

Mætum og gerum tilboð þér að kostnaðarlausu!
Kári sími: 824-1238

Tökum að okkur allt sem viðkemur garðinum, auk allrar almennrar smíðavinnu - lögg. húsasmíðameistari. Vanir menn, snör handtök. Sælugarðar s. 824 1238.

GARÐLIST
Allt fyrir garðinn á einum stað
- Trjáklippingar
- Trjáfellingar
- Garðsláttur
- Beðahreinsun
- Stubbatæting

Traust þjónusta í 20 ár
S. 554 1989 • Garðlist.is

## Bókhald

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

## Málarar

**Málarameistari**
Jón Ingvar Garðarsson málarameistari tilboð - tímavinna s. 896 6148.

**Málarameistari**
Öll almenn málningarvinna. Egill s. 868 5171.

**Bjössi málari kemur húsinu í stand!**
Geri tilboð í málningarvinnu utan húss sem innan. Einnig múr- og þakrennuviðgerðir. Hagstætt verð. S: 896 4824 malarameistarar@simnet.is malarameistarar.is

## Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is. flytja@flytja.is

## Húsaviðhald

VIÐHALD
fasteignaviðgerðir
Allt viðhald ehf. annast viðhald og viðgerðir fasteigna fyrir fyrirtæki, húsfélög og einstaklinga.
Við önnumst m.a.:
• múrviðgerðir • þakviðgerðir • málningarvinnu • trésmíðavinnu • pípulagnir • raflagnir • flísalagnir.
Hringdu og við gerum þér tilboð, þér að kostnaðarlausu.
• Sími 567 6699. Sendu okkur email og við gerum þér tilboð. • kristjan@vidhald.is

HLAÐBÆR COLAS

**MALBIKSVIÐGERÐIR**
Gerum tilboð ykkur að kostnaðarlausu.
Skiptið við gæðavottað fyrirtæki.
Sími: 565-2030
www.colas.is colas@colas.is
ISO 9001 vottun

**Óli smiður**
Tek að mér verkefni stór sem smá, úti sem inni, mikil reynsla. Óli smiður, sími 698 9608.

Smiður getur bætt við sig verkefnum, utan sem innanhúss. Áratuga reynsla. S. 867 7753.

## Rafvirkjun

Raflagnir
Dyrasímar
Set upp ný dyrasímakerfi og geri við eldri. Endurnýja raflagnir í eldra húsnæði ásamt viðgerðum og nýlögnum.
Fljót og góð þjónusta
Sími 893 1733
Jón Jónsson
Löggiltur rafverktaki
www.raflagnir.is

## Tölvur

Tölvuviðgerðir, vírushreinsun, gagnabjörgun, kem/sæki/sendi afsl. FEB&ÖBÍ Stefán 821 6839.

## Dulspeki-heilun

Spái í spilin með aðstoð að handan. Kristjana S. 661 2830 Geymið auglýsinguna.

## Nudd

NUDD NUDD NUDD Slökunarnudd 101 RVK. S. 857 0740.

## Spádómar

**Spásíminn 908 5666**
Stjörnuspá. Tarot. Ársspá. Draumráðningar, ást og peningar. Andleg hjálp. Trúnaður.

## Viðgerðir

Tökum að okkur alla trésmíðavinnu , málun , hellulagnir og jarðvegsskipti. GS-verk@talnet.is. S: 893-6022

## Önnur þjónusta

B.S.VERKTAKAR

Bílastæðamálun malbiksviðgerðir, vélsópun, hellulagnir, jarðvinna, háþrýstiþvottur veggjakrotsþrif og vörn S 551 4000 www.verktak.is

ÍSLENSKA GÁMAFÉLAGIÐ

**Þarfnast bílaplanið þrifa eða viðhalds?**
**Við bjóðum upp á eftirfarandi:**
**Götusópun**
**Gangstéttarsópun**
**Þvott á götum, bílastæðum og gangstéttum Málun og merkingar á bílastæðum**
**Malbiks- og kantsteinaviðgerðir**
**Grasslátt og umhverfishreinsun**

**Allar nánari upplýsingar veita ráðgjafar Íslenska Gámafélagsins. www.gamur.is**
**S: 577 5757 eða gamur@gamur.is**

## Óskast keypt

**KAUPUM GULL**
**og aðra eðalmálma gegn framvísun persónuskilríkja.**
**Sigga & Timo Linnetsstíg 2, 220 Hafnarfjörður S. 565 4854**
**www.siggaogtimo.is**

**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**
**Kaupum gull til að smíða úr. Spörum gjaldeyri. Heiðarleg viðskipti. Aðeins í verslun okkar Laugavegi 61.**
***Jón og Óskar* - jonogoskar.is s. 552-4910.**

**Staðgreiðum gull, demanta og úr.**
**Hringar, hálsmen, armbönd, Rolex, Cartier, Patek Philippe o.fl. Hringdu núna og fáðu tilboð þér að kostnaðarlausu!**
**www.kaupumgull.is**
**Upplýsingar í síma 661 7000.**

**Kaupi gull !**
**Ég, Magnús Steinþórsson gullsmíðameistari, kaupi gull, gull peninga og gull skartgripi. Kaupi allt gull, nýlegt, gamalt og illa farið. Leitið til fagmanns og fáið góð ráð.**
**Uppl. á demantar.is í s. 699 8000 eða í Pósthússtræti 13 ( við Austurvöll ), Verið velkomin**

## Til sölu



**Lok á heita potta og hitaveituskeljar.**
Eigum á lager stærðir, 200x200cm, 217x217cm og 235x235cm. Lokin eru 4 tommu þykk og þola 1000 kg jafnaðarþunga af snjó. Sterkustu lokin á markaðinum í dag. Sími 777 2000 www.heitirpottar.is

Djúpgámar
Gámar 3ja og 5m³ grafnir niður að hluta til.
Mismunandi klæðning á toppstykki fáanleg
HAFNARBAKKI FLUTNINGATÆKNI
Sími: 535 2550
www.hafnarbakki.is

## Heilsuvörur

Árangur með Herbalife í yfir 30 ár. Hringdu og fáðu frían prufupakka. S. 896 4662 www.lifsstill.is/eddaborg

## Fæðubótarefni

Viltu léttast? Eða þyngjast? Prófaðu Herbalife! Ólöf 861 5356, osa@ ismennt.is

## Nudd



**TANTRA NUDD**
Ekta vígsla í leyndardóma Tantra með Tantra nuddi. Einstæð upplifun fyrir pör, konur og karla. 112 Reykjav. S. 698 8301 www.tantra-temple.com

**NUDD OG HEILSA**
FÓTAAÐGERÐIR + SOGÆÐANUDD upp fyrir hné. Vönduð vinna, líkþorn fjarlægð, sveppagreining og hreinsun. Opið frá 12-18 alla virka daga nema sun. S. 823 8280. www.nuddogheilsa.is

## Ökukennsla

Kenni allan daginn Toyota 2011, hjálpa við endurtökupróf og akstursmat. Ævar Friðriksson s. 863 7493.

## Húsnæði í boði

**Gistiheimili - Guesthouse**
**www.leiguherbergi.is**
**1-2 manna herb.og stúdíó Funahöfða 17a -19 Rvk og Dalshraun 13 Hfj M/ baði. eldh., þurrkara og þvottavél. 824 4535.**
**Room for rent 1-2 person and studio. Funahöfða 17a -19 Rvk and Dalshraun 13 Hfj Whith Bath, kitch, washing room incl. Uppl/info í S. 824 4535.**
**www.leiguherbergi.is**

Stórt, vel með farið koju hjólhýsi óskast - helst eitt með öllu. vsk@simnet.is

4. herb. íbúð til leigu í Vesturbæ. Frá 15. maí - 1. ágúst. Uppl s. í s. 615 3184.

Fully furnished room, 101 Rvk, with access to kitchen, bathroom, washing machine, internet. Tel. +3546921681.

**Leigjendur, takið eftir!**
Þið eruð skrefi á undan í leit að réttu íbúðinni með hjálp Leigulistans. Kíktu inn á www.leigulistinn.is eða hafðu samb. við okkur í s. 511 1600.

## Húsnæði óskast

Óska eftir íbúð eða 2ja herb. helst í kóp(200) á sanngjörnu verði. S. 659-6118.

S.O.S. Bráðvantar 2-3 herb. leiguíbúð á stór Reykjavíkursvæðinu. Nánar í S: 663 4244.

## Sumarbústaðir

Til sölu sumarhúsalóð í Heiðarbyggð Flúðum. Um er að ræða hálfan hektara leigulóð. Verðhugmynd 2 milljónir. Uppítaka á bíl kemur til greina. 893-3503.

## Atvinnuhúsnæði

**Verslunarhúsnæði**
Til leigu Skútuvogi 4 /Sæbraut 1500 m2 og Hlíðasmára 13, 300 m2. Góðir sölustaðir. Uppl. S. 66 45 900 og 66 45 901.

Til leigu 127fm verslunarpláss við Laugaveg. Uppl. í s. 897 1488.

## Geymsluhúsnæði

**www.geymslaeitt.is**
Sér geymslur frá 5 til 17 m2. Aðgangur 8-22 alla daga. Búslóðir - fyrirtæki - iðnaðarm. Upphitað og öryggisvöktun. S: 564-6500.

**Geymslur.com**
Frá kr. 3990 hjá Ikea í Garðabæ og Fiskislóð í Reykjavík. S. 555 3464

## Atvinna í boði

**Smiðir**
**Óska eftir smiðum, góð verkefnastaða.**
**Uppl. s. 821 9661**

**KVÖLD OG HELGARÞJÓNAR**
**Kringlukráin óskar eftir að ráða starfsfólk með reynslu í kvöld- og helgarvinnu.**
**Íslenskukunnátta skilyrði, Icelandic skills required.**
**Áhugasamir sendi umsókn á info@kringlukrain.is eða í s: 893-2323**

N1
**óskar eftir að ráða áreiðanlegan og þjónustulundaðan vaktstjóra til starfa á þjónustustöð félagsins í Háholti Mosfellsbæ. Nánari upplýsingar um starfið veitir Jón Lúðvíksson, stöðvarstjóri í síma 660-3296 . Áhugasamir sæki um starfið á www.n1.is**

**Fiskvinnsla í Hfj.**
Óska eftir vönu starfsfólki við snyrtingu og pökkun. Upplýsingar í s. 824 3180.

Leitum að fólki á öllum aldri, þó sérstaklega börnum á aldrinum 8-18 ára í hlutverk fyrir nýja kvikmynd. Tökur fara fram síðla sumars. Vinsaml. sendið nafn, aldur, símanúmer, mynd og uppl. um reynslu á snjocast@gmail.com.

Óska eftir að ráða rútubílstjóra í sumar Uppl. 892 3102.

Veitingahús í Hafnarfirði óskar eftir starfsfólki í sal. Uppl. í S. 822 5229.

Iðnverkamenn óskast til framtíðarstarfa við framleiðslustörf í Málmsteypu Þorgríms í Garðabæ. Umsóknir sendist á: m@malmsteypa.is.

Óska eftir lærðum smið til Noregs strax. Frítt húsnæði. Uppl. í síma 004748132004.

## Atvinna óskast

24 ára kvk óskar eftir vinnu frá miðjum maí. Allt kemur til greina. Tala íslensku, ensku og dönsku. Góð almenn tölvukunnátta.Stundvís og samviskusöm. S: 847 2282.

## Einkamál

Rauða Torgið
Sönn tilbreyting • Heit ævintýri
Stefnumót: 905-2000 • 535-9920
Konur, allt frítt í s. 555-4321
Karlar auglýsa frítt, 535-9922
Heitar kynlsögur
905-2002 • 535-9930
Símadömur • live spjall
908-6000 • 535-9999

Konur í ævintýraleit auglýsa á Rauða Torginu. Það kostar ekkert. Góður árangur strax, 100% leynd. S. 555-4321.

Heit sería: Hlustaðu fyrst á „Flugan á rassinum" (#8560) og svo „Komdu með mér" (#8542). Frábær samstæða. Kynl.sögur Rauða Torgsins, s. 905-2002 og 535-9930 (ódýrt).

Ung kona vill kynnast konu eða pari. Rauða Torgið, s. 905-2000 og 535-9920, augl.nr. 8128.

## Fundir

HEYRNARHJÁLP

**AÐALFUNDUR Á AFMÆLISÁRI**
**Minnum á aðalfund Heyrnarhjálpar á morgun, fimmtudag 10. maí kl. 20:00 á Langholtsvegi 111.**
**Venjuleg aðalfundarstörf**
**Önnur mál**
**Tónlist og textun**
**Gestur fundarins verður Ingunn Huld, ung tónlistarkona.**
**Rittúlkun - Tónmöskvi - Afmæliskaffi**
**Stjórnin**

## Tilkynningar



Tek að mér akstur með hópa í stuttar og langar ferðir. Bifreiðin hentar fyrir. 15-37 farþega. Uppl. S. 846 5985.

POLARIS BIKEWEAR
Hjólreiðafatnaður í miklu úrvali



Tri ehf.
Suðurlandsbraut 32
104 Reykjavík
www.tri.is

# tímamót

timamot@frettabladid.is



**63 BILLY JOEL TÓNLISTARMAÐUR** er 63 ára í dag.
*„Ég man ekki eftir því að hafa hitt nokkra manneskju um dagana sem ekki hefur gaman af einhverri tegund tónlistar.“*

## Merkisatburðir

1593 Í bréfi til hirðstjóra frá konungi var ákvæði þess efnis að innsigli Íslands skyldi vera hausaður óflattur þorskur með konungskórónu.
1625 Danir hófu þátttöku í Þrjátíu ára stríðinu þegar Kristján 4. réðist með her inn í Þýskaland.
1768 Rannveig Egilsdóttir lauk ljósmóðurprófi á Staðarfelli í Dölum. Hún var fyrsta menntaða ljósmóðirin á Íslandi.
1855 Prentfrelsi var leitt í lög á Íslandi með tilskipun konungs.
1877 Rúmenía fékk sjálfstæði frá Tyrkjaveldi.
1886 Barnastúkan Æskan var stofnuð í Reykjavík.
1958 Kvikmyndin Vertigo eftir Alfred Hitchcock var frumsýnd.
1964 Verkamannasamband Íslands var stofnað

**ÞETTA GERÐIST:** 9. MAÍ 1974

## *Rithöfundasamband Íslands stofnað*



Rithöfundasamband Íslands var stofnað árið 1974. Áður höfðu tvö rithöfundafélög starfað hér á landi um árabil en fyrstu samtök íslenskra rithöfunda voru stofnuð 1928 sem deild innan Bandalags íslenskra listamanna.
Rithöfundasambandið varð til úr tveimur rithöfundafélögum; Rithöfundafélagi Íslands og Félagi íslenskra rithöfunda. Félag íslenskra rithöfunda var klofningsfélag, stofnað 1945 vegna ágreinings innan Rithöfundafélagsins og félögin tvö skiptust lengi vel eftir pólitískum átakalínum. Við stofnun sambandsins tók það við aðild félaganna að Bandalagi íslenskra listamanna. Árið 1974 var Rithöfundafélagið var lagt niður. Félag íslenskra rithöfunda var þó ekki lagt niður og hélt áfram einhverri starfsemi þótt það kæmi ekki lengur fram sem stéttarfélag og félagar þess væru einnig félagar í sambandinu. 1982 lá við nýjum klofningi þegar félagar í FÍR lýstu því yfir að þeir teldu fram hjá sér gengið við úthlutanir Launasjóðs rithöfunda.
Sambandið hefur frá 1997 haft aðsetur í Gunnarshúsi, Dyngjuvegi 8, í Reykjavík. Núverandi formaður þess er Kristín Steinsdóttir.

TEYMI UM MÁLEFNI INNFLYTJENDA: RÆÐIR ÞÁTTTÖKU ÞEIRRA Í SAMFÉLAGINU

# Íslenska opnar ekki allar dyr að íslensku samfélagi

Teymi um málefni innflytjenda stendur fyrir morgunverðarfundi í dag þar sem rætt er um hvort íslenska sé lykillinn að íslensku samfélagi eins og iðulega er haldið fram.
„Við sem stöndum að fundinum eigum öll í miklum samskiptum við innflytjendur. Við höfum rekið okkur á að það dugar oft ekki fyrir fólk að ná tökum á íslensku til þess að verða virkir þátttakendur í samfélaginu.
Þegar náðst hefur vald á íslensku virðast nefnilega aðrar hindranir taka við. Sem dæmi má nefna að vel menntað fólk sem talar íslensku á oft í erfiðleikum með að fá vinnu við hæfi. Það sýnir okkur að það þarf meira til þess að ganga inn í íslenskt samfélag en íslenskukunnáttu,“ segir Fríða Bjarney Jónsdóttir verkefnastjóri hjá Reykjavíkurborg.
Fríða segir þarft og sjálfsagt að allir líti í eigin barm þegar kemur að því að skoða aðlögun innflytjenda að íslensku samfélagi. „Maður heyrir af fólki sem hefur unnið á sama vinnustað svo árum skiptir, en er aldrei í samskiptum við vinnufélagana. Það lærir auðvitað enginn tungumál í tómarúmi og aðlagast ekki samfélaginu nema með þátttöku Íslendinga.
Við getum öll gert betur, verið meðvitaðri um nágranna okkar og foreldra skólafélaga barnanna og þar fram eftir götunum,“ segir Fríða sem hvetur einnig fjölmiðla til þess að kalla innflytjendur að borðinu í samfélagsumræðum. „Það á alltaf við – ekki bara á sparidögum.“
Fundurinn hefst klukkan 8.30, aðgangseyrir er 2.100 kr. og er morgunverður innifalinn.

sigridur@frettabladid.is



**FRÍÐA BJARNEY** Segir að margt megi gera betur er kemur að aðlögun innflytjenda að íslensku samfélagi. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

### AÐ TALA EÐA EKKI TALA?

Nokkrir framsögumenn verða á fundinum sem hefst klukkan 8.30 á Grand Hóteli. Gerður Gestsdóttir, talsmaður Teymis um málefni innflytjenda, setur fundinn og er jafnframt fundarstjóri. Ari Klængur Jónsson, starfsmaður Fjölmenningarseturs, flytur erindi sem hann kallar „Er tungumálið lykillinn?“.
Anna Katarzyna Wozniczka segir frá niðurstöðum rannsóknar meðal pólskumælandi grunnskólanemenda í erindi sem hún kallar „Að tala eða ekki tala, er það spurningin?“ og Óskar Dýrmundur Ólafsson, hverfisstjóri Breiðholts, fjallar um samfélagslega þátttöku í erindi sem hann nefnir „Að vera hluti af samfélagi“.
Þá deila þau Michalina Joanna Konstancja Skiba, Juan Camilo Roman Estrada og Cinzia Fjóla Fiorini reynslu sinni af því að tilheyra íslensku samfélagi og fjalla um efni fundarins frá sínum bæjardyrum. Fundinum lýkur með samræðu frummælenda og fundargesta.

---

†



Elskulegur sambýlismaður, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**ÞÓRÐUR EINARSSON**
**Blikaási 40, Hafnarfirði,**

lést á krabbameinsdeild Landspítalans við Hringbraut þriðjudaginn 1. maí. Útförin hefur farið fram í kyrrþey að ósk hins látna.
Við fjölskyldan viljum koma á framfæri innilegu þakklæti til starfsfólks krabbameinsdeildar 11-E og göngudeildar 11-B.

**Aðalheiður Árnadóttir**
**Einar Þórðarson**
**Rósa Þórðardóttir** **Elfar Helgason**
**Þórður Þórðarson** **Anna Sigrún Hreinsdóttir**
**Jórunn Þórðardóttir** **Þórarinn M. Eldjárnsson**
**Hafdís Þórðardóttir** **Trausti Magnússon**
**Gunnar Þórðarson** **Dagbjört M. Pálsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---

†



Móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**ANNA ÓSK SIGURÐARDÓTTIR**

verður jarðsungin frá Neskirkju fimmtudaginn 10. maí kl. 13.00.

**Birna S. Karlsdóttir**
**Sigurður Karlsson** **Guðrún Erla Gunnarsdóttir**
**Ingibjörg M. Karlsdóttir** **Sigurður Örn Kristjánsson**
**Anna Mjöll Karlsdóttir**
**Kristinn Karlsson** **Dagný Þórólfsdóttir**
**Brynjar Karlsson** **Cristina Gonzalez Serrano**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---

†



Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð og hlýhug við andlát og útför móður okkar, tengdamóður, ömmu og langömmu,

**ÓLAFÍU AUÐAR ÓLAFSDÓTTUR**
**Sóltúni 2, áður Hvassaleiti 58.**

Sérstakar þakkir fær starfsfólk á deild B6 Landspítalanum í Fossvogi og starfsfólk Sóltúns fyrir alúð og kærleiksríka umönnun.

**Bryndís Ólafsdóttir**
**Sigrún Ólafsdóttir** **Gylfi Árnason**
**Axel Ólafsson**
**barnabörn og barnabarnabarn.**

---

†



Innilegar þakkir til allra þeirra sem sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför ástkærrar móður okkar, tengdamóður, ömmu, langömmu og langalangömmu,

**ÓLAFÍU KRISTÍNAR ÞORSTEINSDÓTTUR**
**Stínu frá Firði.**

**Jens V. Óskarsson** **Bára Ágústsdóttir**
**Einar Óskarsson** **Ása Sigurlaug Halldórsdóttir**
**Þorsteinn Óskarsson** **Hrönn Ágústsdóttir**
**Þórður J. Óskarsson** **Guðrún Aðalsteinsdóttir**
**Bergljót Ó. Óskarsdóttir** **Sveinn Arason**
**Brynjólfur Óskarsson** **Lydía Fannberg Gunnarsdóttir**
**barnabörn, barnabarnabörn og barnabarnabarnabörn.**

---

†



Ástkær eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir og amma,

**LAUFEY BJARKADÓTTIR**
**Hafrafellstungu,**

lést á Sjúkrahúsinu á Akureyri 6. maí sl. Jarðarförin auglýst síðar.

**Karl Sigurður Björnsson**
**Hulda Hörn Karlsdóttir** **Stefán Leifur Rögnvaldsson**
**Ingiríður Ásta Karlsdóttir** **Robert Duane Boulter**
**Birna María Karlsdóttir** **Einar Sigurjónsson**
**Bjarki Fannar Karlsson** **Eyrún Ösp Skúladóttir**
**og barnabörn.**

---

†



Innilegar þakkir til allra þeirra sem sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför ástkærs sonar míns, eiginmanns, föður, tengdaföður, afa og langafa,

**ÁGÚSTS G. BERG**
**arkitekts.**

**Björg Baldvinsdóttir**
**Signý Guðmundsdóttir**
**Guðrún Björg Ágústsdóttir**
**Ágúst Ómar Ágústsson**
**Guðmundur R. Ágústsson**
**Ármann Pétur Ágústsson**
**tengdabörn, barnabörn og barnabarnabörn.**

---

†



Okkar innilegustu þakkir til allra þeirra sem sýndu okkur dýrmæta samúð, hlýhug og vináttu við andlát og útför okkar elskulega sonar og bróður,

**KNÚTS TRAUSTA HJÁLMARSSONAR**

**Ragnheiður Bjarney Hannesdóttir**
**Auðunn Þorsteinsson**
**Hjálmar Trausti Kristjánsson** **Eygló Huld Jòhannesdòttir**
**Ása Berglind Hjálmarsdóttir** **Hermundur Guðsteinsson**
**Smári Ragnar Hjálmarsson**

---

†



Eiginkona mín, móðir okkar, amma, langamma og systir,

**HALLDÓRA BJARNADÓTTIR**
**Kvígindisfelli, Tálknafirði,**

sem lést 27. apríl á gjörgæslu Landspítalans í Fossvogi, verður jarðsett frá Tálknafjarðarkirkju laugardaginn 12. maí kl. 14.00.

**Fyrir hönd fjölskyldunnar,**
**Magnús Guðmundsson**

---


ÚTFARARSTOFA ÍSLANDS



Vaktsími:
581 3300 & 896 8242
www.utforin.is
Allan sólarhringinn
Sverrir Einarsson Kristín Ingólfsdóttir Hermann Jónasson

ÚTFARARSTOFA HAFNARFJARÐAR
Flatahraun 5a • www.utfararstofa.is Símar: 565 5892 & 896 8242


BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNU
ÞAÐ ER KOMIÐ SUMAR ÞAÐ ER KOMIÐ SUMAR
norðanfiskur
1859 KR.KG
FROSNIR LAXABITAR BEINL. MEÐ ROÐI
BÓNUS Kjúklingur Bringur
1979 KR.KG
KJÚKLINGABRINGUR
BÓNUS FERSKUR HEILL KJÚKLINGUR
729 KR. KG
1495 KR. KG
KS FROSIÐ LAMBALÆRI Í SNEIÐUM
pepsi MAX
pepsi
195 KR. 2 LTR
KJARNAFÆÐI
598 KR. KG
KJARNAFÆÐI FROSIÐ HJARTASNITSEL Í BRAUÐRASPI
3598 KR. KG
KS FROSIÐ LAMBAFILLET
BÓNUS VÍNARPYLSUR
359 KR. 480 G
10 STK. BÓNUS VÍNARPYLSUR
159 KR. 5 STK.
5 STK. BÓNUS PYLSUBRAUÐ
ÍSLANDS NAUT
100% NAUTAKJÖT
398 KR. PK
ÍSLANDSNAUT FERSKIR 2 STK. UNGNAUTA-HAMBORGARAR 140 GR.
195 KR. BOXIÐ
TVÖ FUJI EPLI
98 KR. 200 G
STEIKTUR LAUKUR
Appeljuice Apple juice
129 KR. 1 LTR.
EPLASAFI EUROSHOPPER
139 KR. 500 ML
EUROSHOPPER ÍRÓTTADRYKKIR
Hunt's TOMATO KETCHUP
198 KR. 680 ML
„TÓMATSÓSAN"
159 KR. 4 STK.
BÓNUS STÓR HAMBORGARABRAUÐ
BÓNUS Sinnep
198 KR. 450 GR
BÓNUS SÆTT SINNEP
BÓNUS BÝÐUR BETUR
Hér færðu vildarpunkta VILDARPUNKTA
VISA Vildarklúbbur

## krossgáta




**LÁRÉTT**
**2.** létu, **6.** pfn., **8.** fýldur, **9.** gogg, **11.** gjaldmiðill, **12.** sljóvga, **14.** yfirstéttar, **16.** ólæti, **17.** gagn, **18.** flott, **20.** peninga, **21.** framkvæma.

**LÓÐRÉTT**
**1.** umdæmis, **3.** hæð, **4.** flokkur sýklalyfja, **5.** dýrahljóð, **7.** matarlím, **10.** óvild, **13.** of lítið, **15.** bakhluti, **16.** ái, **19.** ónefndur.

**LAUSN**

**LÁRÉTT: 2.** gáfu, **6.** ég, **8.** súr, **9.** nef, **11.** kr, **12.** slæva, **14.** aðals, **16.** at, **17.** nýt, **18.** fín, **20.** fé, **21.** inna.
**LÓÐRÉTT: 1.** léns, **3.** ás, **4.** fúkalyf, **5.** urr, **7.** gelatín, **10.** fæð, **13.** van, **15.** stél, **16.** afi, **19.** nn.

**FASTEIGNA MARKAÐURINN ehf.**
ÓÐINSGÖTU 4, SÍMI 570 4500, OPIÐ VIRKA DAGA KL. 9-17.
Netfang: fastmark@fastmark.is - www.fastmark.is
Jón Guðmundsson, sölustj. og lögg. fast.sali. Guðmundur Th. Jónsson, lögg. fast.sali.

**Gullsmári - 4ra herbergja íbúð**



Falleg og vel skipulögð 94,4 fm. íbúð á 5. hæð að meðtalinni sér geymslu í kjallara. Rúmgóð stofa með útgangi á svalir til suðausturs. Þrjú svefnherbergi. Sjónvarpshol. Eldhús með sprautulökkuðum og mahogny innréttingum. Baðherbergi með þvottaaðstöðu. Sameign til fyrirmyndar.
**Stutt í þjónustumiðstöð eldri borgara. Verð 27,5 millj.**

**Fljótsdalshérað**

**Tillaga að deiliskipulagi fyrir Möðrudal á Fjöllum, Fljótsdalshéraði.**

Bæjarstjórn Fljótsdalshéraðs auglýsir hér með tillögu að deiliskipulagi fyrir Möðrudal á Fjöllum, Fljótsdalshéraði dags. 24.04.2012 skv. 41. gr. Skipulagslaga nr. 123/2010, sem samþykkt var í bæjarstjórn þann 02.05.2012.

Skipulagssvæðið afmarkast eins og fram kemur á deiliskipulagstillögunni og felur m.a. í sér skipulag fyrir bæjarstæðið á Möðrudal, sem er um 10,8 ha að stærð.

Tillagan verður til sýnis á bæjarskrifstofunni Lyngási 12 og á heimasíðu sveitarfélagins „egilsstadir.is" frá 10.maí til 21. júní 2012. Þeim sem eiga hagsmuna að gæta er gefinn kostur á að gera athugasemdir við tillöguna til og með fimmtudagsins 21. júní 2012. Skila skal skriflegum athugasemdum til skipulags- og byggingarnefndar á bæjarskrifstofu Fljótsdalshéraðs. Þeir sem ekki gera athugasemdir við tillöguna teljast henni samþykkir.

Fljótsdalshéraði 10.05.2012

skipulags- og byggingarfulltrúi Fljótsdalshéraðs.

vissir þú að...
börn eiga rétt á vernd gegn ofbeldi?
**Barnaheill**
Save the Children á Íslandi

# Grænir eru dalir þínir

**BAKÞANKAR**
**Bergsteins Sigurðssonar**



Elliðaárdalurinn komst í brennidepil í fyrradag þegar greint var frá því að fulltrúar Vinstri grænna í borginni lögðust gegn því að leikfimistöðin Boot Camp – eða Bússubúðir eins og kollegi minn kýs að þýða það – fengi þar æfingaaðstöðu. Telur flokkurinn ekki fara „vel á því að koma fyrir á þessu svæði líkamsrækt með herbúðasniði, hávaða og yfirbragði sem því fylgir, bílastæðaþröng og mikilli umferð bíla" og vill finna húsum á svæðinu „heppilegra hlutverk í sátt við mannlíf, sögu og náttúrulegt umhverfi".

**FORSAGA** málsins er sú að í tíð R-listans – sem Vinstri græn tóku þátt í – gaf borgarstjórn Fornbílaklúbbnum lóð í Elliðaárdal án kvaða til að byggja bílasafn. Þar var byggt sýningarhús og lagður vegur með það beinlínis að markmiði að auka umferð og laða að fleira fólk í dalinn. Þegar bíldellingar hurfu frá áformum sínum um bautastein fyrir bensínháka fyrri tíma var þeim frjálst að selja aðstöðuna hæstbjóðanda, sem leigir leikfimistöðinni húsið. Og slík starfsemi hugnast Vinstri grænum ekki.

**ÉG HEFÐI** reyndar haldið að flokkur eins og Vinstri græn fagnaði leikfimistöð í Elliðaárdalnum í stað safns til heiðurs einkabílnum (hvers vægi flokknum er mikið í mun að minnka). Andstaðan er ekki síst forvitnileg í ljósi þess að Bússubúðir eru í sjálfu sér eins Vg-legt fyriræki og hugsast getur: lítið sprotafyrirtæki sem nokkrir vinir stofnuðu og leggur áherslu á tiltölulega sjálfbæra líkamsrækt, það er þrekæfingar þar sem lóðum og tækjabúnaði er haldið í lágmarki svo aðstaðan tekur lítið pláss.

**BÚSSUBÚÐIR** eru í raun andstaðan við líkamsræktarstöðvar á borð við plássfreka orkusvelginn í Laugardalnum, sem kostaði formúu að byggja og innrétta með sjónvarpsvæddum hlaupabrettum, nýtur góðs af nálægðinni við Laugardalslaug – sem er í almannaeigu – og hefur losað sig úr skuldasúpu með kennitöluflakki.

**AF** umræðum meðal Facebook-vina minna að dæma virðist ásteytingarsteinninnn um veru Bússubúða í Elliðaárdal aðallega vera ólík sjónarmið um notkun grænna svæða. Hér takast á þau systkin friðsæld og fjör. Á sumum má helst skilja að grænna svæða sé ekki hægt að njóta nema liggjandi við kyrrlátan árbakka með puntstrá í munni að dást að bláklukkum og fá innblástur að ljóði, meðan aðrir líta á útvistarsvæðin sem kjörlendi til að finna kröftum sínum viðnám. Á þessu hlýtur að mega finna einhvern milliveg. Fyrst við erum á annað borð komin út á tún.

## myndasögur

**Pondus** Eftir Frode Øverli




**Gelgjan** Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




**Handan við hornið** Eftir Tony Lopes




**Barnalán** Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



# TAX-FREE

## TAX-FREE DAGAR Í RÚMGOTT Í MAÍ

# Tax-Free afsláttur af öllum vörum í versluninni RúmGott í maí.



## FRÍ HEIMSENDING EÐA GAMLA RÚMIÐ UPP Í!*

RúmGott
50%
AFSLÁTTUR
AF ÖLLUM
AUKAHLUTUM
MEÐ RÚMUM

## FAGLEG RÁÐGJÖF OG FRÍ LEGUGREINING

Komdu í heimsókn, prófaðu legugreininguna, og fáðu faglega ráðgjöf um val á heilsudýnum, án skuldbindinga!

*Vertu örugg/ur*
*Komdu í greiningu*

RúmGott býður öllum viðskiptavinum upp á fría legugreiningu með hinum byltingarkennda Xsensor Medical Pro búnaði.

**HVENÆR ER ÞÖRF Á LEGUGREININGU?**

Finnurðu fyrir eymslum í mjóbaki?
Vaknarðu oft með verki í mjöðm?
Finnurðu fyrir eymslum eða dofa í öxlunum?
Sefurðu illa vegna annara óþæginda?

- hryggskekkju
- brjósklos
- samföllnum hryggjaliðum
- spengdum hryggjaliðum
- gigt, til dæmis:
- slitgigt, vefjagigt eða liðagigt.



**FREMSTIR Í FRAMLEIÐSLU Á HEILSUDÝNUM**

*Tilboðið gildir eingöngu um hjónarúm

**VIÐ FRAMLEIÐUM ÞITT RÚM EFTIR ÞÍNUM ÞÖRFUM**

**SÉRSMÍÐUM RÚM OG DÝNUR Í SUMARHÚS FELLIHÝSI OG TJALDVAGNA**

Löggiltir dýnuframleiðendur, starfandi í 60 ár

**RúmGott** · Smiðjuvegi 2 (við hliðina á Bónus) · Kópavogi · Sími 544 2121
Opið virka daga frá kl. 10-18 og laugardaga kl. 11-16 · www.rumgott.is

VERSLUNIN
Rúm Gott
ÍSLENSK HEILSURÚM

# menning

menning@frettabladid.is



**MAXÍMÚS MÚSÍKÚS BJARGAR BALLETTINUM** Þriðja bókin um músina tónelsku er komin út, en sögurnar um Maxa hafa verið fluttar á fjölmörgum tónleikum og bækurnar um hann hafa komið út á ensku, þýsku, kóresku og færeysku. Höfundarnir, Hallfríður Ólafsdóttir og Þórarinn Már Baldursson, eru tónlistarmenn og leika með Sinfóníuhljómsveit Íslands. Geisladiskur fylgir bókinni.








**Í HÖRPU** Sigrún Eðvaldsdóttir æfði konsertinn meðal annars alein í sumarbústað í skammdeginu og á Grænlandi í apríl. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# ER AÐ DEYJA ÚR TILHLÖKKUN

**Sigrún Eðvaldsdóttir er einleikari á tónleikum Sinfóníuhljómsveitar Íslands annað kvöld í Hörpu í hinum fræga fiðlukonsert númer 1 eftir Sjostakovitsj.**

„Þetta leggst alveg rosalega vel í mig. Ég er að deyja úr tilhlökkun,“ segir Sigrún Eðvaldsdóttir, fiðluleikari sem leikur einn glæsilegasta fiðlukonsert 20. aldarinnar á tónleikum Sinfóníunnar annað kvöld. Það er fiðlukonsert númer 1 eftir Dímítríj Sjostakovitsj. Hún kveðst aldrei hafa spilað hann áður og reyndar hafi hún verið mjög hrædd við hann.

„Þetta ferli var erfitt fyrir mig því hann er svo frægur og stór þessi konsert. Hvenær ég byrjaði að æfa? Þetta er mikil samviskuspurning! Ég byrjaði ábyggilega alltof seint, eins og venjulega – en ég er bara þannig. Ég fór til Kína síðasta sumar og var ekkert mikið að skoða konsertinn þar. Svo kom haustið og ég reyndi að grípa í hann hér og þar. Í desember var ég orðin pínu stressuð og þá pantaði ég mér sumarbústað yfir helgi. Ég varð einhvern veginn að vera ein með konsertinum og það var dálítið gott að vera alein í myrkrinu með Sjostakovitsj – samt sá ekki högg á vatni.

Í mars var mér hætt að lítast á blikuna, þá var svo mikið að gera í Tectonics tónlistarhátíðinni í Hörpu. En svo, sem betur fer, varð apríl góður við mig og þá gerðust hlutirnir. Ég fór til Grænlands um páskana að spila með dönskum félögum mínum og maður gæti haldið að það væri óheppilegt fyrir svona ferli en það varð bara svona líka sniðugt fyrir mig, því bæði varð ég fyrir sterkum áhrifum af umhverfinu og svo var ég dugleg að æfa mig meðan félagarnir fóru í siglingar og fleiri skoðunarferðir. Þá fór allt að smella í konsertinum.“

Sigrún hlær dátt þegar hún er spurð hvort henni hafi ekki verið kalt á puttunum í Grænlandi. „Ég var með æðislegar lúffur,“ svarar hún. „Nei, ég hugsaði bara til tónskáldsins því það getur verið svo ofboðslega kalt í Rússlandi á veturna. En nú er vorið komið og það er dásamlegt.“

Sigrún kveðst hafa passað sig á að hlusta ekki of mikið á Igor Oistrakh flytja fiðlukonsertinn á æfingaferlinu til að falla ekki í þá gryfju að reyna að herma eftir honum. „Þó er Oistrakh uppáhalds fiðluleikarinn minn og Sjostakowits samdi konsertinn fyrir hann,“ tekur hún fram. „Tónlist er orðin svo aðgengileg á YouTube og þá fara allir að spila eins. Það er slæm þróun. Mér finnst svo mikilsvert að hver og einn túlki tónverk á sinn hátt. Þannig vil ég gera hlutina.“

Tónleikarnir hefjast klukkan 19.30 á morgun í Hörpu og auk fiðlukonsertsins verður Sinfónía númer 2 eftir Jean Sibelius á dagskrá, sú vinsælasta af þeim sjö sem hann samdi. Hljómsveitarstjóri er hinn finnski Pietari Inkin sem vakti gríðarlega hrifningu er hann stjórnaði hér á tónleikum 2010. Hann er aðalstjórnandi sinfóníuhljómsveitar Nýja-Sjálands og fékk fjórar stjörnur í Financial Times fyrir túlkun sína á 2. sinfóníu Sibeliusar.

gun@frettabladid.is




# Jean Francaix heiðraður

Hátíðartónleikar verða haldnir í tónleikasyrpunni í Norræna húsinu sunnudaginn 13. maí klukkan 15.15 í tilefni þess að franska tónskáldið Jean Francaix hefði orðið hundrað ára í þessum mánuði.

Jean Francaix er meðal þekktustu tónskálda Frakka á 20. öld, en verk hans hafa sjaldan verið flutt hérlendis. Að tónleikunum standa þrír kammerhópar, kvartettinn Dísur, Íslenski saxófónkvartettinn og félagar úr Hnúkaþey ásamt píanóleikurunum Helgu Bryndísi Magnúsdóttur og Brynhildi Ásgeirsdóttur. Efnisskráin er fjölbreytt og sýnir þverskurð af litríkri kammertónlist tónskáldsins.



**NORRÆNA HÚSIÐ** Að tónleikunum standa þrír kammerhópar.

Aðgangseyrir er 2.000 krónur, en 1.000 krónur fyrir eldri borgara, öryrkja og námsmenn.

# Vinabönd og víkingaklæði

Barnahátíð í Reykjanesbæ verður formlega sett fimmtudaginn 10. maí en megindagskráin fer fram helgina 12. og 13. maí.

Meðal viðburða má nefna nýjar sýningar í Víkingaheimum og heimsókn frá víkingum, opnunarhátíð í landnámsdýragarðinum og fjölskyldusmiðjur þar sem meðal annars verður hægt að búa til víkingaklæði á bangsann sinn og búa til skemmtileg vinaarmbönd og lyklakippur. Þá verður boðið upp á námskeið þar sem kennt verður að tálga og annað þar sem kennd verða töfrabrögð, lifandi sögustund með Þór Tulinius og heimboð hjá Skessunni í hellinum.

Dagskrána í heild má nálgast á vefsíðunni barnahatid.is, en frítt er á alla viðburði Barnahátíðar.



**BARNAHÁTÍÐ** Megindagskrá Barnahátíðar í Reykjanesbæ fer fram um helgina.

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

**Miðvikudagur 09. maí 2012**

### Tónleikar

**20.00** Vortónleikar Litrófs verða haldnir í Fella- og Hólakirkju. Aðgangseyrir er kr. 1.000 og er innifalin vaffla og kaffi/gos. Ókeypis fyrir börn yngri en 14 ára.

**20.00** Petter Ekmann heldur útskriftartónleika úr LHÍ í Þjóðmenningarhúsinu, en hann útskrifast með BA gráðu í tónsmíðum nú í vor. Á efnisskránni eru fjögur verk eftir hann.

### Umræður



**20.00 Alda Lóa Leifsdóttir** segir frá Tógó á Stefnumótakaffi í Gerðubergi. Frásögnina styður hún með fjölda ljósmynda auk þess sem hún býður upp á heilsudrykkinn Bissap. Aðgangur er ókeypis.

### Söngskemmtun

**14.00** Söngvaka verður hjá Félagi eldri borgara í Reykjavík, Stangarhyl 4. Aðgangseyrir er kr. 600.

### Kvikmyndir

**15.00** Kvikmyndin Himmel ohne Sterne verður sýnd á þýsku kvikmyndahátíðinni í Kamesi Borgarbókasafnsins. Seinni sýning á myndinni verður klukkan 17.

### Tónlist

**21.00** Stefán S. Stefánsson ásamt hljómsveitinni Kvass spilar Bítlalög í jazz búningi á tónleikadagskrá Múlans í Norræna húsinu. Aðgangseyrir er kr. 1.500 en kr. 1.000 fyrir nemendur.



**22.00** Tónlistarmennirnir **Snorri Helgason** og Birgir Ísleifur Gunnarsson þeyta skífum á skemmtistaðnum Boston, Laugavegi. Þeir munu kryfja feril Bryan Ferry & Roxy Music í tilefni af tónleikum Ferry í Eldborgarsal Hörpu í lok mánaðar. Aðgangur er ókeypis.

### Fyrirlestrar

**08.30** Tímarit um viðskipti og efnahagsmál stendur fyrir ráðstefnu um fiskveiðistjórnun í stofu N132 í Öskju. Allir velkomnir.

**20.00** Framsóknarfélag Reykjavíkur stendur fyrir heilsukvöldi. Fluttur verður stuttur fyrirlestur undir yfirskriftinni Lífsstílssjúkdómar – hvað er til ráða? og eftir erindið verður farið út í göngutúr undir forystu Jónínu Ben. Aðgangur er ókeypis.

**Upplýsingar um viðburði sendist á hvar@frettabladid.is.**





# Gæða-heimilistæki í 80 ár

## Þvottavél
WM 14A163DN
Einstaklega góð kaup.
Tekur mest 5,5 kg, vindur upp í 1400 sn./mín.
Orkuflokkur A+.
Íslenskt stjórnborð.
**Tilboðsverð:**
**89.900 kr. stgr.**
(fullt verð: 114.900 kr.)



## Þvottavél
WM 14E262DN
Tekur mest 6 kg, vindur upp í 1400 sn./mín.
Orkuflokkur A+.
Mjög stutt kerfi (15 mín.).
Íslenskt stjórnborð og leiðarvísir.
**Tilboðsverð:**
**119.900 kr. stgr.**
(fullt verð: 149.900 kr.)



## Þvottavél
WM 14S464DN
Tekur mest 8 kg, vindur upp í 1400 sn./mín.
Orkuflokkur A+++.
iQdrive: Kolalaus, hljóðlátur og sparneytinn mótor.
Mjög stutt kerfi (15 mín.).
Íslenskt stjórnborð og leiðarvísir.
**Tilboðsverð:**
**163.900 kr. stgr.**
(fullt verð: 199.900 kr.)



## Þurrkari
WT 46E364DN
Góður þurrkari sem tekur mest 7 kg. Skjár sem sýnir afgangstíma. Íslenskt stjórnborð og leiðarvísir.
**Tilboðsverð:**
**129.900 kr. stgr.**
(fullt verð: 159.900 kr.)



## Þurrkari
WT 46E305DN
Glæsilegur þurrkari sem tekur mest 8 kg. Sérkerfi: Ull 6 mín., blandaður þvottur, útifatnaður, heitt 20 mín. og 40 mín. hraðkerfi. Íslenskt stjórnborð og leiðarvísir.
**Tilboðsverð:**
**139.900 kr. stgr.**
(fullt verð: 169.900 kr.)



## Uppþvottavél
SE 45E234SK
Hvít, 12 manna. Fimm kerfi.
Hljóð: 48 dB (re 1 pW).
**Tilboðsverð:**
**99.900 kr. stgr.**
(fullt verð: 119.900 kr.)



## Uppþvottavélar
SN 45M205SK (hvít)
SN 45M505SK (stál)
Glæsilegar 13 manna uppþvottavélar. Fimm kerfi.
Sérlega hljóðlátar: 44 dB (re 1 pW). Tímastytting þvottakerfa („varioSpeed").
Íslenskur leiðarvísir.
**Tilboðsverð:**
**139.900 kr. stgr.** (hvít)
(fullt verð: 169.900 kr.)
**Tilboðsverð:**
**159.900 kr. stgr.** (stál)
(fullt verð: 189.900 kr.)





Ariel þvottaefni og Lenor mýkingarefni fylgja með öllum Siemens þvottavélum.

SIEMENS

Smith & Norland hefur útvegað Íslendingum gæða-heimilistæki í 80 ár.
Við seljum vandaðar vörur og kunnum okkar fag.
Skiptið við traust og rótgróið fyrirtæki.
Verið ávallt velkomin í verslun okkar, því að sjón er sögu ríkari.
Umboðsmenn um land allt.



## Ryksuga
VS 06G2001
Kröftug 2000 W ryksuga með 4 lítra slitsterkum poka.
Vinnuradíus 10 metrar.
**Tilboðsverð:**
**23.900 kr. stgr.**
(fullt verð: 28.900 kr.)



## Ryksuga
VS Z3XTRM12
Mjög kraftmikil 1800 W ryksuga með „Compressor"-tækni.
Skilar hámarks-sogkrafti með lágmarks-orkunotkun.
4 lítra slitsterkur poki.
Vinnuradíus 10 metrar.
**Tilboðsverð:**
**29.900 kr. stgr.**
(fullt verð: 37.900 kr.)

SMITH & NORLAND
Nóatúni 4 · Sími 520 3000
www.sminor.is

SAMBÍÓIN SAMbio.is
Stærsta ofurhetjumynd allra tíma!
★★★★ Empire ★★★★ Total film ★★★★ Variety
★★★★ Tommi, Kvikmyndir.is
YFIR 37 ÞÚS. BÍÓGESTIR!
STÆRSTA FRUMSÝNINGARHELGI ALLRA TÍMA Á ÍSLANDI!
MARVEL THE AVENGERS
STÓRSKEMMTILEG TEIKNIMYND
UNDRALAND IBBA SÝND MEÐ ÍSLENSKU TALI
BATTLESHIP
THE CABIN IN THE WOODS

SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA

| | | | |
|---|---|---|---|
| THE AVENGERS | KL. 5 - 7 - 8 - 10 - 10:50 | 3D | 10 |
| THE AVENGERS VIP | KL. 5 - 8 - 10:50 | 2D | VIP |
| THE AVENGERS | KL. 5 - 10:20 | 2D | 10 |
| UNDRALAND IBBA M/ ÍSL TALI | KL. 6 | 2D | L |
| CABIN IN THE WOODS | KL. 5:50 - 8 - 10:20 | 2D | 16 |
| BATTLESHIP | KL. 8 - 10:40 | 2D | 12 |
| AMERICAN PIE: REUNION | KL. 8 | 2D | 12 |
| FJÖRFISKARNIR M/ ÍSL TALI | KL. 5 | 2D | L |

SAMBÍÓIN AKUREYRI

| | | | |
|---|---|---|---|
| THE AVENGERS (3D) | KL. 6 - 9 | 3D | 10 |
| GONE | KL. 8 | 2D | 12 |
| WRATH OF THE TITANS | KL. 5:40 - 10:10 | 2D | 12 |

TRYGGÐU ÞÉR MIÐA Á SAMbio.is

SAMBÍÓIN EGILSHÖLL

| | | | |
|---|---|---|---|
| THE AVENGERS | KL. 5 - 7 - 8 - 10 - 11. | 3D | 10 |
| THE AVENGERS | KL. 6 | 2D | 10 |
| BATTLESHIP | KL. 8 - 10:50 | 2D | 12 |
| TITANIC | KL. 9 | 3D | L |
| THE COLD LIGHT OF DAY | KL. 5:50 | 2D | 12 |

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI

| | | | |
|---|---|---|---|
| THE AVENGERS | KL. 5 - 6 - 8 - 9 - 10:50 | 3D | 10 |
| THE AVENGERS | KL. 6 | 2D | 10 |
| CABIN IN THE WOODS | KL. 10:10 | 2D | 16 |
| COLD LIGHT OF DAY | KL. 6 - 8 | 2D | 14 |

SAMBÍÓIN KEFLAVÍK

| | | | |
|---|---|---|---|
| THE AVENGERS | KL. 8 - 10:50 | 3D | 10 |
| GONE | KL. 8 | 2D | 12 |
| SVARTUR Á LEIK | KL. 10 | 2D | 16 |

SMÁRABÍÓ HÁSKÓLABÍÓ midi.is
MEL GIBSON HOW I SPENT MY SUMMER VACATION
FRÁ FRAMLEIÐENDUM BRAVEHEART KEMUR FRÁBÆR SPENNUMYND MEÐ MEL GIBSON Í FANTAFORMI!
★★★ - T.V., KVIKMYNDIR.IS
★★★★★ - T.V., KVIKMYNDIR.IS
AVENGERS LÚXUS
★★★★ - T.V., KVIKMYNDIR.IS GRIMMD ★★★★ - V.G. - MBL.
MIRROR MIRROR
21 JUMP STREET ★★★★ - T.V., KVIKMYNDIR.IS

SMÁRABÍÓ GLERAUGU SELD SÉR 5%

| | | |
|---|---|---|
| HOW I SPENT MY SUMMER VACATION | KL. 5.50 - 8 - 10.10 | 16 |
| THE AVENGERS | KL. 5 - 8 - 10.30 - 11 | 10 |
| THE AVENGERS LÚXUS | KL. 5 - 8 - 11 | 10 |
| 21 JUMP STREET | KL. 8 - 10.30 | 14 |
| MIRROR MIRROR | KL. 3.30 | L |
| AMERICAN REUNION | KL. 8 | 12 |
| LORAX – ÍSLENSKT TAL 3D | KL. 3.30 | L |
| HUNGER GAMES | KL. 5 | 12 |
| SVARTUR Á LEIK | KL. 5.30 | 16 |

facebook/smarabio • facebook/haskolabio

HÁSKÓLABÍÓ NÁNAR Á MIÐI.IS 5%

| | | |
|---|---|---|
| HOW I SPENT MY SUMMER VACATION | KL. 5.50 - 8 - 10.10 | 16 |
| GRIMMD (BULLY) | KL. 5.45 - 8 | 10 |
| 21 JUMP STREET | KL. 10.15 | 14 |
| MIRROR MIRROR | KL. 5.40 | L |
| HUNGER GAMES | KL. 9 | 12 |
| SVARTUR Á LEIK | KL. 5.30 - 8 - 10.30 | 16 |

BORGARBÍÓ NÁNAR Á MIÐI.IS

| | | |
|---|---|---|
| HOW I SPENT MY SUMMER VACATION | KL. 8 - 10 | 16 |
| THE RAID | KL. 10 | 16 |
| GRIMMD (BULLY) | KL. 8 | 10 |
| 21 JUMP STREET | KL. 6 | 14 |
| MIRROR MIRROR | KL. 6 | L |

midi.is Miðasala og nánari upplýsingar
LAUGARÁS BÍÓ www.laugarasbio.is -bara lúxus sími 553 2075 5%
HÖRKU HASAR ★★★★ T.V. -SÉÐ OG HEYRT THE RAID REDEMPTION
AVENGERS STÆRSTA OFURHETJUMYND ALLRA TÍMA
21 JUMP STREET
LORAX ÍSL TAL

LAUGARÁSBÍÓ Sýningartímar

| | |
|---|---|
| THE RAID | 8 og 10.10 |
| THE AVENGERS 3D | 7 og 10 |
| 21 JUMP STREET | 8 |
| AMERICAN PIE: REUNION | 5.30 |
| HUNGER GAMES | 10.20 |
| LORAX 3D | 6 |




**SJALDSÉÐ SJÓN** Indónesískar hasarmyndir rata ekki í íslensk kvikmyndahús á hverjum degi.

# Barist í blokk

Bíó ★★★☆☆

**The Raid: Redemption**

Leikstjórn: Gareth Evans

**Leikarar:** Iko Uwais Joe Taslim, Donny Alamsyah, Yayan Ruhian, Pierre Gruno, Tegar Setrya, Ray Sahetapy

Það er ekki á hverjum degi sem indónesískar hasarmyndir rata í íslensk kvikmyndahús. En ekki vantar áhugann og troðfullt var af fólki á ósköp venjulegri túsýningu á The Raid: Redemption um síðustu helgi, og var meira að segja gömlum eldhússtól laumað inn í sal til þess að einn til viðbótar gæti notið ærslagangsins.

Hópur sérsveitarmanna í Djakarta fær það hættulega verkefni að handsama eiturlyfjabarón sem hefur hreiðrað um sig í niðurníddri blokk í borginni. Illmenninu til halds og trausts er stór hópur blóðþyrstra bardagamanna sem flestir virðast njóta þess að stráfella löggurnar með sveðjum, byssum og berum höndum. Áhorfendur halda með Rama, ungri löggu með ólétta eiginkonu heima fyrir, en hann er afar lunkinn í indónesísku bardagalistinni Silat.

Því miður fyrir hann eru bófarnir það líka og mesta púður myndarinnar fer í tilkomumiklar slagsmálasenur. Það er þó af hinu góða enda myndin hvorki sérstaklega vel skrifuð né leikin. Óvæntu flétturnar eru fyrirsjáanlegar og sum bardagaatriðin nokkrum mínútum of löng.

Kvikmyndin er þrátt fyrir þetta nokkuð skemmtileg, og felst skemmtanagildið aðallega í yfirgengilegu ofbeldinu, en sum okkar eru jú svo fársjúk á sálinni að blóðslettur og limlestingar á hvíta tjaldinu geta vakið hjá okkur kátínu. Allavega þegar morðin eru framin af jafn mikilli íþróttamennsku og hér. Að sama skapi spyr maður sig: „Af hverju eru öll þessi fimu hraustmenni í blettóttum joggingbuxum að selja eiturlyf og drepa fólk í stað þess að keppa á stórmótum?“

**Haukur Viðar Alfreðsson**

**Niðurstaða:** Ég vorkenni þeim sem þarf að þrífa sameignina.



**SPILAR Á AIRWAVES** Hljómsveitin Sigur Rós spilar á Airwaves-hátíðinni í fyrsta sinn í ellefu ár.

# Sigur Rós fetar í fótspor Bjarkar

„Við erum í Sigur Rósar-vímu hérna,“ segir Kamilla Ingibergsdóttir hjá Iceland Airwaves.

Hljómsveitin Sigur Rós spilar á Airwaves-hátíðinni í fyrsta sinn í ellefu ár þegar hún stígur á svið í Nýju Laugardalshöllinni 4. nóvember, á síðasta degi hátíðarinnar. Sigur Rós spilaði síðast á Airwaves í Listasafni Reykjavíkur árið 2001.

„Við erum mjög ánægð. Við vissum í fyrra að það yrði erfitt að toppa Björk en okkur er að takast nokkuð vel til með því að tilkynna Sigur Rós til leiks,“ segir Kamilla. „Þetta verður í lokin á Airwaves og þess vegna verða allir að spara kraftana. Ég veit að stundum er fólk þreytt á sunnudeginum svo að þarna verður maður líka að vera í góðum gír á sunnudagskvöldinu.“

Sigur Rós er 27. flytjandinn sem er tilkynntur á Airwaves-hátíðina en enn á eftir að kynna 150 í viðbót til sögunnar.

Sigur Rós heldur tónleika víða um heim á næstu mánuðum með ellefu manna hljómsveit og mun spila efni úr stóru lagasafni sínu, þar á meðal af plötunni Valtari sem kemur út 28. maí. Tónleikarnir á Airwaves verða fyrstu tónleikar sveitarinnar á Íslandi í fjögur ár.

Miðasala á tónleikana hefst 16. maí kl. 12 á Midi.is. Miðahafar á Iceland Airwaves fá tækifæri til að kaupa miða á sérstökum afslætti, eða 3.900 krónur til 16. júní. Almennt miðaverð er 5.900 krónur.

**- fb**

# Vill skemmta færra fólki

**Grínistinn Jerry Seinfeld ætlar að hætta uppistandi sínu í stórum sölum fyrir framan mikinn fjölda áhorfenda.**

**Hinn 57 ára Seinfeld steig á svið fyrir framan tuttugu þúsund áhorfendur í O2-höllinni í London í fyrra og í þessum mánuði skemmtir hann sextán þúsund manns á tveimur uppistöndum í Englandi. „Ég mun ekki skemmta svona mörgum í einu aftur,“ sagði Seinfeld við Live Magazine. „Svona uppákomur ganga ekki til lengdar. Ég er 57 ára núna. Langar ykkur virkilega sjá 67 ára náunga skemmta tíu þúsund manns? Ekki mig.“**



**SEINFELD** Grínistinn ætlar að hætta uppistandi sínu í risastórum sölum.

MEÐ STUÐNINGI REYKJAVÍKURBORGAR OG KVIKMYNDAMIÐSTÖÐVAR ÍSLANDS
Miðasala: 412 7711 ■ www.bioparadis.is / midi.is ■ Hluti af Europa Cinemas
BÍÓ ★ PARADÍS
RALPH FIENNES / GERARD BUTLER NÁTTÚRAN KENNIR SKEPNUM AÐ ÞEKKJA VINI SÍNA CORIOLANUS
6.-9. MAÍ Reykjavik Shorts&Docs Festival SJÁÐU DAGSKRÁNA Á WWW.SHORTSDOCSFEST.IS
MIÐVIKUDAGUR: REYKJAVIK SHORTS & DOCS 18:00, 20:00, 22:00 ■ CORIOLANUS 17:30, 20:00, 22:30 ■ JANE EYRE 17:30, 20:00 ■ IRON SKY 22:30
ÍSLENSKUR TEXTI / ENGLISH SUBTITLES
SKÓLANEMAR: 25% AFSLÁTTUR GEGN FRAMVÍSUN SKÍRTEINIS! SAMI AFSLÁTTUR FYRIR ÖRYRKJA OG ELDRI BORGARA.




© Inter IKEA Systems B.V. 2012

# sport

sport@frettabladid.is



**VALSKONUR** geta tryggt sér Íslandsmeistaratitilinn þriðja árið í röð með sigri í fjórða leiknum á móti Fram í úrslitaeinvígi N1-deildar kvenna en hann fer fram í Safamýrinni klukkan 19.30 í kvöld. Fram vann fyrsta leikinn en Valur hefur svarað með tveimur sigrum í röð. Framkonur eru í úrslitaeinvíginu fjórða árið í röð en eiga enn eftir að vinna heimaleik í lokaúrslitum. Einu tveir sigrar Framliðsins í úrslitaeinvígunum 2009-2012 hafa komið í Vodafonehöllinni.



**GÓÐAR Í GÆR** Ashley Bares og Inga Birna Friðjónsdóttir. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Meistarakeppni kvenna í gær:

## Stjarnan vann

**FÓTBOLTI** Stjarnan sigraði Val 3-1 í Meistarakeppni kvenna í gær í hörkuleik. Stjarnan var mun sterkari aðilinn í fyrri hálfleik og komst verðskuldað yfir á lokamínútu hálfleiksins með marki Ashley Bares.

Allt annað var að sjá til Vals í seinni hálfleik. Dagný Brynjarsdóttir jafnaði metin á 53. mínútu og fékk Valur færi til að komast yfir áður en Stjarnan gerði út um leikinn með tveimur mörkum á átta mínútna kafla þegar skammt var eftir af leiknum. Inga Birna Friðjónsdóttir kom Stjörnunni í 2-1 en hún lagði upp fyrsta markið fyrir Bares.

„Það er ljúft að lyfta bikurum og þeim líður vel hérna,“ sagði Ásgerður Stefanía Baldursdóttir sem gerði út um leikinn af öryggi á vítapunktinum þegar tíu mínútur voru eftir. -gmi

## ENSKI Í GÆR

**Liverpool - Chelsea 4-1**

1-0 Sjálfsmark (20.), 2-0 Jordan Henderson (25.), 3-0 Daniel Agger (28.), 3-1 Ramires (50.), 4-1 Jonjo Shelvey (61.)

**STAÐA EFSTU LIÐA**

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **Man. City** | **37** | **27** | **5** | **5** | **90-27** | **86** |
| Man. United | 37 | 27 | 5 | 5 | 88-33 | 86 |
| **Arsenal** | **37** | **20** | **7** | **10** | **71-47** | **67** |
| Tottenham | 37 | 19 | 9 | 9 | 64-41 | 66 |
| **Newcastle** | **37** | **19** | **8** | **10** | **55-48** | **65** |
| Chelsea | 37 | 17 | 10 | 10 | 63-45 | 61 |
| **Everton** | **37** | **14** | **11** | **12** | **47-39** | **53** |
| Liverpool | 37 | 14 | 10 | 13 | 47-39 | 52 |


Krabbameinsfélagið

**Á móti hækkandi sól**

**Streita og áfallið að greinast með krabbamein**

Örráðstefna

**10. maí kl. 16:30-18:00**

| | |
|---|---|
| 16:30-16:35 | *Ráðstefnan sett.* **Ragnheiður Haraldsdóttir** forstjóri Krabbameinsfélags Íslands. |
| 16:35-16:45 | *Ráðgjöf.* **Ásdís Káradóttir** hjúkrunarfræðingur segir frá Ráðgjafarþjónustu Krabbameinsfélagsins. |
| 16:45-17:00 | *Sjálfsvíg og hjartaáföll í kjölfar krabbameinsgreiningar.* **Dr. Unnur A. Valdimarsdóttir** dósent í lýðheilsuvísindum við Háskóla Íslands. |
| 17:00-17:15 | *„Fyrstu skrefin“, fag- og reynsluþekking.* **Dr. Snorri Ingimarsson** krabbameins- og geðlæknir. |
| 17:15–17:30 | *„Sorg og fjalllendi“, stuðningur við fjölskyldur.* **Sr. Sigurður Arnarson** sóknarprestur í Kópavogskirkju. |
| 17:30-17:45 | *„Berskjaldaður - að brotna til að opna“.* **Dr. Arelía Eydís Guðmundsdóttir** dósent við Viðskiptadeild Háskóla Íslands, ráðgjafi og rithöfundur. |
| 17:45-18:00 | *Kaffi og spjall.* |

**Fundarstjóri: Rudolf Adolfsson,** geðhjúkrunarfræðingur

Allir velkomnir - ókeypis aðgangur

Krabbameinsfélag Íslands, Skógarhlíð 8, 105 Rvk., 540 1900, www.krabb.is


# Fótboltinn er kominn í forgang

**Ingólfur Þórarinsson er leikmaður 1. umferðar Pepsi-deildar karla hjá Fréttablaðinu. Ingólfur, eða Ingó Veðurguð eins og margir þekkja hann, er búinn að setja fótboltann í fyrsta sæti en tónlistina í annað. Hann gefur frá sér mörg atvinnutækifæri og segist borga helling með sér til þess að spila fótbolta.**

**FÓTBOLTI** Frammistaða Ingólfs Þórarinssonar, miðjumanns Selfyssinga, gegn ÍBV vakti verðskuldaða athygli. Hann var maðurinn á bak við frábæran 2-1 sigur Selfyssinga sem nær allir spá neðsta sæti í Pepsi-deildinni í sumar.

„Það sem hefur breyst hjá mér er líkamlega ástandið og forgangsröðunin. Tónlistin situr aðeins á hakanum núna á meðan fótboltinn er í forgangi,“ sagði Ingólfur en hann er landsþekktur tónlistarmaður og stanslaus spilamennska síðustu sumur hefur ekki hjálpað honum mikið við að taka framförum sem knattspyrnumaður.

„Svo er ég líka með þjálfara núna sem hefur trú á mér og setur traust á mig. Hugarfar mitt hefur breyst og ég fórna meiru en áður. Fótboltinn hefur verið til hliðar við spileríið áður og ég bara mætt á einstaka æfingu kannski. Ég hef líka lyft mikið og styrkt mig. Ég er lítill og léttur og þarf að vera sterkari til þess að keppa við þá bestu. Við höfum svolítið verið í því að horfa á lóðin en núna förum við að lyfta þeim almennilega.“

Ingólfur er orðinn 25 ára gamall og hann viðurkennir að vera fyrst núna að taka fótboltann af fullri alvöru.

„Nú er ég farinn að hafna kannski fjórum til fimm „giggum“ á mánuði. Tónlistin hefur tekið sinn toll hér áður og orðið til þess að ég hafði ekki orku í annað. Nú geri ég þetta af krafti og spila ekki tónlist langt fram á nótt,“

> Ég get spilað á sveitaballi þegar ég er fertugur en það er ólíklegt að ég geti spilað í Pepsi-deildinni á sama aldri.
>
> **INGÓLFUR ÞÓRARINSSON** LEIKMAÐUR SELFOSS

**Lið umferðarinnar**

4-3-3

| | |
|---|---|
| Sindri Snær Jensson | Valur |
| Ólafur Örn Bjarnason | Grindavík |
| Kári Ársælsson | ÍA |
| Atli Sveinn Þórarinsson | Valur |
| David Elebert | Fylkir |
| Daníel Laxdal | Stjarnan |
| Ingólfur Þórarinsson | Selfoss |
| Atli Jóhannsson | Stjarnan |
| Jón Vilhelm Ákason | ÍA |
| Atli Guðnason | FH |
| Gary Martin | ÍA |

sagði Ingólfur en hann er þar með að gefa frá sér talsverðar tekjur ólíkt flestum öðrum í deildinni.

„Ég er eiginlega að borga helling með mér til þess að vera í fótbolta. Mér finnst aftur á móti mjög gaman í fótbolta og það er gaman að taka þátt í því á meðan maður er ungur og getur gert það. Ég get spilað meira á gítarinn seinna. Ég get spilað á sveitaballi þegar ég er orðinn fertugur en ólíklegt að ég geti spilað í Pepsi-deildinni á sama aldri,“ sagði Ingólfur en er þessi leikur hans bara einn smellur?

„Ég ætla rétt að vona ekki. Ég tel mig alveg geta bætt í.“

Selfyssingar njóta þess að það er engin pressa á þeim í deildinni þar sem allir spá þeim niður. Ingólfur segir að það henti liðinu ágætlega.

„Fyrir vikið getum við mætt afslappaðir í leiki og selt okkur dýrt. Það er einnig gott fyrir mig að margir líta bara á mig sem einhvern tónlistarmann og sprellara,“ sagði Ingólfur en ef hann




**KOM Á ÓVART** Ingólfur hefur ekki verið mjög hátt skrifaður sem fótboltamaður en blómstraði í leiknum gegn ÍBV þar sem hann var aðalstjarna vallarins. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

heldur áfram að spila eins og hann gerði gegn ÍBV er ekki langt í að andstæðingarnir fari að taka hann mjög alvarlega.

„Við erum svolítið óskrifað blað. Við erum líklega með reynsluminnsta liðið í deildinni og það er því eðlilegt að okkur sé spáð sæti neðarlega. Við teljum okkur samt vera töluvert sterkari en 2010. Það er samkeppni um stöður núna en það var ekki þannig fyrir tveimur árum.“

henry@frettabladid.is

Haukur Páll Sigurðsson meiddist gegn Fram:

# Ekki víst að ég spili með gegn Selfossi

**FÓTBOLTI** Valsmenn urðu fyrir miklu áfalli í upphafi leiksins gegn Fram á mánudag þegar prímus mótor liðsins, Haukur Páll Sigurðsson, meiddist.

Eins og sönnum harðjaxli sæmir harkaði hann af sér, kom inn á völlinn en varð að yfirgefa hann um tíu mínútum síðar vegna sársauka.

„Ég er svona skítsæmilegur. Ég er helaumur og hef verið betri,“ sagði Haukur Páll við Fréttablaðið í gær en Valsmenn náðu að vinna leikinn án hans.

Miðjumaðurinn meiddist á mjöðm en rannsóknir í gær leiddu í ljós að ekkert er brotið eða álíka. Hann ætti því ekki að vera of lengi frá.

„Að öllum líkindum er þetta bara mar sem kom af högginu. Það er í það minnsta jákvætt að það virðist ekki hafa komið neinn snúningur eða álíka á mjöðmina við þetta högg. Næstu dagar fara í það að vinna í þessu. Þetta ætti að jafna sig og vonandi kemst ég á lappir sem fyrst. Það er samt ekki víst að ég spili leikinn gegn Selfossi,“ sagði Haukur Páll en sá leikur fer fram á morgun.

Hann viðurkennir að það hafi verið súrt í broti að þurfa að yfirgefa völlinn svo snemma í fyrsta



**HAUKUR PÁLL** Harðjaxlinn í Valsliðinu þarf líklega að hvíla á morgun. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

leik á Íslandsmóti eftir langt undirbúningstímabil.

„Þetta var ekki sú byrjun sem ég var að vonast eftir. Ég hugsaði um framhaldið á sumrinu eftir því sem leið á leikinn. Ég vildi ekki vera að skemma eitthvað strax með því að þjösnast á þessu. Fannst skynsamlegra að fara af velli og eiga möguleika á því að spila fleiri leiki,“ sagði Haukur og viðurkenndi að hafa hugsað það versta er hann meiddist.

„Sjúkraþjálfaranum fannst hafa komið snúningur á mjöðmina. Svo kom Björn Zoëga læknir. Hann sagði að ekkert væri brotið og því ætti ég að fara inn á aftur og láta reyna á þetta.“ - hbg



**ARON RAFN** Er spáð frama á næstu árum. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Aron Rafn Eðvarðsson:

## Hafnaði tilboði frá GUIF

**HANDBOLTI Erlend félög eru farin að kroppa í landsliðsmarkvörðinn Aron Rafn Eðvarðsson sem spilar með Haukum.**

**Aron Rafn hefur verið að bæta sig mikið á síðustu árum og átti frábært tímabil með Haukum.**

**Hann fékk sitt fyrsta tækifæri með landsliðinu á EM í janúar og það vakti athygli erlendra liða á honum.**

**„Félag Kristjáns Andréssonar í Svíþjóð, GUIF, var í sambandi við mig eftir EM í Serbíu. Ég ræddi við þá nokkrum sinnum en það verður ekkert af því að ég fari þangað,“ sagði Aron Rafn sem er nýbúinn að framlengja við Hauka til eins árs.**

**Hann mun þurfa að axla enn meiri ábyrgð næsta vetur þar sem Birkir Ívar Guðmundsson hefur lagt skóna á hilluna.** - hbg

# KONUKVÖLD THE PIER

## á Smáratorgi

## fimmtudaginn 10. maí kl. 18-21

## Allar konur velkomnar!



3 FYRIR 2!

Nýir púðar í miklu úrvali!

YESMINE OLSSON

JÓGVAN HANSEN

OSTAKYNNING

FRÁ MS

SNYRTIVÖRUKYNNING

FRÁ MAX FACTOR

SNYRTIFRÆÐINGAR

VERÐA Á STAÐNUM MEÐ

HANDANUDD MEÐ SPA-LÍNUNNI

LÉTTAR VEITINGAR

3 FYRIR 2 AF SNYRTIVÖRUM

3 FYRIR 2 AF PÚÐUM OG KERTUM

Eingöngu í The Pier Smáratorgi

3 FYRIR 2!



Kerti - margar gerðir

MAX FACTOR

THE MAKE-UP OF MAKE-UP ARTISTS

SNYRTIVÖRU-KYNNING

3 FYRIR 2!



án paraben efna!

ÓÐALS

OSTAKYNNING

FRÁ MS

ALLAR KONUR VELKOMNAR Á SMÁRATORG!

25% afsláttur af sumrinu



Sumarhúsgögn í miklu úrvali!

Bleiki hnífurinn verður til sölu



Yesmine Olsson eldar fyrir gesti

the PIER



Jógvan Hansen syngur fyrir gesti

SMÁRATORGI 522 7860 • KORPUTORGI 522 7870 • GLERÁRTORGI 522 7880

> Stöð 2 kl. 20.30

## 2 Broke Girls

***Ný og hressileg gamanþáttaröð sem hefur hlotið góðar viðtökur í Bandaríkjunum. Aðalpersónurnar eru tvær ungar konur, Max og Caroline, sem eiga ólíka fortíð og virðast eiga fátt sameiginlegt en við nánari kynni komast þær þó að því að þær eiga fleira sameiginlegt en fólk gæti haldið.***




# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ ATLI FANNAR BJARKASON GLEÐST

# *Prins spjallþáttanna*

Spjallþættir Conans O'Brien og Davids Letterman eru í sérstöku uppáhaldi hjá mér. Þættirnir eru fullkomin leið til að enda erilsaman dag, enda fyndnir, skemmtilegir og fastmótaðir. Þeir grína smá, fá svo tvo hressa gesti í spjall og loks slúttar hljómsveit þættinum. Allt eins og það á að vera.



Hvorki Letterman né O'Brien eru á dagskrá í íslensku sjónvarpi, en það skiptir ekki máli vegna þess að prins spjallþáttanna er á dagskrá á hverju kvöldi á Skjá einum, nefnilega Jimmy Kimmel. Enginn er betur til þess fallinn að taka við krúnunni af Letterman, sem er konungur spjallþáttanna í dag. Kimmel er skarpur og fyndinn og virðist geta platað stjörnurnar í Hollywood í hvaða vitleysu sem er.

Ég vona að Kimmel haldi áfram með þátt sinn um ókomna tíð, þar sem hann er orðinn hluti af kvöldrútínunni minni. Að lokum, ég ætlaði að skrifa lítilræði um leikarann Matt Damon en plássið er því miður af skornum skammti.

## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.36** Bæn **06.39** Morgunþáttur Rásar 1 **06.40** Veðurfregnir **07.00** Fréttir **07.30** Fréttayfirlit **08.00** Morgunfréttir **08.05** Morgunstund með KK **08.30** Fréttayfirlit **09.00** Fréttir **09.05** Okkar á milli **09.45** Morgunleikfimi **10.00** Fréttir **10.03** Veðurfregnir **10.13** Tríó **11.00** Fréttir **11.03** Samfélagið í nærmynd **12.00** Fréttir **12.02** Hádegisútvarp **12.20** Hádegisfréttir **12.45** Veðurfregnir **12.50** Dánarfregnir **13.00** Sögur af misgóðum mönnum **14.00** Fréttir **14.03** Gullfiskurinn **15.00** Fréttir **15.03** Útvarpssagan: Draumar á jörðu **15.25** Skorningar **16.00** Síðdegisfréttir **16.05** Víðsjá **17.00** Fréttir **18.00** Kvöldfréttir **18.20** Auglýsingar **18.21** Spegillinn **18.50** Veðurfregnir **18.53** Dánarfregnir **19.00** Endurómur úr Evrópu **20.00** Leynifélagið **20.30** Anna í Grænuhlíð **21.10** Út um græna grundu **22.00** Fréttir **22.05** Veðurfregnir **22.10** Orð kvöldsins **22.15** Bak við stjörnurnar **23.05** Flakk **00.00** Fréttir **00.05** Næturútvarp Rásar 1

## RÚV

**17.05 Leiðarljós** (Guiding Light)
**17.50 Táknmálsfréttir**
**18.00 Disneystundin**
**18.01 Finnbogi og Felix**
**18.23 Sígildar teiknimyndir**
**18.30 Gló magnaða**
**18.54 Víkingalottó**
**19.00 Fréttir**
**19.30 Veðurfréttir**
**19.35 Úrslitakeppnin í handbolta** BEINT frá fjórða leik Fram og Vals í úrslitum N1 deildar kvenna í handbolta.
**20.55 Leitin að stórlaxinum** (1:3) Bræðurnir Ásmundur og Gunnar Helgasynir settu sér það markmið að komast í 20 punda klúbbinn og fara víða í leit sinni að stórlaxinum. Þeir skoða einnig hvernig Jökulsá á Dal hefur breyst úr jökulfljóti í laxveiðiá.
**21.25 Frú Brown** (1:7) (Mrs. Brown's Boys) Bresk-írsk gamanþáttaröð um kjaftfora húsmóður í Dublin. Höfundur og aðalleikari er Brendan O'Carroll.
**22.00 Tíufréttir**
**22.15 Veðurfréttir**
**22.20 Leitin að Sherlock Holmes** (The Search for Sherlock Holmes) Skoski leikarinn David Hayman fer vítt og breitt um Bretland og fræðir áhorfendur um spæjarann slynga Sherlock Holmes sem meira en 70 leikarar hafa leikið í meira en 200 myndum.
**23.10 Landinn** (e)
**23.40 Kastljós** (e)
**00.10 Fréttir**
**00.25 Dagskrárlok**

## STÖÐ 2 BÍÓ

**08.00 The Painted Veil**
**10.05 30 Days Until I'm Famous**
**12.00 Sammy's Adventures**
**14.00 The Painted Veil**
**16.05 30 Days Until I'm Famous**
**18.00 Sammy's Adventures**
**20.00 The Special Relationship**
**22.00 Swordfish**
**00.00 Festival Express**
**02.00 Peaceful Warrior**
**04.00 Swordfish**
**06.00 Couple's Retreat**

## STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2**
**08.30 Oprah** LOKAÞÁTTUR.
**09.10 Bold and the Beautiful**
**09.30 Doctors** (138:175)
**10.15 60 mínútur**
**11.00 Perfect Couples** (3:13)
**11.25 Til Death** (10:18)
**11.50 Pretty Little Liars** (19:22)
**12.35 Nágrannar**
**13.00 Mike & Molly** (6:24)
**13.25 The F Word** (4:9)
**14.15 Ghost Whisperer** (17:22)
**15.05 Barnatími Stöðvar 2**
**17.05 Bold and the Beautiful**
**17.30 Nágrannar**
**17.55 Friends** (5:24)
**18.23 Veður**
**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**18.47 Íþróttir**
**18.54 Ísland í dag**
**19.11 Veður**
**19.20 The Simpsons** (2:22)
**19.45 Arrested Development** (1:22) Stöð 2 rifjar upp þessa frumlegu þáttaröð.
**20.05 New Girl** (13:24)
**20.30 2 Broke Girls** (1:24) Ný og hressileg gamanþáttaröð sem fjallar um stöllurnar Max og Caroline sem kynnast við störf á veitingastað. Við fyrstu sýn virðast þær eiga fátt sameiginlegt en komast þó að öðru og ákveða að leiða saman hesta sína.
**20.55 Grey's Anatomy** (21:24)
**21.40 Gossip Girl** (13:24)
**22.25 Pushing Daisies** (11:13) Við höldum áfram að fylgjast með Ned og hans yfirnáttúrulegu hæfileikum að geta lífgað við látnar manneskjur.
**23.10 Mið-Ísland** (7:8)
**23.40 Alcatraz** (13:13)
**00.25 Rescue Me** (11:22)
**01.10 Fringe** (3:22)
**01.50 Fringe** (4:22)
**02.35 The Good Guys** (2:20)
**03.20 Chase** (4:18)
**04.05 New Girl** (13:24)
**04.25 2 Broke Girls** (1:24)
**04.50 Grey's Anatomy** (21:24)
**05.35 Fréttir og Ísland í dag**

## SPORT *besta sætið*

**16.45 Iceland Express: Þór-Grindavík**
**18.30 Atlético Madrid - Athletic Bilbao** BEINT frá úrslitaleik Evrópudeildarinnar í Búkarest í Rúmeníu.
**21.00 Ensku bikarmörkin**
**21.30 Spænsku mörkin**
**22.00 Einvígið á Nesinu** Sýnt frá einvíginu á Nesinu þar sem flestir af bestu kylfingum landsins í karla og kvennaflokki voru samankomnir.
**22.55 Evrópudeildin: Atlético Madrid - Athletic Bilbao**

## SPORT 2 *enski boltinn*

**07.00 Liverpool - Chelsea**
**15.25 Aston Villa - Tottenham**
**17.15 Premier League Review 2011/12**
**18.10 Football League Show**
**18.40 Birmingham - Blackpool** BEINT frá leik í umspili um sæti í ensku úrvalsdeildinni. Þetta er seinni leikur liðanna.
**20.45 Arsenal - Norwich**
**22.30 Bolton - WBA**
**00.15 Sunnudagsmessan**
**01.35 Birmingham - Blackpool**

## EXTRA

**19.00 The Doctors** (109:175)
**19.40 American Dad** (1:18)
**20.05 The Cleveland Show** (10:21)
**20.30 Mið-Ísland** (7:8)
**21.00 Fréttir Stöðvar 2**
**21.25 Ísland í dag**
**21.50 Two and a Half Men** (11:24)
**22.15 The Big Bang Theory** (2:24)
**22.45 How I Met Your Mother** (5:24)
**23.10 White Collar** (10:16)
**23.55 Burn Notice** (17:20)
**00.40 The Daily Show: Global Edition** (16:41)
**01.05 American Dad** (1:18)
**01.30 The Cleveland Show** (10:21)
**01.55 The Doctors** (109:175)
**02.35 Fréttir Stöðvar 2**
**03.25 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV**

## SKJÁREINN

**06.00 Pepsi MAX tónlist**
**08.00 Dr. Phil** (e)
**08.45 Pepsi MAX tónlist**
**14.45 Real Housewives of Orange County** (1:17) (e)
**15.30 Girlfriends** (9:13) (e)
**15.50 Solsidan** (3:10) (e)
**16.15 Hæfileikakeppni Íslands** (6:6) (e)
**17.25 Dr. Phil**
**18.10 Mobbed** (6:11) (e)
**19.00 America's Funniest Home Videos** (e)
**19.25 Rules of Engagement** (20:26) (e)
**19.45 Will & Grace** (3:25) (e)
**20.10 Britain's Next Top Model** (9:14) Það er komið að sjöttu seríunni af Britain's Next Top Model. Nú mætir glæný dómnefnd til leiks með ofurfyrirsætuna Elle McPherson í fararbroddi.
**20.55 The Firm** (11:22) Þættir sem byggðir eru á samnefndri kvikmynd frá árinu 1993 eftir skáldsögu Johns Grisham. Mitch aðstoðar fanga á dauðadeildinni með afar óvenjulegt mál er tengist aftöku hans við blendnar viðtökur aðstandenda fórnarlamba hans.
**21.45 Law & Order UK** (10:13) Bresk þáttaröð sem fjallar um störf rannsóknarlögreglu og saksóknara í Lundúnum. Morð á lækni virðist í fyrstu vera ástríðuglæpur en áður en langt um líður kemur heljarinnar samsæri í ljós sem er lögreglunni ofviða.
**22.30 Jimmy Kimmel**
**23.15 Hawaii Five-0** (14:22) (e)
**00.05 Royal Pains** (1:18) (e)
**00.50 The Firm** (11:22) (e)
**01.40 Lost Girl** (1:13) (e)
**02.40 Pepsi MAX tónlist**

## SKJÁRGOLF

**06.00** ESPN America **07.00** Wells Fargo Championship 2012 (3:4) **11.20** Golfing World **12.10** Golfing World **13.00** Wells Fargo Championship 2012 (3:4) **18.00** Golfing World **18.55** Monty's Ryder Cup Memories **19.50** THE PLAYERS Official Film 2011 (1:1) **20.40** Champions Tour - Highlights (8:25) **21.35** Inside the PGA Tour (19:45) **22.00** Golfing World **22.50** PGA Tour - Highlights (17:45) **23.45** ESPN America

## N4

**18.00** Að norðan **18.30** Áttavitinn Suðurland

## BBC entertainment

**06.20** My Family **07.50** The Inspector Lynley Mysteries **09.25** Deal or No Deal **10.00** EastEnders **10.35** Come Dine With Me **11.25** QI **12.30** Keeping Up Appearances **13.30** One Foot in the Grave **14.40** Top Gear **15.35** QI **16.35** Come Dine With Me **17.25** The Graham Norton Show **18.10** QI **19.10** Top Gear **20.00** QI **20.30** Shooting Stars **21.00** Peep Show **21.30** Live at the Apollo **22.15** The Increasingly Poor Decisions of Todd Margaret **22.40** The Thick of It **23.10** Top Gear **00.00** My Family **00.30** Shooting Stars

## DR 1

**12.30** Bonderøven **13.00** DR Update - nyheder og vejr **13.10** Jamie Olivers skolemad **14.00** Kasper & Lise **14.10** Timmy-tid **14.20** Hvem lagde lorten? **14.25** Skæg med bogstaver **14.45** Sprutte-Patruljen **15.00** Himmelblå **15.50** DR Update - nyheder og vejr **16.00** Drivhusdrømme **16.30** TV Avisen med Sport **17.05** Aftenshowet **18.00** Kender du typen **18.30** Søren Ryge direkte **19.00** TV Avisen **19.25** Penge **19.50** SportNyt **20.00** Kidnappet **20.40** Pacific Paradise Police **21.25** Onsdags Lotto **21.30** Bryllup i Farver

## NRK 1

**06.30** 22. juli-rettssaken **15.00** NRK nyheter **15.15** Grønn glede **15.40** Oddasat - nyheter på samisk **15.55** Tegnspråknytt **16.00** Norskekysten **16.40** Distriktsnyheter **17.00** Dagsrevyen **17.45** Dronningens palasser **18.35** Glimt av Norge **18.45** Vikinglotto **18.55** Distriktsnyheter **19.00** Dagsrevyen 21 **19.40** Lov og orden. London **20.25** 4-4-2 **21.00** Kveldsnytt **21.15** Kalde føtter **22.05** Borgen **23.05** Dronningens palasser **23.55** Lov og orden. London **00.40** Omid Djalili-show **01.10** Barn for enhver pris **02.05** Norskekysten

## svt1

**11.30** Mästarnas mästare **12.30** Adjö, de Gaulle **14.00** Rapport **14.05** Gomorron Sverige **14.30** Från Lark Rise till Candleford **15.30** Sverige idag **15.55** Sportnytt **16.00** Rapport **16.10** Regionala nyheter **16.15** Go'kväll **17.00** Kulturnyheterna **17.15** Regionala nyheter **17.30** Rapport **18.00** Uppdrag Granskning **19.00** Dom kallar oss skådisar **19.30** Kobra **20.00** The Promise **21.30** Rapport **21.35** Kulturnyheterna **21.40** Malmöpolisen **22.35** Räddningen av Pelikan 895 **23.15** Inför Eurovision Song Contest 2012

## ÍNN

**20.00** Björn Bjarnason **20.30** Tölvur tækni og vísindi **21.00** Fiskikóngurinn **21.30** Bubbi og Lobbi

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

## ÚTVARP FM

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **FM 88,5** XA-Radíó | **FM 90,9** Gullbylgjan | **FM 95,7** FM957 | **FM 96,7** Létt Bylgjan | **FM 98,9** Bylgjan | **FM 100,5** Kaninn | **FM 102,9** Lindin |
| **FM 90,1** Rás 2 | **FM 93,5** Rás 1 | **FM 96,3** FM Suðurland | **FM 97,7** X-ið | **FM 99,4** Útvarp Saga | **FM 102,2** Útvarp Latibær | **FM 105,5** Útvarp Boðun |




VILDARÁSKRIFT AÐ STÖÐ 2 INNIHELDUR 2 2+ 2 BÍÓ 2 BÍÓ+ 2 EXTRA 2 EXTRA+ AUK STIGVAXANDI AFSLÁTTAR. 512 5100 | STOD2.IS | VERSLANIR VODAFONE | VERSLANIR OG ÞJÓNUSTUVER SÍMANS 800 7000











# LAGERHREINSUN

# 20% - 70% AFSLÁTTUR

## Frábær húsgögn á heimilið, í sumarbústaðinn ...

Heilsurúm, margar stærðir og gerðir
Hvíldarstólar í leðri og tauáklæði
Lyftistólar í leðri og tauáklæði
Tungusófar í leðri og tauáklæði
Hvíldarsófar, nokkrar stærðir og gerðir í leðri og tauáklæði
Sófar og stólar í garðskála
Svefnsófar
Skammel
Rúmgaflar
Sængur
Heilsukoddar
Rúmteppi
Dúnsokkar
Rúmbotnar
Púðar
Sófaborð
Og margt, margt fleira ...

**Lagerhreinsunin er í Hlíðarsmára 1, þar sem Prodomo var áður til húsa.**

við hliðina á Krossinum, beint fyrir ofan Smáralindina

**Opnunartími lagersölu:**
Miðvikudag milli kl. 10 og 18
Fimmtudag milli kl. 10 og 18
Föstudag milli kl. 10 og 18
Laugardag milli kl. 11 og 16

## Mikið úrval húsgagna!

**Lagerhreinsunin stendur einungis 4 daga**

LÚR
BETRI HVÍLD

**LÚR - BETRI HVÍLD** • Hlíðasmára 1 • 201 Kópavogi • Sími 554 6969 • Fax 554 3100 • www.lur.is • lur@lur.is

## GOTT Á GRILLIÐ



*„Mér finnst rosalega gott að að grilla rif eða lambakjöt. Ég er ekki mikið í að hafa sósur með því, ég vil bara kjöt“*

Yrsa Sigurðardóttir, rithöfundur og verkfræðingur.

# Lynch á Skype í gamla bíói

„Þessi samkoma er fyrir alla þá sem hafa áhuga á innhverfri íhugun eða hafa lært hana,“ segir Sigurjón Sighvatsson, kvikmyndaframleiðandi, um dagskrá um innhverfa íhugun í Gamla bíói í kvöld þar sem David Lynch ávarpar viðstadda í gegnum samskiptaforitið Skype.

Fyrir þremur árum kom kvikmyndaleikstjórinn David Lynch hingað til lands í þeim tilgangi að kynna innhverfa íhugun fyrir Íslendingum í kjölfar bankahrunsins. „David hafði lofað mér að koma til Íslands fyrir 20 árum. Árið 2009 var ég að tala við hann í síma héðan og hann ákvað að koma við í Evrópuferð sinni sem var í vikunni á eftir,“ segir Sigurjón. Lynch staldraði aðeins við í tvo daga, en hélt þó vel sóttan fyrirlestur í Háskólabíói um innhverfa íhugun. „David vildi bjóða Íslendingum aðstoð við að leita inn á við og takast þannig á við stressið sem fylgdi hruninu,“ segir Sigurjón. Í kjölfar heimsóknar hans hafa um 1.400 manns lært innhverfa íhugun á námskeiðum Íslenska íhugunarfélagsins en David Lynch stofnunin styrkti formlegra starfsemi þess hérlendis um 25 milljónir.

Innhverf íhugun er sérstök tegund af hugleiðslu sem Maharishi Mahesh Yogi þróaði og stílaði inn á fólk í Vesturheimi sem ætti oft erfitt með að komast í hið hefðbundna hugleiðsluástand en samkvæmt Sigurjóni stundar hana fólk úr öllum stéttum þjóðfélagsins. **- trs**



**VERÐUR Á SKYPE** Kvikmyndaleikstjórinn David Lynch mun ávarpa fundinn í kvöld í gegnum Skype, en kvikmyndaframleiðandinn Sigurjón Sighvatsson stýrir fundinum.




**17 DAGAR** í aðalkeppni Eurovision



**TVEGGJA VIKNA FERÐ** Greta og Eurovision-hópurinn verða í Bakú í tvær vikur og fljúga heim örfáum klukkutímum eftir að aðalkeppninni lýkur.

GRETA SALÓME: ÆTLUM AÐ GERA OKKAR BESTA

# EUROVISION-HÓPURINN HELDUR TIL ASERBAÍDSJAN

„Við förum út næsta laugardag og fyrsta æfing er strax á sunnudaginn,“ segir Eurovision-farinn Greta Salóme Stefánsdóttir sem býr sig nú undir ferðina stóru til Bakú með restinni af Eurovision-hópnum.

Alls er það um 20 manna hópur sem heldur utan á laugardaginn og verður í Aserbaídsjan fram yfir keppni og varla mínútu lengur. „Sökum tímamismunarins hefst keppnin á miðnætti að staðartíma og við eigum flug klukkan átta morguninn eftir. Ef við komum til með að komast áfram í aðalkeppnina má því segja að við munum syngja og fljúga svo strax burt,“ segir Greta sem er ánægð með þau viðbrögð sem lagið Never Forget hefur fengið um alla Evrópu, enda varla annað hægt. Sænska framlagið trónir á toppi flestallra veðbanka nú tveimur vikum fyrir keppni, en ströng barátta er um sætin þar á eftir. Ísland og Ítalía berjast nú um annað sætið í kosningu á síðunni ESC Today og Ísland endaði í öðru sæti, með Serbíu fast á hæla sér, í kosningu á síðunni ESC stats.

Nánasta fjölskylda Gretu kemur til með að fylgja henni til Bakú og Elvar Þór Karlsson, kærastinn hennar, kemur viku á eftir þeim. „Hann er á fullu að undirbúa opnun nýju Boot Camp stöðvarinnar í Elliðaárdalnum, en hann er að reka Crossfit-stöðina sem verður þar inni í,“ segir Greta. Það er því mikið álag á heimili þeirra þessa dagana, en í ofanálagi er Greta að útskrifast með master í tónlist frá Listaháskólanum nú í vor og þarf að verja ritgerðina sína viku eftir heimkomu. Þau skötuhjúin eiga þó bókaða þriggja vikna ferð til Mallorca í júlí þar sem verður slakað á.

Kjóllinn sem Greta mun klæðast á sviðinu í Bakú hefur fengið mikla athygli og spurð að því hvernig hún hafi farið að því að pakka 70 metrum af silki ofan í tösku segir hún smá misskilning hafa átt sér stað þar. „Kjóllinn er úr sjö metrum af silki en ekki 70,“ segir hún og hlær. Hópurinn er allur vel stemmdur og tilbúinn að leggja í hann. „Þetta er frábær hópur og ég er svo þakklát fyrir hann. Við erum mjög róleg og við ætlum bara að gera okkar besta, restin verður svo bara að koma í ljós,“ segir Greta spennt í röddu.

**tinnaros@frettabladid.is**

# Ætla að sjá City vinna titilinn

„Við vitum að í fótbolta getur allt gerst, en andskotinn hafi það, þetta verður bara að nást,“ segir Magnús Ingvason, formaður Manchester City-klúbbsins á Íslandi.

Alls 23 meðlimir klúbbsins ætla á lokaleikinn í ensku úrvalsdeildinni í fótbolta á sunnudaginn þegar City tekur á móti QPR á Etihad-leikvanginum. Með sigri tryggir City sér Englandsmeistaratitilinn í fyrsta skipti í 44 ár, eða síðan 1968. Sjálfur byrjaði Magnús að halda með City árið 1969.

„Þetta verður ævintýraleg stemning og við getum hreinlega ekki beðið,“ segir Magnús um ferðalagið til Manchester. „Þetta er búið að vera svolítið rússíbanadæmi. Við keyptum þessa ferð í nóvember og þá leit þetta vel út. Síðan kom bakslag eftir áramótin og þeir svartsýnustu voru frekar daprir þegar Manchester United var með átta stiga forystu. En ég hef ekki misst trúna og ég er búinn að segja það alltaf að við erum ekki að fara í þessa ferð nema til að taka við titlinum,“ segir Magnús, borubrattur.

Áttatíu manns eru í City-klúbbnum á Íslandi, sem er aðeins brot af þeim sem greiddu félagsgjaldið í United-klúbbinn fyrir þessa leiktíð, tæplega þrjú þúsund manns. Hann segir að margir aðdáendur annarra liða vonist eftir að City vinni titilinn frekar en nágrannarnir í United. „Það eru allra liða kvikindi að hvetja mann áfram. En þetta lýsir kannski meira hatri á United en væntumþykju á City.“ **- fb**



**Á LEIÐ TIL MANCHESTER** Magnús Ingvason, formaður Manchester City-klúbbsins, ætlar að sjá sína menn vinna titilinn. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Sjá einnig önnur frábær verðdæmi á plusferdir.is!

# ORLOFSÍBÚÐIR Á SPÁNI



## Öruggt, einfalt og ódýrt!

Plúsferðir kynna spennandi nýjung! Nú getur þú bókað hjá okkur flug og orlofsíbúð á Torrevieja svæðinu á Spáni á ótrúlega hagstæðum kjörum. Allar íbúðir og hús hafa verið skoðuð af starfsmanni Plúsferða. Þjónustufulltrúar okkar verða til taks á staðnum og svara neyðar- og þjónustusíma. Nú getur öll stórfjölskyldan farið saman út í sólina. Frábær kostur fyrir þá sem vilja vera á eigin vegum en njóta öryggis Plúsferða. Fáðu meiri upplýsingar og bókaðu ferðina þína á einfaldan hátt á plúsferdir.is

*- Komdu út í plús!*

**VERÐ FRÁ:**

**79.900 kr.***

á mann. m.v. 4 saman í húsi.
Verð frá 94.800 kr. m.v. 2 fullorðna.
Brottför 13. júní, heimkoma 20. júní.

**Lengri tími í sól fyrir minni pening.**

**Þú ert í öruggum höndum þegar þú bókar hjá okkur.**

**Tilvalið fyrir stórfjölskylduna og ýmsar gerðir af gistimöguleikum.**

plús FERÐIR

www.plusferdir.is

Ferðaskrifstofa – Leyfishafi Ferðamálastofu

PLÚSFERÐIR - Sími 535 2100 - info@plusferdir.is

* Innifalið: Flug, skattar, gisting og íslensk fararstjórn. Verð miðast við að bókað sé á netinu. Birt með fyrirvara um prentvillur.

# FRÉTTABLAÐIÐ

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR **SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000** VÍSIR

**Ritstjórn:** 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **PRENTUN:** Ísafoldarprentsmiðja

9 771670 387005

Póst dreifing

**DREIFING:** dreifing@postdreifing.is
**EF BLAÐIÐ BERST EKKI:** 512 5060



FRÉTTIR VIÐSKIPTI ÍÞRÓTTIR LÍFIÐ UMRÆÐAN

vísir

Meiri Vísir.


## FRÉTTIR AF FÓLKI

### Jakob Frímann endurkjörinn

**Jakob Frímann Magnússon** hefur verið endurkjörinn formaður Félags tónskálda og textahöfunda, FTT, til næstu tveggja ára. Þetta var ákveðið á aðalfundi félagsins sem var haldinn í Hörpu. Sigurður Flosason var kjörinn varaformaður til tveggja ára. Sigtryggur Baldursson, sem nýlega tók við starfi framkvæmdastjóra Útóns, lét af stjórnarstörfum og í stað hans kom Margrét Kristín Sigurðardóttir, eða Fabúla. Aðrir í stjórninni eru Samúel Jón Samúelsson, Helgi Björnsson og Hafdís Huld Þrastardóttir.



### Síðustu dagar Nasa

Eins og kunnugt er styttist í að tónleikastaðurinn vinsæli Nasa við Austurvöll loki dyrum sínum í hinsta sinn. Tónlistarfólk landsins kveður staðinn flest með trega og hafa GusGus-liðar lýst sambandi sínu við Nasa sem ástarsambandi. GusGus mun halda tvenna kveðjutónleika á staðnum um næstu helgi og þá mun Skálmöld spila þar á miðvikudaginn kemur. Kveðjudagskránni lýkur svo Eurovision-kvöldið 26. maí þegar Páll Óskar mun halda árlegt Eurovision-partí sitt. Nú hefur svo **Mugison** bæst í hópinn en hann hefur boðað til tónleika á Nasa laugardagskvöldið 19. maí.



**fb, sm, mþl**

## Mest lesið vísir

1. Metafli: Verðmætið er átján milljónir á mann
2. Sótti óvart um geitahald í Hafnarfirði
3. Svissneskir höfrungar á heróíni
4. Karlmaður sakar Travolta um kynferðislega áreitni
5. Innbrot í heimahús – yfirbuguðu ölvaðan ræningja





FÁÐU ÞÉR ÁSKRIFT | 512 5100 | STOD2.IS




